

Menntakvika 2021

15. október

Yfirlit ágripa

Textílraðnsóknir – sjálfbærni, nýsköpun, skólamál og útgáfa. Fyrri hluti	15
„Mér finnst þetta voða skemmtilegt, annars væri ég ekki í þessu“	15
Textílhandbók fyrir grunnskólann.....	16
Íslensk ull og textíll í samstarfi við nýsköpunar- og þekkingarsmiðjur í stórborgum Evrópu	16
Textílkennsla í leikskólum.....	17
Textílraðnsóknir – sjálfbærni, nýsköpun, skólamál og útgáfa. Seinni hluti	18
Um bókina ÍSLENSKIR VETTLINGAR.....	18
Námsefni í þjóðbúningagerð fyrir unglingsastigið.....	19
Sjálfbærar og umhverfisvænar textílaðferðir – kennsluverkefni í textíl	20
Þráðhyggja	20
Sjálfbærni í textíl – neysla, nýting og nýsköpun	21
Fjölmennung, tungumál, skapandi ferli og starfendarraðnsóknir	22
Töfrandi tungumál: Starfendarraðnsókn í fjölmennningarlegum leikskóla	22
„Má ég koma til þín núna“: Innleiðing á Byrjendalæsi í kennslu nemenda með íslensku sem annað mál	22
Íslenskukennsla í fjölmennningarlegum nemendahópum á unglingsastigi: Starfendarraðnsókn....	23
Starfendarraðnsóknir og kennsla á mörkum ólíkra menningarheima	24
Meistaraprófsverkefni, utanumhald og námssamfélag	25
Að efla faglega sjálfsvitund gegnum meistaraprófsverkefni. Utanumhald og námssamfélag....	25
„Hann er ekki að vera óþekkur, hann er að vera skapandi“. Ávinningur og áskoranir í samþættingu nýsköpunarmenntar og grenndarnáms	26
Allir á sömu vegferð: Starfendarraðnsókn um samstarf í samreknum skóla í Reykjavík	27
Samþætting og teymiskennsla í kjarnatímum: Starfendarraðnsókn í grunnskóla	27
Skóli fyrir alla: Mikilvægi þess að tilheyra skólasamfélagi sínu	28
Þroskaþjálfar sem fagstétt í skólakerfinu: Staða, áskoranir og tækifæri	29

Framlag fagstéttar þroskaþjálfa til skólastarfs án aðgreiningar	29
Togstreitur sem sóknarfæri til starfs- og skólaþróunar.....	30
Staða og hlutverk þroskaþjálfa í framhaldsskólum.....	30
Samtal um menntun: Trú, réttlæti og ást	31
Getur kennari verið trúlaus? Samtal við Magnús Helgason.....	31
Að mennta innra auga manneskjunnar? Samtal við Mörthu Nussbaum og Rudolf Steiner um ímyndunarafl, bókmenntir, siðfræði og menntun.....	32
Hermiþráin: Böl eða blessun mannsandans?	33
Samtal við Platon og Mason Marshall um að snúa nemendum til sannleiksástar	33
Samtal við Hönnuh Arendt um menntun og mikilvægi þess að varðveita heiminn	34
Framhaldsskólinn á tínum COVID-19: Kreppa, áskoranir og aðlögun	35
Kennsluhættir í breyttum heimi framhaldsskóla	35
Nám og líðan framhaldsskólanemenda í heimsfaraldri.....	35
Félagslegt réttlæti og framhaldsskólinn á tínum COVID-19	36
Breyttur framhaldsskóli í kjölfar heimsfaraldurs?	37
Collaborative re-design of a learning environment	38
Pedagogical walk-through evaluation	38
Co-designing learning spaces	38
Fjölpjóðleg sýn á menntun í þremur heimshornum.....	39
Grunnskólanemar af erlendum uppruna á Íslandi: Fjöltíviksrannsókn.....	39
Parental involvement in children's primary education: A case study from a rural district in Malawi	40
Growing the tree for building the boat: A hybrid educator's self-studies through metaphors .	41
Bekkjarmatur og sólarupprás: Hugmyndir barna um „draumaskólann“ og leiðir til að gera þær hugmyndir að veruleika.....	41
„Að finna að maður getur staðið á eigin fótum, það er ómetanlegt að vera sjálfbjarga“	42
Innleiðing menntastefnu Reykjavíkurborgar – Mælingar, stuðningur, aðgerðir og eftrifylgni	43
Árangur fyrstu þriggja ára við innleiðingu á menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast og mótu aðgerða fyrir næstu 3 ár.....	43
Hvernig mælum við sjálfseflingu? – Þróun mælikvarða og gátlista menntastefnu Reykjavíkur	44
Rafrænt MenntaStefnumót Skóla- og frístundasviðs – 10.000 þátttakendur og 32 klukkustundir af efni.....	45

Gróska – stórsókn í uppbyggingu tækníinnviða og stafrænni hæfni starfsfólks SFS	45
Samstarf sveitarfélaga á áhættumati hugbúnaðar fyrir nám og kennslu.....	46
Stafræn námsgögn og rými til samvinnu, leikja og náms.....	47
Kennsluefni í forritun og stærðfræði á unglingsastigi: Tilraunir um framsetningu og miðlun á vef	47
Opnar kennslubækur, opin bókaskrif – Geta nemendur í háskólanámi skrifað eða endurblandað eigin námsbækur?	48
Stafræn sköpunarsmiðja í Minecraft: Notkun sýndarveruleika í skólastarfi.....	48
Stafræn borgaravitund	49
Nýjustu rannsóknir SAFT í stafrænni borgaravitund.....	49
Netbær: Ný námsbók fyrir miðstig um stafræna borgaravitund	50
Stafræn borgaravitund: Íslenskað námsefni frá Common Sense Education	50
Framtíð náms – Ný tækni, tækifæri og áskoranir.....	51
Frumkvöölamennt: Teikn og stefnur eftir COVID-19.....	51
Netkennsla og stafræn tækni í grunnskólum á tínum farsóttar vorið 2020: Sýn kennara.....	52
Stafræn hæfni: Gagnsemi sjálfsmatsverkfæra og leiðarlykla í skólaþróun	52
Málþroski, læsi og fjöldyngi	53
Af einu orði fæðast fleiri: Áhrif markvissrar íhlutunar á íslenskan orðaforða tvítyngds leikskólabarns.....	53
Málleg samskipti í leikskóla: Samræður starfsmanna leikskóla við börn sem hafa íslensku sem annað mál.....	54
Upplifun og viðhorf leikskólastarfsmanna til samstarfsverkefnisins Læsi – allra mál	55
Einhverfan og enskan	56
Málþroski ungra barna (25-32 mánaða).....	56
Réttindi barna og fagmennska í starfi.....	57
Vandið til verka eða sleppið þessu alveg! Um rannsóknarþáttöku barna.....	57
Áskoranir rannsakenda við að leita samþykkis barns vegna þáttöku í rannsóknum	58
Sjónarmið og vitneskja barna um Barnasáttmálann og réttindi barna.....	59
Viðhorf til fagmennsku og siðareglina	59
Grunnskóli í þróun: Lærdómssamfélag, ytra mat og kennarar	60
„Eins og annað heimili manns.“ Birtingarmyndir tveggja lærdómssamfélaga	60
Notkun og áhrif endurgjafar í kjölfar ytra mats á grunnskólum.....	61

Karlkyns nýliðar í grunnskólakennslu: Styðjandi þættir í staðblæ skólanna	62
Breyting starfsháttá – þróun Draumaskólans Fellaskóla	62
Framhaldsskólinn: Stefnumótun og lærðómssamfélag	63
Núgildandi námsleiðir til stúdentsprófs: Útfærsla og framkvæmd námskrárstefnu í íslenskum framhaldsskólum	63
Stefna um aukið sjálfstæði framhaldsskóla – áhrif mismunandi aðstæðna á svigrúm og viðbrögð skóla	64
Lærðómssamfélag í Fjölbautaskóla Suðurnesja.....	65
Raddir af vettvangi: Hvað segja kennrarar í grunn- og framhaldsskólum og skólastjórnendur um margvísleg gögn tengd skólastarfi?	66
Gæði kennslu í grunnskólum: Faglegt nám kennara og kennaramenntun.....	66
Tengsl milli fræðilegs og verklegs hluta kennaranáms.....	67
Gæði kennslu – gæði náms: Að nýta myndbandsupptökur úr kennslu til starfsþróunar	67
Að fara skrefinu lengra – Leiðir til að styrkja gæði kennslu í grunnskóla.....	68
Þróun stærðfræðikennslu í framhalds- og háskólum	70
Mótun viðhorfa kennaranema til stærðfræði og tengsl við árangur	70
Talsetningarverkefni sem stuðningur við eftirtekt stærðfræðikennara.....	70
Þróun verkefna um diffrun með áherslu á uppgötvun	71
Stelpur diffra – undirbúningur og framkvæmd sumarnámsbúða í stærðfræði fyrir áhugasamar stelpur.....	72
Rýnt í gæði kennslu í myndbandsupptökum úr kennslustundum.....	72
Markmið og munnleg endurgjöf kennara til nemenda. Niðurstöður úr greiningu á myndbandsupptökum	72
Skyggst inn í norrænar kennslustundir – greining á aðferðum og leiðum sem gagnast nemendum af erlendum uppruna.....	73
Gæði í kennslu með augum nemenda og rannsakenda: Þáttur hugrænnar virkjunar	74
RannKyn: Börn, ungmenni og kyngervi í nútímasamfélagi	75
Ungar konur á Íslandi: Skömm, kvíði og grimmileg bjartsýni.....	75
Kvíði, stress, reiði, undrun, sorg, hræðsla og hamingja: Kynjaði tilfinningaskalinn á samfélagsmiðlum	75
Tjáning fimm ára barna um kyn og kyngervi	76
Hvernig segja 5 ára börn frá þekkingu sinni á kyngervi og kynverund?	77

Nemendur af erlendum uppruna – réttur til menntunar og raddir nemenda um nám og félagatengsl. Fyrri hluti.....	77
Öðruvísi eða eins og við? Sýn unglings á samskipti og tengsl milli unglings af ólíkum uppruna	78
Þegar enginn er á móti er erfitt að vega salt: Reynsla nemenda af erlendum uppruna af íslenskum grunnskóla.....	78
Human Rights Education: What can it contribute to ensuring rights to and in schools in Iceland?.....	79
Tungumálastefnur og leiðir í skólastarfi. Seinni hluti	80
Stöðumat í Sunnulækjarskóla fyrir nemendur af erlendum uppruna.....	80
Málstefna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkur.....	81
Skólareynsla fjölyngdra nemenda í grunnskólum: Tungumálasjálfsmyndir og tungumálaforði þeirra	81
Rannsóknir á verk- og starfsmenntun	82
Hvernig tryggjum við samfelli í námi milli þrepa og kerfa? Uppbygging námslínú fyrir ferðapjónustu	82
Starfsmenntanemar í skiptinámi: „Svo miklu meira en bara vinnustaðurinn“	83
Að vera stór fiskur í lítill tjörn: Áhrif nemendahópsins á trú ungmenna á eigin getu	84
Áskoranir starfsmenntunar á Íslandi.....	84
LeikA – Leikskólinn og tímarnir tvennir.....	85
Orðræða leikskólafólks um viðhorf til leikskólans á tímum COVID-19.....	85
Upplifun leikskólabarna af COVID-19 faraldrinum, daglegt líf og skólastarf	86
Stéttaskipting innan leikskóla og grunnskóla – mat leikskólakennara sem starfa í grunnskólum	87
Tónlist og yngstu börnin	87
Tónlistariðkun í íslenskum leikskólum	88
Tilraunir með TónMál-kennslu í leikskóla fyrir börn með íslensku sem annað mál.....	88
Implementation of a family-music program for groups of Polish immigrant families in Iceland	89
Bíbí í Berlín: Fötlunarfræði og einsaga mætast.....	90
Bíbí í Berlín uppfrædd og fermd.....	90
Samvinnurannsókn um Bíbí í Berlín.....	91
„Ein saga, ein manneskja“ – Mikilvægi einsögulegra rannsókna fyrir fötlunarfræðirannsóknir	91

Localized studies in language and sociolinguistic representation	92
Sense of belonging and self-efficacy in adult learners of English: Considering the role of the learning experience as an opportunity for English teachers	92
"Forced to find new paths": Facilitating the flipped classroom approach in the upper secondary school English classroom.....	93
"In the Shower, actually": Using podcasts to support communicative competence in upper secondary school English.....	94
Cultural Diversity and Racial Representation in English Teaching Materials	94
Tileinkun formlegrar orðræðu á ensku: Námsaðferðir, orðaforði, lestur og ritun	95
Akademísk enska og námskröfur við upphaf háskólanáms: Væntingar og ávinnungur tileinkunar	95
Formfast akademískt læsi fangað: fælingarmáttur eða fjölbreytt fyrirheit?.....	96
Að þjálfa ritfærni úr óformlegum frásagnarstíl í akademískra rithæfni til árangurs í námi og starfi	97
Málstofa verkefna unnin í samstarfi Menntamálastofnunar og Sálfræðideildar HÍ. Fyrri hluti.....	97
Opinn gagnagrunnur fyrir staðlað námsmat.....	97
Málskilningur í nútíð og þátíð: Réttmæti matstækja og frammistaða nýbúa	98
Forsendur fyrir samtímalausn á svarferlalíkani fyrir prófatriðabanka í stærðfræði sem byggir á prófatriðum úr samræmdum könnunarprófum í 4. og 7. bekk og á unglingsastigi.....	99
Merkjagreining á LtL-lesskimun með lesskilningi og lesfimi sem viðmiðum	100
Gagnsemi lesfimiprofa til að skima fyrir lesskilningsvanda á yngsta-, mið- og unglingsastigi..	100
Verkefni unnin í samstarfi Menntamálastofnunar og Sálfræðideildar HÍ. Seinni hluti ..	101
Athugun á upplýsingagildi einkunna fyrir prófhluta á samræmdum könnunarprófum og vísbendingar um framtíðarþróun á samræmdu námsmati	101
Investigation of the Validity of the Reading Screening Test: Leið til Læsis	102
Aldursviðmið fyrir nefnuhraðapróf í Lesferli og yfirlit um rannsóknir á réttmæti þess	103
Nefnuhraði og tengsl hans við lesfimi og lesskilning: Þróun nefnihraða á frammistöðu í lesfimi í fyrsta, öðrum og fjórða bekk	103
Breytingar yfir tíma á Tölum, prófbætti Talnalykils.....	104
Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag – Menntastefna Reykjavíkur	105
Samstarfsrannsókn í reykvískum leikskólum	105
Félagsfærni og skráningar á leik barna í Reynisholti	106

Hlutverk deildarstjóra í innleiðingu menntastefnu í Stakkaborg	106
Sjálfsefling barna í Tjörn	107
Að efla lærdómssamfélag í Ægisborg út frá sjálfseflingu og félagsfærni.....	108
Bekkjarstjórnun og einstaklingsmiðuð úrræði til að bæta hegðun og auka námsástundun nemenda	108
Einstaklings- og bekjkarmiðaður stuðningur fyrir nemanda sem „vildi ekki vera öðruvísi“:	
Dregið úr langvarandi hegðunarvanda nemanda með einhverfu á lítt áberandi hátt.....	108
Hvatningarleikur til bekkjarstjórnunar: Áhrif á námsástundun og hegðun nemenda.....	109
Aukin námsástundun og minni truflandi hegðun í skólastofunni með einstaklingsmiðaðri stuðningsáætlun	110
Stuðningsfulltrúa leiðbeint í að auka námsástundun, bæta hegðun og efla sjálfstæð vinnubrögð nemanda í kennslustundum	111
Hæfni á vinnumarkaði, raunfærnimat og starfsþróun	112
Fagmennska í fullorðinsfræðslu	112
Hvernig styðjum við færniuppbryggingu leiðbeinenda fullorðinna?.....	113
Raunfærnimat á móti viðmiðum starfa – Fagbréf	114
Raunfærnimat í almennri starfshæfni.....	114
Þróun leiðtoganámskeiða Menntafléttunnar um stærðfræðinám í leik- og grunnskólum	115
Áhrif þáttöku í leiðtoganámskeiði á námssamfélög stærðfræðikennara í skólum	115
Stærðfræðin í leik barna: Þróun námskeiðs fyrir stærðfræðileiðtoga í leikskólum.....	116
Þróunarstarf um stærðfræðinám og -kennslu í grunnskóla	117
Hugsun barna um reikning	117
Líkan fyrir skapandi stærðfræðinám	117
Faglegur stuðningur við starfsþróun kennara – Fjölbreyttir kennsluhættir í stærðfræði.....	118
Hvernig er hægt að fyrirbyggja erfiðleika í lestri?	119
Er hægt að byrgja brunninn og koma í veg fyrir lestrarerfiðleika? Fylgst með árangri og framvindu lestrarnáms hjá nemendum, sem lenda í áhættuhóp vegna lestrarerfiðleika í upphafi grunnskóla	119
Athugun á tengslum lesfimi og lesskilnings: Gefur færni í lesfimi vísbendingar um hvernig nemendum í 9. og 10. bekk gengur að ná lesskilningi við lestur á aldurssvarandi, samfelldum, fræðilegum texta sem er 3-4 bls. að lengd?	120
Samfélagsmiðlar, ofbeldi og nám í deiglu – Tómstundafræði í tuttugu ár	120

Gæði og gagnsemi náms í tómstunda- og félagsmálafræði: Rannsókn meðal brautskráðra nemenda 2013-2020	121
Vettvangsnám nemenda í tómstunda- og félagsmálafræði: Raddir nemenda	121
Aðgengi fyrir alla: Frá hugmynd í framkvæmd	122
Samfélagsmiðlanotkun unglings – Færir eða foráttar?	122
Ofbeldi og samskiptavandi: Leiðir og lausnir.....	123
Hegðun og líðan grunnskólabarna: Pekking starfsfólks – Leiðir til árangurs.....	124
Vinnulag grunnskólakennara og faglegur stuðningur vegna hegðunar- og tilfinningavanda nemenda.....	124
Áhrif virknimats og stuðningsáætlunar á hegðun og námsástundun þriggja grunnskólanemenda	125
Dregið úr hegðunarerfiðleikum nemanda með ADHD.....	126
„Þú þarfir að hafa breitt bak til að vinna í svona“: Upplifun og reynsla stuðningsfulltrúa af krefjandi hegðun nemenda í grunnskólum	127
Fötlun á tínum faraldurs.....	127
Fatlað fólk í hamförum.....	128
Áhrif COVID-19 á heimilum fólks sem þarf mikinn stuðning í daglegu lífi	128
Fólk með þroskahömlun í heimsfaraldri af völdum COVID-19	129
Staða fatlaðs fólks í COVID-19: Sjónarhorn feminískrar lífsiðfræði	130
Háskólar: Nemendur og tengsl	130
Tengslamyndun fyrsta árs nema í COVID-19 faraldrinum	131
Upplifun nemenda af tengslum við kennara og umhyggju hans fyrir þeim í námskeiði sem kennt var í fjarnámi við Háskóla Íslands	131
Námshópar: „Bara æði, við náðum vel saman, vil halda mig með þessum hóp“.....	132
Manngildi og upplýsingaþörf.....	133
Háskólakennsla: Kennrarar og COVID-19	134
Drögum lærdóm af reynslunni: Að skapa vettvang til að draga fram og deila reynslu háskólakennara af kennslu í COVID-19	134
“Blend and Flip: Emergency Remote Teaching in the School of Humanities”	134
Á fleygiferð upp bratta lærdómskúrfu: Reynsla háskólakennara af því að vera gagnrýnninn vinur þegar breyta þarf kennsluháttum vegna COVID-19	135
Áhrif COVID-19 faraldursins á störf og vinnuaðstæður hjá starfsfólk Háskóla Íslands.....	136
Háskólar: Námsmat	137

Hvernig tryggjum við akademísk heilindi í fjarnámi? Notkun Turnitin í kennslu og námi.....	137
Reynsla af innleiðingu staðið/fallið námsmatskerfis í Listaháskóla Íslands	138
Self and peer assessment in a groupwork context: what factors impact success?.....	138
CUTE, skiptir máli að gera stafræn hæfniviðmið sýnileg?	139
Háskólar: Kennarar og þróun kennsluháttar.....	139
Samtal um kennslu á Félagsvísindasviði.....	140
A review of what supports teacher identity formation in higher education.....	140
„Fólk þarf að sjá að það sé hægt að hafa áhrif“ – Sýn nemenda á Menntavísindasviði Háskóla Íslands á aðkomu þeirra að mati á gæðum náms og kennslu	141
Þróun 12 reynsluspora rafrænnar kennslu	142
Háskólar: Námskrárgerð.....	142
Námsbraut á gatnamótum: Akademískt frelsi, fagmennska og jafnrétti sem áhrifavaldar framþróunar	142
Vísindagreinaverkefni til að vekja nemendaáhuga.....	143
Kennsla í geislavörnum og hlutverk geislafræðinga á Íslandi.....	144
Að takast á við siðferðilegar áskoranir – Kennsla á sviði viðskiptasiðfræði á krossgötum....	145
Háskólar: Stafræn kennsla og COVID-19	146
A Flipped Approach to Statistics Teaching and Learning.....	146
Shaking Off the Dust: Creating Engaging Methods for Online Ancient Language Teaching .	146
Engineering education problem solving sessions in the time of COVID: How one course benefitted from the move online	147
„Fordæmalausir tímar“? Um hlutverk kennslu í miðaldafræðum á krísumá.....	148
Námsmat.....	148
Námsmat á Íslandi, tvö samtvinnuð sjónarmið: Sjónarmið mannbóta og skilvindusjónarmið.	148
Hæfniviðmið á yngsta stigi grunnskóla – Hvert erum við komin í dag?	149
Leiðbeinandi matskerfi á yngsta stigi grunnskóla byggt á hæfni- og matsviðmiðum.....	150
Að meta víðtæka hæfni huglægt og hlutlægt með fjölbreyttum aðferðum: Mikilvægar hugmyndir en betur má ef duga skal	151
Háskólar: Viðhorf nemenda til kennslu í COVID-19	151
„Gekk betur á Zoom en ég átti von á“ – Upplifun nemenda af námskeiði í netheimum.....	151
Students’ Perspectives on Teaching-Learning Experience during COVID-19: A Case Study from First Year Students in Anthropology	152

Reynsla stúdenta í Háskóla Íslands á tímum COVID-19 vorin 2020 og 2021	153
Ólík reynsla fjarnema og staðnema við Menntavísindasvið HÍ af breytingum á kennsluháttum vegna COVID-19	154
Bragðlaukaþjálfun, heimilisfræði og kennsla	154
Þróun kennsluháttá eftir heimakennslu í heimilisfræði á tímum COVID-19 veturinn 2020-2021.	
Hvað næst?	155
Bragðlaukaþjálfun: Fyrstu niðurstöður úr rannsókn á matvendni barna með og án taugaþroskaraskana og fjölskyldur þeirra.....	155
Krakkar kokka – nærsamfélagsneysla og sjálfbærni sem viðfangsefni gegnum skemmtimennt	156
Faggreinakennsla	157
Notkun matskvarða með leiðsegjandi tilgangi í ensku kennslu á unglingsastigi	157
Tilgangur og gildi náttúruvísindamenntunar barna og unglingsa	158
Hversdagshugmyndir íslenskra unglingsa um bylgjur á streng og yfirborði vatns.....	159
Fjölmenning	159
Orðaforði tvítyngdra barna: Markviss orðaforðakennsla í útinámi	160
Samræðufélagar: Samræður sem kennsluaðferð fyrir nemendur af erlendum uppruna	161
Foreldrar og skólinn	163
Sýn umsjónarkennara á miðstigi grunnskóla á þörf fyrir uppeldisfræðslu, ráðgjöf og stuðning til foreldra barna á aldrinum 10-13 ára.....	163
Að nema fyrir framtíðina eða berja börn til bókar? Reynsla foreldra af heimalestri	163
Þörf á uppeldisfræðslu fyrir foreldra 0-2 ára barna: Sjónarhorn starfsfólks í ung- og smábarnavernd	164
Framhaldsskólinn	165
Félagsleg og efnahagsleg staða nemenda og brotthvarf úr námi	165
Stjórnendur í hringiðu breytinga, innleiðing nýrrar menntastefnu í þremur rótgrónum framhaldsskólum	166
Sögu kennsla í framhaldsskólum: Notkun greiningartækis í kennaramenntun	167
Heilsuhegðun nemenda á tímum COVID-19	167
Heilsuhegðun ungra Íslendinga: Niðurstöður úr rannsókn á svefn og svefnmynstri unglings frá grunnskóla í framhaldsskóla	168
Hefur fæðuval háskólanema breyst í COVID-19?	168
Koffínneysla, svefn og skjátími á tímum COVID-19	169

Svefn háskólanema á tínum COVID-19.....	170
Andleg og líkamleg heilsa nemenda á fyrsta ári við Menntavísindasvið Háskóla Íslands í COVID-19	171
Hreyfing skólabarna.....	172
Afkastageta 14 ára drengja í knattspyrnu á Íslandi	172
Hreyfing íslenskra grunnskólanema.....	173
Tengsl hreyfifærni, líkamssamsetningar og íþróttabáttöku hjá unglungum í 7.-10. bekk í grunnskóla	174
Kennsla í framhaldsskólum.....	174
Skíða- og snjóbrettasérhæfing við Menntaskólann á Tröllaskaga. Námskrá nýrrar sérhæfingar á kjörnámsbraut í framhaldsskólum	174
Vekjum undrun! Hvernig styður gerjun við skapandi lausnaleit? Tilraun með framhaldsskólanemendum.....	176
Velferð, samstarf og réttlæti.....	177
VET@work Vinnustaðanám - samstarf skóla og vinnustæða	177
Kynjuð fjármál til að stuðla að kynja+ jafnrétti í grunnskólum.....	177
Hin útvöldu ungmenni í þéttbýla Norðrinu – Framhaldsskólaval í Reykjavík og Helsinki	178
Kennsluhættir.....	179
Staða ritunar hjá nemendum á fyrsta ári í háskóla.....	179
Um barnafræðslu í Strandasýslu og Húnnavatnssýslu 1887-1905	180
Learning language in imaginary worlds: Developing a creative EFL curriculum to promote Icelandic fantasy fiction	181
Að kenna ritlist	181
Lærdómssamfélag	182
Lærdómssamfélag í Tónlistarskóla Reykjanesskálar	182
Þáttaskil leik- og grunnskóla frá sjónarhlí foreldra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	183
Leikurinn á lóðinni	184
Læsi	185
Orð af orði í leikskóla.....	185
Stafurinn minn og stafurinn þinn: Þróun stafabekkingar íslenskra barna á aldrinum 4-6 ára..	185
Myndbandasamkeppnin Siljan: Lærdómur af skapandi lestrarverkefni.....	186

Ása sá sól – og hvað svo? Áhrif einfaldrar sýnar á lestur og lestrarnám skoðuð út frá DRIVE-líkaninu	187
Leikskólinn	188
„Stundum er maður lengi í leikskólanum, en ekki alltaf“: Viðhorf barna til dvalartíma þeirra í leikskóla	188
Undirbúningstímar í leikskóla: Með hag barna að leiðarljósi	189
Ærslaleikur ungra barna: Óþarfa hamagangur eða fyrstu skref í samleik?	189
Líkamleg heilsa, íþróttir, hreyfifærni og lýðheilsa	190
YAP (Young athletes program) Alþjóðleg hreyfiáætlun	190
Lýðheilsa og orðnotkun í heimsfaraldri	191
Hlutfallslegur orkuskortur (RED-s) meðal íslensks íþróttafólks	192
Listir.....	193
Söfn og menntun	193
Að brúa bilið, aðferðir leiklistar notaðar til að bæta árangur í tungumálakennslu	193
Hreyfanleiki líkamans: Um göngur í listum, námi og rannsóknum	194
Menningarheimar og skólastarfið	195
Schooling (hetero)normative practices in the Islamic Republic of Iran Jón Ingvar Kjaran, professor, School of Education, UI and Mohammad Naeimi, adjunct, School of Education, UI	195
Religious studies on an empty stomach: child beggars in times of COVID-19 in Guinea-Bissau Hamadou Boiro, PhD student, School of Social Sciences UI, Geir Gunnlaugsson, professor, School of Social Sciences UI and Jónína Einarsdóttir, professor, School of Social Sciences UI	196
„Ég hef ekki fengið neinn stuðning síðan útgöngubannið var sett á“: Lýsing á áhrifum skólalokana í heimsfaraldri meðal unglings í Bissá, Gíneu-Bissá	196
Menntun fyrir alla	197
„Við eiginlega þorum ekki að segja öllum að við séum á sérnámsbraut af því að sumir eru hræddir um að það verði gert grín að þeim“: Valdatengsl og viðnám nemenda á sérnámsbrautum í framhaldsskólum	197
„Glíman við kerfið“: Reynsla fagfólks og foreldra af þjónustu við börn með röskun á einhverfurófi og aðrar skyldar þarfir	198
Virkt samráð við stefnumótun á grundvelli breiðs hóps fatlaðs fólks	198
Menntun og aðgengi fyrir alla	199
Úthlutun og ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla	199

Staða lesblindra grunnskólabarna í nútíma skólasamfélagi.....	200
Gildi faglegs stuðnings skólabjónustu sveitarfélaga fyrir umsjónarkennara	201
Menntun og menntastefnur	202
Investigating change in education: reforming models.....	202
Innlend og erlend menntastefna í ljósi hugmynda frá UNESCO um menntun.....	202
Tilgangur og framtíð menntunar í ljósi alþjóðlegrar stefnumörkunar.....	203
Ofbeldi, mismunun og kærleikur	204
On monsters, myths and violence: How dominant discourses on violence constitute the experience of perpetrators of violence in intimate relationships	204
Tilfinningahliðar á þáttöku mæðra af verkalýðsstétt í foreldrasamfélögum grunnskóla	205
„Ég var bara eins og fangi“: Upplifun andlegs ofbeldis í vinasamböndum.....	206
Allt hitt sem við gerum – um ást og kærleika í kennslu	206
Samskipti og sjálfsmynd barna og ungmenna	208
Áhrif þáttöku í Skrekk á skólabrag	208
Dalandi sjálfsálit barna og unglings á Íslandi 2010-2021.....	209
Hvaða máli skiptir líðan ungmenna og gæði tengsla við foreldra fyrir þróun áfengis- og kannabisneyslu á unglingsárum?.....	209
Lærdómur sumardvalar í sveit.....	210
Skólastarf á tímum COVID-19	211
Getur góð endurgjöf styrkt tengsl kennara og nemenda í fjarnámi? Notkun Turnitin við kennslu	211
Fordæmalausir tímar: Reynsla leikskólastjóra á tímum COVID-19	212
Framhaldsskólanemendur og COVID-19	212
Skólastarf frá ýmsum sjónarhornum.....	213
Tengsl mismunandi skólastarfs í fræðsluumdæmum og frammistöðu nemenda á PISA 2018	213
Raddir af vettvangi: Hvað segja kennrarar í grunn- og framhaldsskólum og skólastjórnendur um margvísleg gögn tengd skólastarfi.....	214
Að skapa sameiginlega merkingu, Leiðsagnarkennari gerir starfendarannsókn á leiðsögn sinni	215
Sköpun og kennsla.....	216
Þróunarverkefni á fullri ferð – Austur-Vestur, sköpunarsmiðjur í þremur grunnskólum	216
Allt annað en upp á töflu: Námsreynsla í sýndarveruleika.....	217
Hvað er að vera skapandi – í listum?.....	217

Streita.....	218
„Hlúa vel hvert að öðru, halda góðu sambandi við samstarfsfólk ykkar og sýna hvert öðru stuðning“: Greining á tilkynningum Háskóla Íslands tengdum kórónuveirufaraldrinum	218
Algengi vinnutengdrar streitu meðal leikskólakennara og grunnskólakennara síðustu misserin	219
Kulnun meðal grunnskólakennara á tímum COVID-19	220
Hringborðsumræður I.....	221
Áhrif eða áhrifaleysi flutnings á rekstri grunnskóla til sveitarfélaga	221
Hringborðsumræður II	222
The complex nature of doctoral studies at the University of Iceland	222
The complexities of the doctoral candidate-supervisor relationship: Voices of candidates at the University of Iceland	223

Textílrannsóknir – sjálfbærni, nýsköpun, skólamál og útgáfa. Fyrri hluti

Rannsóknarstofa í textíl

Ásdís Jóelsdóttir

„Mér finnst þetta voða skemmtilegt, annars væri ég ekki í þessu“

Guðfinna Pétursdóttir, grunnskólakennari, Borgarhólsskóla, Grunnskóla Húsavíkur og Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS HÍ

Markmið rannsóknar var að varpa ljósi á upplifun textílkennara af starfi þeirra og starfsaðstæðum til að benda á það sem gengur vel og hvað mætti betur fara. Lagt var af stað með eftirfarandi rannsóknarspurningu: Hver er upplifun textílkennara á starfi sínu og starfsaðstæðum?

Framkvæmd var eiginleg rannsókn þar sem gagnaöflun fólst í leit að fræðilegum heimildum og hálffopnum viðtölum við fimm textílkennara. Helstu niðurstöður sýna að upplifun textílkennara af starfi sínu og starfsaðstæðum er nokkuð góð en bæta þyrfi úr nokkrum atriðum. Viðmælendur eru ánægðir í starfi en sú ánægja kemur helst af áhuga þeirra á faginu og að kenna það.

Starfsaðstaða þeirra er yfir heildina góð. Hins vegar hafa atriði eins og launakjör, einkunnagjöf við lok 10. bekkjar og hástemmd hæfniviðmið í aðalnámskrá grunnskóla neikvæð áhrif á upplifun textílkennara. Einnig upplifa sumir einveru og einangrun í starfi. Einnig telja viðmælendur sig vanta stuðning vegna álags í starfi og mikil ábyrgð hvíli á þeim. Allir viðmælendur eru sammála um mikilvægi fagsins í kennslu, finna að nemendum þyki gaman í kennslutímum og myndu ekki vilja missa af textílkennslu. Út frá niðurstöðum má álykta að upplifun textílkennara á starfi sínu og starfsaðstæðum er alla jafna nokkuð góð. Þrátt fyrir það er

rými fyrir úrbætur og eru nokkur atriði sem hafa neikvæð áhrif á þá upplifun. Í erindinu verður fjallað um niðurstöður og hvað megi bæta til að upplifun textílkennara á starfi sínum og starfsaðstæðum verði með breyttu og enn betra sniði.

Textílhandbók fyrir grunnskólann

Kristín Garðarsdóttir, grunnskólakennari, Víðistaðaskóla í Hafnarfirði; Sigríður Hjartardóttir, grunnskólakennari, Vatnsendaskóla og Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS HÍ

Í farvatninu er textílhandbók sem gefin er út af Menntamálastofnun. Um er að ræða finnska kennslubók sem nýlega hefur verið þýdd yfir á íslensku til notkunar í textílkennslu í grunnskólum. Innihald bókarinnar er fjölbreytt og skiptist á hefðbundinn hátt í prjón, hekl, útsaum og aðrar textílaðferðir. Megináherslan í innihaldi bókar er saumtækni, snið í tilbúnum stærðum og saumaleiðbeiningar. Bókinni fylgja sníðaarkir og kennsluleiðbeiningar fyrir kennara. Nýjungin, ef borið er saman innihald af öðru útgefnu efni fyrir textílkennslu, eru hin fjölmörgu fyrrnefndu snið sem fylgja með bókinni. Sniðin eru í nokkrum stærðum fyrir börn og ungmenni af báðum kynjum á grunnskólaaldri. Í hverjum hluta bókarinnar er inngangur og í mörgum tilvikum hefur sá hluti verið staðfærður með áherslu á íslenskar aðstæður eða búinn til nýr inngangur eða viðbætur sem þykja eiga betur við, í ljósi þess hvernig mótu textílkennslu hefur verið hér á landi. Bókin er vel skipulögð og eru leiðbeiningar hnitmiðaðar og nemendamiðaðar sem ættu að auðvelda innlagnir í kennslu og að útbúa nemendamiðuð verkefni með aðstoð innihalds og kennsluleiðbeininga. Í erindinu verður fjallað um hvernig innihald bókar geti nýst í kennslu og hvernig þetta nýja námsefni muni hafa áhrif á breytta kennslutilhögun og mögulega breytta kennsluhætti í faggreininni.

Íslensk ull og textíll í samstarfi við nýsköpunar- og þekkingarsmiðjur í stórborgum

Evrópu

Þorgerður J. Einarsdóttir, prófessor, FVS HÍ og Laufey Axelsdóttir, nýdoktor, FVS HÍ
Textílmiðstöðin á Blönduósi og námsbraut í kynjafræði taka þátt í evrópska H2020 verkefninu CENTRINNO (2020-2024) sem stendur fyrir New CENTRAlities in INdustrial areas and engines

for inNOvation and urban transformation. Markmið verkefnisins er að endurvekja hnignandi en menningarsögulega mikilvæg iðnaðarsvæði í Evrópu þar sem störfum hefur fækkað og umhverfi er á fallanda fæti. Nýsköpunar- og þekkingarmiðstöðvum verður komið á fót og þeim ætlað að mæta umhverfisáskorunum samtímans; efla fjölbreytt og skapandi þekkingarhagkerfi, og nýta fyrilliggjandi menningararf kvenna og karla sem hvata fyrir nýsköpun í anda hringrásarhagkerfis og sjálfbærni. Þátttakendur eru stofnanir, fyrirtæki og háskólar í Amsterdam, Barcelona, Genf, Kaupmannahöfn, Mílanó, París, Tallinn, Zagreb og á Blönduósi. Textílmiðstöðin á Blönduósi stefnir að því að verða miðja nýsköpunar og þekkingar í stafrænni textílframleiðslu sem byggð er á íslenskum menningararfí og handverkskunnáttu, einkum kvenna, með sérstakri áherslu á ull og umhverfisvæna nýtingu hennar. Í erindinu verður rannsóknarhluti verkefnisins kynntur en hann er á hendi kynjafræðinnar. Markmið með rannsóknahlutanum er að kanna og kortleggja umgjörð, bakgrunn og sögulega þróun textíliðnaðar á Íslandi, þar með talið núverandi landslag, samfélagslegt umfang, menningarlegar rætur og kynjasjónarmið. Lykilhugtak verkefnisins er arfleifð (e. heritage) í merkingunni varðveisla í lifandi endursköpun. Í verkefninu verða greind fyrilliggjandi gögn, og aðferðinni netverk hughrifa (e. emotion networking) ásamt eigindlegum viðtölum verður beitt til að nýta hefðir og menningararfleifð sem innblástur og hvata til endursköpunar á nýjum tínum og í nýju samhengi. Þess er vænst að niðurstöðurnar stuðli að því að textíllinn geti tekið skrefið inn í stafræna framtíð á umhverfisvænan og sjálfbæran hátt.

Textílkennsla í leikskólum

Þóra Lilja Kristjánsdóttir, B.Ed. í leikskólakennarafræðum og Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS HÍ

Markmið lokaverkefnis til B.Ed.-gráðu var að skoða textílkennslu í leikskólum. Höfundur er starfsmaður á leikskóla og með sveinspróf í kjólasaum. Þaðan kvíknaði hugmyndin að skrifa um textílkennslu í leikskólum, skoða hvort textílkennsla hafi áhrif á sköpunargetu leikskólabarna og hvort hægt sé að virkja sköpun þeirra í gegnum textílkennslu. Einnig vildi höfundur kanna af hverju textílkennsla er ekki viðurkennd faggrein í leikskólum samkvæmt aðalnámskrá leikskóla. Ekki hefur áður verið rannsakað hvernig textílkennslu er háttar í leikskólum. Textílkennsla er fastur liður í grunnskólum landsins og samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er textílkennsla byggð á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun. Í leikskólum er textílkennsla þó ekki mikilvægur

liður í leikskólastarfinu og kemur ekkert fram í aðalnámskrá leikskóla að textílkennsla eigi að vera hluti af leikskólanámi. Í aðalnámskrá leikskóla kemur aftur á móti fram að sköpun sé mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Til þess að fá nánari niðurstöður um textílkennslu í leikskólum sendi höfundur út fyrirspurn til leikskólakennara og bað þá, sem vinna með textíltengd verkefni með leikskólabörnum, að hafa samband. Fimm leikskólakennrarar frá mismunandi leikskólum höfðu samband og svöruðu spurningum og var rannsóknin eigindleg. Niðurstöður sýna að leikskólakennrarar, sem eru að vinna með textíltengd verkefni með leikskólabörnum, horfa á textíl sem sköpun og nýta verkefnin til þess að ýta undir sköpunargetu barnanna. Í erindinu er farið yfir spurningar og svör þátttakenda og rýnt í niðurstöður.

Textílrannsóknir — sjálfbærni, nýsköpun, skólamál og útgáfa. Seinni hluti

Rannsóknarstofa í textíl

Ásdís Jóelsdóttir

Um bókina **ÍSLENSKIR VETTLINGAR**

Guðrún Hannele Henttinen, verslunareigandi og textílkennari, Storkinum

Kveikjan að rannsókn og innihaldi bókar er áhugi höfundar á vettlingum um árabil enda hefur hann kennt vettlingaprjón og safnað vettlingum. Eftirspurn hafði einnig aukist eftir vettlingauppskriftum á íslensku og þá helst af hefðbundnum vettlingum. Vettlingaprjón er og hefur verið vinsæl iðja á Íslandi. Víða á minjasöfnum um land allt leyast vettlingar sem marga hefur langað til að prjóna. Það lá því beint við að gera einhverjar af þessum gersemum aðgengilegar. Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi varð fyrir valinu sökum mikils vettlingaúrvals, enda er að finna vettlinga þar frá fyrri öld sem Halldóra Bjarnadóttir safnaði, auk þess sem safninu hafa borist ýmsir vettlingar víða að frá stofnun þess. Fyrirfram hugmyndir okkar um hvernig íslenskir vettlingar líta út gætu tengst því hvaða uppskriftir eru aðgengilegar hverju sinni. Fjölbreytileiki íslenskra vettlinga endurspeglast í bókinni þar sem leitast er við að sýna þá breidd með vali á ólíkum mynstrum og mismunandi útfærslum á hluta vettlinga; þumlum, stofnum,

stroffum og totum. Tuttugu og fimm vettlingapör voru talin út, teiknuð upp og lögð að nýrri prjónfestu. Mynstrin og saga þeirra er einn vinkill þegar vettlingarnir eru skoðaðir og er saga þeirra rakin, ef hún er þekkt. Einnig var lögð áhersla á að skilgreina orðanotkun um vettlingaprjón á íslensku og í því samhengi kom sér vel nýttgefið íðorðasafn um prjón frá Íðorðanefnd um hannyrðir. Í erindinu verður fjallað um rannsóknina og fjölbreytileika hefðbundinna íslenskra vettlinga; ólík mynstur, útfærslur og nálgun í prjóni og verður stuðst við ljósmyndir af vettlingum sem koma fyrir í bókinni.

Námsefni í þjóðbúningagerð fyrir unglungastigið

Sigrún Óskarsdóttir, meistaranemi og kennari, MVS HÍ

Leiðbeinandi: Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS HÍ

Þjóðlegar gersemar er námsefni í þjóðbúningagerð fyrir nemendur á unglungastigi. Markmiðið er að kynna fyrir nemendum handverk og gerð íslenskra þjóðbúninga sem mikilvægan lið í að varðveita íslenskan menningararf. Tilgangurinn er að gera nemendum kleift að búa til eigin þjóðbúning á persónulegan og skapandi hátt sem þeir geta nýtt í nokkur ár, en líka sem hvatning til að sauma eða eignast síðar nýjan búning með þeim gildandi aðferðum og leikni sem viðgengst. Rannsóknarverkefnið var unnið sem sjálfstætt verkefni í list- og verkgreinum til MT-gráðu á meistarastigi undir leiðsögn leiðbeinanda. Rannsóknin byggir á B.Ed.-verkefni höfundar þar sem gerð var frumtillaga að verkefnahefti. Í þeirri rannsókn voru útfærð ný snið í þremur stærðum af upphlutsbol á stúlkur og vesti á drengi og við þá vinnu var notast við eldri snið og lýsingar. Sniðin eru í þremur stærðum og í fullri stærð til að auðvelda vinnuferlið. Einnig voru saumaðar frumgerðir af upphlut, svuntu og pilsi, vesti og skotthúfu. Gerðar voru tilraunir með saumtækni til að einfalda vinnuferlið sem byggt er á handverksþekkingu frá fyrri tíð.

Megináherslan í nýjum hluta rannsóknar eru breytingar á skipulagi og uppröðun innihalds, nýjar textaleiðbeiningar og í staðinn fyrir ljósmyndir af vinnuferlinu hefur höfundur handteiknað útskýringarmyndir. Markmiðið er að gera verkefnin aðgengilegri og viðráðanlegri til kennslu í textílmennt á unglungastigi. Í erindinu er fjallað um uppbygginguna á námsefninu og hvernig mögulegt er að skapa þekkingu, virðingu, löngun og vilja til þess að viðhalda hefðinni með því að aðlaga og færa menningararfinn á verklegan hátt til yngri kynslóða.

Sjálfbærar og umhverfisvænar textílaðferðir – kennsluverkefni í textíl

Kristína Berman, meistaranemi, MVS HÍ

Leiðbeinandi: Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS HÍ

Rannsóknarverkefnið er stutt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og var unnið sumarið 2021 af flytjanda, meistaranema á MVS við HÍ, í samstarfi við Grunnskóla Fjallabyggðar og Menntaskólan á Tröllaskaga. Markmið rannsóknarinnar er að fá yfirsýn yfir þær fjölbreyttu umhverfisvænu og sjálfbæru textílaðferðir sem hægt er að nýta í náttúrunni á Tröllaskaga til að lita og færa mynstur yfir á efni. Einnig er markmiðið að sannreyna og prófa aðferðirnar á staðnum, athuga hvernig aðferðirnar ganga í raun og hversu kennsluvænar þær reynast. Umfang verkefnisins er heimildasöfnun, rannsókn á vettvangi, hráefnasöfnun, tilraunavinna og úrvinnsla. Rannsóknin verður gerð með það fyrir augum að þróa kennsluverkefni fyrir nemendur með áherslu á sjálfbærar textílaðferðir og nýta til þess efnivið úr nærumhverfi þeirra. Textílaðferðir og -tækni víða að úr heiminum verða skoðaðar og aðlagðar að rannsóknarsvæðinu og náttúrulegu umhverfi þess. Kennsluverkefnið er í takt við aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla og sérsniðið að nærumhverfi skólanna sem rannsóknin nær yfir. Gildi verkefnisins felst helst í að taka saman upplýsingar sem geta nýst kennurum við textílkennslu ungs fólks, sem auka meðvitund nemenda um siðferði í textílframleiðslu og hvetur þá meðal annars til umhugsunar um ábyrga og sjálfbæra neyslu og framleiðslu. Leitað verður álits kennara í sveitarféluginu á því hvernig niðurstöður verkefnisins gætu gagnast í skólastarfi þeirra við úrvinnslu rannsóknarinnar. Í erindinu verður fjallað um rannsóknarferlið og rýnt í niðurstöður.

Þráðhyggja

Berglind Ósk Hlynasdóttir, fatahönnuður og Sólveig Hansdóttir, fatahönnuður

Þráðhyggja er verkefni, stutt af Nýsköpunarsjóði námsmanna, sem snýst um að lengja líftíma textíls með endurnýtingu og endurvinnslu. Verkefnið er unnið undir leiðsögn Evu Maríu Árnadóttur (LHÍ) og Elsu Arnardóttur (Textílmiðstöð Íslands). Markmiðið við endurgerðina er að nota þekktar frumvinnsluaðferðir eins og að kemba og spinna, ásamt að kanna aðrar og nýjar

leiðir við efnisgerð. Ónýtt efni eða garn, sem fallið hafa til við gerð fatnaðar eða sem lokið hafa upprunalegu hlutverki sínu, verða klippt niður eða rakin upp, þ.e. „af-ofin“ eða „af-prjónuð“. Markmiðið er að vinna áfram með hráefnið í upprunalega eða nýja þræði. Úr þráðunum verða notaðar þekktar jafnt sem óþekktar leiðir til þess að skapa ný efni í nýrri mynd. Niðurstöður verkefnisins verða tíu tillögur að nothæfum efniseiningum sem nýta má áfram í mismunandi vörur innan fata- og textílframleiðslu. Í erindinu verður gerð grein fyrir ferli og aðferðum, sýndar efnisprufur og fjallað um möguleika á notkun þeirra í nýjar afurðir.

Sjálfbærni í textíl – neysla, nýting og nýsköpun

Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS HÍ

Eftir að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna voru innleidd um sjálfbæra þróun er enn meiri þörf á þátttöku almennings í aðgerðum gegn umhverfismengun. Markmiðið með rannsóknarverkefninu, sem hófst árið 2019, var að ná utan um þá helstu þætti sem textílgreinin hefur upp á að bjóða í slíkum aðgerðum og niðurstaðan nú færð yfir í bókarform. Með aðferðum kennslufræðinnar er sýnt fram á að grunnþekking í textílaðferðum og -fræðum sé mikilvæg leið til að virkja hugsun í verki gegn sóun og mengun frá textílheiminum. Bókin skiptist í þrjá hluta: Neysla, Nýting og Nýsköpun. Í fyrsta hlutanum er fylgt eftir ferli endurhugsunar, það að ekki sé hægt að takast á við vandann nema að þekkja til sögunnar og þeirrar offramleiðslu og ofneyslu sem mótað hafa þær aðstæður sem við lifum nú við. Í næsta hluta er hugað að grunnþekkingu í ýmsum textílaðferðum til að takast á þær aðgerðir sem notaðar eru til að endurbæta og endurnota tilbúnar textílafurðir sem þegar eru til staðar. Í þriðja hlutanum eru tekin fyrir næstu skref sem eru að endurvirkja efni frá textílafurðum. Til þess eru nýttar aðferðir endurnýtingar, hönnunar og nýsköpunar – að endurhanna eða búa til eitthvað alveg nýtt úr notuðu með nýtt útlit og notagildi í huga. Niðurstöður sýna að Neysla í merkingunni endurhugsun, Nýting í merkingunni endurnotkun og Nýsköpun í merkingunni endurnýting hafa mikilvæga tengingu sem umhverfisvænar aðgerðir sem stuðlað geta að breytt neyslumynstri og sjálfbærum lífsstíl. Í erindinu verður rætt nánar um uppbyggingu á innihaldi bókarinnar og samtengingu fyrrnefndra þátta.

Fjölmennung, tungumál, skapandi ferli og starfendarannsóknir

Rannsóknarstofa um starfendarannsóknir (RannSTARF) og Rannsóknarstofa um skólastarf (RASK)

Karen Rut Gísladóttir

Töfrandi tungumál: Starfendarannsókn í fjölmennningarlegum leikskóla

Saga Stephensen, verkefnastjóri og ráðgjafi, Reykjavíkurborg

Börnum af erlendum uppruna hefur fjölgað í íslenskum leikskólum á undanförnum árum. Í drögum að heildstæðri stefnu um menntun nemenda með annað móðurmál en íslensku er lögð áhersla á menningu og móðurmál barnanna sem auðlind sem kemur börnunum og samfélagini til góða. Í þessu erindi segir frá starfendarannsókn í leikskóla sem hófst vorið 2017 og lauk í maí 2018. Tilgangur rannsóknarinnar var að gera heimamál barnanna sem sýnilega auðlind í starfi leikskólans. Markmið rannsóknarinnar var að draga fram atvik úr leikskólastarfinu til að skoða hvernig við náðum að vinna með heimamál og heimamenningu barnanna. Rannsóknarsþuning: Hvernig get ég sem deildarstjóri og verkefnastjóri fjölmennningar komið auga á tækifæri til að hlúa að heimamáli barnanna í samstarfi við starfsfólk? Gögnin í rannsókninni voru vettvangsnótur, rannsóknardagbók og skráning á umræðum og samtölum við samstarfsfólk, stjórnendur, teymi, foreldra og börn. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að fyrsta skrefið í að hlúa að heimamálum barna í leikskólastarfi sé að taka ákvörðun um að heimamál þeirra skipti máli og setja ramma utan verkefnið til að bæði starfsfólk og börn eignist hlutdeild í framvindu þess. Aukin hlutdeild og meðvitund um heimamál barnanna varð til þess að starfsfólk fór að koma auga á fleiri tækifæri til að fléttu tungumálum barnanna inn í starfið og bjóða foreldra til þátttöku í þessari vinnu. Í lok verkefnis töluðu bæði kennrarar og foreldrar um jákvæð áhrif af verkefninu og aukið sjálfstraust barna þegar þeirra tungumál var tekið fyrir. Einnig urðum við vör við aukinn áhuga og meðvitund allra barna á tungumálum almennt.

„Má ég koma til þín núna“: Innleiðing á Byrjendalæsi í kennslu nemenda með íslensku sem annað mál

Sigurveig Margrét Önundardóttir, kennari, Grunnskóla Grindavíkur

Í skólasamféluginu hefur nemendum af erlendum uppruna fjölgað mikið á undanförnum árum. Mikilvægt er fyrir kennara að hafa vitnesku um kennsluaðferðir sem nýtast vel í kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál. Þetta erindi segir frá starfendarannsókn sem hófst í mars 2019 og stóð fram í október sama ár. Tilgangur rannsóknarinnar var að nýta aðferðir Byrjendalæsis til að efla flæði á milli íslenskukennslu og kennslu íslensku sem annars máls. Markmiðið var að rannsaka kennslu mína til að skilja hvernig ég nýti aðferðir Byrjendalæsis til að efla íslenskunám nemenda með íslensku sem annað mál. Rannsóknarspurningin var: Hvaða leiðir nýti ég til að innleiða hugmyndafræði Byrjendalæsis í vinnu minni með nemendum sem hafa íslensku sem annað mál? Gögnin sem aflað var á rannsóknartímanum voru rannsóknardagbók, rýnihópaviðtöl, og samtöl við nemendur. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að efling orðaforða var ein mesta áskorunin í starfi mínu sem kennari nemenda með íslensku sem annað tungumál. Lestur á gæðatexta skilaði góðum árangri og fram kom mikil þörf á að nemendur fengju lestur gæðatexta í minni námshópum. Í rannsóknarferlinu fann ég hversu mikilvægt það var fyrir mig að efla samstarf við foreldra og gefa nemendum tækifæri til að nýta sér móðurmál sitt í námi. Það virtist auka öryggi þeirra og veita þeim aukið sjálfstraust í verkefnavinnu. Ég fann einnig að erfitt var fyrir mig að fylgja Byrjendalæsi alveg eftir sökum fárra kennslustunda sem ég fékk með nemendum og því var mikilvægt að forgangsraða og aðlaga markmið að bakgrunni og reynslu þessa nemendahóps.

Íslenskukennsla í fjölmenningarlegum nemendahópum á unglingsastigi:

Starfendarannsókn

Anna Hulda Einarsdóttir, kennsluráðgjafi, Reykjanesbæ

Aukinn fjöldi nemenda af erlendum uppruna í íslensku skólakerfi kallar á nýja nálgun og viðhorf í skólastarfi. Hér segir frá starfendarannsókn sem unnin var veturninn 2017-2018. Tilgangur rannsóknarinnar var að þráða eigin viðhorf og kennsluhætti sem íslenskukennari á unglingsastigi til þess að koma til móts við nemendur með ólíkan menningar- og tungumálabakgrunn. Markmiðið var að draga fram atvik í kennslu til að skoða bæði áskoranir og tækifæri í eigin kennslu til að vinna út frá auðlindum nemenda. Rannsóknarspurning var: Hvaða leiðir fer ég sem íslenskukennari á unglingsastigi til að koma til móts við ólíkan menningar- og tungumálabakgrunn

nemenda? Rannsóknargögnin sem aflað var voru rannsóknardagbók, verkefni nemenda, fundir, samskipti við nemendur og tölvupóstsamskipti. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að míin stærsta áskorun í að nýta auðlindir nemenda í kennslu var að átta mig á hvernig eigin hugmyndir og viðhorf til náms, kennslu og árangurs blinduðu mér sýn. Það var ekki fyrr en ég náði að horfast í augu við eigin hugmyndir að ég gat farið að stíga skref til að skapa margvísleg námsrými þar sem unnið var út frá auðlindum nemenda; reynslu þeirra, menningar- og tungumálabakgrunni. Stærsti lærdómurinn sem ég tek með mér er að kennrarar og starfsfólk skóla þarf að fá tækifæri til að ígrunda eigin starfshætti á gagnrýnnin hátt til að taka meðvituð skref í átt til fjölmennigarlegra viðhorfa og starfsháttu. Skrefin kunna að virðast lítil og geta verið hægfara en hafa meiri áhrif en við gerum okkur grein fyrir.

Starfendarannsóknir og kennsla á mörkum ólíkra menningarheima

Karen Rut Gísladóttir, dósent, MVS HÍ

Fjölmennigarlegir kennsluhættir taka mið af því að litið sé á tungumála- og menningarbakgrunn nemenda sem auðlindir í skólastarfi. Að koma auga á margvíslegar tungumála- og menningarauðlindir sem auðlindir kalla á að kennrarar og starfsfólk skóla ígrundi á gagnrýnnin hátt eigin reynslu og bakgrunn og skoði hvaða áhrif hugmyndir þeirra um nám og kennslu hafi á tækifæri nemenda til að vinna út frá eigin auðlindum í námi. Slík vinna er bæði tilfinninga- og vitsmunalegt ferli sem krefst getu til að vinna úr eigin ígrundun með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Starfendarannsóknir eru leið sem kennrarar geta nýtt til að fara í gegnum þetta ferli. Í þessu erindi dreg ég fram áskoranir sem ég sem heyrandi íslensku kennari í kennslu heyrnarlausra stóð andspænis í að þróa með mér þá gagnrýnu huglægni og rannsakandi hugarfar sem þurfti til að mæta tungumála- og menningarauðlindum nemenda á unglungastigi með táknmál að móðurmáli. Ég skoða sérstaklega hlutverk starfendarannsókna í því ferli.

Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa til kynna að til að koma auga á og vinna með eigin viðhorf þarf að 1) nýta rannsóknarferlið til að efla eigin skynfæri, að taka eftir ofur hversdagslegum atvikum innan skólaumhverfisins, hlusta eftir því sem sagt er, taka eftir því sem gert er og veita eigin líðan og tilfinningum í kennslu athygli; 2) að læra að nýta fræðilegar áherslur til að skoða atburði í starfi frá ólíku sjónarhorni; 3) að nýta eigin ígrundanir til að skapa lærdómsferli innan

kennslustofunnar sem byggir á tungumála- og menningarauðlindum nemenda; og 4) að skrifa um þessa reynslu.

Meistaraprófsverkefni, utanumhald og námssamfélag

RannSTARF, RASK og rannsóknarhópurinn SvaKaHaf-EddAn

Svanborg Rannveig Jónsdóttir

Að efla faglega sjálfsvitund gegnum meistaraprófsverkefni. Utanumhald og námssamfélag

Svanborg Rannveig Jónsdóttir, prófessor, MVS Háskóli Íslands; Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor, MVS Háskóli Íslands; Anna Katarzyna Wozniczka, doktorsnemi, MVS Háskóli Íslands; Edda Óskarsdóttir, lektor, MVS Háskóli Íslands og Karen Rut Gísladóttir, dósent, MVS Háskóli Íslands

Meistaranemar í M.Ed.-námi á Menntavísindasviði eiga að gera viðamikið lokaverkefni undir handleiðslu leiðsagnarkennara. Í slíku verkefni birtist það sem nemandinn hefur lært og hann setur það í samhengi við sjálfvvalið viðfangsefni. Í verkefninu skoðar meistaraneminna afmarkað efni í ljósi fræðilegs bakgrunns og sýnir hvað liggur að baki þeirri fagmennsku sem hann byggir starf sitt á. Við fimm leiðbeinendur höfum safnað margvíslegum gögnum um hvernig megi styðja meistaranema gegnum námssamfélag meistaranema og leiðbeinenda. Fyrri niðurstöður okkar sem byggja á gögnum yfir 12 ára tímabil sýndu að miklu máli skiptir að halda vel utan um meistaranema, gefa þeim ramma og stöðugleika og tækifæri til að hitta jafningja sína reglulega, sem og að fá sérfræðistuðning leiðbeinenda. Í vor gerðum við rannsókn á gildi lokaverkefna í meistaranámi. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða áhrif þess að gera umfangsmikið rannsóknarverkefni á fagmennsku og starfshætti. Rannsóknarsþurningin er: Hvaða áhrif hefur vinna við meistaraprófsverkefni á starfshætti og faglega sjálfsmynd útskrifaðra meistaranema? Gögnum var safnað með spurningakönnun til 107 meistaranema sem hafa tekið þátt í hópleiðsögn okkar á síðastliðnum 12 árum og lokið meistaraprófi. Einnig tókum við sex rýniviðöl við 25 nemendur úr sama hópi. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að flestir meistararnir telja að rannsóknartengt lokaverkefni hafi fært þeim faglega valdeflingu og telja að þeir eigi

auðveldara með að taka afstöðu og útskýra vinnubrögð sín. Nokkrir sögðu að þeir hefðu frekar valið MT-leiðina hefði hún verið í boði. Flestir lögðu áherslu á að reglulegir hópleiðsagnarfundir og utanumhald um rannsóknar- og ritunarferlið hefði veitt þeim dýrmælan stuðning.

„Hann er ekki að vera óþekkur, hann er að vera skapandi“. Ávinningur og áskoranir í samþættingu nýsköpunarmenntar og grenndarnáms

Anna Katrín Þórarinsdóttir M.Ed., grunnskólakennari, Kerhólsskóla

Leiðbeinendur: Svanborg R. Jónsdóttir, prófessor, MVS HÍ og Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Ég er grunnskólakennari í litlum grunnskóla á Suðurlandi. Fyrra nám mitt í Kaospilot-skólanum í Árósum hafði mikil áhrif á kennsluhætti mína og hefur mig alltaf langað að gefa vinnu nemenda minna aukið gildi sem næði út fyrir kennslustofuna. Veturinn 2020-2021 samþætti ég nýsköpunarmennt og grenndarnám í fyrsta bekk. Markmið þessarar starfendarannsóknar var að draga fram og rýna í ávinning og áskoranir sem fylgdu samþættingunni. Nemendur skoðuðu hugmyndina um „að vera skapandi“, fengu þjálfun í nýsköpunarvinnu, rannsökuðu nærumhverfi sitt og unnu nýsköpunarverkefni til að hafa áhrif á það. Ég safnaði gögnum í rannsóknardagbók sem ég skráði í vangaveltur um vinnuna; samskipti mín við nemendur og samstarfsaðila og samskipti nemenda sín á milli. Verkefni nemenda urðu einnig gögn, t.d. myndverk nemenda og frumgerðir lausna í hugmyndavinnu. Þegar nemendur unnu verkefnavinnu framkvæmdi ég vettvangsathuganir, fylgdist með þeim við vinnu og skráði hjá mér það sem greip athygli mína. Niðurstöðurnar sýna að samþætt nám nýsköpunarmenntar og grenndarnáms reyndist góður kostur í kennslu fyrsta bekkjar. Starfið efldi atbeina nemendanna og jók ánægju þeirra í námi. Samþætting nýsköpunarmenntar og grenndarnáms kallar á verkefnamiðaðar vinnuaðferðir og upplifði ég að slíkt drægi úr starfstengdri streitu, gerði kennslustundir ánægjulegri og krefðist minni undirbúningstíma. Hins vegar var ákveðin togstreita tengd því að koma slíku námi fyrir í hefðbundnu skólastarfi. Áhugavert væri að skoða frekar hvort verkefnamiðuð kennsla sé til þess fallin að draga úr starfstengdri streitu kennara og hvernig megi breyta skólaskipulagi til að slík vinna eigi auðveldar uppdráttar.

Allir á sömu vegferð: Starfendarannsókn um samstarf í samreknum skóla í Reykjavík

Auður Valdimarsdóttir, grunnskólakennari, Dalsskóla

Leiðbeinendur: Karen Rut Gísladóttir, dósent, MVS HÍ og Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Í þessu erindi segir frá starfendarannsókn minni sem var unnin á árunum 2019-2021. Tilgangur rannsóknarinnar var að leita leiða til þess að styrkja og viðhalda samfelli og samvinnu á milli skólastiga í samreknum grunnskóla í Reykjavík. Markmið með þessu verkefni var að draga fram hugmyndir, sýn og styrkleika fólks sem kemur að samstarfi leikskólans, grunnskólans og frístundaheimilisins og ákvarða næstu skref þessarar samvinnu út frá þeim. Í rannsókninni leitast ég við að svara spurningunni: Hvernig get ég sem deildarstjóri nýtt hugmyndir og viðhorf starfsfólks til að skapa vettvang um samstarf á milli leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis sem stuðlar að og viðheldur sterki samfelli á milli skólastiga? Rannsóknin fór fram í Dalskóla í Reykjavík sem er samrekinn grunnskóli, leikskóli og frístundaheimili. Gögnum var safnað með rannsóknardagbók, tölvupóstum til leiðbeinenda, fundargerðum, viðtölum við samkennara, formlegum og óformlegum samtölum, vettvangsnótum, og endurminningum. Ég er starfandi við skólann sem deildarstjóri á yngsta stigi. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að starfsfólk sé almennt jákvætt fyrir samstarfinu og upplifi samvinnu á milli skólastiganna. Þeim finnst samstarfið bæði gagnlegt og skemmtilegt og upplifa að bæði börn og starfsfólk njóti góðs af því. Starfsfólk kallar eftir meiri undirbúningstíma til að undirbúa samstarfið og til að skapa nýjan vettvang til samstarfs. Helsti lærdómur þessarar rannsóknar snýst um þróun minnar eigin fagvitundar og hvernig hún er undirstaðan í að ég komi auga á hugmyndir og viðhorf samstarfsfólks og mikilvægi dreifðrar ábyrgðar og samtalsins í að hlúa að og styrkja samfelli milli skólastiganna.

Sambærting og teymiskennsla í kjarnatímum: Starfendarannsókn í grunnskóla

María Hödd Lindudóttir, grunnskólakennari, Flóaskóla

Leiðbeinendur: Svanborg Rannveig Jónsdóttir, prófessor, MVS HÍ og Anna Katarzyna Wozniczka, doktorsnemi, MVS HÍ

Aðalnámskrá grunnskóla gefur gott svigrúm til þess að samþætta námsgreinar og nálgast nám og kennsluhætti með ýmsu móti. Ég kenni í litlum grunnskóla úti á landi og gerði starfendarannsókn á kennslu minni veturinn 2020-2021. Markmið rannsóknarinnar var að rýna í samstarf kjarnateymis við samþættingu námsgreina og árgangablöndun. Tilgangurinn var að efla teymiskennslu og teymisvinnu á eldra stigi skólans. Lagt var upp með tvö stór námsþemu sem tóku um fimm vikur hvort. Með þeim var hægt að búa til fjölbreytt og skapandi verkefni og auka rými fyrir val nemenda. Gagnaöflun var í formi rannsóknardagbókar, vettvangsnótana, formlegra og óformlegra viðtala, ljósmynda og einnig var rýnt í áætlanir og fundarskýrslur. Niðurstöður sýndu að teymisstarf efldist og ég áttaði mig á mikilvægi þess að nemendur taki þátt í mótnum á sínu námsefni og finni að rödd þeirra skipti mál. Þá eru þeir líklegir til að leggja meira á sig við námið og skila verkefnum sínum. Þegar starfsfólk og nemendur fengu að byggja sína vinnu á sínum styrkleikum fengum við meira frá þeim heldur en þegar þeir fá verkefni til að leysa. Samþættingin gaf svigrúm til að veita nemendum val og við gátum mætt þeim á þeim stað sem þeir voru. Í rannsóknarferlinu mínu sá ég mikilvægi þess að í skólastarfi sé hlustað á skoðanir nemenda og að nýta þá auðlind sem þeir eru. Einnig tel ég það mikilvægt að kennrarar skoði starf sitt reglulega og miðli hver til annars þeirri vitneskju sem þeir hafa aflað sér. Samvinna og samgeta leiða til framfara í skólastarfi.

Skóli fyrir alla: Mikilvægi þess að tilheyra skólasamfélagi sínu

Þorbjörg Lilja Jónsdóttir, grunnskólakennari, Grunnskólanum í Hveragerði
Leiðbeinendur Svanborg Rannveig Jónsdóttir, prófessor, MVS Háí og Anna Katarzyna Wozniczka,
doktorsnemi, MVS Háí

Allar manneskjur eiga það sameiginlegt að hafa ríka þörf fyrir að tilheyra og finna að þær skipta mál. Íslenskt samfélag er stöðugt að verða margbreytilegra, fjölmennung að aukast og mikilvægt að skólakerfið stuðli að jafnrétti og lýðræði þannig að allir geti orðið viðurkenndir og virkir samfélagsþegnar, óháð bakgrunni eða samfélagsstöðu. Rannsóknin sem hér er sagt frá var starfendarannsókn sem unnin var í grunnskóla, þar sem ég var bæði rannsakandinn og viðfangsefnið ásamt nemendum mínum og samstarfsfólk. Megintilgangurinn var að stuðla að velferð og vellíðan nemenda minna. Markmiðið var að skoða eigin starfshætti og áhrif þeirra á

mig sem kennara og nemendur mína. Ég safnaði fjölbreyttum gögnum um kennslu mína og skólastarfið. Ég hélt rannsóknardagbók, tók viðtöl við nemendur, sendi samkennurum og stjórnendum spurningar, safnaði upplýsingum um skólahópinn, skoðaði fundargerðir, tölvupóst og ljósmyndir af verkefnum nemenda. Við greiningu gagna studdist ég við fræði um skóla án aðgreiningar og þemagreiningu. Helstu niðurstöður sýna að mikilvægt er að skólastarf einkennist af umhyggju og stuðli að vellíðan allra nemenda. Í vinnu minni sem sérkennari er mikilvægt að ég sýni nemendum mínum persónulegan áhuga, jákvæðni, hlýju, þolinmæði og umburðarlyndi og að ég horfi á ólíkan félags- og menningarheim þeirra sem auðlind. Til þess að efla vitund nemenda um eigin áhrif og fá fram sjónarhorn þeirra þarf ég að tryggja að þeir finni sig örugga og tilheyri hópnum. Með því að ígrunda eigið starf og hafa velferð allra nemenda að leiðarlíði verðum við betur í stakk búin til að þróa skóla sem er fyrir alla.

Þroskaþjálfar sem fagstétt í skólakerfinu: Staða, áskoranir og tækifæri

Þroskaþjálfafraði

Vilborg Jóhannsdóttir

Framlag fagstéttar þroskaþjálfa til skólastarfs án aðgreiningar

Vilborg Jóhannsdóttir, lektor, MVS HÍ og Jóna G. Ingólfssdóttir, aðjúnt, MVS HÍ

Erindið sem hér er kynnt byggir á yfirstandandi rannsókn höfunda á störfum og starfsþróun þroskaþjálfa vítt og breitt í samfélaginu. Horft er til þeirra áskorana sem þroskaþjálfar standa frammi fyrir í störfum sínum í síbreytilegu starfsumhverfi. Hvattinn að rannsókninni er m.a. þær starfsþróunarkröfur sem samningur Sþ um réttindi fatlaðs fólks gerir til þjónustuaðila og fagstéttu um að afnema starfshætti sem ekki samræmast ákvæðum hans og stuðla að viðeigandi breytingum. Í þessu erindi er sjónum einkum beint að skólahluta rannsóknarinnar í ljósi ákvæða 24. greinar samningsins sem fjallar um rétt til menntunar án aðgreiningar. Rannsóknin byggir á félagslegu sjónarhorni mannréttinda sem og faglegum og siðfræðilegum starfsviðmiðum þroskaþjálfa. Gagna var aflað með spurningakönnun í samstarfi við Þroskaþjálfafélag Íslands sem

og með rýnihópaviðtölum. Menningar-söguleg starfsemiskenning er notuð við greiningu gagnanna. Niðurstöðurnar sýna að þroskaþjálfar gegna veigamiklu hlutverki innan skólakerfisins við að treysta og halda utan um félagslega og námslega þátttöku fjölbreyttis nemendahóps sem þarf á stuðningi að halda. Helstu áskoranir þroskaþjálfanna og togstreitur í starfi verða ræddar sem og þær lausnir sem þeir telja að geti stuðlað að farsælli þróun skólastarfs án aðgreiningar.

Togstreitur sem sóknarfæri til starfs- og skólaþróunar

Jóna G. Ingólfssdóttir, aðjúnkt, MVS HÍ og Vilborg Jóhannsdóttir, lektor, MVS HÍ

Í erindinu verður rýnt í niðurstöður úr skólahluta yfirstandandi rannsóknar höfunda á störfum og starfsþróun þroskaþjálfa innan skólakerfisins á Íslandi með aðstoð meginreglna menningar-sögulegrar kenningar um útvíkkað nám. Engeström lagði til að starfsemiskerfi (e. activity system), þar sem hópur fólks vinnur að sameiginlegu viðfangsefni, s.s. stofnun eða vinnustaður, væri sú eining sem lögð væri til grundvallar í þróunar- og breytingastarfi. Samkvæmt þessu er litið á skólann sem starfsemiskerfi sem skoða þarf með hliðsjón af ólíkum bakgrunni þeirra er þar starfa. Á grundvelli niðurstaðnanna eru kynntar tilgátur um mikilvæg atriði sem stuðlað gætu að skilvirkara skólastarfi í anda stefnunnar um skóla án aðgreiningar. Sjónum er beint að jafnhliða þróun starfsemiskerfisins og hlutaðeigandi fagstéttu í sögulegu samhengi og þeim mótsögnum sem birtast. Þetta er gert í því skyni að koma auga á hvernig stuðla megi að áframhaldandi vexti og þróun skólastarfs með myndun sameiginlegs skilnings á markmiðum og framkvæmd skóla án aðgreiningar. Gagna var aflað meðal starfandi þroskaþjálfa með spurningakönnun og rýnihópaviðtölum ásamt sem nýjar skýrslur og úttektir á framkvæmd stefnunnar hér á landi eru rýndar. Greining á niðurstöðunum sýnir að fagþekkingar þroskaþjálfar er þörf innan skólans vegna faglegra og siðfræðilegra starfsviðmiða þeirra um að ryðja hindrunum úr veki og stuðla að virkri þátttöku fatlaðra nemenda í skólastarfinu.

Staða og hlutverk þroskaþjálfa í framhaldsskólum

Kolbrún Ingibergsdóttir, þroskaþjálfí í Hörðuvallaskóla og verkefnastjóri Ljósbrots, Vilborg Jóhannsdóttir, lektor, MVS HÍ og Jóna G. Ingólfssdóttir, aðjúnkt, MVS HÍ

Í erindinu verður sjónum beint að störfum og starfsumhverfi íslenskra þroskaþjálfa í framhaldsskólum. Erindið byggir á BA-rannsókn höfundar og felur í sér fræðilega úttekt og eigindelega rannsókn sem byggir á viðtölum við fimm reynslumikla þroskaþjálfa. Flestir þeirra búa jafnframt yfir víðtækri starfsreynslu á breiðum vettvangi. Markmið ritgerðarinnar var að fjalla um faglega stöðu og hlutverk þroskaþjálfans sem fagstéttar í framhaldsskólum með áherslu á hvernig sérþekking þeirra nýtist á þessu skólastigi. Skoðaðar eru þær áskoranir sem þroskaþjálfarnir standa andspænis í störfum sínum og hvar þeir sjá möguleikana á sóknarfærum til áframhaldandi starfsþróunar. Eins verður fjallað um þær bjargir sem þeir nota til starfsþróunar. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbindingar um skörun við aðrar fagstéttir innan framhaldsskólans og þá sér í lagi við sérkennara. Sumir þroskaþjálfanna höfðu sótt sér sérkennsluréttindi en aðrir starfa undir fagheitinu sérkennari án þess að hafa sótt sér kennaramenntun. Þrátt fyrir að flestir þroskaþjálfarnir séu starfandi sem sérkennrar kom ótvíraett í ljós að þeir töldu menntun sína sem þroskaþjálfir mikilvæga á þessum vettvangi vegna faglegrar nálgunar og einstaklingsmiðaðrar hugsunar. Fram kom að þroskaþjálfarnir finna fyrir stéttaskiptingu innan framhaldsskólans. Einnig töldu þroskaþjálfarnir menntun sína ekki hljóta náð fyrir augum stjórnenda til þess að eiga tækifæri á að hljóta framgang í starfi. Þroskaþjálfarnir telja hugmyndafræði og sérþekkingu fagstéttarinnar eiga fullt erindi inn í framhaldsskólana þrátt fyrir að þeir standi frammi fyrir þessum áskorunum. Þroskaþjálfarnir sem rætt var við leita víða fanga til þess að efla sig í starfi og til þess að mæta margbreytilegum hópi nemenda í framhaldsskólum.

Samtal um menntun: Trú, réttlæti og ást

Heimspeki menntunar

Ólafur Páll Jónsson

Getur kennari verið trúlaus? Samtal við Magnús Helgason

Atli Harðarson, prófessor, MVS HÍ

Séra Magnús Helgason var fyrsti skólastjóri Kennaraskólans. Bók hans Uppeldismál til leiðbeiningar barnakennurum og heimilum kom út árið 1919. Sumt af því sem þar segir um starf kennara er samofið trúarlegri lífsleikni og háleitum hugsjónum um andleg verðmæti. Magnús

brýndi meðal annars fyrir lesanda að ætla börnum „að óreyndu aldrei annað en gott“, miðla „hinni helgu speki hjartans“ og „temja sjálfum sér alla þá mannkosti er hann óskar að glæða og innræta öðrum“. Til samanburðar við sjónarmið Magnúsar skoða ég kenningar sem John Dewey reifaði í bókinni A Common Faith frá 1934. Þeir Dewey og Magnús tilheyrðu sömu kynslóð umbótamanna í uppeldismenntamálum og höfðu svipuð viðhorf til barna. Dewey áleit, líkt og Magnús, þörf fyrir lífsleikni af trúarlegu tagi en sagði að við gætum tileinkað okkur hana án þess að trúá á neinn yfirnáttúrulegan veruleika. Skrif Deweys svöruðu kalli tímans þegar æ fleirum þótti sem eiginleg trúarbrögð hlytu að víkja með aukinni menntun og nútímalegri lifnaðarháttum – þau væru leifar af eldri samfélagsgerð og fornum hugsunarhætti. Í erindinu ræði ég tengsl fagmennsku kennara og háleitra hugsjóna í ljósi þess sem Magnús og Dewey skrifuðu á fyrri hluta síðustu aldar og velti fyrir mér hvert erindi rök þeirra eigi nú á 21. öldinni þegar trúarbrögð ganga í endurnýjun lífdaga. Ég reyni líka að átta mig á hvort ástæður séu til að ætla að kennrarar þurfi á trú að halda og hvort rökræða um trúarleg efni eigi að vera hluti af menntun stéttarinnar.

Að mennta innra auga manneskjunnar? Samtal við Mörthu Nussbaum og Rudolf Steiner um ímyndunarafl, bókmenntir, siðfræði og menntun

Þóra Björg Sigurðardóttir, doktorsnemi, MVS HÍ

Í ritunum Poetic Justice (1995) og Cultivating Humanity (1997) fjallar samtímaheimspekingurinn Martha Nussbaum um mikilvægi ímyndunaraflsins sem grundvöll siðferðis. Hún segir að til þess að vera borgari í margbreytilegu samfélagi þurfum við skilning og umburðarlyndi á því sem er framandi en einnig að sjá og finna fyrir því sem við eigum sameiginlegt í okkar mannlegu reynslu. Hún leggur því áherslu á að mennta innra auga nemandans í gegnum t.d. bókmenntir og sögur. Ímyndunaraflíð er forsenda þess að sjá með augum annarrar mannesku, setja sig í spor hennar og hlusta á sögur hennar. Úr allt annarri átt fjallar heimspekingurinn Rudolf Steiner um hið siðferðilega ímyndunarafl mannssálarinnar í bók sinni Heimspeki frelsisins sem kom út árið 1894. Steiner var afstæðishygjumaður um siðferði og sagði að ekki væri hægt að mennta innra auga manneskjunnar, við gætum með öðrum orðum ekki séð með augum annarra. Hann taldi að hver einasta manneskja væri ráðgáta sem þyrti að þroskast á sinn eigin hátt í umhverfi þar sem hún gæti gert það. Sem kennrarar værum við fyrst og fremst fyrirmyn dir. Ef við vildum

skilja manneskjuna, innra auga manneskjunnar, þá skyldum við annars vegar leita í fjársjóði fortíðarinnar og hins vegar í hinn eilífa sannleika sem lifir innra með hverri manneskju. Í erindinu ræði ég þessa two ólíku heimspekinga, afstöðu þeirra til siðferðis og manneskjunnar og mikilvægi bókmennta og sagna fyrir ímyndunarafl barna sem þeim ber saman um að er dýrmæt leið til menntunar.

Hermiþráin: Böl eða blessun mannsandans?

Jón Ásgeir Kalmansson, aðjúknt, MVS HÍ

Allt frá tímum Sókratesar og Platons hefur þrá, löngun eða (erótisk) ást með einhverjum hætti verið talin varða kjarna andlegs og siðferðilegs lífs. Í Samdrykkju Platons er okkur til dæmis leitt fyrir sjónir hvernig andleg heill getur oltið á því hvort maður þrái rétta hluti á réttan hátt, og beri gæfu til að unna sífellt fegurri og guðlegri veruleika fremur en heillast af margvíslegum blekkingum og fánýti. Á 20. öld kom fram á sjónarsviðið áhugaverður hugsuður sem varpaði eilítið nýju ljósi á mikilvægi þraránnar í andlegu lífi, René Girard. Girard dregur skýrt fram eftirhermueðli mannlegra langana, það er í hve ríkum mæli fólk sækist eftir, og telur eftirsóknarvert, það sem aðrir sækjast eftir. Þetta einfalda innsæi Girards í manneðlið og eðli langana varpar ljósi á ýmis fyrirbæri mannlífsins, á borð við tískustrauma, fjármálamarkaði, neyslu, samkeppni, ófullnægju, einelti, og svo framvegis. Í fyrirlestrinum verður kenning Girards skoðuð og spurt hvaða ljósi hún varpi á andlega velferð. Í platonskum anda verður spurt hvort og þá hvernig sé hægt að vekja og aga þrána, og beina henni að göfugum og verðugum hlutum, þegar sívaxandi fjöldi ýmiss konar „áhrifavalda“ vekur og mótar langanir fólks með æ ágengari, og oft algerlega ómeðvitum, hætti. Hvernig getum við gert þróttmikla og vel mótaða þrá að þungamiðju andlegs lífs í nútímanum?

Samtal við Platon og Mason Marshall um að snúa nemendum til sannleiksástar

Róbert Jack, lektor, MVS HÍ

Þrátt fyrir að flestir sem ná fullorðinsárum virðist meta sannleikann nokkurs bendir flest til þess að við fæðumst ekki elskandi sannleikann. Hinn forngríski Platon telur til að mynda að manneskjan

þurfi að ganga í gegnum töluvert þroskaferli áður en hún geti almennilega elskað sannleikann. Jafnframt má halda því fram að rannsóknir síðustu áratuga á mannlegum þroska leiði fram sömu niðurstöðu. Samtímis er ákaflega mikilvægt að hver og einn læri að meta sannleikann, ekki síst á tímum þar sem „falskar fréttir“ (e. fake news) og „valsannleikur“ (e. alternative truth) virðast hafa skotið rótum sem raunverulegir valkostir hjá hópi fólks. Eitt af verkefnum Platons í skrifum sínum var að sýna hvernig ýta megi við fólk sem ekki kann að meta sannleikann þannig að það snúist í átt til sannleiksástar. Þetta fór að mestu þannig fram að persónan Sókrates beitti ýmsum aðferðum í samræðu við einhvern einstakling til að reyna að orsaka þennan viðsnúning hjá viðkomandi. Í nýrri bók, *Reading Plato's dialogues to enhance learning and inquiry: Exploring Socrates' use of protreptic for student engagement* (2021), fæst Mason Marshall við að útfæra aðferð sem nýta má í nútímaskólum til að snúa nemendum til sannleiksástar. Erindið felst í samtali við Platon og Mason um hvernig standa má að þessum viðsnúningi. Heimspekkileg greining á textum er aðferð rannsóknarinnar. Niðurstaða samtalsins felur í sér að það að orsaka umræddan viðsnúning sé erfitt en gerlegt.

Samtal við Hönnuh Arendt um menntun og mikilvægi þess að varðveita heiminn

Eva Harðardóttir, doktorsnemi, MVS HÍ

Erindið byggir að stærstum hluta á texta Arendt um menntakrísuna eða *The Crisis in Education* frá árinu 1954 auk þess sem fjallað verður um hvað felst í þeirri hugmynd að vera gestur í lífi fólks út frá þeirri merkingu sem Arendt lagði í hugtökin *visiting* og *tourism* í tengslum við viðbrögð okkar við aðstæðum eða hugmyndum sem eru ókunnugar eða ólíkar því sem við eigum að venjast. Í erindinu ræði ég einnig hugmyndir Arendt um markmið menntunar og hvað hún á við með þegar hún segir að markmið menntunar sé annars vegar það að varðveita heiminn frá eyðileggingu þeirra sem í honum lifa og hins vegar að varðveita nýja kynslóð andspænis heiminum sjálfum. Þá skoða ég einnig hvort speglar megi sígildar hugmyndir Arendt í nýlegum stefnum og straumum sem lúta að menntun í anda alþjóðlegrar borgaravitundar (e. global citizenship education) með gagnrýnum hætti. Í lokin velti ég því fyrir mér hvort við getum dregið lærðóm af umfjöllun Arendt um menntakrísuna sem nýta megi til þess að bregðast við þeim fjölmörgu og síbreytilegu krísum sem við mætum í nútímasamfélagi.

Framhaldsskólinn á tínum COVID-19: Kreppa, áskoranir og aðlögun

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Guðrún Ragnarsdóttir

Kennsluhættir í breyttum heimi framhaldsskóla

Þorsteinn Á. Sürmeli, doktorsnemi, MVS HÍ og Susanna Margrét Gestsdóttir, aðjúnt, MVS HÍ

Heimsfaraldur COVID-19 hefur haft veruleg áhrif starf kennara á öllum skólastigum sem þurftu að grípa til ýmissa tækja og tóla til að halda kennslu áfram. Í auknum mæli og af illri nauðsyn neyddust þeir til að breyta kennsluháttum og nýta tæknina til að miðla námsefni, eiga í samskiptum við nemendur og halda kennslu áfram, en í annarri mynd og í breyttum heimi.

Erindið byggir á viðtöluum við 12 kennara í þremur framhaldsskólum en í þeim er ýmislegt sem gefur til kynna að margar af þeim breytingum sem þurfti að grípa til verði varanlegar. Fjallað er sérstaklega um þær breytingar og hverjar af þeim æskilegt er að kennrarar og skólastjórnendur þrói enn frekar. Þannig er ekki síst lögð áhersla á þau jákvæðu áhrif sem heimsfaraldurinn hefur haft á kennsluhætti á framhaldsskólastigi, þekkingu kennara og sveigjanleika og sjálfstæði þeirra í starfi. Kennrar voru nokkuð fljótir að tileinka sér nýja tækni við kennslu og skipulögðu nám nemenda að mestu þannig að þeir unnu einir þar sem þeim fannst erfitt að þróa samvinnu í gegnum netið. Niðurstöðurnar sýna að hefðbundið staðnám hefur, með aukinni tækni og fleiri tólu sem kennrar og nemendur geta stuðst við til að eiga í samskiptum, fengið breytta og víðari merkingu og skilin á milli fjar- og staðnáms hafa orðið óskýrari. Í því samhengi eru kostir blandaðrar kennslu skoðaðir, bæði í fjarnámi og staðnámi á framhaldsskólastigi.

Nám og líðan framhaldsskólanemenda í heimsfaraldri

Guðlaug Pálsdóttir, framhaldsskólakennari, Fjölbautaskóla Suðurnesja og Amalía Björnsdóttir, professor, MVS HÍ

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna áhrif COVID-19 faraldursins á nám og líðan framhaldsskólanemenda eftir mikla röskun á skólastarfi í rúmt ár. Á vorönn 2021 var rafrænn spurningalisti lagður fyrir nemendur í fjórum framhaldsskólum og svöruðu 1306 nemendur listanum. Spurt var um upplifun nemenda af náminu, aðstöðu og stuðning heima fyrir og líðan á þeim tíma sem fjarkennsla fór fram. Þrír skólanna voru fjölbautaskólar og einn hefðbundinn bekkjaskóli. Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að nemendur höfðu gott aðgengi að tölvum til að nota í náminu og 73% sögðust hafa haft næði til að vinna heima. Þeir höfðu góðan stuðning frá foreldrum og vinum og 66% fannst kennurum ganga almennt vel að kenna á netinu. Tæplega helmingur nemenda upplifði aukið námsálag og svipað hlutfall frestaði verkefnum sem þeir hefðu getað unnið í tímum. Meirihluti nemenda (70%) upplifði betra eða svipað gengi í náminu. Um helmingur nemenda upplifði minni kvíða í fjarkennslu en í staðkennslu og tæplega fjórðungur upplifði meiri kvíða. Um helmingur nemenda var meira einmana og þá leiddist um 60% nemenda meira en í staðnámi. Um 53% fannst gott að mæta aftur í skólann aftur eftir samkomutakmarkanir og 22% fannst það slæmt. Niðurstöðurnar sýna að fjarkennslan gekk að mörgu leyti vel en félagslegi þátturinn var áskorun. Einnig sýna niðurstöðurnar að sameiginlegt átak skóla og heimila hélt skólastarfi gangandi á þessum krefjandi tímum og meirihluti nemenda lagaði sig ótrúlega vel að þessu breytta fyrirkomulagi.

Félagslegt réttlæti og framhaldsskólinn á tímum COVID-19

Ómar Örn Magnússon, verkefnisstjóri og doktorsnemi, MVS HÍ og Guðrún Ragnarsdóttir, dósent, MVS HÍ

COVID-19 faraldurinn hefur haft gríðarleg áhrif á skólastarf sem og allt mannlíf frá því í mars 2020 þegar samkomubann var fyrst sett á vegna faraldursins. Í um eitt og hálft ár hefur nám nemenda í framhaldsskólum verið með óhefðbundnu sniði en það er um helmingur námstíma þeirra nemenda sem útskrifuðust vorið 2021 og kláruðu námið á þremur árum. Allan þann tíma var nám framhaldsskólanema að stórum hluta í fjarnámi eða í dreifnámi með ýmsum takmörkunum. Fjarnám krefst meira sjálfstæðis frá nemendum og býður ekki á sama hátt og staðnám upp á jafna aðstöðu í námi. Ýmislegt bendir til þess að þeir nemendur, sem höllustum fæti stóðu fyrir, hafi farið verst út úr faraldrinum. Fjallað verður um upplifun nemenda af

fjarnámi, kenningar um fjarnám og velt upp hugmyndum um ójöfnuð nemenda í fjarnámi umfram staðnám. Umfjöllunin byggir á 12 viðtölum við nemendur í þremur framhaldsskólum sem eru þáttakendur í rannsókninni Framhaldsskólinn á tímum COVID-19: Kreppa, áskoranir og aðlögun. Fyrstu niðurstöður sýna að nemendur bjuggu við mjög mismunandi aðstæður í heimanámi/fjarnámi og þurftu að leita mismunandi leiða eftir stuðningi í námi sínu. Niðurstöðurnar vekja upp áleitnar spurningar um fyrirkomulag náms á tímum COVID-19 og ýmislegt bendir til að félagslegt ójafnræði hafi aukist á tímabilinu.

Breyttur framhaldsskóli í kjölfar heimsfaraldurs?

Guðrún Ragnarsdóttir, dósent, MVS HÍ og Sússanna Margrét Gestsdóttir, lektor, MVS HÍ

Ekki fer á milli mála að COVID-19 faraldurinn hafði mikil áhrif á skólastarf víðs vegar um heiminn. Á Íslandi fór starfsemi framhaldsskóla að mestu fram með fjarfundabúnaði í heilt ár og starfsfólk og nemendur sinntu verkefnum sínum að heiman. Í þessu óvenjulega ástandi felst einstakt tækifæri til að rannsaka áhrif óvæntrar kreppu og skoða með markvissum hætti hvort eða hvernig framhaldsskólinn breytist í kjölfarið. Markmið erindisins er að varpa ljósi á sýn starfsfólks skólanna á þróun framhaldsskólans, framtíðina og markmið skólastigsins í ljósi reynslunnar. Einnig er erindinu ætlað að fjalla um mikilvægi starfsþróunar. Byggt verður á spurningakönnun sem lögð var fyrir allt starfsfólk íslenskra framhaldsskóla vorið 2020 (N=1.034) en einnig á viðtölum við sex stjórnendur, tólf kennara og sex náms- og starfsráðgjafa þriggja ólíkra skóla sem tekin voru skólaárið á eftir. Bæði skólanir og viðmælendur voru valdir með tilgangsúrtaki. Frumgreining á niðurstöðunum sýnir að þáttakendur sjá fyrir sér opnara og sveigjanlegra skólastarf fyrir nemendur, kennara og annað starfsfólk skóla, betri nýtingu tækninnar, breytta kennsluhætti og öðruvísi námsmat. Einnig hefur starfsfólk öðlast aðra sýn á hlutverk framhaldsskólans sem kann að taka mun meira mið af félagslegum gildum, samveru og virkni nemenda. Þá er ljóst að starfsþróun gegndi lykilhlutverki í breytingaferlinu en þáttakendur töldu sig aldrei á sinni starfsævi hafa breytt eins miklu og í fjarkennslunni eða lært jafn mikið. Niðurstöður greinarinnar eru mikilvægt innlegg í áframhaldandi umræðu um þróun framhaldsskólans.

Collaborative re-design of a learning environment

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Anna Kristín Sigurðardóttir

Pedagogical walk-through evaluation

Anneli Frelin, professor, University of Gävle and Jan Grannäs, professor, University of Gävle

The presentation is based on a practice oriented, multidisciplinary post occupancy evaluation project, aiming at identifying important areas for improving the learning space in schools. The walk-through method has been used for post-occupancy evaluations of buildings and other environments. In the research study "Building schools" nine schools located in four municipalities in Sweden were evaluated by a range of stakeholders. Results show the importance of, for example, flexibility and ownership in the school environments. A film showing walk-through evaluations is available here <https://www.youtube.com/watch?v=DpEEU8L4Gqo>. Pedagogical walk-throughs, also addressed in the session, are primarily tools for teachers and school leaders to become more aware of the role of the physical environment for teaching and learning and find ways to develop their own learning environment. The focus here is on pedagogical activities and on achieving a good fit between spaces, practice and people.

Co-designing learning spaces

Bodil Bøjer, postdoctoral researcher, Royal Danish Academy

In recent years, many schools are being built or rebuilt aiming to support new pedagogies that will foster the development of 21st century skills. These pedagogical visions are often materialized in new typologies of learning environments with a more open, flexible, and activity-based interior design. The layout of these new spaces demands new teaching and learning strategies in order to become supportive tools for practice. However, changing a space does not automatically change practice. Building on a Participatory Design tradition, this presentation explores how co-design methods can be used to engage users (teachers and students) in collaborative and experiential exploration of the space-practice relationship, thereby helping to

foster teachers' spatial literacy and competencies and thus, potentially match pedagogical practices with spatial affordances. The session will present examples from an empirical case in a Danish school and is based on a practice-based PhD-project from the Royal Academy in Copenhagen, School of Design, 'Unlocking Learning Spaces', which examined the interplay between the design of learning spaces and pedagogical practices with a particular focus on participatory design with teachers and students.

Fjölbjóðleg sýn á menntun í þremur heimshornum

RannSTARF (Rannsóknarstofa um starfendarannsóknir) og RASKA (Rannsóknarstofa um skapandi skólastarf)

Hafdís Guðjónsdóttir

Grunnskólanemar af erlendum uppruna á Íslandi: Fjöltílvíksrannsókn

Anna Katarzyna Wozniczka, doktorsnemi, MVS HÍ

Leiðbeinandi: Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Mikil fjölgun innflytjenda á Íslandi á undanförnum tveimur áratugum hefur leitt til aukinnar fjölbreytni nemendahópa í skólum og vaxandi áhuga og þörf á menntarannsóknum varðandi fjölmenningu og skóla fyrir alla. Tilgangur rannsóknarinnar var að öðlast betri skilning, auka þekkingu á námi og líðan nemenda af erlendum uppruna og að safna hugmyndum að kennsluaðferðum sem hafa jákvæð áhrif á þessa nemendur og námsferil þeirra. Í þessari fjöltílvíksrannsókn var markmiðið að kortleggja, lýsa og greina sögur 18 nemenda af erlendum uppruna. Einnig var leitað eftir starfsháttum sem hafa reynst vel. Skoðaðir voru fjórir grunnskólar – tveir í dreifbýli og tveir í þéttbýli og var val á skólum og þátttakendum markmiðabundið. Eigindlegum gögnum var safnað með hálfopnum viðtölum, sögugerð og vettvangsathugun og þau þemagreind. Stuðst var við kenningar um skóla fyrir alla, vistfræði jafnaðar og gagnrýna kennslufræði. Niðurstöður rannsóknar benda til þess að kennrarar gegni lykilhlutverki í að tryggja nám fyrir alla með því að fara fjölbreytar og skapandi leiðir þegar þeir vinna með nemendum af erlendum uppruna og við að þróa eigin fagmennsku. Mikilvægt er að horfa á menntun barna af

erlendum uppruna með vistfræði jafnaðar að leiðarljósi og skoða hvernig samspil ólíkra stefna, reglna, starfsháttu og samskipta innan og milli skóla sem og félagslegs umhverfis geti haft áhrif á nám og líðan nemenda. Slíka þekkingu og skilning er hægt að nýta þegar unnið er áfram að stefnumótun og framkvæmd stefnu um skóla fyrir alla.

Parental involvement in children's primary education: A case study from a rural district in Malawi

Guðlaug Erlendsdóttir, PhD student, School of Education UI and Svanborg R. Jónsdóttir, professor, School of Education UI

The importance of a quality education is encapsulated in SDG #4 - quality education for all since this is considered to be one of the key factors to escape poverty. In Sub-Saharan Africa low educational attainment has continually hampered the fight against poverty; nonetheless education is recognised there as a means for expanding human capabilities and choices. One of several factors recognised as positively affecting educational achievement is parental involvement. The purpose of studying parental involvement in rural Malawi will give us an important insight into its the extent and clarify to all concerned the importance of parental involvement when it comes to educational attainment in the struggle for poverty reduction. This study analyzes parental involvement in their children's primary education in rural primary schools in Malawi, focusing on the home and the school. Through focus group discussion and semi-structured interviews, information was obtained from 19 parents, 24 teachers, and four headteachers at four rural primary schools. Bronfenbrenner's socio-ecological theory was applied to make sense of data and to build the framework for the study. Findings indicate that parents do participate in their children's education. This outcome, however, to some degree contradicts the teachers' view as to how involved parents are.

Growing the tree for building the boat: A hybrid educator's self-studies through metaphors

Megumi Nishida, PhD student, School of Education UI, Svanborg R. Jónsdóttir, professor, School of Education UI and Hafdís Guðjónsdóttir, professor, School of Education UI

This study analyses how I, a Japanese doctoral student and educator in Iceland, embrace metaphors as a method of inquiry for exploring my cultural hybridity between Japan and Iceland. The purpose of this study is to investigate why and how I used metaphors as a methodological tool in my self-study for my doctoral project. I aim to identify how metaphors enhanced my understanding of my hybridity. The postcolonial theory of hybridity expands my discussion through metaphors. Self-study is practitioner research which often uses qualitative methods. In the self-study context, metaphors articulate self-study researchers' education-related life stories to capture essences of their teaching and experiences. The data were my three narrative self-studies with metaphors. For analysis, I employed narrative analysis and created a matrix to identify how metaphors encompassed various perspectives. Metaphors were shared with critical friends for making better sense of my metaphorical exploration. The first metaphor appeared unintentionally in my doctoral research proposal. When I found myself struggling to express the complexity and subtleness of my professional experience in Iceland, I used metaphors of building a boat. Having realized the power of metaphors, I began to explore my experiences, thoughts, understanding and meaning-making process through metaphors. As I was trying to understand what self-study would mean to me, I drew a picture of a tree to elaborate the meaning of my kind of self-study. While reflecting on my understanding of self-study, I added more details to the picture to develop my own story with the tree metaphor.

Bekkjarmatur og sólarupprás: Hugmyndir barna um „draumaskólann“ og leiðir til að gera þær hugmyndir að veruleika

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, aðjúknt, MVS Háskóli Íslands

Leiðbeinandi: Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor, MVS Háskóli Íslands

Í erindinu verður fjallað um þátttöku-starfendarannsókn í grunnskóla. Megintilgangur rannsóknarinnar er að þróa og styrkja starfshætti í skóla án aðgreiningar í samvinnu við börnin sem sækja skólann. Meginspurningar eru: Hver er sýn barnanna á skóla- og frístundaumhverfi með tilliti til menntunar fyrir alla? Hvernig getum við skapað ramma utan um starfshætti sem tryggja öllum börnum þátttöku og hlutdeild í námi og skólastarfi? Fræðilegur grunnur rannsóknarinnar er hugmyndafræðin um menntun fyrir alla og líkön um þróun skóla án aðgreiningar, þar sem þátttaka barna er talin forsenda þess að ferlið geti orðið árangursríkt. Rannsóknin er þátttöku-starfendarannsókn, en í slíkum rannsóknum vinna rannsakendur og þátttakendur saman að því að skoða aðstæður, umhverfi, starfshætti og verkferla í þeim tilgangi að breyta þeim til hins betra. Rannsóknaraðferðir í rannsókninni eru fjölbreyttar og byggja á skapandi leiðum og virkri þátttöku allra, þar sem tekið er mið af ólíkum hæfileikum, styrkleikum, þörfum og tjáningarleiðum þátttakenda. Í erindinu verður sagt frá samvinnu við börn í fimmta og sjötta bekk skólans skólaárið 2020-2021. Börnin unnu á skapandi hátt með sínar hugmyndir um „draumaskólann“ og var þeirri vinnu fylgt eftir með samtölum. Fram komu ótalmargar hugmyndir, sem einkenndust af sköpun, ímyndunaráfli og lausnum. Áberandi þemu voru maturinn, skólalóðin, vinátta og samskipti. Í kjölfarið voru myndaðir ráðgjafarhópar um hvert málefni, þar sem börnin útfærðu hugmyndirnar sínar og kynntu skólastjórn, kennurum og samnemendum. Byrjað er að framkvæma sumar þeirra og greinilegt að samvinnan við börnin hefur þegar haft áhrif á skólastarfið, verkferla innan skólans og viðhorf starfsfólks til barnanna og þátttöku þeirra.

„Að finna að maður getur staðið á eigin fótum, það er ómetanlegt að vera sjálfbjarga“

Soffía Valdimarsdóttir, lektor, FVS HÍ og Svanborg R. Jónsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Mikil gróska er í handverksiðkun á heimsvisu. Gerum-það-sjálf bylgjan er talin andsvar við neysluhyggju og neikvæðum hliðum örrar tæknibróunar. Starfsþróun er flókin í einstaklingsmiðuðum síðnútíma og vinnumarkaður er ótryggari en áður. Fjöldi fólks skapar sér því atvinnu fyrir eigin atbeina t.d. á sviði handverks. Nokkuð misræmi virðist þó vera á milli gildis handverksþekkingar í daglegu lífi fólks og þess vægis sem verkmenntun hefur í samfélagsorðræðu og menntakerfi. Litið er í vaxandi mæli til menntunarlegs og hagræns gildis

verkþekkingar í samfélögum nýsköpunar og tækni en neikvæð viðhorf til verkmennunar eru lífseig. Erindið greinir frá helstu niðurstöðum rannsóknar meðal þrettán sjálfstætt starfandi handverksmanna. Rannsóknin markar upphaf doktorsverkefnis sem hefur það yfirmarkmið að skoða gildi handverksþekkingar í íslenskum síðnútíma. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna hvaða hvatar liggja að baki því að skapa sér starfsvettvang í handverki og hvaða merkingu þáttakendur telja það hafa. Rannsóknin byggir á viðtölum og heimsóknum á vinnustofur og samfélagsmiðlasíður handverksmanna. Sífelldur samanburður var viðhafður í ferli gagnaöflunar og greiningar eftir því sem þemu tóku á sig mynd. Helstu túlkanir voru bornar undir valda þáttakendur. Niðurstöður gefa til kynna að ástríða og þörf fyrir sjálfræði séu jákvæðir hvatar. Neikvæðir hvatar reyndust vera óöryggi á vinnumarkaði og óvænt áföll. Sameiginlegir þræðir merkingar eru þeir helstir að upplifa sig við stjórnvölinn í eigin lífi, vera trúr lífsgildum sínum og stuðla að sjálfbærni í einkalífi og samfélagi. Niðurstöður styðja við ætlað mikilvægi yfirmarkmiðs doktorsverkefnisins, þ.e. að vert sé að gefa gildi handverksþekkingar gaum og miðla til samfélags og menntakerfis í mótu.

Innleiðing menntastefnu Reykjavíkurborgar – Mælingar, stuðningur, aðgerðir og eftirfylgni

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Fríða Bjarney Jónsdóttir

Árangur fyrstu þriggja ára við innleiðingu á menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rælast og mótu aðgerða fyrir næstu 3 ár“

Fríða Bjarney Jónsdóttir, deildarstýra Nýsköpunarmiðju menntamála, Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur; Hjörtur Ágústsson, verkefnastjóri hjá Nýsköpunarmiðju menntamála, Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur og Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, sérfræðingur, Skrifstofu sviðsstjóra Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

Vinna við innleiðingu á menntastefnu Reykjavíkurborgar hófst í upphafi árs 2019 og lýkur því fyrstu þremur árum í innleiðingu menntastefnunnar í lok árs 2021. Samhliða samþykkt

menntastefnunnar var samþykkt aðgerðaáætlun til þriggja ára þar sem tilgreind voru 10 aðgerðir sem ætti að ráðast í til að stuðla að innleiðingu markmiða menntastefnunnar. Mótun aðgerðaáætlunar fyrir árin 2022-2024 hófst í upphafi ársins 2021 þegar kallaður var saman framtíðarhópur menntastefnu Reykjavíkur. Framtíðarhópurinn samanstendur af starfsfólki í skóla- og frístundastarfi borgarinnar og fjölbreyttum hópi sérfræðinga og hagsmunaaðila. Framtíðarhópurinn hefur það að markmiði að rýna í framgang innleiðingar menntastefnu Reykjavíkurborgar, meta sóknarfæri, álitamál og mögulegar umbætur í skóla- og frístundastarfi borgarinnar til næstu framtíðar og veita álit á tillögum um næstu skref í innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar fyrir árin 2022-2024. Í erindinu verður stuttlega gerð grein fyrir innleiðingu menntastefnunnar, fjallað um vinnu framtíðarhópsins og sagt frá næstu skrefum.

Hvernig mælum við sjálfseflingu? – Þróun mælikvarða og gátlista menntastefnu

Reykjavíkur

Guðrún Mjöll Sigurðardóttir og Sigrún Harpa Magnúsdóttir, sérfræðingar hjá skrifstofu svíðsstjóra Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Strax í upphafi innleiðingar menntastefnu Reykjavíkurborgar var ákveðið að mæla áhrif hennar á grundvallarþætti menntastefnunnar; félagsfærni, sjálfseflingu, heilbrigði, sköpun og læsi. Það eru þeir eiginleikar og hæfni sem markmiðið er að börn tileinki sér en jafnframt leiðarljós stefnunnar sem lýsa þeim vinnubrögðum sem eru viðhöfð, fagmennsku, samstarfi og virkri þátttöku barnanna. Ljóst var að mælingar vantaði til að meta suma þessara þáttta og hefur því talsverð vinna farið í að þróa og afla þeirra. Þá voru unnir gátlistar sem leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar geta nýtt til að meta að hversu miklu eða litlu leyti unnið er í anda hvers grundvallarþáttar menntastefnunnar. Sett hefur verið upp kerfi þar sem hægt er að leggja grunnlinu, setja inn aðgerðaáætlanir og meta framgang. Í erindinu verður sagt frá þessari vinnu og hvernig hún mun nýtast til að fylgjast með áhrifum innleiðingar menntastefnu Reykjavíkur.

Rafrænt MenntaStefnumót Skóla- og frístundasviðs – 10.000 þáttakendur og 32

klukkustundir af efni

Hjörtur Ágústsson og Hildur Rudolfsdóttir, verkefnisstjórar hjá Nýsköpunarmiðju menntamála, Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar

Árið 2019 var tekin ákvörðun um að halda uppskeruhátíð fyrir allt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í lok fyrstu þriggja áranna af innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur. Markmiðið var fyrst og fremst að skapa vettvang til að miðla þeim fjölbreyttu þróunar- og nýsköpunarverkefnum sem unnið var að 2019-2021 um leið og skapað væri samtal um menntun í nútíð og framtíð með þátttöku erlendra og innlendra sérfraeðinga. Mikill metnaður var fyrir deginum en ákveðið var að hann yrði starfsdagur á öllum starfsstöðvum Skóla- og frístundasviðs og börnum yrði gefið frí. Heimsfaraldur setti strik í reikninginn og í upphafi ársins var ljóst að ekki yrði unnt að halda viðburðinn í ráðstefnuhúsinu Hörpu eins og áætlað var. Við það sköpuðust ný og ófyrið tækifæri til að vinna að efnissköpun og framleiðslu á rafrænu efni sem gefur innsýn í þau verkefni sem unnið hefur verið að og um leið möguleika á að nýta efnið í lengri tíma til starfsþróunar. Í erindinu verður stiklað á stóru um þann mikla brunn efnis sem til varð við framkvæmd MenntaStefnumóts Skóla- og frístundasviðs 10. maí 2021. Viðburðurinn markaði tímamót í sögu menntaviðburða á Íslandi, en þar töku þátt og fylgdust með samtímis meira en 10.000 þáttakendur úr leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi borgarinnar. Farið verður yfir þá fjölbættu samvinnu sem þurfti til við að skipuleggja viðburðinn, þau sóknarfæri sem felast í að halda stóra menntaviðburði á netinu og þær áskoranir sem það felur í sér að skipuleggja og framkvæma slíka viðburði.

Gróska – stórsókn í uppbyggingu tækníinnviða og stafrænni hæfni starfsfólks SFS

Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri, Nýsköpunarmiðju menntamála á skrifstofu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Gróskan er þriggja ára átaksverkefni er snýr að hraðari innleiðingu stafrænnar tækni með uppbyggingu tæknilegra innviða og þjónustu, starfsþróun og ráðgjöf, eflingu stafrænnar hæfni og markvissri, ábyrgri og framsækinni notkun tækni í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík. Í

erindinu verður gerð grein fyrir aðdraganda verkefnisins, tengingu þess við menntastefnu Reykjavíkur og sóknaráætlunina Græna planið. Fjallað verður sérstaklega um þá umgjörð sem mynduð hefur verið utan um þríhliða samstarf grunnskóla, Nýsköpunarmiðju menntamála og Þjónustu- og nýsköpunarsviðs borgarinnar sem skuldbinda sig til að vinna saman að framþróun náms-, kennslu- og starfsháttu studdri af stafrænni tækni. Farið verður yfir hvernig skjalið „Leiðarlykillinn“ nýtist sem vegvísir fyrir samráð og umbótamiðað samstarf í vegferð Gróskunnar. Nokkur dæmi verða gefin af hvernig alþjóðleg viðmið og matstæki eru nýtt fyrir hagnýta stöðutöku og áætlanagerð skóla, samráð við háskólasamfélagið og mótuð miðlægrar ráðgjafar og framboðs á fjölbreyttri starfsþróun. Lagt verður mat á þann lærðóm sem draga má af upphafi Gróskunnar, horft til framtíðar verkefnisins og frekari sóknartækifæra er snúa að uppbyggingu stafrænnar hæfni og stuðningi við þróun og nýsköpun í náms- og kennsluháttum.

Samstarf sveitarfélaga á áhættumati hugbúnaðar fyrir nám og kennslu

Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, verkefnastjóri, Nýsköpunarmiðju menntamála á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur; Bergþóra Þórhallsdóttir, verkefnastjóri í upplýsingatækni á Menntasviði Kópavogs; Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla á Mennta- og lýðheilsusviði Hafnarfjarðar og Vala Dröfn Hauksdóttir, deildarstjóri Tölvudeildar Garðabæjar

Við gildistöku laga um persónuvernd (maí 2018) skapaðist þörf fyrir að áhættumeta hugbúnað sem nýttur er í skóla- og frístundastarfi. Með áhættumati eru dregnar fram þær áhættur sem skapast við notkun tiltekins hugbúnaðar og geta hugsanlega haft áhrif á almennar eða viðkvæmar persónuupplýsingar nemenda. Sumarið 2020 tóku sveitarfélögın Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur og Reykjavík upp samstarf í tengslum við áhættumat á hugbúnaði til að nýta í námi og kennslu í skóla- og frístundastarfi. Samstarfið fól í sér ráðningu nema í gegnum átaksverkefni sem var styrkt af Vinnumálastofnun í gegnum átak ríkisstjórnarinnar „Sumarstörf fyrir námsmenn“ og Nýsköpunarsjóði námsmanna. Ráðinn var verkefnastjóri og um 20 háskólanemar til verkefnisins. Verkefnið var svo endurtekið sumarið 2021, þá með stuðningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og sumarátaks Vinnumálastofnunar og ríkisstjórnarinnar. Í erindinu verður sagt frá hvernig sveitarfélögín sýndu samtakamátt sinn með því að leggjast á eitt til að mæta kröfum laganna,

þróa og innleiða ferla og verklag í tengslum við áhættumat við innleiðingu á hugbúnaði í námi og kennslu. Samvinnan er gríðarlega mikilvæg fyrir sveitarfélögin, sérstaklega þau sem hafa ekki mannauð til þess að takast á við verkefni tengd áhættumati og persónuvernd. Hlutverk Sambands íslenskra sveitarfélaga er einnig mikilvægt en það felur í sér utanuhald allra gagna og miðlun þeirra á opinni vefsíðu sambandsins.

Stafræn námsgögn og rými til samvinnu, leikja og náms

RANNUM: Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun

Sóloveig Jakobsdóttir

Kennsluefni í forritun og stærðfræði á unglungastigi: Tilraunir um framsetningu og miðlun á vef

Brynjar Marínó Ólafsson, skólastjórnandi, Snælandsskóla og Torfi Hjartarson, lektor, MVS HÍ

Fjallað verður um þróun á kennsluvef sem ætlað er að hjálpa nemendum að dýpka skilning sinn á stærðfræði. Lýst er hvernig blandað nám getur stutt við einstaklingsmiðun í námi og gefið nemendum tækifæri til að hafa áhrif á eigin námshraða og efnisval. Rætt er um hvað þarf að hafa í huga þegar ætlunin er að nýta tölvur, forrit og upplýsingatækni til að dýpka skilning nemenda í stærðfræðinámi og skoðað hvernig nýta má upplýsingatækni við efnismiðlun og kennslu í stærðfræði. Bent er á leiðir til að nýta tölvur og forrit sem viðbót í náminu. Á kennsluvefnum er að finna dæmi um ólíkar leiðir til að fást við stærðfræði með aðstoð tækni og tölvuforrita og eru sett fram nokkur verkefni í hverjum flokki miðlunarkosta sem þar er að finna. Þeir nefnast Töflureiknir, Reiknigripplur, Forritun, GeoGebra, Rafbækur, Kennslumyndbönd, Pöglar myndir og Samvinna. Markmið með vefnum er að búa til vettvang fyrir kennara til að sjá og greina möguleika við að nýta tölvur og tækni í stærðfræðinámi og þannig hvetja þá til að vinna áfram með tæknina í stærðfræðikennslu. Efnistök og framsetning eru með því móti að nemendur geti unnið að miklu leyti sjálfstætt í efni á vefnum og stýrt því sjálfir hvar og hvenær þeir vinna í efninu eða hversu hröð yfirferð þeirra er. Kennsluvefurinn er opinn öllum og vonast er eftir að hann geti nýst kennurum og nemendum sem vilja nýta upplýsingatækni markvisst í

stærðfræðinámi í efri bekkjum grunnskóla. Vefurinn ber heitið Tölvunotkun og stærðfræði og er að finna á slóðinni <http://www.namsvefir.wixsite.com/stae>.

Opnar kennslubækur, opin bókaskrif – Geta nemendur í háskólanámi skrifað eða endurblandað eigin námsbækur?

Salvör Gissurardóttir, lektor, MVS HÍ

Markmið rannsóknar er að skoða hvort og á hvern hátt opið menntaefni (OER) á ýmiss konar formi geti komið í stað hefðbundinnar kennslubókar, hvort og hvernig þátttaka nemenda í að útbúa opin námsgögn í samvinnu við aðra valdefli nemendur sem og hvaða tól og búnaður til slíkra skrifa sé við hæfi nemenda. Lýst er starfendarannsókn á hvernig opið kennsluefni (OER) og þá sérstaklega opnar kennslubækur er notað sem einn þáttur á tveimur háskólanámskeiðum 2021 sem námsgögn, til samvinnuskrifa og til að valdefla nemendur. Nemendur unnu bæði með wikikerfi (wikibooks) og útgáfukerfi (Pressbooks) og opna hugbúnaðinn H5P til að búa til gagnvirk verkefni. Flestir nemendur náðu allgóðu valdi á verkfærum/útgáfukerfum til að skrifa opnar kennslubækur. Lokuð útgáfukerfi til bókaskrifa (Pressbooks) virtust hafa nokkra kosti fram yfir opin kerfi (Wikibooks). Nemendur náðu færni í að skrifa námsefniskafla í Pressbooks og gera gagnvirkar æfingar í H5P en vegna takmarkana á uppsetningu gátu þeir ekki tengt slíkt saman. Nemendur nýttu lítið möguleika til að endurblanda texta frá öðrum en nýttu myndir og ýmiss konar innfellt efni í sín verk.

Stafræn sköpunarsmiðja í Minecraft: Notkun sýndarveruleika í skólastarfi

Skúlina Hlíf Kjartansdóttir, aðjúnkt, MVS HÍ og Gísli Þorsteinsson, prófessor, MVS HÍ

Rannsóknin fjallaði um notkun Minecrafts sem sýndarveruleikanámsumhverfis í grunnskóla. Þátttakendur voru sjö ára grunnskólanemendur í Stykkishólmi ásamt kennara þeirra. Gögnum var safnað í formi myndskeiða og upptökum af viðtölum við nemendur og kennara þeirra og fylgst var með kennslunni. Grunduð kenning var notuð við úrvinnslu gagnanna. Kennsluáætlun og athafnamöguleikar nemendanna innan sýndarheimsins sköpuðu skilyrði fyrir markbærum námsferlum. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að öðlast skilning á samhengi náms og kennslu

með því að skoða hugmyndaauðgi nemendanna og getu þeirra til að birta hugmyndir sínar í heiminum í samræmi við athafnakosti hugbúnaðarins. Nám nemendanna fór fram í gegnum leik sem hjálpaði þeim að nýta reynsluheim sinn við birtingu hugmynda sinna. Myndskeið sýndu hvernig margbreytileg samskipti nemenda studdu við hönnunarvinnu þeirra og efldu félagsfærni þeirra. Að geta byggt með sýndarefni gaf þeim einnig möguleika að prófa hugmyndir sínar við birtingu þeirra í heiminum. Nemendur studdu við vinnu hver annars í námsferlinu og kennarinn var oftast í hlutverki stuðningsaðila. Verkefnið er framlag til rannsókna á námi er byggir á leik og fer fram í sýndarveruleikanámsumhverfi.

Stafræn borgaravitund

Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun
Sólveig Jakobsdóttir

Nýjustu rannsóknir SAFT í stafrænni borgaravitund

Arnar Ævarsson framkvæmdastjóri, Heimili og skóla (SAFT), Sigurður Sigurðsson, verkefnastjóri, Heimili og skóla (SAFT)

Á undanförnum mánuðum hefur SAFT ásamt ýmsum samstarfsaðilum framkvæmt rannsóknir á ýmsum þáttum er varða stafræna borgarvitund hjá foreldrum og börnum. Kannanir hafa verið lagðar fyrir foreldra og börn með það að markmiði að fá dýpri yfirsýn yfir stöðuna þ.e. hvar liggja tækifærin og hvar liggur raunverulega þörfin er kemur að fræðslu fyrir bæði foreldra og börn um stafræna borgarvitund, hvernig við getum eftt foreldra í sínu hlutverki, hvaða verkfæri þurfa þau og vilja fá samkvæmt niðurstöðunum, hvaða fræðsla er æskilegt að börn fái samkvæmt niðurstöðum og hvað segja þau í raun og veru er varðar ósk um fræðslu? Þessu tengt þá er markmiðið að niðurstöður þessara rannsókna leiði af sér markvissari og ígrundaðri nálgun við gerð fræðsluefnis og skipulag fyrir foreldra og börn. Að leitast verði við að sú vinna fari fram í samvinnu við fagfólk t.d. kennara og aðra þá sem koma að málaflokknum stafrænni borgarvitund.

Netbær: Ný námsbók fyrir miðstig um stafræna borgaravitund

Sigurður Sigurðsson, verkefnastjóri, Heimili og skóla (SAFT)

Í þessu erindi verður ný námsbók kynnt sem sérfræðingar Evrópuráðsins hönnuðu í samstarfi við unglings á aldrinum 12-16 ára, meðal annars frá Íslandi. Árið 2019 komu unglingarnir saman í Aþenu, Grikklandi til að vinna að efni til að efla stafræna borgaravitund ungmenna. Ungmennin réðu á hvaða formi fræðsluefnið yrði en þau völdu að búa til verkefnabók fyrir börn á aldrinum 9-12 ára. Útlit bókarinnar og öll verkefni í bókinni voru hönnuð af unglungunum undir handleiðslu sérfræðinga sem byggðu kaflaskiptingu bókarinnar á ramma Evrópuráðsins um starfræna borgaravitund. Bókin fjallar um heimsókn nemenda til Netbæjar þar sem þau fræðast um stafræna borgaravitund með því að vinna verkefni, leysa þrautir og læra af aðstæðum sem sögupersónur glíma við. Bókin kom út á ensku í fyrra en nú hefur hún verið þýdd yfir á íslensku og kemur út á næstu mánuðum hér á landi.

Stafræn borgaravitund: Íslenskað námsefni frá Common Sense Education

Sæmundur Helgason, upplýsinga- og tölvukennari, Grunnskóla Hornafjarðar og Sólveig Jakobsdóttir, prófessor, MVS Háskóli Íslands

Erindið er um starfendarannsókn þar sem nýlegt námsefni frá Common Sense Education (CSE) var þýtt á íslensku og prófað með nemendum (10 stúlkum og 11 drengjum) í 6. bekk í landsbyggðarskóla. Skoðað var hvort námsefni CSE henti íslenskum nemendum til að efla stafræna borgaravitund þeirra og hjálpa þeim að verða betri netborgarar. Námsefnið samanstendur af kennslustundum þar sem nemendur fá tækifæri að taka þátt í umræðu og fjölbreyttri verkefnavinnu sem tengist eigin upplifun á notkun netsins í daglegu lífi, í skóla og heima fyrir. Hugtakið stafræn borgaravitund (e. digital citizenship) er leiðarstef í verkefninu og hvernig efla má vitund nemenda um jákvæð samskipti á netinu og síaukna netnotkun í samtímanum. Í erindinu er fjallað um reynslu kennara og nemenda af efninu. Nemendur tóku þátt í forkönnun, sex kennslustundum frá CSE og lokakönnun og einnig var tekið eitt viðtal við fjóra nemendur. Niðurstöður benda til þess að námsefni Common Sense Education geti eftt

stafraðna borgaravitund nemenda. Rannsóknin sýndi að námsefnið hentaði til að stýra umræðu um helstu hugtök og þætti sem tengjast stafrænni borgaravitund. Það skiptir miklu máli fyrir alla nemendur að allt námsefnið sé á íslensku, en fjögur stutt myndbönd voru á ensku og ekki þýdd. Námsefni Common Sense Education hentar prýðilega til þess að hjálpa nemendum betur að temja sér heilbrigða umgengni um netið og notkun stafrænna miðla. Til þess að námsefnið nái til allra nemenda verður þó að kosta til framleiðslu og staðfæringar á efninu á íslensku. Vanda verður til þýðingar á öllu efninu á íslensku.

Framtíð náms — Ný tækni, tækifæri og áskoranir

Frumkvöðlamennt: Teikn og stefnur eftir COVID-19

Tryggvi B. Thayer, kennsluþróunarstjóri, MVS HÍ

Vegna samkomutakmarkana í COVID-19 faraldrinum þurftu kennrar um alla Evrópu skyndilega að taka upp nýja kennsluhætti í lítt kunnugu stafrænu kennsluumhverfi. Þótt áskoranirnar væru töluverðar fyrir alla kennara, reyndi sérstaklega á kennslu sem byggir á verklegu og reynslumiðuðu námi, þar á meðal frumkvöðlamennt (e. entrepreneurial education). Var í mörgum tilvikum dregið verulega úr frumkvöðlamennt þrátt fyrir umtalsverðar framfarir síðustu áratuga í innleiðingu hennar í skólastarf. Digital Firefly er Erasmus+ verkefni sem er ætlað að varpa ljósi á stöðu frumkvöðlamenntar í framhaldsnámi og iðn-/starfsnámi í kjölfar COVID-19 faraldursins og hjálpa kennurum að aðlagast nýjum aðstæðum. Í erindinu verða kynntar niðurstöður úr fyrsta hluta verkefnisins sem lýtur að því að kanna hvernig kennrar sem kenna frumkvöðlamennt brugðust við samkomutakmörkunum vegna COVID-19 faraldursins. Kynnt verður heimildarýni sem varpar ljósi á þróun frumkvöðlamenntar og hvernig upplýsingatækni hefur verið nýtt til að styðja við hana og móta í takt við breytilegar aðstæður. Einnig verður fjallað um nýjustu rannsóknir um reynslu af frumkvöðlamennt í COVID-19 og helstu viðfangsefni fræðasamfélags í ljósi þeirra.

Netkennsla og stafræn tækni í grunnskónum á tínum farsóttar vorið 2020: Sýn kennara

Sólveig Jakobsdóttir, prófessor, MVS HÍ; Salvör Gissurardóttir, lektor, MVS HÍ; Skúlina Hlíf Kjartansdóttir, aðjúnt, MVS HÍ; Svava Pétursdóttir, lektor, MVS HÍ og Torfi Hjartarson, lektor, MVS HÍ

Menntavísindastofnun HÍ stóð fyrir viðamikilli könnun vorið 2020 meðal starfsfólks í skónum til að skoða áhrif COVID-19 faraldursins á menntun og skólastarf. Hér er fjallað um niðurstöður sem tengjast stafrænni tækni og netnámi og byggja á svörum 1550 starfsmanna sem kenndu á unglingsastigi (372), miðstigi (325), yngsta stigi (466) eða á fleiri en einu stigi (387). Í ljós kom að meirihluti svarenda taldi skólana vel búna stafrænum verkfærum og starfsliðið vel undir það búið að takast á við aukin tölvusamskipti, blandaða kennslu og netkennslu þó að margir væru þeirrar skoðunar, ekki síst í hópi kennara á yngri stigum, að efla þyrfti búnað og kunnáttu. Þá taldi þorri kennara á unglingsastigi að aðgengi nemenda að tækni heima dygði vel til samskipta og netnáms í faraldrinum en á yngri stigum gætti skýrt þeirra sjónarmiða að aðgengi að búnaði hefði skort á mörgum heimilum. Niðurstöður endurspeglar miklar breytingar á kennsluháttum og nýtingu stafrænnar tækni meðan á faraldrinum stóð. Mikil aukning varð á blönduðu námi og netnámi á unglingsastigi, töluverð á miðstigi og merkjanlegar breytingar allt niður á yngsta stig. Þá hafði faraldurinn bæði letjandi og hvetjandi áhrif á skapandi starf með hjálp stafrænnar tækni. Meirihluti svarenda taldi að COVID-faraldurinn myndi breyta kennsluháttum í skónum þeirra til frambúðar. Mikilvægt þótti að búa kennara undir aukna netkennslu og umtalsverður áhugi er á að sækja einingabært nám um hagnýtar leiðir í notkun tækni í námi og kennslu. Aðstæður kennara, kunnáttu og færni eru með ýmsu móti og efla þarf greiningu á stöðu stafrænnar tækni í grunnskónum.

Stafræn hæfni: Gagnsemi sjálfsmatsverkfæra og leiðarlykla í skólaþróun

Svava Pétursdóttir, lektor, MVS HÍ; Sólveig Jakobsdóttir, prófessor, MVS HÍ og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri/kennsluráðgjafi í upplýsingatækni við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Stafræn tækni skiptir sífellt meira máli í skólaþróun þar sem hún getur auðgað menntun og veitt nemendum fjölbreytt tækifæri til sköpunar og tjáningar. Mikilvægt er fyrir skóla að meta stöðu sína varðandi stafræna hæfni út frá alþjóðlegum viðmiðum. Á undanförnum misserum hafa aðilar frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og Menntavísindasviði Háskóla Íslands tekið höndum saman um að þýða og prófa evrópska sjálfsmatsverkfærið SELFIE sem er leiðarlykill í skólaþróun á sviði upplýsingatækni. Skólar geta skráð sig á vef Evrópusambandsins (https://ec.europa.eu/education/schools-go-digital_en) og lagt fyrir endurteknar kannanir meðal stjórnenda, kennara og nemenda um stöðu varðandi stjórnun, tæknilega innviði, starfsþróun, stafræna hæfni og nýtingu stafrænnar tækni í námi og kennslu. Þáttakendur geta valið um fjölmörg tungumál og kerfið býr sjálfkrafa til skýrslur þegar könnunum er lokið. Fyrsta útgáfa af íslensku þýðingunni var sett inn á SELFIE-vefinn og prófuð í desember í tveimur grunnskólum. Á haustmisseri 2020 hélt þróunarvinnan áfram. Verkfærið var prófað í nokkrum skólum. Vorið 2021 var unnið að grunnþýðingu á umhverfi gagnagrunnsins og var fyrsta þýðing sett inn í maí. Jafnframt hefur verið unnið að því að endurbæta þýðingar á spurningalistunum. Verkfærið var nýtt á höfuðborgarsvæðinu í fjölmögum grunnskólum vorið 2021 og hefur það verið talið gagnlegt í viðkomandi skólum til að meta stöðu stafrænnar hæfni í skólunum. Í erindinu verður fjallað um þetta þróunarverkefni og hvernig það getur stutt skóla í skólaþróun þar sem stafræn tækni kemur við sögu.

Málþroski, læsi og fjöldyngi

Fraðslu- og rannsóknarstofa um þroska, læsi og líðan barna og ungmenna

Sigríður Ólafsdóttir

Af einu orði fæðast fleiri: Áhrif markvissrar íhlutunar á íslenskan orðaforða tvítyngds leikskólabarns

Elín Freyja Eggertsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ; Sigríður Ólafsdóttir, lektor, MVS HÍ; Þóra Sæunn Úlfssdóttir, talmeinafræðingur og ráðgjafi hjá Miðju máls og læsis

Meistaraprófsritgerðin fjallar um íhlutun með fjögurra ára leikskólabarni, sem notar pólsku með fjölskyldu sinni og íslensku í leikskólanum, en meginmarkmið var að auka íslenskan orðaforða þess. Íhlutunin fór fram á tímabilinu september til desember 2020, tvívar í viku í sjö vikur.

Íslensk markorð voru þjálfuð með ýmsum hætti og íslensk samanburðarorð komu fram samhliða án sérstakrar þjálfunar. Íslenskur og pólskur orðaforði barnsins var metinn í upphafi og í lokin, auk þess sem íslenskur orðaforði var metinn meðan á rannsókninni stóð. Notuð voru íslenska orðaforðaprófið PPTV-4 og pólska orðaforðaprófið OTSR. Í upphafi var íslenskur orðaforði barnsins mun minni en hjá íslenskum jafnöldrum en pólskur orðaforði var í lágu meðallagi miðað við pólska jafnaldra. Íslenskur orðaforði barnsins jókst um 52,9% frá fyrstu mælingu til þeirrar síðustu samanborið við 25,0% orðaforðaaukningu að meðaltali hjá íslenskum jafnöldrum á sama tímabili. Barnið lærði öll markorðin sex og fimm af sex samanburðarorðunum. Í niðurstöðum pólska orðaforðaprófsins kom fram nokkur aukning milli prófa, en það var áfram í lágu meðallagi í samanburði við jafnaldra. Þessar niðurstöður gefa ástæðu til að ætla að markviss vinna með íslenskan orðaforða geti skilað árangri hjá börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku, og ekki aðeins þau orð sem unnið er markvisst með, heldur geti önnur orð bæst samhliða með í safnið. Sérstaklega mikilvægt er að nýta vel þann tíma sem börn, sem ekki nota íslensku með fjölskyldu sinni, dvelja í íslensku málumhverfi.

Málleg samskipti í leikskóla: Samræður starfsmanna leikskóla við börn sem hafa íslensku sem annað mál

Sigríður Ólafsdóttir, lektor, MVS HÍ og Ástrós Þóra Valsdóttir, meistaranemi, MVS HÍ

Í rannsókninni voru skoðuð málleg samskipti starfsmanna við leikskólabörn með íslensku sem annað tungumál (ísl2-börn). Fyrir börn sem nota ekki íslensku heima er þýðingarmikið að nýta árin í leikskólanum vel. Þar gefast hugsanlega einu tækifæri barnanna til að efla stöðugt íslenskufærni sína. Meginmarkmið rannsóknarinnar voru að skoða samræður kennara og annarra starfsmanna við ísl2 leikskólabörn og bera saman við samræður þeirra við börn með íslensku sem móðurmál (ísl1). Þátttakendur rannsóknarinnar voru átta starfsmenn og fjögur ísl2-leikskólabörn ásamt 21 ísl1-barni. Myndbandsupptökur voru notaðar og samtölin skráð orðrétt. Kannaður var fjöldi orða á mínu, fjöldi mismunandi orða og meðaltíðni orða sem notuð voru í

samræðunum. Að sama skapi voru skoðuð sérstaklega tilgangur og eðli samræðnanna, hvort þær voru a) bein orðræða, b) að gefa upplýsingar, hrósa eða útskýra, c) orðainnlögn og endurtekningar orða, d) lokaðar spurningar eða e) opnar spurningar sem fóru fram í gagnkvæmum tjáskiptum á milli kennara og barna. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að ísl2-börnin fengu færri orð á mínútu og orðin voru að meðaltali algengari en orðin sem ísl1-börnin fengu. Þá fengu ísl2-börnin í meiri mæli beina orðræðu á meðan ísl1-börnin fengu meira af orðainnlögnum og opnum spurningum. Þessar niðurstöður eru áhyggjuefni í ljósi þess að rannsóknir sýna mikilvægi þess að starfsfólk leikskóla sæki í samræður við börn, leggi inn ný orð og beini til þeirra opnum spurningum sem hvetja þau til að tjá sig. Á þann hátt er þeim gert kleift að taka stöðugum framförum í málfærni sinni.

Upplifun og viðhorf leikskólastarfsmanna til samstarfsverkefnisins Læsi – allra mál

Guðbjörg Oddsdóttir, meistaranemi, MVS HÍ; Sigríður Ólafsdóttir, lektor, MVS HÍ og Þóra Sæunn Úlfssdóttir, talmeinafræðingur og ráðgjafi hjá Miðju máls og læsis

Í upphafi árs 2015 skrifuðu tíu leikskólar og fimm grunnskólar í Breiðholti undir samstarfsfirlýsingu sem fól í sér stofnun verkefnis um málþroska og læsi barna í hverfinu og fékk verkefnið heitið Læsi – allra mál (LÆM.) Í þessari rannsókn var rýnt í leikskólahluta LÆM. Sett markmið voru að fá upplýsingar um viðhorf og upplifun starfsmanna til þess hvað LÆM hefur gert fyrir þekkingu þeirra á máli og læsi ungra barna, hvernig LÆM hefur nýst þeim í starfi og hvað markmið og leiðir LÆM hafa gert fyrir starfsemi leikskólanna á síðastliðnum fimm árum. Notast var við megindelega rannsóknaraðferð og var spurningalisti sendur á 80 starfsmenn þáttökuleikskóla. Alls bárust 39 svör og var svarhlutfall 49%. Niðurstöður sýndu að 81% þáttakenda töldu LÆM auka áhuga starfsmanna á máli og læsi og 87% töldu að fræðsla um mál og læsi væri meiri en áður. Þá voru 95% sammála um að markviss íhlutun með málþroska og læsi hefði aukist og allir þáttakendur voru sammála um að regluleg skimun veitti betri yfirsýn yfir málþroska og læsi barna. Þó mátti þekkingarflæði milli skóla og skólastiga vera meira. Auk þess kom í ljós að þáttakendur kölluðu eftir auknu samstarfi við ráðgjafa Þjónustumiðstöðvar Breiðholts þar sem aðeins riflega helmingur, eða 54%, töldu að samstarf við ráðgjafa hefði aukist. Aftur á móti töldu 86% þáttakenda samstarf við ráðgjafa Þjónustumiðstöðvar mikilvægt

við örvun máls og læsis. Heildarniðurstöður sýna að LÆM hafi aukið faglega starfsþekkingu og gert starf leikskólanna enn betra við örvun máls og læsis.

Einhverfan og enskan

María Rós Arngrímsdóttir, meistaranemi í talmeinafræði, HÍ og Jóhanna Thelma Einarsdóttir, dósent, HVS og MVS HÍ

Einhverf börn eiga oft í erfiðleikum með að tileinka sér mál og málnotkun. Margir foreldrar og fagaðilar á Íslandi telja að börn með einhverfurófsröskun kjósi frekar að tala ensku en íslensku þó að þau hafi ekki fengið formlega kennslu í ensku. Markmið rannsóknarinnar var að skoða málfærni barna sem greind eru með einhverfu á ensku og íslensku og þar sem íslenska er töluð á heimilum barnanna. Þátttakendur voru 10 einstaklingar á aldrinum 8;8 til 13;0 ára sem höfðu verið greind með einhverfu. Lögð voru fyrir börnin stöðluð próf (PPVT-4 og TOLD-2P undirprófin Túlkun setninga og Endurtekning setninga) og börnin beðin um að segja frá myndasögu (Froskur hvar ertu?). Skoðuð var færni barnanna bæði á íslensku og á ensku. Niðurstöður úr fyrirlögn staðlaðra prófa sýndu meðalsterka til mjög sterka (0,8) fylgni milli færni í íslensku og ensku á flestum þáttum sem voru athugaðir. Niðurstöður sýndu einnig meðal til sterka fylgni milli færni í íslensku og ensku úr mælieiningum málsýna (0,7-0,8) fyrir heildarfjölða orða og fjölða mismunandi orða. Ekki fannst marktækur munur á færni barnanna á ensku og íslensku en mikil dreifni var í gögnunum. Niðurstöðurnar benda til að færni barnanna í ensku og íslensku haldist nokkuð í hendur og ekkert bendir til að börn sem greind eru með einhverfu hafi almennt meiri og betri færni í ensku en íslensku. Mikilvægt er að efla almenna málfærni þessara einstaklinga jafnt á íslensku og ensku.

Málþroski ungra barna (25-32 mánaða)

Aðalbjörg Gunnarsdóttir, meistaranemi, MVS HÍ; Jóhanna Thelma Einarsdóttir, dósent, HVS og MVS HÍ og Sigríður Ólafsdóttir, lektor, MVS HÍ

Meginmarkmið rannsóknarinnar voru að skoða breytileika í málþroska ungra barna og nokkra þætti sem kunna að hafa áhrif á málþroska þeirra. Þátttakendur í rannsókninni voru 20 börn á aldursbilinu 25 til 32 mánaða, tíu drengir og tíu stúlkur. Rannsóknin beindist að því að kanna einstaklingsmun í sjálfsprottu tali og tengsl á milli málsýna og málþroskaprófsins Orðaskil. Einnig var skoðað hvort væri munur á færni í máltjáningu eftir kynum og aldri. Rannsakandi tók málsýni af sjálfsprottu tali hjá 20 börnum í leik og kannaði fyrir hvert barn meðallengd segða, heildarfjölda orða, fjölda mismunandi orða og hlutfall málfræðivillna. Foreldrar voru beðnir að fylla út málþroskaprófið Orðaskil og svara spurningalista um hversu oft lesið væri fyrir barnið og hvort og hve mikinn aðgang það hefði að snjalltækjum. Helstu niðurstöður voru þær að mikill breytileiki einkenndi málþroska barnanna og kom það fram bæði með málsýnunum og einnig að mati foreldra með Orðaskilum. Niðurstöður málsýna og Orðaskila sýna fram á að börn á sama aldri geta verið með mjög ólíkan orðaforða og að dæmi séu um að stúlkur séu komnar lengra í orðaforða en drengir á svipuðum aldri. Mjög misjafnt var hve oft var lesið fyrir börnin, ýmist 3-4 sinnum í viku eða daglega. Helmingur barnanna hafði engan aðgang að spjaldtölву, flest höfðu lítinn og mjög fá daglegan aðgang. Mun færri stúlkur höfðu aðgang að spjaldtölву en drengir.

Réttindi barna og fagmennska í starfi

BÆR – Rannsóknarstofa í bernsku- og æskulýðsfræðum

Hervör Alma Árnadóttir

Vandið til verka eða sleppið þessu alveg! Um rannsóknarþáttöku barna

Guðrún Kristinsdóttir, prófessor, MVS Há

Erindið byggir á grein vísindasiðfræðinga sem rannsakað hafa samvinnu við börn í rannsóknum. Efnið vekur athygli þar sem umfjöllunin sker sig úr fjölda skrifa um efnið á síðustu áratugum. Höfundar telja sig greina skekkju sem felist í að hagsmunir fullorðinna séu of ríkjandi á kostnað barna. Greinin er hluti af stærri rannsókn sem miðar að því að fá fram gagnlegar spurningar um rannsóknarþáttöku barna. Tilgangurinn var að skoða virka þáttöku barna í rannsóknum og hvernig má varast að skaða börn. Um er að ræða viðtalsrannsókn og var rætt við 10 fullorðna

með reynslu af rannsóknarþáttöku barna. Þrír þáttakendur sátu í vísindasiðanefndum eða í ráðgjafar- eða matsnefnd um umræddar rannsóknir. Notuð var túlkandi innihaldsgreining og þemagreining. Höfundar byggja á yfirliti um rannsóknir á þáttöku barna, skoða algeng líkön sem ná yfir hana og hvernig þáttakan tengist starfendarannsóknum. Þeir leitast líka við að afmarka hugtakið „child co-researcher“ betur en fyrr hefur verið gert. Niðurstöðurnar endurspeglast í ýmsum varnaðarorðum sem beint er að fræðimönnum. Í umræðum í málstofunni verða þau skoðuð í ljósi skoðana annarra sem leitt hafa sterkt rök að kostum við þáttöku barna í rannsóknum. Í hagnýtum ályktunum er bent á þörf barna fyrir stuðning og þjálfun í að taka þátt í rannsóknum og að það krefjist úrræða og bolmagns. Einnig er fjallað um álag af ýmsu tagi sem börn geta orðið fyrir með rannsóknarþáttöku sinni, ekki síst þau sem eru jaðarsett.

Áskoranir rannsakenda við að leita samþykkis barns vegna þáttöku í rannsóknum

Hervör Alma Árnadóttir, dósent, FVS HÍ

Áhersla á þáttöku barna í rannsóknum sem varða líf þeirra og aðstæður hefur almennt aukist síðust þnjá áratugi. Að bjóða börnum til þáttöku í rannsóknum hefur reynst flókið ferli og áskorun fyrir rannsakendur. Í erindinu verður fjallað um áskoranir rannsakenda þegar unnið er að því að fá börn til þáttöku í rannsóknum og hvernig mögulegt sé að hanna upplýst samþykki sem ferli. Markmiðið er að benda á þekktar áskoranir þegar unnið er að rannsóknum með börnum og benda á aðferðir til þess að tryggja það sem best að samþykki barns sé virt allt rannsóknarferlið. Gögnin sem lögð eru til grundvallar eru fengin úr kerfisbundinni leit að stöðu þekkingar. Valdar voru 23 greinar sem fjölluðu um viðfangsefnið og niðurstöður þemagreindar. Niðurstöður benda til að mikilvægt sé að vinna að traustu sambandi við hliðverði. Mikilvægt sé að samþykki barns til þáttöku sé lifandi ferli sem rannsakandi tekur reglulega upp allt rannsóknarferlið. Börn þurfa að vera meðvitnud um rétt sinn til að hætta þáttöku sinni eða fresta henni hvenær sem er í ferlinu án afleiðinga og viðeigandi aðferðum sé beitt við það. Hvetja þarf rannsakendur til þess að nota skapandi leiðir til þess að tryggja það að börn séu upplýst um áhrif þáttöku sinnar í rannsóknum og að þau geti hætt þáttöku sinni eða frestað henni á viðeigandi hátt.

Sjónarmið og vitneskja barna um Barnasáttmálann og réttindi barna

Elín Helga Björnsdóttir, meistaranemi og aðstoðarforstöðukona í frístundinni Halastjörnunni,

Eyrún María Rúnarsdóttir, lektor, MVS Háí og Guðrún Kristinsdóttir, prófessor, MVS Háí

Hér á landi er unnið markvisst að því að innleiða réttindi barna með líkani og verkfærakistu sem nefnist barnvæn sveitarfélög. Sveitarfélagið Akureyri tekur þátt í verkefninu og hefur hlotið viðurkenningu sem slíkt samkvæmt skilgreiningu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Markmið rannsóknar sem kynnt verður í erindinu er að skoða reynslu og þekkingu barna, sem búa á Akureyri og í Eyjafjarðarsveit, af lýðræðislegri þátttöku í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sáttmálans. Vitað er að börn búa við ólíkar aðstæður og var tilgangur verkefnisins einnig að skoða hver sýn þátttakenda er á réttindi barna. Rannsóknin er eigindleg og voru þátttakendur börn í 4. og 8. bekk í fjórum grunnskólum á Akureyri og í Eyjafjarðarsveit, alls 43 börn. Einnig voru tekin viðtöl við two starfsmenn sem tengjast starfsemi barnvæns sveitarfélags, Barnasáttmálans og réttindaskóla Sameinuðu þjóðanna. Tekin voru einstaklings- og rýnihópavíðtöl og við úrvinnslu gagna var þemagreiningu beitt. Helstu niðurstöður voru að þátttakendur kunnu skil á innihaldi þeirra réttinda sem Barnasáttmálinn veitir en áttuðu sig ekki í öllum tilvikum á hvaðan vitneskja þeirra kom. Skilningur þátttakenda úr réttindaskólanum á Barnasáttmálanum var í meiri mæli byggður á því sem þau höfðu lært þar og var þannig frábrugðinn skilningi nemenda annarra skóla. Þátttakendum fannst öll börn jafn mikilvæg en einnig kom fram að þeim fannst forsjáraðilar þeirra bera meiri virðingu fyrir skoðunum þeirra en starfsmenn skóla- og menntastofnana. Markvisst þarf að stuðla að því að öll börn þekki réttindi sín og skyldur samkvæmt Barnasáttmála og brýnt að þátttaka þeirra sé raunveruleg en ekki táknræn.

Viðhorf til fagmennsku og siðareglina

Árni Guðmundsson, aðjúpnt, MVS Háí

Undanfarin tvö ár hefur Félag fagfólks í frítímaþjónustu ásamt tómstunda- og félagsmálafræðibraut MVS Háskóla Íslands tekið þátt í rannsóknarsamstarfi um viðhorf til fagmennsku og siðareglina í opnu æskulýðsstarfi (e. open youth work). Samstarfsaðilar eru Victoria University, fagfélag starfsmanna í opnu æskulýðsstarfi í Viktoríufylki í Ástralíu, Tallin-

háskóli og félag fagfólks í frítímaþjónustu í Eistlandi. Rannsóknin byggir á niðurstöðum spurningalista og rýnihópa frá hverju landi fyrir sig. Verið er að vinna að heildarúttekt um þessar mundir. Ráðgert er að heildarniðurstöður liggi fyrir í árslok 2022. Í þessum fyrirlestri fjallar höfundur eingöngu um niðurstöður úr íslensku rýnihópunum. Rýnihóparnir voru tveir, hópur starfsmanna sem eru með menntun á sviði æskulýðsmála og annar hópur starfsmanna sem ekki er menntaður á þessu fagsviði. Fyrstu niðurstöður sýna með nokkuð afgerandi hætti að þeir sem búa að menntun þekkja betur og notfæra sér í mun meiri mæli siðareglur Félags fagfólks í frítímaþjónustu en þeir starfsmenn sem ekki búa að menntun á sviðinu. Starfsmenn með menntun nýttu sér í mun meiri mæli eða höfðu til hliðsjónar siðreglurnar og innihald þeirra í daglegum störfum sínum og ekki síst í starfsháttum þegar um viðkvæm mál er að ræða. Þeir sem búa að menntun telja mikilvægi siðareglna meira en þeir sem ekki búa að menntun.

Grunnskóli í þróun: Lærdómssamfélag, ytra mat og kennrarar

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Auður Pálsdóttir

„Eins og annað heimili manns.“ Birtingarmyndir tveggja lærdómssamfélaga

Svandís Egilsdóttir, meistararanemi, MVS HÍ

Leiðbeinandi: Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor, MVS HÍ

Grunnskólum er ætlað að vera í stöðugri þróun í takt við samfélagsbreytingar, uppbyggileg fræði og viðmið um farsæla skólaþróun. Á þeim grunni er hvatt til ígrundandi samvinnu og samvirkra kennslu- og stjórnunarháttu með árangur allra nemenda að leiðarljósi. Ramma utan um slíkt umbótastarf er að finna í skilgreindum einkennum faglegs lærdómssamfélags. Markmið rannsóknarinnar var að kanna vinnulag og greina birtingarmyndir skólamenningar í tveimur grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu sem tóku þátt í nýlegri mælingu á stöðu lærdómssamfélags. Með viðtölum og vettvangsathugunum á forsendum eigindlegrar aðferðafræði var skoðað hvernig einkenni skólamenningar í öflugu lærdómssamfélagi birtast með hliðsjón af vinnulagi, skipulagi, hefða skolasamfélagsins, stjórnunar og samskipta. Niðurstöður benda til samstarfs

stjórnenda og kennara um ýmsa þætti skólastarfsins. Vinátta, gleði, þægindi og traust í teymum var ein af forsendum upplifunar starfsfólks af jákvæðri skólamenningu sem einnig hvatti til hollustu þeirra við skólann og tilfinningu fyrir því að tilheyra hópnum. Áberandi er að frelsi kennara í skólunum er mikið og jafnframt ein af birtingarmyndum traustsins sem kennararnir upplifðu milli sín og stjórnenda. Frelsi kennaranna getur þó sett skólaþróun og íhlutun stjórnenda ákveðnar skorður. Að sama skapi gátu vináttumenning, gamlar hefðir og þægindi haft hamlandi áhrif á lærdóm, þróun og samstarf kennaranna. Loks eru vísbendingar um að kennslufræðilegur ágreiningur geti orðið persónulegur og því skaðað andrúmsloft en þegar grannt var skoðað var sá ágreiningur í grunninn einnig árekstur mismunandi menningar sem folk í raun flytur með sér frá einum stað til annars, úr einni skólamenningu til annarrar eða mögulega einnig einum tíma til annars.

Notkun og áhrif endurgjafar í kjölfar ytra mats á grunnskólum

Björk Ólafsdóttir, doktorsnemi, MVS Háskóli og Jón Torfi Jónasson, prófessor, MVS Háskóli

Í erindinu er greint frá niðurstöðum rannsóknar sem beinist að því að skoða hvernig og að hvaða marki skólastjórar og kennarar í grunnskólum nota niðurstöður ytra mats. Einnig er sjónum beint að því hversu varanlegar breytingarnar eru. Gagna var aflað með viðtölum við skólastjóra og kennara í sex grunnskólum, sem voru metnir á tímabilinu 2013 til 2015. Einnig fór fram greining á umbótaáætlun skólanna og framvinduskýrslum sem þeir skiliuðu í umbótaferlinu.

Niðurstöður leiddu í ljós að kennarar og skólastjórar voru almennt jákvæðir gagnvart ytra matinu og höfðu af því góða reynslu. Þeim fannst stuðningur af matinu og lýstu yfir ánægju með umbótamiðaða nálgun þess. Viðmælendur virtust upplifa margs konar ávinning af ytra matinu og það var notað á ýmsan hátt, það (1) jók víðsýni, dýpt og breidd umræðu innan skólans, stuðlaði að hugleiðingu kennara um eigin fagmennsku og hjálpaði til við að skerpa fókus (e. conceptual use), (2) leiddi til umbótaaðgerða og þróunar skólastarfsins (e. instrumental use), (3) nýttist til að veita nýjum hugmyndum brautargengi og virkja folk til þátttöku (e. persuasive use) og (4) styrkti þá skóla sem fengu góða umsögn í að þeir væru á réttri leið (e. reinforcement use). Af viðtölum og framvinduskýrslum má draga þá ályktun að flestar umbætur sem kynntar voru í umbótaáætlunum skólanna hafi náð fram að ganga og í flestum tilvikum orðið varanlegar. Allir

viðmælendur vildu sjá framhald af ytra mati en þó var einn kennari sem setti þann fyrirvara að sýna þyrfti fram á ávinnung af matinu til að réttlæta áframhald þess.

Karlkyns nýliðar í grunnskólakennslu: Styðjandi þættir í staðblæ skólanna

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor, MVS HÍ; Andri Rafn Ottesen, grunnskólakennari, Garðaskóla og Valgerður S. Bjarnadóttir, nýdoktor, MVS HÍ

Rannsóknin er byggð á fimm viðtölum við hvern af sjö nýbrautskráðum kennslukörlum í grunnskólakennslu. Kennslukörlunum var fylgt eftir í tvö skólaár á árabilinu 2017-2020.

Rannsóknarsþurningin var: Hvernig gengur nýbrautskráðum körlum á vettvangi starfsins? Í ljós hefur komið í fyrri rannsóknum, innlendum og erlendum, að ekki fá allir nýir kennrarar formlega leiðsögn, þar á meðal fæstir nýliðanna í þessari rannsókn. Í fyrri rannsóknum hefur einnig komið fram að nýir kennrarar upplifa gjarna að góðar móttökur og ýmsir aðrir þættir en formleg leiðsögn styrki þá í starfi. Því fannst okkur tilvalið að skoða gagnasafnið út frá því markmiði að kortleggja hvaða og hvers konar formlegir sem óformlegir þættir í skólunum reyndust styðjandi við starf nýju kennslukarlanna. Allir upplifðu viðmælendur okkar góðar móttökur í upphafi starfsins, nokkrir þeirra og einkum í minni skólunum voru í styðjandi tengslum við stjórnendur skólanna og þeir sögðu okkur mörg almenn dæmi af góðum starfsanda og styðjandi viðhorfum.

Meginþunginn í niðurstöðunum liggur þó í margvíslegu formlegu og óformlegu samstarfi við aðra kennara. Sumir nýju kennaranna voru með í teymi um tiltekna kennslu; aðrir í óformlegu samstarfi. Í þessum tilvikum virtist ekki skipta máli hvort samstarfsfólk ið var karlar eða konur. Í samstarfinu reyndist felast mikil leiðsögn sem við teljum ekki að komi í stað formlegrar leiðsagnar heldur ályktum við að það ætti að huga að því að samþætta formlega leiðsögn og teymisvinnu. Við munum einnig greina frá formlegum og óformlegum karlklúbbum sem voru hluti af styðjandi umhverfi við nýja kennslukarla.

Breyting starfsháttar – þróun Draumaskólans Fellaskóla

Auður Pálsdóttir, lektor, MVS HÍ og Helgi Gíslason, skólastjórnandi, Fellaskóla

Í Fellaskóla í Reykjavík hófst haustið 2020 fimm ára þróunarverkefni sem kallast Draumaskólinn Fellaskóli og byggir á menntastefnu Reykjavíkurborgar. Markmiðið er að auka árangur nemenda svo þeir geti látið drauma sína rætast. Fyrir þróunarstarfið voru skilgreindir þrír áhersluþættir en það eru innleiðing leiðsagnarnáms, efling máls og læsis og tónlist og skapandi skólastarf.

Tilgangur þessarar rannsóknar var að greina stöðuna eftir fyrsta starfsár þróunarstarfsins. Annars vegar var starfið greint út frá kenningum um trú kennara á getu hópsins (e. collective teacher efficacy) og hins vegar út frá sjö þátta staðli um starfsþróun skóla. Gögnin eru bæði meginleg og eigindleg. Greind voru svör starfsfólks við útsendum spurningalista og eigindleg gögn sem byggjast á innsýn og þekkingu skólastjóra og sérfræðings á því hvað var gert og hvernig var unnið fyrsta veturninn. Niðurstöður benda til að vel hafi tekist þrátt fyrir áskoranir heimsfaraldurs. Samtal um sýnina og markmið einstakra áhersluþáttta Draumaskólans fór vel af stað og skilgreind voru markmið áhersluþáttanna sem birtast í stefnukorti Draumaskólans. Mótað var skorkort þar sem skráð eru öll verkefni sem voru í gangi í skólanum, öll ný verkefni sem hafin er innleiðing á og verkefni sem eru áformuð. Einnig voru stigin veigamikil skref við skilgreiningu á mælikvörðum og viðmiðum verkefnanna. Þá var unnið skipulega í útfærslu á leiðsagnarnámi. Frekari niðurstöður verða ræddar með hliðsjón af greiningartækjunum en líka efnispáttum sem fram munu koma í samtalí starfsfólks á undirbúningsdögum í byrjun nýs skólaárs.

Framhaldsskólinn: Stefnumótun og lærdómssamfélag

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Elsa Eiríksdóttir

Núgildandi námsleiðir til stúdentsprófs: Útfærsla og framkvæmd námskrárstefnu í íslenskum framhaldsskólum

María Jónsdóttir, doktorsnemi, MVS Há; Elsa Eiríksdóttir, dósent, MVS Há og Guðrún Ragnarsdóttir, lektor, MVS Há

Með útgáfu menntastefnu þeirrar sem innleidd var á árunum 2008 til 2014 voru gerðar umfangsmiklar breytingar á námsbrautum íslenskra framhaldsskóla sem leiða til stúdentsprófs.

Framhaldsskólunum var fengið það hlutverk að semja námsbrauta- og áfangalýsingar sem áður hafði verið gert af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, auk þess sem námsbrautir til stúdentsprófs voru stytta um eitt ár, úr fjórum árum í þrjú. Með þessum breytingum urðu námsbrautir til stúdentsprófs mun fleiri og fjölbreyttari. Erindið byggir á rannsókn höfunda á fjölda, inntaki og bretileika stúdentsprófsbrauta en yfirlit yfir núgildandi námsbrautir framhaldsskóla hefur áður ekki verið til. Rannsóknin byggir á gagnrýnum menntastefnufræðum (e. critical policy analysis) og er ætlað að kanna hvernig útfærsla og framkvæmd stefnubreytinganna varð á vettvangi, þ.e.a.s. innan framhaldsskólanna. Innihaldsgreiningu (e. content analysis) var beitt til að greina og flokka upplýsingar um samþykktar námsbrautir framhaldsskólanna á vef Menntamálastofnunar til að útbúa yfirlit yfir núgildandi námsleiðir til stúdentsprófs. Fyrstu niðurstöður sýna að námsleiðum hefur fjölgað umtalsvert auk þess sem fjölbreytileiki þeirra er meiri. Þær sýna einnig að val nemenda hafi minnkað, bæði frjálst val og val innan kjörsviða. Niðurstöðurnar vekja upp spurningar um stigveldi námsgreina innan námsbrauta til stúdentsprófs og áhrif á háskólastigið. Niðurstöðurnar benda til þess að skoða þurfi frekar ólíkan hlut einstakra námsgreina og undirbúning nemenda undir frekara nám á háskólastigi.

Stefna um aukið sjálfstæði framhaldsskóla – áhrif mismunandi aðstæðna á svigrúm og viðbrögð skóla

Kolfinna Jóhannesdóttir, doktorsnemi, MVS HÍ og Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor, MVS HÍ

Með lögum um framhaldsskóla sem samþykkt voru árið 2008 og nánar útfærð í nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 var dregið mjög úr miðstýringu í námskrárgerð frá því sem áður var. Stefna var mörkuð um aukið sjálfstæði skóla um þróun námsframboðs og inntak náms. Skólar voru taldir betri í að þróa og aðlaga nám að mismunandi þörfum nemenda, nærsamfélags, annarra menntastofnana og atvinnulífs. Erindið byggir á niðurstöðum úr yfirstandandi doktorsrannsókn þar sem tilgangurinn er að skilja betur hvernig stefnan og framkvæmd hennar birtist í skólastarfi framhaldsskóla. Tekin voru viðtöl við stjórnendur, kennara, nemendur, foreldra og fulltrúa í skólanefnd hjá fjórum framhaldsskólum. Val á þátttökuskólamótum tók mið af því að þeir endurspeglar fjölbreyttar aðstæður, litið var m.a. til staðsetningar, stærðar og

námsframboðs. Í rannsókninni er sjónum meðal annars beint að því hvernig ýmsir þættir í aðstæðum skóla hafa haft áhrif á svigrúm þeirra og viðbrögð við stefnunni. Helstu niðurstöður benda til þess að stefnan hafi vakið upp ólíkar áskoranir og spennu innan skólana. Í erindinu verður fjallað meðal annars um áskoranir tengdar mismunandi landfræðilegum og lýðfræðilegum aðstæðum, auk spennu sem tengist ímynd, menningu, hefðum og vanrú á nýjungum. Rannsóknin er mikilvægt framlag í umræðu um framkvæmd menntastefnu og hvernig mismunandi þættir í aðstæðum einstakra skóla geta haft ófyrirsjáanleg áhrif á framkvæmd hennar.

Lærdómssamfélag í Fjölbautaskóla Suðurnesja

Guðmundur Grétar Karlsson, framhaldsskólakennari, Fjölbautaskóla Suðurnesja

Fjölbautaskóli Suðurnesja hefur tekið þátt í þróunarverkefni um starfsþróun frá árinu 2018. Í Fjölbautaskóla Suðurnesja hefur verið starfandi hópur sem vinnur að þróun lærdómssamfélagsins í skólanum. Hópurinn hittist einu sinni í mánuði og ber saman bækur sínar. Þessir fundir eru hugsaðir sem jafningjastuðningur þar sem starfsmenn geta fengið ráð og leiðsögn í sínum verkefnum. Ráðgjafi frá HÍ hefur svo mætt á fundina, verið starfsmönnum og verkefnastjóra innan handar og gefið ráð. Var sá hluti verkefnis metinn af Menntamálastofnun og voru þáttakendur ánægðir með skipulag og utanuhald verkefnisins. Þátttaka þeirra í þróunarverkefninu jók hæfni þeirra og hefur haft jákvæð áhrif á faglega starfsþróun þeirra. Ákveðið var að þróa verkefnið enn frekar og innvikla fleiri atriði skólastarfsins inn í starfsþróunarverkefnið ásamt að halda áfram með jafningjastuðning starfsmanna. Má þar nefna leiðsögn nýrra kennara og það að bjóða upp á námskeið fyrir þá kennara sem vilja veita leiðsögn. Stefnan er að setja meiri fókus í að rýna í gögn til að bæta nám nemenda og að lokum að vinna með framtíðarsýn og gildi skólans. Þetta eru allt liðir í að byggja upp lærdómssamfélag innan skólans. Staða lærdómssamfélagsins innan skólans var metin í upphafi með umræðufundi meðal kennara og liggja helstu niðurstöður fyrir úr því mati. Verkefnið er styrkt af Sprotasjóði og er Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor á Menntavísindasviði HÍ, ráðgjafi þess. Í málstofunni verður verkefnið og staða þess kynnt.

Raddir af vettvangi: Hvað segja kennarar í grunn- og framhaldsskólum og skólastjórnendur um margvísleg gögn tengd skólastarfi?

Anna María Gunnarsdóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands; Valgerður S. Bjarnadóttir, nýdoktor, MVS Háí og Jón Torfi Jónasson, professor emeritus, MVS Háí

Rannsóknin varpar ljósi á hlutverk gagna í skólastarfi. Leitað verður svara við spurningunni hvernig margvísleg gögn hafa leiðsagnargildi í skólastarfi og tengjast hugmyndum kennara og stjórnenda um gæði skólastarfs. Gögnum var safnað í þremur hópviðtölu vorið 2021. Viðtöl voru tekin við kennara úr grunnskólum, framhaldsskólum og skólastjóra úr grunnskólum.

Þáttakendur voru fjórir til sex í hverju viðtali. Í viðtölunum var notaður hálfopinn spurningarammi sem var aðlagður að hverjum hóp. Mikill tími fer í margs konar mat á skólastarfi, stundum án sýnilegs tilgangs. Á báðum skólastigum fer leiðsagnar- og símat vaxandi og gagnasöfnun um árangur og hæfni nemenda er fyrirferðarmikil. Sammerkt er að þáttakendum finnst samræmd próf tilgangslítil. Þeir telja þau ekki góðan mælikvarða á getu nemenda og skorta tengingu við námskrá. Viðmælendum fannst að leiðsagnargildi bæði innra og ytra mats væri takmarkað á báðum skólastigum. Kennrarar nýta námsmat til rökstuðnings og til að tryggja sig, m.a. gagnvart nemendum og foreldrum, en voru einhuga um að komast mætti að svipaðri niðurstöðu með minni gagnaöflun. Gegnumgangandi var umhyggja fyrir velferð nemenda og gengi þeirra.

Nokkuð skortir á samtal og skilning milli skólastiga og hugmyndir eru á reiki um hlutverk og vinnubrögð á „hinu“ skólastiginu. Gagnasöfnun og mat í skólastarfi er sumpart í þágu kerfisins frekar en nemenda og menntun nemenda líður fyrir kröfur um gagnasöfnun. Umræða um próf og samræmt námsmat ræðst af því er virðist af gildi mats og prófa fyrir kerfið fremur en gildi prófa fyrir nám nemenda. Mikilvægustu gögnin grundvallast á reynslu og verða til í samtali við nemendur.

Gæði kennslu í grunnskólum: Faglegt nám kennara og kennaramenntun

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Berglind Gísladóttir

Tengsl milli fræðilegs og verklegs hluta kennaranáms

Berglind Gísladóttir, lektor, MVS HÍ; Guðmundur Engilbertsson, lektor, HA og Birna Svanbjörnsdóttir, dósent, HA

Meginþungi starfsnáms í kennaranámi er á fimmta ári námsins. Fram að því tengjast kennaranemar skólastarfi í vettvangsheimsóknum og styttra vettvangsnámi en hafa fyrst og fremst búið sig fræðilega undir kennarastarfið. Í starfsnámi takast nemar á við fjölmargar áskoranir kennarastarfins og hagnýta þau fræði sem þeir hafa lært. Ef vel tekst til aukast líkur á að kennaranemar geti í kjölfarið átt farsælan starfsferil, en hversu vel tekst nemum að fléfta saman fræði og vettvang í kennaranámi? Hver er upplifun kennaranema á því og hvernig má nýta niðurstöður þess efnis til þróunar kennaranáms? Spurningalistinn The Coherence and Assignment Study in Teacher Education (CATE) hefur verið notaður í þeim tilgangi að skilja betur kennslufræðilega þáttinn í kennaramenntun í mismunandi samhengi, ekki síst hvernig kennaranemar eru búnir undir að kenna ákveðnar faggreinar og tengslin milli fræða og kennslu þessara greina. Í QUINT-rannsókninni hefur spurningalistinn verið þýddur og staðfærður í Noregi, Danmörku og á Íslandi og við hann bætt fleiri þáttum er varða nám og kennslu ásamt leiðsögn til nema. Búið er að leggja spurningalistann einu sinni fyrir nemendur í starfsnámi á lokaári kennaranáms í HA og HÍ og verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum í málstofuerindinu. Einkum verður hugað að niðurstöðum sem benda til að umbóta sé þörf í því skyni að tengja sem best saman fræði og vettvang í kennaranámi.

Gæði kennslu – gæði náms: Að nýta myndbandsupptökur úr kennslu til starfsþróunar

Rúnar Sigþórsson, prófessor, HA; Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor, MVS HÍ og Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor, HA

Í erindinu er greint frá starfsþróunarverkefni sem er hluti af rannsókn á gæðum kennslu á unglingsastigi innan öndvegissetursins QUINT. Tíu kennrarar á unglingsastigi í fjórum grunnskólum tóku þátt í námskeiði til að auka gæði eigin kennslu. Haldnar voru tvær sameiginlegar vinnustofur þar sem flutt voru erindi um gæði kennslu og valin myndskeið úr norrænum kennslustofum greind og rædd. Í kjölfarið gerðu þátttakendur í hverjum skóla áætlun um þróun

tiltekinna þáttu í eigin kennslu og unnu að þeim með aðferðum starfendarannsókna með stuðningi rannsakenda úr QUINT-hópnum og nema við MVS HÍ. Vegna smitvarnaráðstafana fóru öll samskipti milli þátttakenda fram á fjarfundum. Námskeiðinu lauk með sameiginlegri vinnusmiðju og opinni rafrænni málstofu þar sem þátttakendur kynntu starfendarannsóknir sínar og árangur af þróunarstarfinu. Meðal viðfangsefna voru samræður og spurningatækni, endurgjöf og vitsmunaleg áskorun. Kennararnir skiliðu einnig skriflegu mati á námskeiðinu. Í erindinu eru kynntar og lagt mat á þær breytingar sem þátttakendur töldu verða á kennslu sinni, með hliðsjón af PLATO-greiningarrammanum sem notaður er í QUINT-rannsókninni til að meta gæði kennslu. Jafnframt er greint frá reynslu þátttakenda af því að rannsaka eigin kennslu og þróa hana með stuðningi af myndupptökum. Matið er byggt á áætlunum kennaranna, minnispunktum frá leiðsagnarfundum rannsakendanna með þeim, kynningum kennaranna á verkefnum sínum á málstofunni og skriflegu uppgjöri þeirra í lok námskeiðsins.

Að fara skrefinu lengra – Leiðir til að styrkja gæði kennslu í grunnskóla

Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, meistaranemi, MVS HÍ

Leiðbeinandi: Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor, MVS HÍ

Gæði menntunar ræðst að stórum hluta af gæðum þess starfs sem fer fram í skólastofunni, þ.e. kennslunni. Markmið rannsóknarinnar sem kynnt er hér er að varpa ljósi á einkenni gæði kennslu út frá ólíkum sjónarhornum og hvort og þá hvernig myndbandsupptökur nýfast kennurum við að þróa gæði kennslunnar. Rannsóknin er tilviksrannsókn á ungingastigi í einum grunnskóla þar sem bæði meginlegum og eiginlegum gögnum var safnað. Viðtöl voru tekin við nemendur, kennara og skólastjóra auk vettvangsathugana í kennslustundum sem einnig voru teknar upp á myndband. Auk þess svöruðu nemendur í 8. og 10. bekk spurningalistu sem lagður var fyrir á pappír í lok kennslustundar sem tekin var upp. Kennararnir rýndu í myndbandsupptökur með hliðsjón af greiningarrammanum PLATO til að meta gæði nokkurra þáttu í eigin kennslu.

Meginniðurstöður gefa vísbendingu um að æskilegt sé fyrir skólastjórnendur sem vilja ástunda kennslufræðilega forystu að skapa vettvang fyrir faglegar samræður við kennara um kennsluhætti. Til að geta það þarf hann upplýsingar um það sem gerist í skólastofunni.

Skólastjórinn í þessari rannsókn hefur þróað vinnulag innan skólans sem snýr að því að skapa

þennan vettvang en einnig að veita kennurunum umboð til athafna til að þróa og bæta kennsluhættina. Niðurstöður þessarar rannsóknar styðja við niðurstöður annarra rannsókna um að árangursríkasta starfsþróun kennara fari fram í nánum tengslum við daglegt starf. Kennurunum fannst árangursríkt við mat á kennslustundum að rýna í myndabandsupptökur með hliðsjón af greiningarrammanum PLATO.

Mat á þróunarverkefni um stoðkerfi við starfsþróun kennara og skólastjórnenda

Birna Sigurjónsdóttir, kennari og Hjörðís Þorgeirsdóttir, framhaldsskólakennari, Menntaskólanum við Sund

Í þessu erindi er fjallað um mat á þróunarverkefni samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda um stoðkerfi við starfsþróun kennara og skólastjórnenda, framkvæmd þess og útkomu. Fjórir skólar tóku þátt, leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli og tónlistarskóli. Matið fór fram frá apríl 2019 til janúar 2021. Metið var hvernig grunnstoðir stoðkerfis við starfsþróun nýttust í verkefninu þ.e. ígrundun í starfi, starfendarannsóknir, lærdómssamfélag, samstarf innan og milli skóla og samstarf háskóla og skóla um starfsþróun og skólabróun. Fimm þrepa matslíkan Tomas R. Guskey á starfsþróun var nýtt við mat á þróunarverkefninu. Aðferðafræðin er blönduð tækni þar sem fjórar rannsóknaraðferðir eru nýttar, umræðufundir, kannanir, viðtöl og ritaðar heimildir. Allir skólnir nema grunnskólinn luku þróunarverkefninu og náðu þeim markmiðum sem þeir höfðu sett sér. Heildarniðurstaðan er að þróunarverkefnið kemur mjög vel út samkvæmt matskerfi Guskey um starfsþróun og samkvæmt matinu virka einstaka þættir stoðkerfisins vel fyrir faglega starfsþróun kennara. Þátttakendur voru mjög ánægðir með verkefnið, skipulag, fundi, samvinnu, samræður og verkefnisstjórn. Þeir töldu sig ígrunda starfið meira, tíma í það var vel varið og það hafði nýst þeim vel í starfi. Þátttakendur voru ánægðir með stuðning skólans við verkefnið og töldu það styðja vel við lærdómssamfélagið í skólanum. Minnsta ánægjan var með tímann sem þátttakendur höfðu til að sinna þróunarverkefninu. Í starfsþróunarverkefnunum hefur orðið til þekking meðal þátttakenda sem nýtist þeim í starfi auk þess að nýtast nemendum. Þróunarverkefnið hefur þannig haft varanleg áhrif á skólastarfið. Fullyrða má að samstarf um

starfsþróun og lærdómssamfélag milli ráðgjafa háskólanna og þróunarhópanna hafi átt stóran þátt í árangri þróunarverkefnanna.

Þróun stærðfræðikennslu í framhalds- og háskólum

Rannsóknarstofa um stærðfræðimenntun

Bjarnheiður Kristinsdóttir

Mótun viðhorfa kennaranema til stærðfræði og tengsl við árangur

Ingólfur Gíslason, aðjúnt, MVS Háskóli Íslands og Berglind Gísladóttir, lektor, MVS Háskóli

Í þessari rannsókn er sjónum beint að viðhorfum íslenskra kennaranema til stærðfræði og hvernig þau viðhorf mótaðast og þróast yfir tíma. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að algengt er að kennaranemar um allan heim hafi neikvæðar tilfinningar gagnvart stærðfræði og neikvæða mynd af sjálfum sér sem stærðfræðiökanda. Í því skyni að rannsaka viðhorf þessa hóps hérlandis, skrifuðu 76 nemendur á öðru ári í kennaranámi um tilfinningar sínar og reynslu sem nemendur í stærðfræði allt frá grunnskóla til háskóla. Nemendur voru meðal annars beðnir um að segja frá bæði bestu og verstu minningum úr sínu stærðfræðinámi og setja fram graf sem lýsti tilfinningum þeirra til fagsins yfir tíma. Við greiningu gagna var stuðst við eigindlega inntaksgreiningu (e. content analysis) sem er notuð til þess að greina inntak texta með skipulögðum hætti og ber með sér nokkur einkenni megindlegra rannsókna. Heildarsvipur sagnanna var með ýmsu móti, allt frá því að aldrei hafði sést til sólar í stærðfræðináminu til þess sem sjaldgæfara var, að stærðfræðinámið hafði gengið vel frá upphafi. Almennt sýndu niðurstöður þó að það sem einkenndi viðhorf margra kennaranema til stærðfræði var neikvæð tilfinningaleg afstaða, festuhugarfar og tækniskilningur.

Talsetningarverkefni sem stuðningur við eftirtekt stærðfræðikennara

Bjarnheiður Kristinsdóttir, aðjúnt, MVS Háskóli; Freyja Hreinsdóttir, dósent, MVS Háskóli og Zsolt Lavicza, professor, Johannes Kepler University, Linz School of Education

Í þessu erindi verður greint frá völdum niðurstöðum hönnunarmiðaðs rannsóknarverkefnis þar sem þróuð eru hljóðlaus myndbönd og talsetningarverkefni í samstarfi við stærðfræðikennara á framhaldsskólastigi. Í ljós kom að verkefnin gætu nýst kennurum við leiðsagnarmat í stærðfræði og enn fremur fengust vísbendingar um að notkun verkefnanna gæti eftirtekt kennara (e. teacher noticing) um eigin kennslu og hugsun nemenda. Við fyrirlögn talsetningarverkefnis velur kennari stutt hljóðlaust myndband sem tengist viðfangsefni úr stærðfræðitínum og kynnir það fyrir nemendum sínum. Nemendur undirbúa og gera talsetningu við myndbandið í tveggja manna hópum. Í framhaldinu á sér stað hópumræða undir leiðsögn kennara þar sem hlustað er á allar talsetningarnar, þær ræddar og reynt að nálgast sameiginlegan skilning á því sem fjallað var um í myndbandinu. Þetta erindi byggir á tilviksrannsókn (e. case study). Þar lagði kennari þrjú mismunandi talsetningarverkefni fyrir 16 ára nemendur sína með reglulegu millibili yfir eina önn. Frumniðurstöður benda til þess að verkefnin styðji kennara á þann hátt að eftirtekt um eigin kennslu, sem og innsýn í hvernig nemendur hugsa um stærðfræðina sem fyrir kemur í myndbandinu, eflist.

Þróun verkefna um diffrun með áherslu á uppgötvun

Sóley Benediktsdóttir, meistararanemi, VoN og kennari við Menntaskólann í Reykjavík

Í þessu erindi verður sagt frá kennsluefni fyrir framhaldsskólastig sem höfundur hefur þróað í meistaránámi sínu í stærðfræði. Í verkefnunum er lögð áhersla á að nemendur skilji hvað þeir eru að gera og af hverju. Í hefðbundnu námi er því miður algengt að nemendur reikni mörg dæmi þar sem þeir diffra föll en hafa ekki mikla möguleika til að velta námsefninu fyrir sér og öðlast á því skilning. Það getur leitt til þess að nemendur muna oft ekki hvaða regla er notuð fyrir hvaða fall. Kennsluefnið skiptist í þrjú verkefni ásamt úrvinnsluverkefnum sem hvert og eitt leggur áherslu á ólíka þætti diffrunar. Fyrsta verkefnið er um tengsl diffrunar við snertla og hvað afleiða táknað á grafi. Annað verkefnið byggir á að nemendur finni afleiður veldisfalla með hjálp frá mynd. Í þriðja verkefninu eiga nemendur að finna stærsta mögulega rúmmál gjafaöskju með gefið yfirborðsflatarmál. Með verkefnunum fylgja Geogebra-skrár fyrir nemendur til að skoða verkefnin á myndrænan og gagnvirkan hátt. Kennsluefnið var prófað með nokkrum nemendum og var endurskoðað í ljósi reynslunnar.

Stelpur diffra – undirbúningur og framkvæmd sumarnámsbúða í stærðfræði fyrir áhugasamar stelpur

Nanna Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra

Stelpur diffra er verkefni sem fyrirlesari hefur unnið að síðustu tvö árin. Í búðunum er fjallað um viðfangsefni sem falla t.d. undir algebru, rúmfræði og talningarfræði á annan hátt en gert er í framhaldsskólum. Markmiðið með búðunum er meðal annars að auka þátttöku stúlkna í Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema og í stærðfræðitengdu námi á háskólastigi, en á þessum sviðum hafa stelpur verið í minnihluta. Nokkrar ástæður eru oftast nefndar fyrir því að það dregur úr þátttöku kvenna í stærðfræði eftir því sem ofar dregur í skólakerfinu. Meðal annars að þær hafi minna sjálfstraust gagnvart stærðfræði en strákar, eigi fáar kvenkyns fyrirmyn dir og fáa kvenkyns vini í náminu og sjái síður fyrir sér framtíðarmöguleika í stærðfræðitengdum atvinnugreinum. Í námsbúðunum er vonast til að stelpurnar geti myndað með sér samfélag um sameiginlegan reynsluheim og áhuga á stærðfræði. Auk stærðfræðilegs námsefnis er félagsfræðilegri þekkingu fléttuð inn í námsbúðirnar, svo sem um svikaraheilkennið. Þannig er markmiðið að námsbúðirnar styrki stelpur bæði í stærðfræði sem slíkri og einnig félagslega.

Rýnt í gæði kennslu í myndbandsupptökum úr kennslustundum

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Birna Svanbjörnsdóttir

Markmið og munnleg endurgjöf kennara til nemenda. Niðurstöður úr greiningu á myndbandsupptökum

Birna Svanbjörnsdóttir, dósent, HA; Berglind Gísladóttir, lektor, MVS HÍ og Sólveig Zophoníasdóttir, aðjúnkt, HA

Rannsóknin er hluti af QUINT (Quality in Nordic Teaching) þar sem lögð er áhersla á gagnasöfnum með myndbandsupptökum í kennslustundum á unglingsastigi á Norðurlöndunum í þeim tilgangi að fá innsýn í og greina gæði kennslu. Markmiðið hér var að meta kennslu út frá

tveimur kennslufræðilegum þáttum, það er markmiðum og endurgjöf, í kennslustundum í íslensku og stærðfræði. Með því að tilgreina markmið og ræða þau við nemendur er leitast við að búa til umgjörð utan um námið í kennslustundinni og í stærra samhengi. Með endurgjöf er brugðist við færni nemenda, hugtakanotkun og úrræðum þeirra í námi og gefnar ábendingar um það sem betur má fara og tengist öðru fremur skilningi til að auka gæði námsins. Vitað er að uppbryggjandi og styðjandi endurgjöf og skýr markmið hafa áhrif á nám nemenda. Á Íslandi var gögnum safnað með myndbandsupptökum í 72 kennslustundum í íslensku og stærðfræði í 8. bekk í 10 skólum. Myndböndin voru greind með greiningartækinu PLATO sem samanstendur af 12 kennslufræðilegum þáttum sem mynda umgjörð um mat á gæði kennslu. Kvarðinn er fjögurra stiga og eru stig 1 og 2 skilgreind sem takmörkuð gæði og stig 3 og 4 sem dæmi um góða kennslu. Hverri kennslustund var skipt í 15 mínútna myndskeið sem hvert um sig var greint. Greining myndskeiða í báðum námsgreinum sýndi takmörkuð gæði en gæðin voru heldur meiri í endurgjöf en skýrleika markmiða. Niðurstöður gefa til kynna að tilefni er til endurskoðunar og tækifæri til úrbóta á þessum þáttum í kennslu.

Skyggnst inn í norrænar kennslustundir – greining á aðferðum og leiðum sem gagnast nemendum af erlendum uppruna

Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor, MVS Háskóli og Renata Emilsson Pesková, aðjúnkt, MVS Háskóli

Undir hatti rannsóknarinnar Gæði kennslu á Norðurlöndum (QUINT/Quality in Nordic Teaching) er hópur sem rannsakar gæði náms út frá aðstæðum og þörfum fjöltyngrdra nemenda.

Gagnasöfnun fór fram í tíu skólum á ungingastigi í hverju Norðurlandanna árin 2019 og 2020 í íslensku, stærðfræði og samfélagsfræði. Markmið þessarar undirrannsóknar er að greina hvaða kennsluaðferðir og kringumstæður geta stuðlað að árangursríku námi nemenda sem ekki hafa skólamálið að móðurmáli. Í erindinu verður greint frá völdum kennslustundum í íslensku, norsku, sænsku og dönsku og greint frá kennsluaðferðum sem eru áhrifaríkar fyrir þennan nemendahóp sem og alla nemendur. Í fyrstu umferð greiningarferlisins komu í ljós afgerandi áherslur sem geta haft áhrif í þessu samhengi, t.d. samræður og virk tjáning nemenda, skýrar leiðbeiningar frá kennurum um framvindu kennslunnar og til hvers er ætlast af nemendum, sjónrænt skipulag ásamt skýrri og leiðbeinandi endurgjöf frá kennurum til nemenda. Aðrar áherslur sem ekki

tengjast kennsluaðferðum og námsefninu eru t.d. persónulegt viðmót kennara og jákvæður bekkjarandi. Þessar fyrstu niðurstöður verða ræddar út frá gæðum náms og kennslu og settar í samhengi við tiltekin greiningarviðmið í PLATO-greiningarrammanum sem notaður er í QUINT-rannsókninni til að meta gæði kennslu.

Gæði í kennslu með augum nemenda og rannsakenda: Þáttur hugrænnar virkjunar

Jóhann Örn Sigurjónsson, doktorsnemi, MVS HÍ

Leiðbeinendur: Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor, MVS HÍ og Berglind Gísladóttir, lektor, MVS HÍ

Nemendakönnunum er í auknum mæli beitt til að afla gagna um kennsluhætti. Þó er enn deilt um hvaða þætti í kennslu er hægt að safna áreiðanlegum gögnum um með nemendakönnunum. Í þessari rannsókn eru niðurstöður bornar saman út frá tveimur mismunandi mælingum á hugrænni virkjun í kennslustundum í stærðfræði; kerfisbundnum athugunum á kennslustundum og nemendakönnunum. Markmið rannsóknarinnar var að kanna réttmæti og takmarkanir þessara ólíku mælinga. Myndbandsuptökur af 34 kennslustundum hjá tíu stærðfræðikennurum í 8. bekk voru greindar samkvæmt PLATO (Protocol for Language Arts Teaching Observations). Nemendur í sömu kennslustundum svoruðu Tripod-nemendakönnuninni þar sem mat er lagt á ýmsa þætti í kennslu ($n = 217$). Sá hluti könnunarinnar sem snýr að röksemdafærslu og umræðu í kennslustundum var valinn til að greina og tengja við mælingar á sams konar þáttum hugrænnar virkjunar út frá greiningu myndbandsgagnanna, þ.e. vitsmunalegri áskorun og umræðu í kennslustundum. Niðurstöðurnar voru að tengingin á milli greiningar rannsakenda og upplifun nemenda er lítil. Upplifun nemenda af hugrænni virkjun virðist byggja á öðrum þáttum en þeim sem mældir eru með kerfisbundnum athugunum. Þessi litla tenging vekur spurningar um réttmæti ólíkra mælinga á gæðum í kennslu. Enn fremur renna þær frekari stoðum undir þörfina fyrir sambættingu rannsókna á gæðum í kennslu í átt að skýrari hugtakanotkun og þróun rannsóknartækja.

RannKyn: Börn, ungmenni og kyngervi í nútímasamfélagi

RannKyn

Annadís G. Rúdólfssdóttir

Ungar konur á Íslandi: Skömm, kvíði og grimmileg bjartsýni

Annadís G. Rúdólfssdóttir, dósent, MVS HÍ og Ásta Jóhannsdóttir, lektor, MVS HÍ

Í þessu erindi leiðum við saman fyrri rannsóknir okkar til þess að draga fram reynslu kvenna og upplifun á fyrirbærinu kvenleika. Rannsóknirnar byggja á hálfstöðluðum viðtölum, samvinnurannsókn, orðræðugreiningu á stafrænum fjölmöldum í kjölfar #freethenipple á Íslandi, tilviksrannsókn og gögnum sem safnað var með sögulokaaðferð. Þessum gögnum var safnað á árunum 2012-2018. Við greinum gögnin út frá orðræðum sem virkja og kalla fram ákveðin hrif frekar en önnur. Skilaboðin í neyslumenningu samtímans eru að konur standi jafnfætis körlum og það sé undir þeim sjálfum komið hvort þær nái að hámarka hæfileika sína. Til þess að ná árangri þarf kroppurinn þó að vera „í lagi“ og þar eru ekki allir líkamar jafnir. Alið er á skömm og ógeði gagnvart t.d. feitum eða hárugum kvenlíkönum og ungar konur gera þær hugmyndir að sínum. Gögnin sýna hvernig ungar konur leitast við að aga líkama sína á þann hátt að þeir veki ekki ógeð hjá öðrum og þær upplifi þar með skömm og kvíða. Margar vísanir voru í hina „típísku óöruggu stelpu“. Gögnin sýna þó einnig hvernig ungar konur leita í smiðju femínismans til að storka þessum hugmyndum. Þannig gagnrýna þær „grimmilega bjartsýni“ neyslusamfélagsins þar sem konur eru í stöðugri vinnu við að reyna að verða besta útgáfan af sjálfum sér og upplifa um leið kvíða og óöryggi því þær ná aldrei fyllilega því takmarki. Þannig benda þær á hvernig óraunhæfar kvenleikahugmyndir standa í vegi fyrir vellíðan og velferð ungra kvenna.

Kvíði, stress, reiði, undrun, sorg, hræðsla og hamingja: Kynjaði tilfinningaskalinn á samfélagsmiðlum

Þórður Kristinsson, doktorsnemi, MVS HÍ og Annadís G. Rúdólfssdóttir, dósent, MVS HÍ

Þessi rannsókn er hluti af stærra rannsóknarverkefni sem snýr að börnum á tínum kynlífsvæðingar og stafrænnar tækni. Rannsóknin gengur út frá þeim forsendum að börn séu virk

í að skilgreina og skapa kyngervi sitt. Leitast er við að draga fram þau málefni sem þau sjálf telja brýn, snerta kynjuð samskipti og kynjaðan reynsluheim þeirra. Í þessum hluta var leitast við að skoða hugmyndir unglings um hinn stafræna heim og þá möguleika og hættur sem hann býður upp á. Sögulokaaðferð (e. story-completion method) var notuð til að afla gagna meðal nemenda í 10. bekk, þ.e. unglingsarnir fengu upphaf að sögu sem tengist rannsóknarefni sem þau voru beðin um að ljúka. Ýmist var söguhetjan stelpa eða strákur. Gögnin voru þemagreind og skoðað hvaða orðræðum um kynhlutverk og tilfinningar þemun tengdust. Þemun sýna kynjaðar birtningarmyndir átaka á milli þess að vilja breyta rétt og fylgja straumnum og svo hvernig samfélagsmiðlar geta verið uppsprettu frægðar og frama en einnig tól til útskúfunar. Rannsóknin er hluti af doktorsverkefni Þórðar.

Tjáning fimm ára barna um kyn og kyngervi

Þórdís Þórðardóttir, dósent, MVS Háskóli og Kristín Karlsdóttir, dósent, MVS Háskóli

Fjallað verður um rannsóknaraðferð sem styðst við skapandi sögunaðferð (e. creative storytelling) og er hluti af rannsóknarverkefninu Börn á tínum stafrænnar tækni og kynlífsvæðingar. Markmið þessa hluta rannsóknarinnar er að varpa ljósi á huglægan skilning barna um kyn og kyngervi með því að ígrunda og greina hugmyndir barna um kyngervi sem birtist í samræðu, skapandi tjáningu og sögusköpun leikskólabarna. Tilgangurinn er að nota upplýsingar rannsóknarinnar sem grundvöll fyrir tillögur að leiðum til að vinna með jafnrétti kynja í menntun, þar sem sjónarmið barna eru höfð að leiðarljósi. Rannsóknin gengur út frá þeim forsendum að börn séu virk í að skilgreina og skapa kyngervi sitt. Rannsóknaraðferðin sækir innblástur til aðferða og hugmynda sem eru tiltölulega nýjar og tengjast rannsóknum með börnum, ungmennum og öðrum hópum sem eru í viðkvæmri valdastöðu. Áhersla er lögð á að hlusta á raddir barna, þar sem hætt er við að veik valdastaða þeirra verði til þess að lítið sé á þau hlustað. Í niðurstöðum kemur fram að samræður barnanna voru um margt líkar í þremur þátttökuleikskólum og báru sterkt einkenni gagnkynhneigðra sjónarmiða. Lesa má úr tjáningu barnanna hvaða augum þau líta á kyn og kyngervi, svo sem út frá mismunandi þáttum í vináttu stelpna og stráka og hvernig ást getur verið ólík eftir því hverjur tjá hana. Rannsóknaraðferðin byggir á áhrifum frá sögulokaaðferðinni en styður auk þess við skapandi tjáningu barna. Nálgunin veitir gagnlega

innsýn í upplifun og skilning barna á kyni og kyngervi sem nýtist til að móta jafnréttismenntun sem byggir á sjónarmiðum barna.

Hvernig segja 5 ára börn frá þekkingu sinni á kyngervi og kynverund?

Kolbrún Lára Kjartansdóttir, meistaránemi, MVS HÍ

Þessi rannsókn er hluti af stærri rannsókn sem ber heitið „Börn á tínum kynlífsvæðingar og stafrænna miðla: Rannsóknir og aðgerðir“. Rannsóknin beinist að því að varpa ljósi á hvernig börn í leik-, grunn- og framhaldsskólum skynja og túlka þá kynjuðu menningu sem birtist þeim í stafrænum miðlum og öðru afþreyingarefni fyrir börn ásamt að skoða þau tækifæri og takmarkanir sem börnum er sett við að birta og móta kyngervi sitt. Í þeim hluta rannsóknarinnar sem beinist að yngri börnum voru heimsóttir þrír leikskólar, tveir á höfuðborgarsvæðinu og einn á landsbyggðinni. Rætt var við 12 fimm ára börn í fjögur skipti og þau m.a. beðin um að útbúa klippimynd og búa til sögu um klippimyndirnar í anda sögulokaaðferðarinnar til þess að komast að þeirra hugmyndum um hvernig þau túlka þá kynjuðu menningu sem birtist þeim í gegnum ýmsa miðla. Rannsóknin er eigindleg og sá hluti hennar sem hér er kynntur byggir á gögnum sem safnað var í einum leikskóla. Helstu niðurstöður benda til þess að leikskólabörn tileinki sér viðhorf um kyn og kyngervi í gegnum stafræna miðla og frá fullorðnum. Þekking barnanna einkenndist m.a. af eðlis- og gagnkynhneigðarhyggju sem kom fram þegar börnin ræddu um leikefni fyrir stúlkur og drengi, klæðnað, liti og samskipti kynjanna. Niðurstöður rannsóknarinnar má nýta til að skilja hugmyndir leikskólabarna um kyn og kyngervi við mótu menntunar um kynjajafnrétti í leikskólum.

Nemendur af erlendum uppruna – réttur til menntunar og raddir nemenda um nám og félagatengsl. Fyrri hluti

Rannsóknarstofa í fjölmennings- og fjölyngisfræðum

Charlotte Eliza Wolff

Öðruvísí eða eins og við? Sýn unglings á samskipti og tengsl milli unglings af ólíkum uppruna

Eyrún María Rúnarsdóttir, lektor, MVS HÍ

Um nokkurt skeið hafa niðurstöður íslenskra rannsókna bent til þess að ungmennum af erlendum uppruna finnist þeir utanveltu í jafningjahópi og tengist ekki ungmennum af íslenskum uppruna að því marki sem þeir kysu. Þetta er áhyggjuefni og brýnt að skilja betur hvaða hindranir eru í vegi þess að slík tengsl skapist. Markmið rannsóknar sem kynnt verður í erindinu var að öðlast innsýn í reynslu og sýn unglings af íslenskum uppruna af vináttu og jafningjatengslum í því skyni að draga fram hvað hvetur og letur til tengsla við unglings af erlendum uppruna. Rannsóknin var gerð í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu þar sem nokkuð stór hluti nemenda af erlendum uppruna stundar nám. Þátt tóku níu unglingsar úr 8.–10. bekk og tveir starfsmenn félagsmiðstöðvar skólans. Hlýja og virðing einkenndi orð unglings um skólaufélaga sína af erlendum uppruna. Þeir litu svo á að tungumálið væri ein stærsta hindrun tengsla milli unglings af ólíkum uppruna en töldu að samskipti á netinu gætu hjálpað til því oft væri auðveldara að brjóta ísinn og spjalla í gegnum samfélagsmiðla en í raunheimum. Hugtakið „öðruvísí“ var áberandi og virtist fylgja því ákveðin áhætta að stofna til tengsla við þá sem þóttu öðruvísí. Gott starf var unnið í skólanum og í félagsmiðstöð til að nemendur kynntust og blönduðust en í ljósi niðurstaðna má styðja unglings betur til að auka samgang og vinna bug á hindrunum.

Þegar enginn er á móti er erfitt að vega salt: Reynsla nemenda af erlendum uppruna af íslenskum grunnskóla

Lilja Rós Aradóttir, leikskólakennari, Leikskóla Fjallabyggðar og Hermína Gunnþórsdóttir, professor, MVS HÍ

Frá síðustu aldamótum hefur íslenskt samfélag tekið hröðum breytingum, hlutfall íbúa sem teljast innflytjendur aukist verulega og samhliða hefur börnum af erlendum uppruna fjölgað í skólum landsins. Þessi staða hefur haft þau áhrif að hugmyndafræðin um fjölmennningarlegan skóla og kennslufræði hefur fengið aukna athygli og mikilvægi þess að minnihlutahópar og jaðarsettir einstaklingar njóti jafnræðis. Íslenskar rannsóknir hafa sýnt að nemendur af erlendum uppruna

eru gjarnan félagslega einangraðir, þeim líður verr en öðrum jafnöldrum, eiga færri vini, er frekar strítt og taka síður þátt í íþrótt- og tómstundastarfi. Markmið rannsóknarinnar sem hér er greint frá var að öðlast skilning á upplifun, samskiptum og félagslegri þátttöku nemenda af erlendum uppruna í íslenskum grunnskólum með það að leiðarljósi að koma betur til móts við náms- og félagslegar þarfir þessa nemendahóps. Tekin voru viðtöl við átta grunnskólanemendur af erlendum uppruna í 6., 7., 9. og 10. bekk í einum skóla á landsbyggðinni. Leitast var við að skilja hvernig skólinn mætti þörfum þeirra og á hvaða hátt hann styddi nemendur í daglegu lífi ásamt að skoða hvernig tengslum þeirra við aðra nemendur skólans af íslenskum uppruna væri háttar. Fjallað verður um niðurstöður rannsóknarinnar út frá eftirfarandi þemum: Móðurmál og mikilvægi þess; að upplifa sig öðruvísi; stuðningur í námi; samskipti og félagsleg þátttaka. Lærdómur rannsóknarinnar fyrir skólastarf er meðal annars sá að til að þessi nemendahópur fái betur notið sín og styrkleika sinna er mikilvægt að skólinn hafi frumkvæði að því að skilja og greina þarfir nemendanna.

Human Rights Education: What can it contribute to ensuring rights to and in schools in Iceland?

Sue Gollifer, adjunct, School of Education, UI

Despite an inclusive education policy and growing interest in multicultural education, research at all levels of schooling in Iceland suggests persistent inequities as regards the schooling experience of students. This presentation draws on a doctoral study that used the life stories of upper secondary school teachers to inform and extend understandings of transformative HRE. Transformative HRE is conceptualised as education that explicitly aims for individual, institutional and systemic changes in line with a specified goal: to create a culture of human rights that seeks to prevent human suffering and ensure human well-being. Although HRE addresses justice concerns both in schools and societies more broadly, this paper focuses on rights to and in schools, in the context of policy and pedagogy aimed at students with an immigrant story or identified as having special needs. Findings from teachers' life stories suggest that HRE's normative moral, legal and political frame, underpinned by the four cosmopolitan principles of universality, indivisibility, solidarity and reciprocity, offers teachers and schools a relational

approach to ensure equity. A relational approach challenges education that starts from the position of those who have more power. It acts as a counternarrative to strategies that seek to accommodate students, perceived as different, to the mainstream. Instead, critical engagement, informed by human rights knowledge and multiple and diverse perspectives, opens possibilities for genuinely responsive change to the educational needs of all students, irrespective of who they are or where they come from.

Tungumálastefnur og leiðir í skólastarfi. Seinni hluti

Rannsóknarstofa í fjölmennigar- og fjölyngisfræðum

Charlotte Eliza Wolff

Stöðumat í Sunnulækjarskóla fyrir nemendur af erlendum uppruna

Ragnheiður Gísladóttir, grunnskólakennari, Sunnulækjarskóla á Selfossi

Í Sunnulækjarskóla á Selfossi er til móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna sem flytja hingað til Íslands. Þetta er áætlun sem skólastjórnendur, ÍSAT-kennari og umsjónarkennari koma að og fylgja eftir. Að flytja í nýtt land fyrir nýkomna nemendur getur reynst mörgum erfitt og flókið og til að geta veitt þeim einstaklingsmiðað nám leggjum við fyrir svokallað stöðumat stuttu eftir að þeir hefja nám við skólann. Stöðumatið kemur frá Menntamálastofnun Svíþjóðar og hefur verið þýtt yfir á um 38 tungumál, t.d. ensku, frönsku, arabísku, dari og pólsku en þetta eru örfá dæmi um þau tungumál sem búið er að þýða yfir. Uppbygging stöðumatsins er eftirfarandi:

Innritunarviðtal – móttökuáætlun, **Stöðumat Stig 1** – fyrri þekking og reynsla, **Stöðumat Stig**

2 – lestur og lesskilningur og **Stöðumat Stig 3** – kunnáttu í námsgreinum t.d. stærðfræði.

Nemendum af erlendum uppruna þarf að mæta þar sem þeir eru staddir og byggja námið sem mest á fyrri reynslu þeirra og þekkingu. Til að stuðla að góðum námsárangri þarf nám barna að vera samfellt frá upphafi leikskóla til loka framhaldsskóla. Stöðumat hjálpar skólum að tryggja samfelli í námi fyrir nýkomna nemendur og að byggja ofan á fyrri menntun og þekkingu þeirra.

Málstefna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkur

Sigrún Jónína Baldursdóttir, kennsluráðgjafi, Miðju máls og læsis, Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og Saga Stephensen, verkefnastýra fjölmennningar fyrir leikskóla, Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar

Íslenskt samfélag hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum, svo sem með fjölgun innflytjenda, örri þróun í upplýsingatækni, snjalltækjavæðingu, stórauknu aðgengi að erlendu sjónvarpsefni og aukinni ferðaþjónustu svo eitthvað sé nefnt. Á sama tíma hefur fjölyngdum börnum í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi fjölgað. Árið 2009 sambykkti Alþingi tillögur íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu sem opinberri stefnu í málefnum íslenskrar tungu. Í málstefnunni er megináhersla lögð á að treysta stöðu íslenskrar tungu í samféluginu. Í þessu erindi verður fjallað almennt um málstefnur, mikilvægi þeirra í íslensku skólastarfi og hvernig vinna með málstefnu getur nýst til að styðja við jákvæð viðhorf til tungumála og málumhverfis skóla. Í íslenskri málstefnu, Íslenska til alls, kemur fram að mikilvægt sé að tryggja stöðu íslenskrar tungu í skólakerfinu. Börn þurfa góðar málfyrirmyn dir og stöðuga markvissa málörvun í daglegu skólastarfi. Þá er öflugt foreldrasamstarf lykilatriði í stuðningi við tungumál í umhverfi barna. Málstefna í skólastarfi snýst um málumhverfi í skólasterfinu, meðvitund um málnotkun og viðhorf til tungumála. Tungumálið er tenging við samfélagið og styður við þá tilfinningu að tilheyra hópi eða samfélagi. Í málstefnu Reykjavíkur frá árinu 2017 kemur fram að hjá Reykjavíkurborg sé litið á tungumálakunnáttu sem auðlind. Mikilvægt er að stuðla að virðingu og jákvædu viðhorfi til fjölbreyttra tungumála samhliða því að styrkja stöðu íslenskunnar í samféluginu þannig að framtíðarkynslóðir líti á íslensku sem sína eign og auðlind.

Skólareynsla fjölyngdra nemenda í grunnskólum: Tungumálasjálfsmyn dir og tungumálaforði þeirra

Renata Emilsson Pesková, aðjúknt, MVS HÍ

Fjölyngdum nemendum hefur stöðugt fjölgað í grunnskólum landsins á undanförnum árum en nú eru þar töluð um hundrað tungumál. Markmið rannsóknarinnar var að kanna samspil tungumálaforða fjölyngdra nemenda og skólareynslu þeirra í íslenskum grunnskólum. Í

rannsókninni var sjónarhorn fjöltyngdra nemenda á eigin tungumál skoðað ásamt að leitast var við að varpa ljósi á merkingu og hlutverk tungumálaforða þeirra í félagslegum og námslegum aðstæðum. Einnig var leitað svara við því, að hvaða leyti kennrarar þeirra studdust við og byggðu á auðlindum þeirra í námi og hvaða hlutverki tungumálastefnur fjölskyldna gegndu í skólareynslu nemenda. Fjöltyngi nemenda er sífellt virkt og til staðar í lífi þeirra. Það þróast í fjölbreyttum námsrýmum, sérstaklega í kjöraðstæðum þar sem tengsl skapast, upplýsingum er miðlað og samskipti byggjast upp. Þátttakendur voru fimm fjöltyngdir grunnskólanemendur frá Íslandi sem lærðu móðurmál sitt í móðurmálsskólum utan formlega skólakerfisins. Í þessari þverfaglegu fjöltviksrannsókn var stuðst við eigindlega aðferðafræði. Þemagreining og greining tungumálasjálfsmynnda voru notuð. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á mikilvægi allra tungumála nemendanna og þörfina á að í skólum sé byggt á viðeigandi kennslufræði fyrir fjöltyngda nemendur, að unnar séu tungumálastefnur í skólum og samskipti við foreldra séu efld. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að viðurkenna þurfi fjöltyngi nemenda og notkun alls tungumálaforða þeirra í námi og félagslegum aðstæðum. Þannig er stutt við sjálfsmynd nemenda, tilfinningu þeirra um að tilheyra og virka þátttöku. Niðurstöðurnar auka enn fremur skilning á að innflytjendaforeldrar og kennrarar deila hlutverki og ábyrgð á að viðhalda og þróa tungumálaforða fjöltyngdra nemenda.

Rannsóknir á verk- og starfsmenntun

Rannsóknarstofa um verk- og starfsmenntun (RannVerk)

Elsa Eiríksdóttir

Hvernig tryggjum við samfelli í námi milli þrepa og kerfa? Uppbygging námslínus fyrir ferðabjónustu

Haukur Harðarson, sérfræðingur, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Gunnar Þór Jóhannesson, professor, VoN HÍ

Í júní 2019 kom út skýrslan Hæfni er grunnur að gæðum, innlegg atvinnulífsins í mótu mennta- og hæfnistefnu fyrir ferðabjónustuna. Þar kom fram þörf atvinnulífs fyrir öflugra hagnýtt

(starfstengt) nám í ferðaþjónustu og mikilvægi þess að tryggja samfelli í námi milli skólakerfa. Frá útgáfu skýrslunnar hefur verið unnið að því að koma þessari framtíðarsýn ferðaþjónustunnar í framkvæmd, að skapa heildarmynd af uppbyggingu náms sem tengist greininni. Horft er til þess að nám sem tengist ferðaþjónustu hafi skýra tengingu við þarfir atvinnulífs, að samræmi sé í uppbyggingu náms, námið hafi gildi milli skólastiga og að sýnileiki náms- og starfsmöguleika verði aukinn. Einnig sé mikilvægt að þau sem þegar eru starfandi í ferðaþjónustu geti fengið sína færni metna. Áréttuð er þörf fyrir millistjórnendur á þrepum þrjú og fjögur. Námskrárskrif hófust árið 2020 og lýkur haustið 2021. Samstarf er við háskólastig til að tryggja að starfsnám á þrepum tvö og þrjú í ferðaþjónustu nýtist til frekara náms. Farið verður yfir verkefnið í heild sinni, vinnulag og afurðir. Markmiðið er að fá fram raddir hagsmunaaðila úr atvinnugreininni, menntakerfinu og frá stjórnvöldum um áskoranir og tækifæri við uppbyggingu á heildstæðu námi í ferðaþjónustu á ólíkum þrepum í menntakerfinu.

Starfsmenntanemar í skiptinámi: „Svo miklu meira en bara vinnustaðurinn“

Guðfinna Guðmundsdóttir, menntunarfræðingur og matreiðslumeistari, Fjölbautaskólanum í Breiðholti og Kársnesskóla og Elsa Eiríksdóttir, dósent, MVS HÍ

Í erindinu verður fjallað um rannsókn á reynslu starfsmenntanema að afloknu skiptinámi í Evrópu. Styrkjaáætlun Evrópusambandsins, Erasmus+, veitir meðal annars styrki til skiptináms í starfsnámi. Þannig hljóta nemendur tækifæri til að vinna við sitt fag í öðrum löndum Evrópu, stofna til tengsla við kollega og skapa jafnvel atvinnutækifæri á stærri vinnumarkaði. Skiptinemar fá því kjörið tækifæri til að auka og dýpka hæfni sína í faginu. Þó er lítið vitað um reynslu þeirra eða hvernig skiptinámið í raun nýtist þeim – bæði í náminu og síðar í starfi. Markmið rannsóknarinnar er því að fá innsýn í reynslu starfsmenntanema af dvölinni, sérstaklega hvaða áhrif dvölin hafði og útkomu fyrir þá, bæði persónulega og sem fagmenn. Einnig verður horft til þess hvað skiptir máli varðandi undirbúning og framkvæmd skiptináms í starfsmenntun og hvaða áskoranir nemendur upplifa. Hálfopin einstaklingsviðtol voru tekin við 12 starfsmenntanema úr mismunandi fögum sem dvöldu í ólíkum löndum vegum Erasmus+ áætlunarinnar. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að viðmælendur voru ánægðir með bæði skipulag og framkvæmd skiptinámsins. Þeir voru sammála um að dvöl í öðru landi væri þroskandi og þeir hefðu fengið

mörg og fjölbreytt tækifæri til að kynnast starfsgrein sinni á meðan dvölinni stóð. Einnig kom fram að margir þeirra höfðu eignast vini til frambúðar, gjarnan innan fagsins. Allir sem talað var við sögðust tilbúnir til að fara aftur ef það byðist. Reynslan virðist því á heildina litið jákvæð, en í erindinu verður rætt frekar um námstækifæri í skiptinámi og áhrif þess til lengri tíma litið.

Að vera stór fiskur í lítill tjörn: Áhrif nemendahópsins á trú ungmenna á eigin getu

Heiður Hrund Jónsdóttir, doktorsnemi, FVS HÍ og Kristjana Stella Blöndal, dósent, FVS HÍ

Brotthvarf úr framhaldsskóla hefur neikvæðar afleiðingar fyrir einstakling og samfélag.

Framhaldsskólanemar sem hafa trú á eigin námsgetu eru líklegrir til að ljúka námi og auka þannig almenna velferð sína til framtíðar. Rannsóknir skortir á samsetningu nemendahópa í tengslum við trú ungmenna á eigin getu sem er mikilvægur þáttur til að koma í veg fyrir brotthvarf.

Meginmarkmið þessarar rannsóknar er að kanna (a) hvernig trú nemenda á eigin getu þróast frá lokum grunnskóla og yfir fjögurra ára tímabil og (b) hvernig þróunin mótað af ólíkri samsetningu nemendahópa í framhaldsskóla. Sérstök áhersla verður lögð á að bera saman nemendahópa í bóknámi og starfsnámi. Notast er við gögn úr langtímarannsókninni Borgarbörn þar sem spurningakönnun var lögð fyrir nemendur í 10. bekk á höfuðborgarsvæðinu og svo aftur fjórum árum seinna. Í báðum könnunum var trú nemenda á eigin námsgetu metin. Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um framhaldsskóla og námsbraut þátttakenda eftir að grunnskólagöngu þeirra lauk eru notaðar til að flokka nemendur í hópa og námsgeta þeirra og þess nemendahóps sem þeir tilheyra er metin út frá einkunnum þeirra á samræmdum prófum við lok grunnskóla.

Stigveldis aðhvarfsgreining (e. hierarchical regression) verður notuð til að meta áhrif nemendahópsins á þróun ungmenna á trú þeirra á eigin námsgetu en frumniðurstöður benda til þess að því slakari sem námsárangur hópsins er, því frekar styrkist trú nemenda á eigin námsgetu. Niðurstöðurnar munu auka skilning á mikilvægi nemendahóps fyrir trú nemenda á eigin getu og brotthvarf frá námi og munu nýtast í forvörnum og inngrípum gegn brotthvarfi.

Áskoranir starfsmenntunar á Íslandi

Elsa Eiríksdóttir, dósent, MVS HÍ

Á síðustu áratugum hefur starfsmenntakerfið á Íslandi glímt við áskoranir sem illa virðist ganga að ráða fram úr: (1) Stjórnsýsla starfsmenntunar hefur þótt umfangsmikil og flókin, (2) starfsmenntun hefur þótt undirskipuð bóknámi og verið síður eftirsóknarverð, sérstaklega þegar litið er til námsvals ungmenna og áherslu á mikilvægi háskólamenntunar í íslensku samfélagi, og (3) illa hefur gengið að samhæfa nám í skóla og á vinnustað og sammælast í hverju nákvæmlega vinnustaðanám felst. Þessar áskoranir eru að mörgu leyti samtvinnaðar og skýringa á því hversu illa hefur gengið að fást við þær má meðal annars leita í togstreitu ólíkra hagsmunaafla.

Töluverðar breytingar hafa þó orðið á starfsmenntakerfinu síðastliðinn áratug sem enn er ekki útséð um. Með nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 breyttist skilgreiningarvald á skipulagi og inntaki starfsmenntunar; dregið var úr miðstýringu og framhaldsskólar sáu um að skilgreina starfsnámsbrautir. Umræður og tillögur um stjórnsýslu starfsmenntunar, tengt til dæmis Natloguefundum (2012) og Hvítbók um umbætur í menntun (2014), skiliðu litlum breytingum fyrst um sinn, en virðast liggja til grundvallar breytingum sem nú eru í farvatninu, til dæmis nýrri reglugerð um vinnustaðanám sem tók gildi í ágúst 2021. Markmið rannsóknarinnar er að skoða umræður um og breytingar á skipulagi og stjórnsýslu starfsmenntunar á framhaldsskólastigi síðastliðinn áratug með það fyrir augum að fá heildarmynd hvert stefnir í ljósi þeirra áskorana sem starfsmenntakerfið stendur frammi fyrir.

LeikA – Leikskólinn og tímarnir tvennir

LeikA – leikskólakennrar tengdir Háskólanum á Akureyri

Kristín Dýrfjörð

Orðræða leikskólaþólfks um viðhorf til leikskólans á tínum COVID-19

Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor, HA

Frá mars 2020 til júní 2021 tókst samfélagið á við COVID-19 og yfirvöld þurftu að taka ákvarðanir, gjarnan með litlum fyrirvara, sem höfðu umtalsverð áhrif á skólastarf. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða orðræðu leikskólaþólfks í kjölfar slíkra ákvarðana með það að markmiði að greina umræðu um viðhorf til leikskólans og til hlutverksins sem hann gegnir í

samféluginu. Gagnaöflun fór fram á tímabilinu mars 2020 til apríl 2021 og beindist að umræðu leikskólafólks á tveimur fjölmennum síðum sem tengjast leikskólanum. Þrír hápunktar voru í umræðunni, sá fyrsti eftir að samkomubann var sett á í mars 2020, annar þegar þriðja bylgja brast á í október sama ár og sá síðasti þegar nýjar samkomutakmarkanir tóku gildi í mars 2021. Rýnt var í orðræðuna með áherslu á þau viðhorf, hugmyndir og tilfinningar sem voru ráðandi í orðanotkun, hugtökum, lýsingum og myndlíkingum.

Niðurstöður sýna ákveðna jákvæðni fyrst sem minnkar eftir því sem á líður og undir lokin eru dýpri neikvæðar tilfinningar ríkjandi. Þrástef í umræðunni voru meðal annars menntahlutverki leikskóla, virðing fyrir starfinu sem þar fer fram og skilningur á starfsemi leikskóla. Af umræðunni má draga þá ályktanir að leikskólafólk telur tilhneigingu til að horfa fram hjá menntahlutverki leikskóla þegar á reynir, því finnst starfinu ekki alltaf sýnd nægileg virðing og fólk utan skólanna hafa lítinn skilning á því sem þar fer fram.

Upplifun leikskólabarna af COVID-19 faraldrinum, daglegt líf og skólastarf

Ingi Jóhann Friðjónsson, leikskólakennari, leikskólanum Lundarseli, Akureyri

Verkefnið Upplifun leikskólabarna af COVID-19 faraldrinum, daglegt líf og skólastarf var unnið sumarið 2020 fyrir félagasamtökin Delta Kappa Gamma, nánar tiltekið Beta- og Mýrardeild vegna Alþjóðadags kennara. Tekin voru viðtöl við 20 leikskólabörn á aldrinum 5-6 ára um upplifun þeirra af fyrstu bylgju kórónuveirufaraldursins og með það að markmiði að sjá hvaða áhrif takmarkanir höfðu á daglegt líf þeirra og líðan. Verkefnið var ekki unnið í vísindalegum tilgangi en notaðar voru eigindlegar aðferðir við skipulag og framkvæmd viðtalanna. Notast var við hálfsstaðlaða spurningalista þar sem opinna spurninga var spurt til að komast nær reynsluheimi barnanna. Gögnin voru ekki greind heldur var markmiðið að leyfa röddum barnanna að heyrist. Einnig voru gerð tvö myndbönd sem eru aðgengileg á heimasíðu Lundarsels. Þrátt fyrir að gögnin hafi ekki verið greind voru dregnar ályktanir út frá svörum barnanna en taka má fram að frekari greiningar er þörf. Dregin var sú ályktun að þau börn sem mættu meira í leikskólann í apríl og maí, þegar aðgerðir stjórnvalda voru sem harðastar, höfðu minni áhyggjur af ástandinu en þau börn sem voru aðallega heima. Sum börnin fundu fyrir leiða vegna þess að þau gátu ekki hitt vini sína í leikskólanum og höfðu jafnframt áhyggjur af heilsu fjölskyldunnar, meðan öðrum

leið vel. Einnig mátti greina að þau börn sem mættu í leikskólann nutu sín í minni hópum og í ró.

Stéttaskipting innan leikskóla og grunnskóla – mat leikskólakennara sem starfa í grunnskólum

Kristín Dýrfjörð, dósent, HA

Stundum er sagt að innan leikskólans ríki flatt stjórnerfi. Þar sé gert lítið úr faglegum mun á leikskólakennurum og öðru starfsfólki. Allir gangi í öll störf og séu jafnir. Leikskólakennrarar sópi fataherbergi til jafns við unglings. Ekki skipti máli hver sér um samverustund, fagfólk eða ófaglærðir. Margir leikskólakennrarar telja sínum tíma ekki vel varið á þennan hátt á meðan aðrir verja vinnulagið. Sumir hafa áhyggjur af að fagmennska líði fyrir þetta og að verklagið leiði til (af)fagmennsku leikskólans. Undanfarin ár hefur verið ákveðið streymi leikskólakennara til grunnskólans, sem er slæm þróun í ljósi skorts á leikskólakennurum. Erindið fjallar um viðhorf leikskólakennara sem kenna við grunnskóla til stéttaskiptingar og hvernig þeir upplifa virðingu fyrir starfinu, annars vegar innan leikskóla þar sem þeir störfuðu og grunnskóla sem þeir starfa nú í. Fjallað er um hluta af niðurstöðu viðtalsrannsóknar á meðal leikskólakennara alls staðar á landinu sem hafa flutt sig í grunnskóla. Flestir viðmælendur áttu langan starfsaldur í leikskólum. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvað skilur að kennslu á leik- og grunnskólastigi að mati viðkomandi. Niðurstöður benda til að leikskólakennrarar upplifi að samfélagslega sé borin meiri virðing fyrir kennslu þeirra í grunnskólum – að við skiptin hafi þeir færst upp metorðastiga. Þeir upplifa líka flestir að verkaskipting innan grunnskólans sé skýrari en innan leikskólans en líka að stéttaskipting sé meiri innan grunnskólans sem birtist m.a. í verkefnum, verkaskiptingu og ábyrgð á störfum. Í ljósi gagna má spryja hvort leikskólakennrarar þurfi að breyta starfsháttum og vinna að aukinni samfélagsvirðingu fyrir starfinu, og hvort flatt stjórnerfi sé fagstarfi til trafala.

Tónlist og yngstu börnin

Tónlistarfræði

Helga Rut Guðmundsdóttir

Tónlistariðkun í íslenskum leikskólum

Helga Rut Guðmundsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Talsvert hefur verið skrifað um starf í leikskólum á Íslandi en ekki mikið um tónlistariðkun. Helst er að finna umfjöllun um tónlist í leikskólum í námsritgerðum á háskólastigi og í skýrslum um þróunarverkefni í leikskólum. Í þessu erindi verður sagt frá niðurstöðum um fyrirkomulag tónlistarstarfs í 27 leikskólum. Kannanirnar voru gerðar í tengslum við námskeiðið Tónlist í lífi ungra barna sem er skyldunámskeið í leikskólakennarafræði og störfuðu nemendur námskeiðsins innan þessara umræddu leikskóla. Í ljós kom að fyrirkomulag tónlistarstarfs á viðkomandi leikskólum má skipta í þrjá flokka. Meirihluti leikskóla hefur daglega söngstund á dagskrá á öllum deildum en á því eru undantekningar. Stór hluti leikskóla hefur á dagskrá vikulegan samsöng margra deilda og jafnvel fyrir allan leikskólann. Fáir leikskólar hafa tónlistarmenntað fólk í starfsliði sínu. Það þekkist að leikskólar fái til sín tónlistarmenntaðan aðila til að sjá um tónlistarstundir en það er minni hluti. Söngur er algengasta formið á tónlistariðkun á leikskólum en notkun hljóðfæra er sjaldgæfari. Hreyfing við tónlist er sjaldan með markvissum hætti og algengast að hreyfing eða dans sé í tengslum við þá dægurtónlist sem starfsfólk ið hefur dálæti á. Niðurstöður kannananna ríma að mörgu leyti við þau skrif sem er að finna í skýrslum og námsritgerðum um tónlist í leikskóla. Í þeim kemur fram að marga starfsmenn leikskóla skorti þekkingu og áræði til að stýra tónlistarstundum og hafi lágt mat á eigin tónlistarfærni. Í erindinu verður rætt um leiðir til að bæta færni og þekkingu leikskólakennara og annars starfsfólks leikskóla í þeim tilgangi að efla markvisst tónlistarstarf í leikskólum.

Tilraunir með TónMál-kennslu í leikskóla fyrir börn með íslensku sem annað mál

Sophia Luise Kistenmacher, meistaránemi, MVS HÍ og Helga Rut Guðmundsdóttir, prófessor, MVS HÍ

TónMál-námsefni í tónlist og málörvun hefur verið prófað á íslenskum leikskólabörnum en ekki hefur verið skoðað sérstaklega hvernig það getur nýst fyrir börn með íslensku sem annað mál. Í þessu verkefni var TónMál-efnið útfært með blönduðum hópum ein- og tvítyngdra barna á

leikskóla, með sérstakri áherslu á tvítyngdu börnin. TónMál-kennarinn hitti hópana vikulega í eitt misseri. Tekin voru viðtöl við kennara barnanna og tvær mæður tvítyngdra barna. Niðurstöður úr viðtölum við kennara gefa vísbendingar um hvernig vænlegt er að útfæra TónMál-efnið fyrir hópa með ólíkar þarfir í leikskólum. Viðtölin við mæður tvítyngdu barnanna leiddu í ljós að þær voru afar áhugasamar um tónlistartengda málörvun fyrir börn sín og voru báðar hlynntar því að syngja á sínu móðurmáli heima fyrir. Báðum fannst mikilvægt að kunna íslenska söngva en fannst þær ekki geta sinnt þeim þætti sjálfar. Þær vildu gjarnan fá meiri upplýsingar heim um íslensku söngvana og þýðingar og útskýringar á textum. Hvorug móðirin hafði tekið eftir upplýsingum um TónMál-efnið og lagalistum í tölvupósti til foreldra. Leita þarf leiða til að upplýsa foreldra af erlendum uppruna enn betur um starfið á leikskólum. Niðurstöður benda til þess að TónMál-efnið megi nýta með blönduðum hópum ein- og tvítyngdra barna þar sem auðvelt er að koma til móts við fjölbreyttar þarfir í gegnum tónlistina. Börnin læra hvert af öðru og þegar tónlistin er í forgrunni eru endurtekningar bæði nauðsynlegar og skemmtilegar, ásamt að nýlast öllum hópnum óháð getu.

Implementation of a family-music program for groups of Polish immigrant families in Iceland

Adam Switala, PhD student, School of Education, UI HÍ and Helga Rut Guðmundsdóttir, professor, School of Education, UI

A Polish language version of Tónagull, a family music method developed in Iceland, was launched in the fall of 2019 with the support of the Embassy of the Republic of Poland in Reykjavík and cultural centres in Reykjavík and Hafnarfjörður. The purpose of the project was to build on a successful program of family music classes and adapt it to the language, culture and traditional music material belonging to the Polish minority in Iceland and to broaden the current state of knowledge in the field of social integration and well-being of migrant families. The Polish minority is the largest immigrant population in Iceland, but until recently there have been very few consistent programs for Polish families of young children under school age. The study uses mixed methods including questionnaires and interviews, investigating what motivates participants to join the Polish family music program and in what ways the workshops benefit immigrant

families. Preliminary results indicate that family music classes support parents in their role as immigrant parents who want their children to succeed in a new home country albeit preserving their original language and culture. Moreover, the participants have observed a link between the classes and the children's daily use of their native language, as well as ability to memorise Polish traditional songs and rhymes. The participating families continued to use the Tónagull activities in their daily routine during the covid period, when in-person classes could not be held, and perceive them as useful tools for parenting.

Bíbí í Berlín: Fötlunarfræði og einsaga mætast

Bíbí í Berlín: Fötlunarfræði og einsaga – Nýtt fræðilegt sjónarhorn

Guðrún V. Stefánsdóttir

Bíbí í Berlín uppfrædd og fermd

Guðrún V. Stefánsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Bíbí hét fullu nafni Bjargey Kristjánsdóttir (f. 1927, d. 1999) en hún var kennd við kotbæ foreldra sinna sem hét Berlín og var staðsettur rétt fyrir utan Höfsós. Hún þótti bráðgert barn en veiktist á fyrsta ári og var síðar merkt sem „fáviti“ af fjölskyldu sinni og sveitungum. Bíbí var fædd á þeim tíma sem fötluðu fólk og fjölskyldum þess stóð engin opinber þjónusta til boða. Hún naut ekki formlegrar skólagöngu, var sett til hliðar á heimilinu og var falin fyrir gestum og gangandi. Komið var í veg fyrir að hún gengi í skóla en uppfræðslu fékk hún í kringum ferminguna. Bíbí skyldi eftir sig umfangsmikla sjálfsævisögu sem hún skrifaði í einrúmi, hélt leyndri fyrir fjölskyldu sinni og samferðafólk og fáir vissu um tilvist hennar. Sjálfsævisaga hennar ber vott um góða greind og innsæi í líf sitt og aðstæður og kemur að flestum tímabilum í lífshlaupi hennar. Í erindinu verður sérstaklega einblínt á barnæsku Bíbíar, uppfræðslu hennar og fermingu. Auk þess verður fjallað um aðdraganda og aðferðafræði rannsóknarinnar á sjálfsævisögu Bíbíar. Þá verður rætt um með hvaða hætti sjálfsævisaga hennar birtist sem andsaga við ríkjandi opinbera stefnu og hugmyndir um fatlað fólk í samfélaginu fyrr og nú. Í greiningu á sjálfsævisögu Bíbíar

verða tvinnaðar saman aðferðir tveggja fræðasviða, þ.e. fötlunarfræði og einsögu í þeim tilgangi að skapa nýja gagnrýna hugsun og umræðu um fatlað fólk í sögu og samfélagi.

Samvinnurannsókn um Bíbí í Berlín

Helena Gunnarsdóttir, meistararanemi, MVS HÍ og Guðrún V. Stefánsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Hluti af rannsóknarverkefninu Bíbí í Berlín felst í samvinnurannsókn (e. inclusive research).

Samvinnurannsóknir með fólk með þroskahömlun litu fyrst dagsins ljós á níunda áratug 20. aldar en þær hafa blómstrað síðan, sérstaklega í Bretlandi. Það sem einkennir þær er náiin rannsóknarsamvinna fólks með þroskahömlun og fræðimanna/kvenna á jafnréttisgrundvelli og virk þátttaka þess í öllu rannsóknarferlinu. Þátttakendur í samvinnurannsókninni sem hér um ræðir eru fimm konur með þroskahömlun en þeirra hlutverk er í samvinnu við ófatlaða rannsakendur að greina sögu Bíbíar. Með því að fá fram raddir kvennanna og sjónarhorn á sögu Bíbíar er tilgangurinn að skapa dýpri þekkingu og skilning á lífi hennar og aðstæðum. Ætla má að konurnar eigi auðveldara með að setja sig í spor Bíbíar og túlka aðstæður hennar en ófatlaðir fræðimenn/konur. Auk þess þjónar þessi hluti rannsóknarinnar þeim tilgangi að draga fram lærdóma af sögu Bíbíar og yfirfæra á stöðu kvenna með þroskahömlun í nútímanum. Í erindinu verður gefið yfirlit yfir samvinnurannsóknir með fólk með þroskahömlun, fjallað um þróun þeirra og stöðu nú á dögum. Auk þess verður greint frá með hvaða hætti fyrirhugað er að beita aðferðum samvinnurannsókna í rannsóknarverkefninu Bíbí í Berlín.

„Ein saga, ein manneskja“ – Mikilvægi einsögulegra rannsókna fyrir fötlunarfræðirannsóknir

Sigurður Gylfi Magnússon, prófessor, HUG HÍ

Í fyrrri verkum mínum hef ég til leiks fræðilegan ramma sem kallast einvæðing sögunnar (e. singularization of history) með því að gagnrýna hvernig félags-, menningar- og einsögufræðingar hafa iðkað fræðimennsku sína síðustu tvo eða þrjá áratugina. Ég lagði sérstaklega áherslu á einn þátt sem er sameiginlegur fræðilegri stefnumörkun allra einsögufræðinga, þ.e. tengslin milli hins smáa og stóra. Einsögufræðingar leggja áherslu á mikilvægi þess að setja litlar einingar

rannsókna í stærra samhengi. Ég hafna þessari rannsóknarleið og hef bent á eðlislægar mótsagnir hennar. Ég hvet sagnfræðinga til að klippa naflastrenginn sem bindur þá við það sem stundum er kallað „stórar sögulegar spurningar“. Áskorun erindisins verður að íhuga hvort þessi rannsóknaráhersla útiloki sögulega greiningu sem beinist aðeins að einni manneskju, aðeins að einni sögu. Áherslan verður á að kanna hvort og hvernig hægt er að vinna með eina sjálfsævisögu sem byggir á lífi manneskju sem var að stærstum hluta hornreka í íslensku samfélagi. Spurningin er: Hvaða viðmiðum er best að beita við slíka greiningu og hvernig er hægt að tengja einsögu og fötlunarfræði til að ná því markmiði?

Localized studies in language and sociolinguistic representation

Kennslufræði erlendra tungumála

Charlotte Eliza Wolff

Sense of belonging and self-efficacy in adult learners of English: Considering the role of the learning experience as an opportunity for English teachers

Alice Demurtas, master's student, School of Humanities, UI and Charlotte Eliza Wolff, assistant professor, School of Education, UI

This research project focuses on the sense of self-efficacy in adult learners of English and how it is affected by positive and negative learning experiences over time. The presentation provides a detailed exploration of the relationship between positive and negative affect in terms of students' willingness to practice and engage with the target language. Eight participants, all living in Iceland and with varied language backgrounds from across Europe, completed an online questionnaire encouraging them to focus on their English learning experiences. Their responses were analysed thematically and the results identified how their strong sense of belonging to a community of peers was the primary factor positively influencing both learning experiences and metacognitive beliefs. Findings showed that when teachers encourage students to frequently engage with the target language and explore it without fear, students will in turn acquire stronger self-efficacy beliefs, knowing they have all the tools to make calculated decisions to steer their

learning process towards success. Finally, the results also provide a useful set of suggestions and strategies that educators can use to facilitate their students' learning process and to encourage the development of autonomous learning practices.

"Forced to find new paths": Facilitating the flipped classroom approach in the upper secondary school English classroom

Geir Finnsson, master's student, School of Humanities, UI

Supervisor: Charlotte Eliza Wolff, assistant professor, School of Education, UI

The flipped classroom approach has been shown to be viable for teaching English as a foreign language (EFL) in upper secondary schools. Studies cite a positive effect on student autonomy and overall performance when compared to traditional lecture-based approaches. Nonetheless, there are challenges involved in implementing such an approach, particularly because it relies heavily on information technology (IT). To further explore challenges, a design-based research (DBR) project involving a teacher survey and a flipped classroom intervention was designed to experiment with the flipped classroom approach in an Icelandic upper secondary school. The intervention took place in a Business English course where students created a podcast-based assignment. The results indicated that students developed autonomy and took more responsibility for their learning process. Results also showed that facilitating the flipped classroom approach can be well managed when conducted in incremental steps with a knowledgeable teacher. Furthermore, the approach has potential for becoming a time-saver for EFL teachers. Results from the teacher survey showed that EFL teachers are already experienced using IT in their teaching, particularly in response to conditions arising during the COVID-19 pandemic. Findings also showed that the flipped classroom approach offers a sensible and timely intervention for supporting EFL teaching in Icelandic upper secondary schools, as notable obstacles have, for the most part, been overcome by teachers.

"In the Shower, actually": Using podcasts to support communicative competence in upper secondary school English

Daði Þór Pálsson, master's student, School of Humanities, UI

Supervisor: Charlotte Eliza Wolff, assistant professor, School of Education, UI

Existing research has already shown that Icelandic students tend to be more competent in terms of receptive rather than productive skills in English, and that students often overestimate their English language abilities. Prior research has also shown that Icelandic upper secondary schools may not be providing students with adequate opportunities to practice their oral production skills. A design-based research (DBR) project focusing on the potential of using student-created podcasts to support communicative competence for students in upper secondary English in Iceland was conducted in response to these issues. Teaching materials specifically targeting oral production and communicative competence were developed and tested in an upper secondary English course, and the utility of this educational intervention was thoroughly evaluated. The intervention involved both teacher-created and student-created podcasts. This study highlights key pedagogical theories and strategies used to design the intervention. Results include teacher opinions on the efficacy of the intervention, gathered through semi-structured interviews, and student feedback on the usability, gathered through an online survey. Findings were positive in both instances: teachers and students alike reported high satisfaction and numerous perceived benefits concerning the use of podcasts in the language learning process. Note: teaching materials and additional information on the podcast unit are publicly available to any teachers wishing to implement the unit in their upper secondary classrooms.

Cultural Diversity and Racial Representation in English Teaching Materials

María Skúladóttir, master's student, School of Education, UI and Samuel Lefever, associate professor, School of Education, UI

Schools in Iceland are becoming increasingly multicultural due to growing immigration in the country. This leads to questions about teaching materials and whether they represent people of color (POC) and other types of diversity. Children are exposed to textbooks from an early age,

so what they see in those books influences them, whether they are white or POC. As Iceland is becoming more multicultural, it is important that our students who fall into a minority group feel welcomed and represented in their schools. This presentation discusses findings from a study exploring cultural diversity and racial representation in English teaching materials in Iceland. Four textbooks and twelve videos approved by the Directorate of Education and typically used at lower-secondary level in Icelandic schools were analyzed. The findings showed that diversity was lacking, and white culture was in the forefront of the teaching material. Most of the viewpoints expressed in the materials were from a Western point of view. Representation of POC in the teaching material was considerably less than representation of white people, and the portrayal of POC was very different. People of color were typically portrayed as being non-mainstream, having difficulties, or experiencing prejudice. However, many of the teaching materials showed support for diversity and discussion of prejudice beneficial for both minority and mainstream students. Representation of racial and cultural diversity also gives students from the majority group a chance to understand other points of view and learn about systematic discrimination and prejudice.

Tileinkun formlegrar orðræðu á ensku: Námsaðferðir, orðaforði, lestur og ritun

Akademísk enska, þverfaglegt diplómanám á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Jóna Guðrún Guðmundsdóttir

Akademísk enska og námskröfur við upphaf háskólanáms: Væntingar og áviningur tileinkunar

Ásrún Jóhannsdóttir, aðjúnkt, HUG HI

Rannsóknir á Íslandi sýna að töluverður hluti nemenda á í erfiðleikum með að skilja og nota ensku í námi þrátt fyrir mikla útbreiðslu ensku á heimsvísu. Kröfur um að nemendur læri og skili verkefnum á sérhæfðu erlendu tungumáli, akademískri ensku, sem ekki allir hafa á valdi sínu bæði hér og erlendis, verða til þess að lagt er í mikla aukavinnu sem hægt er að komast hjá

þegar stuðningur og þjálfun er fyrir hendi. Akademísk enska er 60 ECTS hagnýt námsleið á BA-stigi sem ætluð er háskólastúdentum sem vilja styrkja færni sína í að nota ensku í háskólanámi, þ.e. í öðrum námsgreinum en ensku. Sérstök áhersla er lögð á að undirbúa nemendur til þess að takast á við nám þar sem enska er helsta kennslumálið eða námsefni er aðallega á ensku. Í þessu erindi verður fjallað um hvernig námskeið námsleiðarinnar styðja tilgang og kröfur náms og væntingar nemenda. Greint verður frá hvernig námskeiðin falla að hæfniviðmiðum, útbreiðslu ensku og hvað nemendur hafa að segja um námið.

Formfast akademískt læsi fangað: fælingarmáttur eða fjölbreytt fyrirheit?

Jóna Guðrún Guðmundsdóttir, doktorsnemi, HUG HÍ

Læsisfærni og góður lesskilningur eru grundvallarforsendur framfara í atvinnulífi og meginundirstöður alls náms á háskólastigi. Í íslensku málumhverfi nútímans, þar sem aukið ílag og tileinkun enskrar tungu telst órjúfanlegur þáttur daglegs lífs, er aukin krafa gerð til lestrarfærni og lesskilnings í báðum tungumálum – íslensku og ensku (tvílæsi, e. biliteracy). Í fjölda starfa atvinnulífsins sem og í háskólanámi bætist við ílag formlegs máls sem oftast er á ensku, en um 90% lesefnis við Háskóla Íslands er t.d. á ensku. Aukinn lesskilningur á formlegri ensku og þverfagleg tileinkun á akademískum enskum orðaforða eru því nauðsynleg öllum er hyggja á frekara nám eða þeim er auka vilja farseld og framgang í starfi. Í erindinu verður athygli beint að lesskilningi, orðaforðatileinkun og lesaðferðum tengdum formlegri enskri orðræðu. Fjallað verður um hvernig námskeiðunum Læsi og orðaforði I og II er ætlað að auka skilning nemenda á mismunandi gerðum texta í ólíkum fræðigreinum og þjálfa notkun viðeigandi námsaðferða við lestur fræðilegra texta á ensku. Þá er reifuð vinna nemenda með þekkta almenna akademískra orðalista til að stækka og dýpka orðaforða, bæði hugtök tengd ákveðnum fræðigreinum en ekki síst almennan orðaforða og orðræðu sem er grundvöllur túlkunar og skilnings á akademískum textum.

Að þjálfa ritfærni úr óformlegum frásagnarstíl í akademíska rithæfni til árangurs í námi og starfi

Súsanna Björg Vilhjálmsdóttir, doktorsnemi, HUG HÍ

Við upphaf háskólanáms fyllast nemendur metnaði til að ná árangri í námi og velgengni í framtíðarstarfi. Til að ná árangri er góð rithæfni á ensku orðin algeng krafa bæði hjá háskólum og fyrirtækjum í alþjóðlegu samfélagi. Á sama tíma upplifa nemendur óöryggi í hæfni sinni til að uppfylla þær væntingar sem gerðar eru til þeirra að skrifa akademíska texta á ensku vegna skorts á textavitund á grunnatriðum fræðilegrar ritunar, s.s. mismunandi setningagerðir, orðalag, uppbyggingu efnisgreinar, svo ekki sé minnst á algengustu textategundina sem rituð er á háskólastigi, ritgerð. Í erindinu verður fjallað um tvíþættan tilgang námskeiðanna Akademísk enska: Ritun I og II. Til að auka textavitund nemenda á akademískum textum rituðum á ensku eru þeir annars vegar þjálfaðir í að greina stutta námsbókatexta, tímaritsgreinar og skýrslur með mismunandi námsaðferðum og hins vegar er færni í fræðilegri ritun aukin með mismunandi ritunarverkefnum til að efla eigin námsaðferðir og námsvenjur, nákvæmni í formlegrí málnotkun og orðavali, og til að aðstoða nemandann við að þjálfa sína rödd í textagerð. Greint verður frá því hvernig er leitast við á námskeiðinu að aðstoða nemendur til að takast á við kröfur náms og eigin væntinga með því að þjálfa textavitund þeirra á formlegri ensku, efla hæfni þeirra til að beita akademískum rithefðum við textasmíð með eflingu sjálfstrausts (sjálfsmats) og raddar í huga.

Málstofa verkefna unnin í samstarfi Menntamálastofnunar og Sálfraðideildar HÍ. Fyrri hluti

Sálfraðideild HÍ / Menntamálastofnun

Sigurgrímur Skúlason

Opinn gagnagrunnur fyrir staðlað námsmat

Örnólfur Thirlacius, verkefnisstjóri, FVS HÍ; Arnór Guðmundsson, forstjóri, Menntamálastofnun; Auðun Valborgarson, doktorsnemi, HVS HÍ og Sigurgrímur Skúlason, aðjúkt, HVS HÍ

Opinberar stofnanir eins og Menntamálastofnun sitja oft og tíðum á verðmætum gögnum sem hefur verið safnað fyrir opinbert fé og væri hægt að nýta betur. Greint verður frá þróunarverkefni sem unnið er af Gagnaþjónustu félagsvíssinda á Íslandi (GAGNÍS) og Félagsvíssindastofnun Háskóla Íslands í samstarfi við Menntamálastofnun um opið aðgengi að menntagögnum. Unnið er eftir FAIR-gæðaviðmiðum um umsýslu vísindagagna en í því felst að gögn skuli vera finnanleg (e. findable), aðgengileg (e. accessible), samkeyranleg (e. interoperable) og endurnýtanleg (e. reusable). Í FAIR-viðmiðunum er lögð áhersla á að gagnaskrár og fylgigögn séu uppsett á aðgengilegan hátt og að tölvukerfi geti fundið, lesið og samkeyrt gögnin með engri eða takmarkaðri aðkomu fólks (e. machine-actionable). Er það mikilvægt til að mæta aukinni áherslu á sjálfvirkni í gagnavinnslu og mati á rannsóknargögnum vegna þess mikla og sívaxandi umfangs gagna sem finna má á netinu. Markmið með þessu samstarfi er að safna saman rannsóknargögnum úr menntakerfi á Íslandi, stuðla að opnu aðgengi þeirra og nýtingarmöguleikum, hvort sem er til kennslu, frekari rannsókna eða stefnumótunar. Gríðarlegt magn er til af gögnum hérlendis sem má endurnýta, hvort heldur sem efnivið í nýjar greiningar eða kveikju að nýjum rannsóknahugmyndum. Farið verður yfir tvö langtímagagnasett sem er hægt að tengja á milli, annars vegar samræmdar einkunnir frá árunum 2000-2020 (N = 2.439.186) og lestrargögnum frá 2015-2020 (N = 466.870).

Málskilningur í nútíð og þátíð: Réttmæti matstækja og frammistaða nýbúa

Azra Crnac, nemi, HVS HÍ og Noah Roloff, nemi, HVS HÍ

Leiðbeinandi: Sigurgrímur Skúlason, aðjúnkt, HVS HÍ

Íslenska er hið opinbera tungumál Íslands og því er mikilvægt að stuðla að virku viðhaldi tungumálsins og miðla því áfram til framtíðarkynslóða. Til þess að gera það þarf að skoða stöðu íslenskrar tungu hjá börnum. Í þessari rannsókn var skoðaður málþroski barna í 4. og 7. bekk. Reynt var að svara tveimur spurningum; annars vegar hvort munur væri á frammistöðu eintyngdra barna miðað við gögn fyrri ára og hins vegar hvort frammistaða fjölyngdra barna á Íslandi væri verri samanborið við eintyngd börn. Þátttakendur voru úr sex grunnskólum í Reykjanesbæ og voru prófin Orðalykill og Stöðupróf í íslensku: Orðskilningshluti lögð fyrir. Bæði prófin eru stöðluð að íslensku þýði og athuga orðaforða og orðskilning barna. Niðurstöður

rannsóknarinnar sýndu fram á marktækan mun á frammistöðu ein- og fjölyngdra þátttakenda á báðum málþroskaprófunum. Fjölyngdir þátttakendur skora að jafnaði lægra en eintyngdir jafnaldrar þeirra. Niðurstöður leiddu einnig í ljós að eintyngdir þátttakendur skoruðu marktækt lægra í ár á báðum prófunum, samanborið við gögn fyrri ára. Athyglisvert var að sjá hversu erfið prófatriði reyndust þátttakendum. Ótækt er að álykta um orðskilning barna í ár út frá prófum sem stöðluð voru fyrir tæplega tuttugu árum. Mikilvægt er að huga að endurstöðlun orðaforðaprófa til að endurspeglar kynslóðabreytingar á tungumálinu svo hægt sé að fylgjast nánar með þróun íslenskrar tungu innan um menntastofnana landsins.

Forsendur fyrir samtímalausn á svarferlalíkani fyrir prófatriðabanka í stærðfræði sem byggir á prófatriðum úr samræmdum könnunarprófum í 4. og 7. bekk og á unglingsastigi

Unnar Geirdal Arason, meistaranemi, HVS Há; Guðmundur Arnelsson, prófessor, HVS Há;
Auðun Valborgarson, doktorsnemi, HVS Há og Sigurgrímur Skúlason, aðjúknt, HVS Há

Menntamálastofnun vinnur að undirbúningi prófatriðabanka (e. item bank) þar sem prófatriði úr eldri samræmdum könnunarprófum verða nýtt til að þroa matstæki í stærðfræði. Prófatriðabanki af þessu tagi krefst þess að útbúinn sé langtíma- eða lóðréttur einkunnakvarði (e. vertical scale) sem grunnkvarði fyrir hvert próf og prófatriði í prófatriðabankanum tengd við þann kvarða. Með þeim hætti verður unnt að birta niðurstöður ólíkra prófútgáfa (e. test forms) á sama kvarða, t.d. að meðalnemandi í 4. bekk fái 40, meðalnemandi í 7. bekk fái 70 og svo framvegis. Við þróun þessa prófatriðabanka eru notuð svarferlalíkön (e. item response models) til að meta próffræðilega eiginleika (e. item statistics) atriða í prófatriðabankanum. Beitt er aðferð sem notar samtímalausn (e. concurrent calibration) til að setja prófatriði úr prófum í 4. og 7. bekk og af unglingsastigi á sama kvarða (e. common scale). Þessi leið hvílir á þeirri forsendu að innbyrðis afstaða próffræðilegra eiginleika atriða sé sú sama, hvort sem notuð er niðurstaða úr líkani þar sem hvert próf er meðhöndlað sem sjálfstæð eining og úr því líkani sem fengið er með samtímalausn með öllum þremur árgögnum. Niðurstöður sýna að fylgni milli próffræðilegra eiginleika atriða úr þessum tveimur ólíku svarferlalíkönum er mjög sterk, yfir $r = 0,99$ en einnig

verða kynntar niðurstöður úr greiningu á hugsanlegum atriðabundnum hópamun (e. differential item functioning) milli niðurstaðna þessara líkana.

Merkjagreining á LtL-lesskimun með lesskilningi og lesfimi sem viðmiðum

Aron Baldwin Þórðarson, nemi, HVS Há; Brynjólfur Haukur Ingólfsson, nemi, HVS Há; Jón Björgvin Guðmundsson, nemi, HVS Há; Ragnhildur Björk Ingvarsdóttir, HVS Há og Sigurgrímur Skúlason, aðjúkt, HVS Há

Greint verður frá niðurstöðum tveggja rannsókna þar sem aðferðum merkjagreiningar (e. signal detection theory) er beitt til að kanna skimunareiginleika Leið til læsis lesskimunar í 1. bekk. Í annarri rannsókninni var lesskilningur í samræmdum könnunarprófum notaður sem viðmið en í hinni var lesfimi í Lesferli notuð sem viðmið. Niðurstöður bentu til að greiningarhæfni prófhulta á LtL-lesskimun var ekki nægilega góð, þar sem besta skimunarnákvæmni (AUC eða area under the curve) varð tæplega 80%. Hins vegar hélt greiningarhæfnin stöðug frá 4.-9. bekk sem sýnir að Leið til læsis nær að meta færni sem er stöðug yfir tíma. Niðurstöður benda til að styrkja þurfi prófhulta á LtL-lesskimunarprófinu til þess að bæta greiningareiginleika þess. Þetta má gera með því að fella út prófhlutann bókstafsbekkingu og lengja prófhlutana málskilning og hljóðgreiningu.

Gagnsemi lesfimiprófa til að skima fyrir lesskilningsvanda á yngsta-, mið- og unglingsastigi

Auðun Valborgarson, doktorsnemi, HVS Há; Freyja Birgisdóttir, dósent, HVS Há; Fanney Þórssdóttir, HVS Há og Sigurgrímur Skúlason, aðjúkt, HVS Há

Haustið 2016 gaf Menntamálastofnun út lesfimiviðmið til að setja fram væntingar um stíganda í lesfimi (fjölda rétt lesinna orða á mínútu) frá einum bekk til annars. Markmið viðmiðanna var að setja almennar væntingar fyrir nemendur í hverjum árgangi þannig að þeir yrðu undirbúnir fyrir kröfur í námi á efri skólastigum. Vinna við gerð viðmiðanna byggði á takmörkuðum gögnum sem voru til á þeim tíma og byggði því frekar á fræðilegum grunni ásamt faglegu álíti þverfaglegs sérfræðingahóps. Markmiðið með þessari rannsókn er að skoða gagnsemi

lesfimiprófa til að skima fyrir lesskilningsvanda á yngsta-, mið- og unglungastigi, ásamt að finna hvar þröskuldur lesfimiviðmiða ætti að vera út frá raunvírsri (e. empirical) nálgun. Notast var við úrtak nemenda ($N = 5817$) í 1. til 10. bekk, úr 30 grunnskólum dreifðum um allt Ísland.

Nemendur voru metnir endurtekið með lesfimiprófum ásamt að þreyta lesskilningshluta samræmdra könnunarprófa í íslensku. Brottfallsgildi voru meðhöndluð með marghliða tilreiknun (e. multiple imputation). Nemendur sem skoruðu undir 1,5 staðalfrávikum í lesskilningi voru flokkaðir í áhættu fyrir lesskilningsvanda en aðrir utan áhættu. Notast var við aðhvarfsgreiningu hlutfalla (e. logistic regression) ásamt merkjagreiningu (e. receiver operating characteristic) til að finna næmni (e. sensitivity) og sérhæfni (e. specificity) lesfimiprofanna. Niðurstöður athugunarinnar renna stoðum undir gagnsemi þess að nota lesfimipróf til þess að skima fyrir áhættu á lesskilningsvanda á yngsta, mið- og unglungastigi ($AUC = 0,71 - 0,80$). Hins vegar þarf að endurskoða lesfimiviðmið Menntamálastofnunar sem eru ýmist of há eða lág.

Verkefni unnin í samstarfi Menntamálastofnunar og Sálfræðideildar HÍ. Seinni hluti

Menntamálastofnun og Sálfræðideild HÍ

Auðun Valborgarson

Athugun á upplýsingagildi einkunna fyrir prófhlu á samræmdum könnunarprófum og vísbendingar um framtíðarþróun á samræmdu námsmati

Ólöf Ragna Einarsdóttir, meistaranemi, HVS HÍ; Sigurgrímur Skúlason, aðjúknt, HVS HÍ;

Guðmundur Arnelsson, professor, HVS HÍ og Auðun Valborgarson, doktorsnemi, HVS HÍ

Algengt er að spenna ríki milli hve ítarlegar upplýsingar eru gefnar á undirprófum í námsmati, notendur vilja fá sem ítarlegastar upplýsingar í gegnum einkunnir fyrir sem flesta prófhlu á meðan þeir sem útbúa próf vilja takmarka birtingu einkunna fyrir prófhlu og birta þær einungis þegar þær gefa sjálfstæðar upplýsingar umfram heildartölu prófsins. Helstu ástæður þess að einkunn fyrir prófhlu gefur ekki sjálfstæðar upplýsingar umfram heildartölu, þ.e. að prófhlu segi sömu sögu um nemanda og heildartala, er sterkt fylgni milli prófhlu og heildartölu eða að

áreiðanleiki prófhlu sé slakur vegna fárra prófræða. Kynntar verða niðurstöður sem sýna að flestir hefðbundnir prófhlu í íslensku og stærðfræði gefa upplýsingar umfram heildartölum en að hugsanlegar einkunnir fyrir prófhlu innan lesskilnings gefa ekki sjálfstæðar upplýsingar umfram einkunn fyrir lesskilning.

Investigation of the Validity of the Reading Screening Test: Leið til Læsis

Viky Séguin Deneault, student, School of Humanities, UI and Sigurgrímur Skúlason, adjunct, School of Humanities, UI

Literacy contributes to children's academic success and development. Early intervention can often resolve learning difficulties. Therefore, it is necessary to detect these difficulties at a young age. The reading screening test "Leið til Læsis" (LtL) is used in Iceland to identify first grade students who might have a reading problem. This study evaluates the validity of LtL by analysing its correlation with measures of later achievement from the Icelandic National Examinations (INE) (i. *Samræmd könnunarpróf*) and the reading fluency test "Lesfimi". LtL measured letter knowledge, language development, and conducted phonological awareness subtests. Each of these subtests was correlated to the INEs' subtests which include reading comprehension, language proficiency, writing skills and the total INE score. Overall findings showed that correlations between LtL subtests and measures of later achievement were moderate over a period from four to nine years. This supports the validity of LtL as a measurement tool for reading difficulties. However, some correlations between subtests became stronger as the timespan between measures increased, while others became weaker, and some stayed relatively stable over time. The lack of a clear overall pattern might be due to variations in the average number of students per cohort and in the number of correlation coefficients used for the analysis of each subtest. The significance of this type of analysis rests in its ability to convey an idea about the validity of screening tests to educational systems. Evaluating tests regularly is crucial to ensuring their validity and reliability over time.

Aldursviðmið fyrir nefnuhraðapróf í Lesferli og yfirlit um rannsóknir á réttmæti þess

Guðrún Margrét Jóhannesdóttir, meistaranemi, HVS HÍ

Leiðbeinandi: Sigurgrímur Skúlason, aðjúnt, HVS HÍ

Tilgangur rannsóknar var að finna tengsl á milli nefnuhraða og lesfimi í fyrsta og öðrum bekk.

Jafnframt voru skoðuð tengsl nefnuhraða við samræmda könnunarprófið í íslensku í fjórða bekk.

Fyrilliggjandi gögn voru fengin hjá Menntamálastofnun og samanstanda af matstækinu Lesferill sem metur grunnþætti lestrar. Mælitækin sem notuð voru samanstóðu af lesfimiprófi, samræmdu könnunarprófi og þremur stuðningsprófum. Stuðningsprófin samanstanda af nefnuhraðaprófi og prófi sem mælir annars vegar sjónrænan orðaforða og hins vegar orðleysur. Notast var við langtímasnið á 649 nemendum sem komu úr 30 grunnskólum. Miðlunarlíkan var notað til að kanna hvort áhrifum nefnuhraða á lesfimi og lesskilning sé miðlað í gegnum orðleysulestur og sjónrænan orðaforða. Til að halda utan um tengsl í miðlunarlíkaninu var notast við formgerðargreiningu. Staðfestandi þátttagreining var framkvæmd til þess að setja upp mælilikön sem notuð eru til að draga úr áhrifum mæliskekkja. Niðurstöður sýndu að nefnuhraði var stöðugur í gegnum mælingarnar og kom í ljós að beinu tengslin voru ómarktæk og óbeinu tengslin voru marktæk á milli allra prófanna. Þátttakendur sýndu slakari frammistöðu í upphafi tímabils en náðu síðan betri tökum á lestrinum með tímanum.

Nefnuhraði og tengsl hans við lesfimi og lesskilning: Þróun nefnihraða á frammistöðu í lesfimi í fyrsta, öðrum og fjórða bekk

Björgvin Freyr Þorsteinsson, nemi, HVS HÍ og Díana Dögg Sigurðardóttir, nemi, HVS HÍ

Leiðbeinandi: Sigurgrímur Skúlason, aðjúnt, HVS HÍ

Tilgangur rannsóknar var að finna tengsl á milli nefnuhraða og lesfimi í fyrsta og öðrum bekk.

Jafnframt voru skoðuð tengsl nefnuhraða við samræmda könnunarprófið í íslensku í fjórða bekk.

Fyrilliggjandi gögn voru fengin hjá Menntamálastofnun og samanstanda af matstækinu Lesferill sem metur grunnþætti lestrar. Mælitækin sem notuð voru samanstóðu af lesfimiprófi, samræmdu könnunarprófi og þremur stuðningsprófum. Stuðningsprófin samanstanda af nefnuhraðaprófi og prófi sem mælir annars vegar sjónrænan orðaforða og hins vegar orðleysur. Notast var við

langtímasnið á 649 nemendum sem komu úr 30 grunnskólum. Miðlunarlíkan var notað til að kanna hvort áhrifum nefnuhraða á lesfimi og lesskilning sé miðlað í gegnum orðleysulestur og sjónrænan orðaforða. Til að halda utan um tengsl í miðlunarlíkaninu var notast við formgerðargreiningu. Staðfestandi þáttagreining var framkvæmd til þess að setja upp mælilíkön sem notuð eru til að draga úr áhrifum mæliskekkja. Niðurstöður sýndu að nefnuhraði var stöðugur í gegnum mælingarnar og kom í ljós að beinu tengslin voru ómarktæk og óbeinu tengslin voru marktæk á milli allra prófanna. Þáttakendur sýndu slakari frammistöðu í upphafi tímabils en náðu síðan betri tökum á lestrinum með tímanum.

Breytingar yfir tíma á Tölum, prófþætti Talnalykils

Katrín Arndís B. Magneudóttir, meistararanemi, HVS HÍ og Guðmundur Arnkelsson, prófessor, HVS HÍ

Talnalykill er staðal- og markbundið kunnáttupróf sem metur færni nemenda í fyrsta til sjöunda bekk í grunnskóla. Prófið skiptist í sjö prófþætti sem auðveldar að bera kennsl á styrkleika og veikleika nemenda. Talnalykill kom út árið 1998 og staðalbinding byggir á fyrirlögnum frá árunum 1996 og 1999. Frá þessum tíma hafa orðið breytingar á námsefni og kennsluháttum. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvort eiginleikar einstakra prófatriða á Talnalykli hefðu breyst á þeim rúmu 20 árum sem liðin eru frá útgáfu þess. Sökum hentugleika var einblínt á prófþáttinn Tölur þar sem fyrir lá nýleg fyrirlögn í 1. bekk grunnskóla. Úrvinnslan byggðist á upprunalegu staðalbindingarúrtaki 1.339 nemenda í 1. til 7. bekk grunnskóla frá árinu 1996, tilviljunarúrtaki 614 nemenda í 1. til 7. bekk frá árinu 1999 sem notað var við gerð haust- og vetrarstaðla auk hentugleikaúrtaks 101 nemenda í 1. bekk fjögurra grunnskóla á Suðurnesjum frá árinu 2015. Fyrra staðalbindingarúrtakið var klasaúrtak 42 skóla af öllu landinu, tilviljunarval bekkjardeilda viðkomandi skóla og nemenda úr hverri deild. Síðara staðalbindingarúrtakið var lagskipt tilviljunarúrtak 40 skóla vegið með skólastærð, að hámarki ein bekkjardeild úr hverjum bekk og 10 nemendur úr hverri deild, sem gaf jafnlíkindaúrtak nemenda. Niðurstöður sýna að einstaka atriði hafa breyst umtalsvert en þó þannig að breytingar jafnast að mestu út.

Prófþátturinn er því með stöku undantekningum álíka viðeigandi nú og við útgáfu prófsins.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir sem benda sömuleiðis til þess að

eiginleikar einstakra prófspurninga geti breyst án þess að það hafi samsvarandi áhrif á heildarniðurstöðu prófs. Niðurstaðan er mikilvæg þar sem hún varpar ljósi á hvernig stöðluð kunnáttupróf breytast yfir tíma á Íslandi. Slíkt er ekki aðeins gagnlegt fyrir frekari þróun á Talnalykli, heldur einnig við hönnun og forspá fyrir önnur sambærileg próf hér á landi.

Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag – Menntastefna Reykjavíkur

RannUng (Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna)

Margrét S. Björnsdóttir

Samstarfsrannsókn í reykvískum leikskólum

Sara Margrét Ólafsdóttir, lektor, MVS Háskóli; Arna H. Jónsdóttir, dósent, MVS Háskóli; Hrönn Pálmadóttir, dósent, MVS Háskóli; Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, dósent, MVS Háskóli; Kristín Karlsdóttir, dósent, MVS Háskóli og Margrét S. Björnsdóttir, aðjúkant, MVS Háskóli

Fjallað verður um samstarfsrannsóknina Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag sem unnin var í samstarfi RannUng og fjögurra leikskóla og er liður í framkvæmd nýrrar menntastefnu Reykjavíkur. Markmiðið er að efla fagmennsku deildarstjóra og annars starfsfólks leikskólanna.

Tilgangurinn er að ná fram markmiðum nýrrar menntastefnu Reykjavíkur um læsi, sjálfseflingu, skapandi hugsun, félagsfærni og heilbrigði barna. Einnig að styrkja leikskólana sem lærdómssamfélag þar sem litið er á börn sem virka þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi.

Þátttakendur völdu viðfangsefni og þróuðu starf í leikskólunum út frá þáttum menntastefnunnar með megináherslu á nám í gegnum leik og styðjandi samskipti. Við framkvæmd rannsóknarinnar prófuðu þátttakendur sig áfram með nýjungrar og þróuðu starfið, en greint verður frá framkvæmdinni í hverjum leikskóla fyrir sig. Þrátt fyrir að val á áherslum hafi samhljóm þá voru farnar ólíkar leiðir í breytingaferlinu enda hver leikskóli einstakur hvað varðar reynslu og mannauð. Í grundun á starfsháttum átti sér stað í takt við þær áherslur sem hver leikskóli valdi.

Gagnasöfnun fór fram á öllum stigum samstarfsrannsóknarinnar, til dæmis upptökur af fundum, viðtöl, myndbands- og ljósmyndaskráningar, vettvangsathuganir og rannsóknardagbækur. Í

gegnum rannsóknarferlið fólst stuðningur RannUng við þáttakendur aðallega í heimsóknum í leikskólanum þar sem haldnir voru fyrilestrar á vettvangi, gerðar athuganir, tekin viðtöl og fundað með þáttakendum. RannUng hefur mikla reynslu í að framkvæma samstarfsrannsóknir en í þessari samstarfsrannsókn, eins og öðrum, þá hefur þáttakan leitt til breytinga í leikskólunum. Áskorun fólst í að skipuleggja ferlið sem átti sér stað, þar sem máli skipti að hlusta á rödd hvers þáttakanda en jafnframt að móta sameiginleg markmið.

Félagsfærni og skráningar á leik barna í Reynisholti

Aðalheiður Stefánsdóttir, leikskólastjóri, Reynisholti, Inga Rut Ingadóttir, deildarstjóri, Reynisholti og Lísa Ármannsdóttir, deildarstjóri, Reynisholti

Við innleiðingu menntastefnunnar ákvað Reynisholt að byrja á félagsfærni og beina sjónum að leik barna. Markmiðið var að nýta uppeldisfræðilegar skráningar á leik barna til að meta félagsfærni þeirra og til umræðu meðal starfsfólks um gildi leiks og félagsfærni í leikskóla. Nýttir voru gátlistar um félagsfærni og sjálfsmynd barna ásamt skráningum og fundargerðum. Gefinn var ríkulegur tími til samræðu meðal starfsfólks til að efla sameiginlega sýn hópsins. Helstu niðurstöður voru að skráningar gáfu miklar upplýsingar um stöðu barna. Þær voru einnig hvetjandi verkfæri til umræðu fyrir starfsmannahópinn um það leikumhverfi sem við búum börnum og þann stuðning sem starfsfólk veitir þeim í leik. Ásamt skráningum voru nýttar félagsfærnisögur og kyrrðarstundarkörfur til að efla vellíðan og aðstoða börn við samskipti í leik. Haldið hefur verið áfram með að festa þessar áherslur enn frekar í sessi í leikskólanum.

Hlutverk deildarstjóra í innleiðingu menntastefnu í Stakkaborg

Jónína Einarsdóttir, leikskólastjóri, Stakkaborg og Andrea Sigurjónsdóttir, deildarstjóri, Stakkaborg

Í upphafi á innleiðingu menntastefnunnar var ákveðið að vinna með tvo þætti hennar, þ.e. félagsfærni og sköpun. Nýttir voru skráningarlistar menntastefnunnar til að staðsetja hvar starf leikskólans í þessum þáttum væri statt og fóru fram umræður á deildarfundum. Okkar nálgun í þessari rannsókn var að dýpka hlutverk og starf deildarstjórans við innleiðingu stefnunnar. Við

höfum fengið stuðning frá Rannung til þess með tengilið við verkefnið sem kemur, fylgist með, kemur á deildarfundi og handleiðir deildarstjóra. Starfsfólk hefur verið ánægt með aðkomu tengiliðs og hefur þetta styrkt starfsfólk í tjáningu um þau verkefni sem það vinnur að í starfi sínu með börnunum. Þróun hefur orðið í skráningu á starfinu í tengslum við gerð ferilmappa, Vináttuverkefni Barnaheilla dýpkað og aðferðir Hugarfrelsí tekna inn sem hluti af félagsfærninni. Verkefnið hefur styrkt deildarstjóra í leiðbeiningarhlutverkinu gagnvart öðru starfsfólki og verið valdeflandi. Næsta veturn stefnum við á að halda áfram á þessari braut, að styðja við deildarstjóra í starfi og hvernig næsti þáttur menntastefnunnar getur tengst inn í starfið. Að deildarstjórar fái handleiðslu og svigrúm til að vinna að því með hvaða hætti er best að vekja áhuga starfsfólks á þáttum menntastefnunnar og hvernig deildarstjórinn geti stutt starfsfólkið við að innleiða stefnuna inn í sitt daglega starf með börnunum.

Sjálfsefling barna í Tjörn

Hulda Ásgeirsdóttir, leikskólastjóri, Tjörn, Helga Ingimarsdóttir, leikskólakennari, Tjörn, María Worms, deildarstjóri, Tjörn

Haustið 2018 bauðst okkur að taka þátt í verkefni á vegum RannUng við innleiðingu nýrrar menntastefnu. Markmiðið með verkefninu var að styðja við deildarstjóra og allt starfsfólk við innleiðingu nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar. Í sameiningu völdum við sjálfseflingu sem okkar viðfangsefni. Markmiðið með sjálfseflingu er að styðja og styrkja börnin til sjálfsbjargar í daglegu starfi. Einnig að þau kynnist sínum eigin styrkleikum, læri að axla ábyrgð á sjálfum sér og séu meiri þátttakendur í daglegu starfi. Verkefnið hefur sameinað starfsmannahópinn sem er í tveimur aðskildum húsum og verið rauði þráðurinn í öllu okkar starfi. Á starfsmannafundum, fagfundum og starfsdögum höfum við unnið að sameiginlegri sýn okkar og ígrundað okkar starf út frá sjálfseflingu. Raddir barnanna hafa fengið meira vægi og lýðræði tekið meira inn í starfið. Má þar til dæmis nefna kosningar sem börnin hafa gengið til með kjörklefa og öðru tilheyrandi. Haustið 2020 hófst vinna við ferilmöppur, hefur sú vinna farið vel af stað, fallið vel inn í starf okkar og verið mikill stuðningur við skráningar.

Að efla lærðómssamfélag í Ægisborg út frá sjálfseflingu og félagsfærni

María Halldóra Jónsdóttir, deildarstjóri, leikskólanum Ægisborg og Diljá Agnarsdóttir, leikskólanum Ægisborg

Hér er sagt frá starfendarannsókn sem unnin er í leikskólanum Ægisborg. Markmiðið var að innleiða menntastefnu Reykjavíkurborgar. Ákveðið var að leggja áherslu á sjálfseflingu í Ægisborg sem er einn af grunnþáttum menntastefnunnar. Starfsfólk Ægisborgar hefur átt í samstarfi við fyrirtækið KVAN með það að markmiði að efla börnin og starfsfólkið. Starfsfólk hefur fengið fræðslu um samvinnuleiki með börnum og matstæki um stöðu barna innan barnahópsins. Samskipti starfsfólks við einstök börn hafa verið fest í sessi í starfi á deildum. Einstaklingarnir eru jafn ólíkir og þeir eru margir og við leitumst við að mæta þeim öllum, hverjum á sínum stað, og styðja þá til að vera bestu útgáfan af sjálfum sér. Markmiðið var jafnframt að efla lærðómssamfélag í leikskólanum og horfa á leikrými barna, samskipti og flæði í öllu starfi leikskólans. Ýmsar leiðir hafa verið farnar til að vinna með sjálfseflingu, t.d. komum við upp matsal í skólanum sem hefur heldur betur slegið í gegn hjá börnum, starfsfólki og foreldrum. Áhersla var lögð á að börnin yrðu sjálfbjarga að mestu og að þau fyndu fyrir stolti yfir eigin getu. Niðurstöður starfendarannsóknarinnar verða nýttar til að þróa starfið í Ægisborg enn frekar, með áherslu á sjálfseflingu barna og fullorðinna.

Bekkjarstjórnun og einstaklingsmiðuð úrræði til að bæta hegðun og auka námsástundun nemenda

Rannsóknarstofa um þroska, læsi og líðan barna og ungmenna

Anna-Lind Pétursdóttir

Einstaklings- og bekkjarmiðaður stuðningur fyrir nemanda sem „vildi ekki vera öðruvísi“: Dregið úr langvarandi hegðunarvanda nemanda með einhverfu á lítt áberandi hátt

Helga Magnea Gunnlaugsdóttir, meistaranemi, MVS Há; Silja Dís Guðjónsdóttir, meistaranemi, HVS Há; Sigríður Ólafsdóttir, lektor, MVS Há og Anna-Lind Pétursdóttir, prófessor, MVS Há

Kynnt verður verkefni þar sem notað var virknimat til að hanna árangursríka einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun. Tilgangur verkefnisins var að auka námsástundun og draga úr tíðni truflandi hegðunar hjá 10 ára dreng með greiningu um röskun á einhverfurófi og langa sögu um erfiða hegðun í kennslustofunni. Virknimat var gert úr þeim gögnum sem safnað var með beinum athugunum og óbeinum aðferðum, svo sem viðtölum við kennara, foreldra og nemanda.

Niðurstöður virknimats voru svo notaðar til að hanna einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun þar sem gerðar voru breytingar á umhverfi barnsins, með því að hafa áhrif á bakgrunnsáhrifavalda, aðdraganda og afleiðingar. Áhersla var á að kenna viðeigandi hegðun og styrkja hana kerfisbundið. Þar sem nemandinn vildi ekki vera öðruvísí en hinir nemendurnir í bekknum var notað tákNSTyrkjakerfi í formi hvatningarbókar sem kennarinn fyllti út og foreldrar sáu um að veita umbun heima. Einnig var notað tákNSTyrkjakerfi fyrir allan bekkinn og hávaðastika til að draga úr hávaða í kennslustofunni. Eftir að jákvæðar breytingar höfðu komið fram var afmáun (e. fading) beitt til að draga úr notkun tákNSTyrkjakerfanna. Námsástundun og truflandi hegðun var metin með endurteknum beinum áhorfsmælingum í stærðfræðitímum. Eftir inngríp jókst námsástundun nemandans að meðaltali úr 37% í 86% af 20 mínútna athugunartímum. Meðaltíðni truflandi hegðunar minnkaði úr 59 tilvikum í 10 tilvik á 20 mínútna athugunartímum. Niðurstöður benda til að hægt sé að draga úr langvarandi hegðunarvanda nemanda með einhverfu með lítt áberandi hegðunarstuðningi byggðum á virknimati og aðferðum sem beinast að öllum bekknum.

Hvatningarleikur til bekkjarstjórnunar: Áhrif á námsástundun og hegðun nemenda

Jónína Klara Pétursdóttir, meistaranemi, MVS Háí; Anna-Lind Pétursdóttir, prófessor, MVS Háí og Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, dósent, MVS Háí

Erfið hegðun barna og agavandamál eru mikið áhyggjuefni meðal íslenskra kennara og foreldra. Hegðunarerfiðleikar hafa einnig neikvæð áhrif á samskipti, nám og framtíðarhorfur nemenda. Það er því brýnt að miðla áhrifaríkum aðferðum til kennara og aðstoða þá við að skapa jákvætt og hvetjandi námsúmhverfi. Markmið þessarar rannsóknar var að meta áhrif beitingar Hvatningarleiksins (The Good Behavior Game) við bekkjarstjórnun á hegðun og námsástundun nemenda. Fyrri rannsóknir erlendis hafa bent til þess að leikurinn dragi úr hegðunarvanda nemenda og stuðli að bættum framtíðarhorfum þeirra. Þátttakendur voru fimm stúlkur og sjö

drengir á aldrinum 7-11 ára í þremur bekkjum sem höfðu að sögn kennara langa sögu um erfiða hegðun og litla námsástundun. Í rannsókninni var gögnum safnað með beinum athugunum í stærðfræðiíum fyrir og eftir innleiðingu Hvatningarleiksins. Kennarar þáttakenda sóttu örnmáskieið um Hvatningarleikinn og innleiðingu hans í kennslustofu. Margfalt grunnskeiðssnið og ABAB-vendisnið voru nýtt til þess að meta áhrif leiksins á námsástundun og truflandi hegðun nemenda. Niðurstöður sýndu að meðan á Hvatningarleiknum stóð jókst námsástundun nemenda að meðaltali úr 57% í 93% kennslustundar og óæskileg hegðun var fátið. Í lok rannsóknarinnar var upplifun nemenda af Hvatningarleiknum könnuð og voru nemendur sammála um að Hvatningarleikurinn væri skemmtilegur, hjálpaði beknum þeirra að læra og að þeir myndu vilja halda áfram í leiknum með kennaranum sínum. Niðurstöðurnar benda til þess að Hvatningarleikurinn gæti nýst íslenskum kennurum við bekkjarstjórnun í ljósi jákvæða áhrifa hans á hegðun nemenda og ánægju þeirra með hann.

Aukin námsástundun og minni truflandi hegðun í skólastofunni með einstaklingsmiðaðri stuðningsáætlun

Erla Sif Sveinsdóttir, meistaranemi, MVS HÍ; Glódís Alda Baldursdóttir, meistaranemi, MVS HÍ; Katrín María Elínborgardóttir, meistaranemi, MVS HÍ og Anna-Lind Pétursdóttir, prófessor, MVS HÍ

Í erindinu verður greint frá niðurstöðum virknimats og stuðningsáætlunar fyrir nemanda í 3. bekk. Markmiðið var að minnka tíðni truflandi hegðunar og auka námsástundun í kennslustundum. Gögnum var safnað bæði með beinum og óbeinum hætti. Viðtöl voru tekin við umsjónarkennara nemandans, foreldra hans og hann sjálfan. Tíðniskráning var gerð til að athuga tíðni truflandi hegðunar og tímamæling var notuð til að athuga hlutfall námsástundunar yfir 20 mínútna áhorfstímabil. Einnig voru gerðar AHA-skráningar til að fá upplýsingar um hegðunina sjálfa, aðdraganda hennar, styrkjandi afleiðingar og virkni fyrir einstaklinginn. Út frá niðurstöðum virknimats var útbúin einstaklingsmiðuð stuðningsáætlun þar sem gerðar voru breytingar á umhverfi nemandans með því að hafa áhrif á bakgrunnsáhrifavalda, aðdraganda og afleiðingar. Meðal aðferða í stuðningsáætluninni var sýnilegt skipulag og skýrar leiðbeiningar. Jafnframt var nemanda kennd viðeigandi hegðun og hún styrkt kerfisbundið með tákNSTyrkjakerfi í formi

hvatningarbókar. Kröfur voru svo markvisst auknar eftir því sem færni nemandans jókst. Á grunnskeiði var námsástundun nemandans að meðaltali tæp 62% af 20 mínútna áhorfstímabilum. Eftir innleiðingu inngrips hækkaði meðaltal námsástundunar upp í 96%. Meðaltal truflandi hegðunar lækkaði úr 48 tilvikum á 20 mínútna áhorfstímabilum niður í tæplega fimm tilvik. Aðspurður var nemandinn sjálfur ánægður með inngripið og árangur sinn og lýsti bættri líðan. Niðurstöður benda því til þess að hægt sé að nota einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun til að auka námsástundun og draga úr langvarandi hegðunarvanda með stuðningsáætlun byggðri á góðri samvinnu við nemanda og hlutaðeigandi aðila.

Stuðningsfulltrúa leiðbeint í að auka námsástundun, bæta hegðun og efla sjálfstæð vinnubrögð nemanda í kennslustundum

Bára Denný Ívars dóttir, þroskabjálfi, Anna Björg Sigurðardóttir, meistaranemi, MVS HÍ; Kristín Anna Thorlacius Jensdóttir, meistaranemi, MVS HÍ og Anna-Lind Pétursdóttir, prófessor, MVS HÍ

Í erindinu verður sagt frá áhrifum vettvangsverkefnis í námskeiðinu Hegðunar- og bekkjarstjórnun þar sem teymi nema í hagnýtri atferlisgreiningu framkvæmdi virknimat til að hanna einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun fyrir nemanda í 4. bekk í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu með langvarandi hegðunarvanda. Nemandinn naut liðsinnis stuðningsfulltrúa en sýndi þrátt fyrir það litla námsástundun og tíða truflandi hegðun í kennslustundum. Markmiðið var að efla sjálfstæð vinnubrögð, auka námsástundun og draga úr truflandi hegðun í tímum hjá umsjónarkennara. Virknimat var gert með viðtölum við kennara, nemanda og móður nemanda auk beinna athugana á aðdraganda og afleiðingum hinnar erfiðu hegðunar. Stuðningsáætlun byggði á niðurstöðum virknimatsins og fól í sér úrræði sem beindust að aðdraganda hegðunar, þjálfun í viðeigandi hegðun og hvatningarkerfi með stighthækkandi viðmiðum um frammistöðu. Teymið leiðbeindi stuðningsfulltrúa í framkvæmd stuðningsáætlunar og veitti honum skriflegar leiðbeiningar til að fylgja. Endurteknar mælingar samkvæmt AB-einliðasniði sýndu að hlutfall sjálfstæðra vinnubragða jókst úr 28% í 91% að meðaltali, hlutfall námsástundunar jókst úr 18% í 97% að meðaltali og tíðni truflandi hegðunar fór úr 10 tilvikum að meðaltali niður í 2 tilvik meðan á íhlutun stóð. Niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir og benda til þess að hægt

sé að draga úr langvarandi hegðunarerfiðleikum nemenda og auka námsástundun með stuttri þjálfun stuðningsfulltrúa í einstaklingsmiðuðum stuðningsáætlunum sem byggja á virknimati.

Hæfni á vinnumarkaði, raunfærnimat og starfsþróun

Nám fullorðinna

Hróbjartur Árnason

Fagmennska í fullorðinsfræðslu

Hróbjartur Árnason, lektor, MVS HÍ

Nú á dögum kannast allir við þá staðreynd að sú tíð er liðin að fólk lærði til starfs í æsku og byggði svo starfsævina á sínu fyrsta námi á unglingsárum eða í háskóla, og að hæfniþróun færi fyrst og fremst fram á grunni reynslu og ígrundun hvers fyrir sig. Nú sækir fólk nýliðanámskeið þegar það hefur störf hjá fyrirtækinu, það fær fræðslu um nýju tölvukerfin og breytingar í lagaumhverfi. Sumir skipta alveg um starfsvettvang eða ákveða að þreyja loks sveinspróf eftir að hafa unnið fjölda ára í starfi. Þar hjálpar raunfærnimat og alls konar námsleiðir sem greiða fólkí leiðir inn í ný störf. Þá sækja fullorðnir námskeið í tengslum við áhugamál, tómstundir og félagsstarf, í mörgum tilfellum getur fólk verið að þjálfa leikni sem skiptir sköpum á ögurstundu, eins og aðferðir björgunarsveita við björgun. Öll þessi dæmi má flokka sem fullorðinsfræðslu, sem sumir vilja kalla fimmtu stoð íslenska menntakerfisins. Því er þó eins farið á Íslandi eins og í flestum öðrum löndum, að óvíða eru gerðar formlegar kröfur um að kennrarar í fullorðinsfræðslu hafi formlega menntun í kennslufræði sem er miðuð við þarfir og aðstæður fullorðinna. Flestir sem hafa kennt í fullorðinsfræðslu undanfarna áratugi, hafa dregist „óvart“ inn í starfið og lært það í vinnunni, oftast með því að prófa sig áfram. Margt er þó að breytast í þeim efnum. Í þessu erindi verður gefið yfirlit yfir þróun fræðilegrar umræðu um fagmennsku í fullorðinsfræðslunni undanfarin ár, með áherslu á nýrri rannsóknir og nálganir til að skilgreina nauðsynlega hæfni og leiðir til starfsþróunar.

Hvernig styðjum við færniuppbyggingu leiðbeinenda fullorðinna?

Lilja Rós Óskarsdóttir, sérfræðingur, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins; Hróbjartur Árnason, lektor, MVS HÍ; Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, sérfræðingur, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins; Sif Svavarsdóttir, sérfræðingur, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Valgerður Guðjónsdóttir sérfræðingur, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðsla fullorðinna fer fram víða í íslensku samfélagi, einna helst í atvinnulífinu hjá fræðslustofnunum og frjálsum félagasamtökum. Í fæstum tilfellum eru gerðar formlegar kröfur um menntun í kennslufræði til þeirra sem annast kennsluna, þó rannsóknir sýni ótvírætt að gæði leiðsagnar hafi mikil áhrif á árangur nema. Aðeins líttill hluti leiðbeinenda sækir lengra nám í kennslufræði og til þess að mæta brýnni þörf á færniuppbyggingu leiðbeinenda tóku Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Háskóli Íslands höndum saman. Unnin var hæfnigreining á starfi leiðbeinanda með þátttakendum úr atvinnulífi, skólaumhverfi og frjálsum félagasamtökum með það fyrir augum að skilgreina lykilhæfni leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir ofangreindri vinnu, forsendum hennar, þeim ferlum sem beitt var við vinnuna sem og niðurstöðum hennar. Afurðir verkefnisins eru: Starfaprófill fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu, matslistar fyrir raunfærnimat og sjálfsmat, leiðarvísir um starfsþróun leiðbeinenda og gagnagrunnur yfir námskeið og aðrar leiðir til starfsþróunar fyrir leiðbeinendur fullorðinna. Afurðirnar eru verkfæri sem veita leiðbeinendum í fullorðinsfræðslu skýrar línum um þá hæfni sem þykir almennt nauðsynleg í því mikilvæga starfi sem þeir hafa með höndum. Sömuleiðis fá stjórnendur og verkefnastjórar sem koma að fræðslumálum innan fyrirtækja, félagasamtaka og fræðslustofnana verkfæri sem nýlast við ráðningu og stuðning við starfsþróun þeirra sem taka að sér fræðslu í þeirra samhengi. Um er að ræða hagnýtt verkefni sem byggir á fræðilegum skrifum um fagmennsku í fullorðinsfræðslunni, fjölda hæfnigreininga frá nágrannalöndum, alþjóðastofnunum og félagasamtökum en fyrst og fremst rýnihópavinnu með íslenskum aðilum sem þekkja vel til starfsins og tilraunum með starfandi leiðbeinendum.

Raunfærnimat á móti viðmiðum starfa – Fagbréf

Fjóla María Lárusdóttir, þróunarstjóri/sérfræðingur, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Haukur Harðarson, sérfræðingur, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA), Samtök atvinnulífsins (SA) og Alþýðusamband Íslands (ASÍ) stýrðu tilraunaverkefni í samstarfi við fjórar símenntunarmiðstöðvar og 10 fyrirtæki sem gekk út á að leggja upp ferli til að draga fram og staðfesta hæfni í starfi, bjóða upp á starfsþjálfun í þeim þáttum sem mögulega þyrti að styrkja og votta heildarhæfnina með Fagbréfi á þrepi. Þróun aðferðafræðinnar byggir í grunninn á ferlum sem nýttir hafa verið í fyrri tilraunaverkefnum og ferlum sem starfsgreinar í Svíþjóð hafa þróað og unnið með góðum árangri. Verkefnastjórn vann að greiningu á störfum inn í tilraunina í samráði við hagsmunaaðila. Fimm störf urðu fyrir valinu. Hæfniviðmið starfa voru útbúin fyrir matsferlið, byggð á hæfnigreiningum starfa (ferli FA) og matsaðilar fengu þjálfun í aðferðafræði raunfærnimats. Lagt var upp með 15 manna hópa úr störfunum fimm. Í samræðum stýrihópa hagsmunaaðila fyrir hvert starf kom í ljós þörf fyrir að vottun á hæfni í starfi fengi gildi á vinnumarkaði. Ákveðið var að útbúa Fagbréf í því skyni og er það tengt við íslenska hæfnirammann. Með því er sérhæfð sem og almenn hæfni starfsfólks gerð sýnileg og því auðveldara fyrir fólk að öðlast framgang í starfi og/eða fara á milli starfa. Um 70 manns hófu ferlið og hefur hluti þeirra fengið Fagbréf í hendur. Könnun á meðal þátttakenda og fyrirtækja leiddi ljós mikla ánægju með ferlið sem þótti hvetjandi og varpa skýrara ljósi á þá færni sem til staðar er í mannauði fyrirtækja. Hvernig Fagbréfið nýtist síðan fólk i inn í formlega skólakerfið á eftir að koma í ljós.

Raunfærnimat í almennri starfshæfni

Steinunn Björk Jónatansdóttir, náms- og starfsráðgjafi / deildarstjóri

Í þessu erindi verður gerð grein fyrir nýlegu meistaraverkefni þar sem markmiðið var að skoða hvaða áhrif raunfærnimat í almennri starfshæfni hefur á þá sem í matið fara. Almenn starfshæfni er yfirfæranleg færni sem má yfirfæra milli starfa og starfsgreina. Með raunfærnimati í almennri starfshæfni er hún gerð sýnileg, og auðveldar þátttakendum að átta sig á eigin hæfni, hvernig má þróast í starfi og taka að sér meira krefjandi störf og verkefni. Þátttakendur í rannsókninni

voru sex, komu frá tveimur símenntunarmiðstöðvum og voru allir í starfsendurhæfingu. Tekin voru hálfopin viðtöl. Niðurstöður leiddu í ljós að matsferlið virðist virka mjög valdeflandi á þáttakendur, auka sjálfstraust og þekkingu á eigin færni. Þáttakendur voru meðvitaði um hvað þeir hefðu afrekað og hvernig þeir gætu nýtt hæfni sína. Stuðningur náms- og starfsráðgjafa virðist hafa haft mikið að segja um að þáttakendur luku ferlinu. Áður höfðu þeir lagt mikið á sig til að stíga aftur inn í skólakerfið, jafnvel oftar en einu sinni en ekki tekist. Trú á eigin getu hafði boðið hnekki og þá skorti jákvæða upplifun. Allir viðmælendur voru sammála um að matið hefði haft afgerandi áhrif á hvernig þeir sæju sig og hjálpað þeim að hugleiða færni á nýjan hátt. Draga má þá ályktun að þáttakendur hafi fengið heildstæða nálgun sem virðist virka vel með annarri sjálfsvinnu.

Þróun leiðtoganámskeiða Menntafléttunnar um stærðfræðinám í leik- og grunnskólum

Rannsóknarstofa í stærðfræðimenntun

Margrét S. Björnsdóttir

Áhrif þáttöku í leiðtoganámskeiði á námssamfélag stærðfræðikennara í skólum

Birna Hugrún Bjarnardóttir, verkefnisstjóri, MVS HÍ

Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða hvaða áhrif þáttaka í leiðtoganámskeiði Menntafléttunnar hefur haft á námssamfélag stærðfræðikennara í skólum og hvað þarf að vera til staðar í skólasamfélagit til að hægt sé að efla námssamfélag stærðfræðikennara innan skólanna. Aðferðum starfendarannsókna var beitt við þessa rannsókn því sú aðferð hentar vel við rannsókn á skólastarfi. Þegar skólastarf er rannsakað er markmiðið yfirleitt að taka stöðuna og finna út hvernig hægt er að breyta eða bæta það sem fyrir er. Gögnin sem byggt er á eru niðurstöður úr könnun, fundargerðir, upptökur af fundum í skólum leiðtoga og námskeiðsgögn af námskeiði Menntafléttunnar; Hugtakaskilningur í stærðfræði. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að þáttakendur á leiðtoganámskeiði bæta við reynslubanka sinn og telja flestir að þeir hafi haft gagn af námskeiðinu þannig að þeir hafi breytt sínum kennsluháttum að einhverju leyti. Þeir eru

flestir jákvæðir gagnvart efni og fyrirkomulagi námskeiðsins og margir þeirra hafa náð að smita jákvæðni og áhuga til samkennara sinna. Margir þættir hafa áhrif á hversu öflugt námssamfélög eru í skólunum og þar koma skólastjórnendur til skjalanna. Þeir þurfa að sýna áhuga og stuðning og gefa tíma til samvinnunnar. Það sem skiptir höfuðmáli við að efla námssamfélög í skólum er öflugur félagastuðningur og samvinna kennara ásamt markvissum stuðningi stjórnenda.

Stærðfræðin í leik barna: Þróun námskeiðs fyrir stærðfræðileiðtoga í leikskólum

Magrét S. Björnsdóttir, aðjúknt, MVS HÍ og Valdís Ingimarsdóttir, leikskólakennari, leikskólanum Furuskógi

Tilgangurinn með erindinu er að varpa ljósi á þróunarverkefni um menntun stærðfræðileiðtoga í leikskólum. Námskeiðið er á vegum Menntafléttunnar og byggir á efni frá Skolverket í Svíþjóð sem þróað er og aðlagað þörfum leikskóla á Íslandi í samstarfi við leikskólakennara. Byggt er á rannsóknum Alan Bishop um sameiginlegan grunn í stærðfræði í ólíkum menningarheimum; að leika, útskýra, hanna, staðsetja, mæla og telja. Markmið verkefnisins er að byggja upp námssamfélag í leikskólum og er lögð áhersla á að læra að greina þau stærðfræðilegu viðfangsefni sem börn fást við í leik og starfi og styðja þau við að þróa hugmyndir sínar. Hverju námskeiði er skipt í fjóra þróunarhringi sem á fyrsta námskeiðinu eru: Stærðfræðileg viðfangsefni, leikur, útskýringar og skráningar. Í upphafi hvers þróunarhrings hittast leiðtogarnir ásamt kennurum á MVS og ræða um viðfangsefni hringsins. Leiðtogarnir vinna svo með samstarfsfólk sínu að því að greina stærðfræðina í athöfnum barnanna, ræða við þau og skrá námssögur. Leiðtogarnir segja frá samstarfinu í leikskólanum á næsta námskeiðsdegi. Gögnum var safnað með upptökum á námskeiðsdögum, skráningu minnispunkta, námssögum úr leikskólum og svörum leiðtoganna við opnum spurningum. Unnið var úr gögnunum frá upphafi og niðurstöður nýttar til að þróa verkefnið. Verkefnið nýttist vel til að laga námskeiðið að leikskólanum og þeim aðstæðum sem þar eru. Niðurstöður sýna að leiðtogarnir gátu nýtt sér það til að byggja upp námssamfélag innan leikskólans og meðal annarra leiðtoga. Sóknarfærin varðandi stærðfræði í leikskólum eru mikil og starfsmenn áhugasamir. Þetta er nauðsynlegt að virkja og hefur námskeiðið verið opnað fyrir alla leikskóla í haust.

Þróunarstarf um stærðfræðinám og -kennslu í grunnskóla

Rannsóknarstofa í stærðfræðimenntun

Jónína Vala Kristinsdóttir, MVS HÍ

Hugsun barna um reikning

Jónína Vala Kristinsdóttir, dósent, MVS HÍ; Guðbjörg Pálsdóttir, dósent, MVS HÍ og Ólöf Björg Steinþórsdóttir, dósent, Háskólanum í Norður-lowa í Bandaríkjum

Greint verður frá rannsókn á talna- og aðgerðarskilningi barna sem er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs og Háskólans í Norður-lowa. Tilgangurinn er að skoða hvernig 5-10 ára börn takast við reikniþrautir. Lagðar voru þrautir fyrir 70 börn og rætt við þau um lausnaleiðir þeirra. Viðtölin voru tekin upp á myndband. Lausnaleiðir barnanna voru greindar með hlíðsjón af greiningarviðmiðum stærðfræðikennslu byggðri á skilningi barna (SKSB). Niðurstöður rannsókna SKSB leiddu í ljós að lausnaleiðir barna þróast frá því að nota hlutbundið líkan, yfir í talningu og tengslahugsun. Greint var hvaða lausnaleiðir íslensku börnin nota og hvernig þau útskýra hugsun sína. Börnin glímdu við ólíkar gerðir þrauta. Hér verður sjónum beint að hvernig þau tókust á við þrautir um sameiningu, aðskilnað, hluta-hluta-heild og samanburð. Lausnaleiðir barnanna voru ólíkar og komu fram dæmi um þrjú stig lausnaleiða. Mörg börn reiknuðu í huganum en nýttu hlutbundið líkan til að útskýra lausnaleið sína og staðfesta niðurstöðu sína. Í útskýringum þeirra kom glöggt fram skilningur þeirra á tölu og reikningi og vald á stærðfræðilegri orðræðu. Dæmi verða gefin um ólíkar lausnaleiðir og tjáningu barnanna um þær. Börnin sýndu góðan skilning á inntaki þrautanna og áræði og þor við að leysa þær. Þau áttu þó mörg í erfiðleikum með að útskýra lausnaleiðir sínar og skrá þær. Þó komu fram áhugaverð dæmi um það sem læra má af. Börnin virtust mörg hver ekki vön að ræða lausnaleiðir sínar og skrá hugsun sína. Niðurstöður benda því til að efla þurfi áherslu á þessa þætti í kennaramenntun og starfsþróun kennara.

Líkan fyrir skapandi stærðfræðinám

Ósk Dagsdóttir, doktorsnemi, MVS HÍ

Stærðfræði og sköpun eru orð sem ekki heyrast oft saman. Þrátt fyrir það er vinna stærðfræðinga og annarra ví sindamanna oft á tíðum skapandi þar sem þeir leita að lausnum í óþekktum heimi. Því miður skilar þessi sköpun sér oft ekki inn í þá stærðfræði sem börn læra í skólam en aðalnámskrá leggur áherslu á að sköpun sé grunnþáttur í námi og að lögð skuli áhersla á sköpun í öllum greinum og á öllum skólastigum. Hér segir frá líkani um skapandi stærðfræðinám sem byggir á starfendarannsókn sem framkvæmd var í íslenskum grunnskóla. Rannsóknargögnum var safnað með kennurum af yngsta stigi sem unnu markvisst að því að innleiða sköpun í stærðfræðinámi. Skoðað var hvernig kennararnir lýstu áhrifum þess að leggja áherslu á sköpun í sinni stærðfræðikennslustofu.

Kennurunum fannst mikilvægt að styrkja þennan þátt í stærðfræðináminu og greint var hvaða þættir skiptu máli til þess að ná því. Kennurunum fannst leikur og spil gagnast vel og efla innri áhugahvöt nemenda. Verkleg gögn reyndust styðja nemendur til þess að byggja upp sínar eigin stærðfræðihugmyndir og umræður voru lykillinn að góðum hugtakaskilningi og skapandi hugsun. Takmarkandi þættir voru tími og rými. Lengri kennslustundir og minni hópar ýttu undir sköpun. Í líkaninu sem um ræðir eru þessar niðurstöður settar í samhengi og skoðaðar sem heild fyrir skapandi stærðfræðinám. Þessi rannsókn bætir við þekkingu á sköpun í stærðfræðinámi og getur stutt skóla og kennara til þess að styðja við þennan mikilvæga þátt betur. Áhugavert væri að rannsaka hvort líkanið hefur víðtækari skírskotun í námi.

Faglegur stuðningur við starfsþróun kennara – Fjölbreyttir kennsluhættir í stærðfræði Þórgunnur Óttarsdóttir, grunnskólakennari, Brekkubæjarskóla

Tilgangurinn með rannsókninni er að varpa ljósi á hvernig faglegur stuðningur við stærðfræðikennslu getur stutt við starfsþróun stærðfræðikennara og leitt til breytinga á kennsluháttum. Gagna var aflað með eigindlegum aðferðum, fyrir rannsókn og meðan á rannsókn stóð. Forathugun var framkvæmd með tvennum hætti; skriflegri hugleiðingu þátttakenda og opnum viðtölum. Skriflegri hugleiðingu þátttakenda var ætlað að veita innsýn í þarfir og óskir þátttakenda, eins konar sjálfsmat – hvað var að ganga vel og hvaða stuðning þeir töldu sig þurfa við innlagnir og hvatningu til náms. Einnig lögðu þátttakendur mat á eigin fagmennsku sem stærðfræðikennara. Opin viðtöl voru tekin við þátttakendur. Markmiðið með

viðtalnu var að safna nánari upplýsingum um stærðfræðilegan bakgrunn þátttakenda, viðhorf þeirra til stærðfræðináms og -kennslu, og viðhorfs þeirra á eigin kennslu í stærðfræði. Á meðan rannsókn fór fram var gögnum safnað á þrenna vegu; með upptökum af vikulegum fundum með þátttakendum ásamt vettvangsnótum á fjögurra vikna tímabili. Fylgst var með þátttakendum í kennslu, þrjár kennslustundir á hvern þátttakanda, níu alls og hugleiðingum þátttakenda um starfsþróun og áhrif hennar á stærðfræðikennslu þeirra. Helstu niðurstöður benda til þess að stuðningur frá fagaðila í stærðfræði geti stutt við starfsþróun kennara og stutt þá til breytinga á kennsluháttum. Þegar hugleiðingar þátttakenda í lok rannsóknar eru skoðaðar má greina two meginþætti sem styðja við starfsþróun kennara; samvinnu kennarateymis og faglegan stuðning.

Hvernig er hægt að fyrirbyggja erfiðleika í lestri?

Rannsóknarstofa um þroska, læsi og líðan barna og ungmenna

Steinunn Torfadóttir

Er hægt að byrgja brunninn og koma í veg fyrir lestrarerfiðleika? Fylgst með árangri og framvindu lestrarnáms hjá nemendum, sem lenda í áhættuhóp vegna lestrarerfiðleika í upphafi grunnskóla

Helga Sigurmundsdóttir, aðjúpnt, MVS HÍ og Steinunn Torfadóttir, lektor, MVS HÍ

Um 22% barna skimast í áhættuhóp á skimunarprófi Lesferils vegna hugsanlegra lestrarerfiðleika, á hverju hausti, áður en formleg lestrarkennsla hefst. Markmið skimunar er að veita öflugt inngríp og eftirfylgni í kjölfarið til að freista þess að koma í veg fyrir að lestrarvandinn vaxi og teygi sig upp á mið- og unglungastig. Fylgst var með árangri lestrarnáms hjá 10 nemendum í áhættuhópi og skoðað hvernig inngríp, sérkennsla og/eða stuðningur nýtist þessum hópi barna, hvort þau ná árangri til jafns við jafnaldra og hvað það tekur langan tíma. Niðurstaðan leiddi í ljós að börn með vægari vanda (áhættuhóp 3) eru alla jafna fljótari að ná árangri og þurfa síður á sérkennslu að halda ef kennsla í bekk er einstaklingsmiðuð. Nemendur með flóknari vanda (í áhættuhópi 1) þurfa gjarnan mjög markvissan, öflugan stuðning og eftirfylgni til lengri tíma. Með markvissu inngrípi kemur í ljós að framfarir þeirra geta samt sem áður oft verið hlutfallslega meiri en hjá

þeim nemendum sem eru utan áhættu. Hins vegar getur tekið langan tíma að brúa bilið sem skapast hefur milli þeirra og jafnaldra. Markviss eftirfylgni og áframhaldandi stuðningur virðist því vera lykilatriði fyrir þá nemendur.

Athugun á tengslum lesfimi og lesskilnings: Gefur færni í lesfimi vísbendingar um hvernig nemendum í 9. og 10. bekk gengur að ná lesskilningi við lestur á aldurssvarandi, samfelldum, fræðilegum texta sem er 3-4 bls. að lengd?

Steinunn Torfadóttir, lektor, MVS HÍ og Helga Sigurmundsdóttir, aðjúknt, MVS HÍ

Vitað er að nemendur með slaka lesfimi (sjálfvirkni) þurfa meiri tíma til að komast yfir sambærilegt námsefni en jafnaldrar. Því má gera ráð fyrir að lesefni á unglingsastigi og í framhaldsskóla geti reynst þeim fyrirhafnarsamt og að það komi niður á úthaldi og einbeitingu við lestur, sem aftur hefur truflandi áhrif á lesskilning. Til að kanna fyrrgreind atriði voru valdir 50 nemendur með góða, í meðallagi og slaka lesfimi. Könnun var lögð fyrir nemendur á lestrarvenjum og gerð athugun á lesfimi og lesskilningi eftir lestur á lengri texta. Til að minnka álag á minnisþætti voru nemendur látnir lesa textann tvívar yfir í hljóði, en máttu ekki leita að svörum í textanum eftir það. Á heildina litið benda niðurstöður til að úthald við lestur á fræðilegum, samfelldum texta sé minna hjá nemendum með slaka lesfimi en hjá hinum og að lesskilningur sé þeim erfiðari eftir því sem lesefnið verður lengra. Í erindinu verður gerð grein fyrir niðurstöðum mismunandi lesskilningsþátta og dregnar ályktanir um styrkleika og veikleika í lesskilningi með hliðsjón af því.

Samfélagsmiðlar, ofbeldi og nám í deiglu – Tómstundafræði í tuttugu ár

Rannsóknarstofa í tómstundafræði

Jakob Frímann Þorsteinsson

Gæði og gagnsemi náms í tómstunda- og félagsmálafræði: Rannsókn meðal brautskráðra nemenda 2013-2020

Jakob Frímann Þorsteinsson, aðjúnkt, MVS HÍ og Guðmundur Ari Sigurjónsson

Árið 2021 eru tuttugu ár síðan nám í tómstunda- og félagsmálafræði hófst og því verður gerð rannsókn meðal brautskráðra nemenda. Hún er framhald á rannsókn frá 2013 og náði til 96 nemenda sem þá höfðu brautskráðst með BA-gráðu í tómstunda- og félagsmálafræði frá Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands á árunum 2005-2012. Til og með árinu 2020 hafa 296 nemendur útskrifast með BA-gráðu í faginu og því nær rannsóknin núna til um 200 nemenda. Markmiðið er að skoða gæði og gagnsemi námsins, hvernig það hefur nýst þeim í lífi og starfi, og sem undirbúningur undir frekara nám. Tilgangur rannsóknarinnar er að draga upp heildstæða mynd af viðhorfum fyrrum nemenda og með hvaða hætti hægt er að þróa námið og bæta þannig að það sé í takt við samtímann og góður grunnur fyrir framtíðina. Notast verður við þýddan og staðfærðan spurningalista frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sem byggir á spurningalistanum Destination of leavers from higher education sem HESA (The Higher Education Statistics Agency) þróaði. Bætt verður við nokkrum spurningum er tengjast sérstöðu námsins og afmörkuðum þáttum eins og vettvangsnámi. Spurningalistakönnun var send út í byrjun ágúst 2021 til brautskráðra nemenda áranna 2013 til 2020. Einnig verða framkvæmd þrjú rýnihópaviðtöl til að fá fyllri lýsingu á reynslu nemenda og hugmyndir þeirra. Í erindinu verða kynntar frumniðurstöður úr spurningalistakönnuninni og rýnihópaviðtolunum.

Vettvangsnám nemenda í tómstunda- og félagsmálafræði: Raddir nemenda

Steingerður Kristjánsdóttir, aðjúnkt, MVS HÍ

Í þessu erindi verður sjónum beint að upplifun útskrifaðra nemenda í tómstunda- og félagsmálafræði af námi á vettvangi. Tekið er sérstaklega til þeirra þáttta, sem snúa að leiðsögn þeirra í náminu og tækifærum þeirra til að þróa eigin starfskenningu og fagvitund. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum spurningakönnunar, sem send var nemendum sem útskrifuðust á árunum 2012 til 2020. Í þeiri könnun var spurt um reynslu þeirra af leiðsögninni í vettvangsnáminu og hvort markmið vettvangsnámsins hefðu verið raunhæf. Einnig verða kynntar niðurstöður úr

rýnihópum sem varpað geta ljósi á framtíð og þróun vettvangsnámsins til framtíðar. Þessar niðurstöður verða síðan bornar saman við könnun sem lögð var fyrir leiðbeinendur í vettvangsnámi árið 2020. Niðurstöðurnar verða nýttar til frekari endurskoðunar og þróunar á vettvangsnámi nema í tómstunda- og félagsmálafræði.

Aðgengi fyrir alla: Frá hugmynd í framkvæmd

Eyrún Ólöf Sigurðardóttir, aðjúknt, MVS HÍ

Umræður um mikilvægi óformlegs náms hafa á síðustu árum og áratugum fengið æ meira vægi innan og utan fræðasamfélagsins. Á sama tíma hefur meðvitund um gildi tómstundaiðkunar aukist, enda eru tómstundir einn helsti vettvangur óformlegrar menntunar og reynslunáms, sem ýmislegt bendir til að mæti þörfum breiðari hóps en formlegt nám gerir. Rannsóknir sýna þó að einstaklingar sem búa við jaðarsetningu vegna fötlunar, uppruna eða húðlitar, efnislegrar stöðu, kynhneigðar og -verundar, svo dæmi séu tekin, hafa oft skert aðgengi að tómstundum.

Afleiðingar þessa geta verið allt frá neikvæðum áhrifum á andlega, líkamlega og félagslega heilsu, til félagslegrar útskúfunar og stigma. Á meðal þeirra hindrana sem mæta jaðarskipuðum einstaklingum og hópum hvað varðar aðgengi að tómstundum eru félagslegir, sálrænir og líkamlegir þættir sem mikilvægt er að taka til greina allt frá skipulagningu til framkvæmdar og mats á gæðum í tómstundastarfi. Í erindinu er gerð grein fyrir fræðilegri umfjöllun um tómstundir án aðgreiningar (e. inclusive leisure) og samtvinnunarfemínisma (e. intersectional feminism). Sérstakri athygli er beint að því hvernig þessir kenningarammar skarast og hvernig sú þekking sem hefur myndast innan þeirra á nýliðnum árum getur myndað grunn að aðgerðaáætlun til að koma til móts við það samfélagslega vandamál sem ójafnræði í aðgengi að tómstundum er. Rýnt er í fræðilega umfjöllun og rannsóknir á sviðinu og lögð fram tillaga að því hvernig hægt er að setja hugmyndir um tómstundir án aðgreiningar í framkvæmd með skipulögðum og faglegum hætti.

Samfélagsmiðlanotkun unglings – Færir eða forátt?

Ársæll Arnarsson, prófessor, MVS HÍ

Yfirlýst markmið samfélagsmiðla er að auka tækifæri fólks til að tengjast og eiga samskipti. Á undanförnum árum hafa þó komið fram vísbendingar um að í einhverjum tilfellum geti notkun einstaklinga á þessum miðlum orðið stjórnlaus og þráhyggjukennd. Þessar áhyggjur hafa einkum og sér í lagi beinst að börnum og unglungum. Health Behaviour in School-aged Children (HBSC) er fjölpjóðleg rannsókn sem studd er af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og skoðar heilsu og aðstæður 11-15 ára barna í 45 löndum fjórða hvert ár. Í síðustu fyrirlögn veturninn 2017-2018 tók 227.441 unglungur þátt. Þeir svöruðu m.a. spurningum um ákefð og vandamál tengd samfélagsmiðlanotkun sinni. Niðurstöðurnar sýna hvernig unglingar nota samfélagsmiðla og mikilvægi þeirra í daglegu lífi. Þegar horft er til unglings sem nota samfélagsmiðla mikið, er hægt að skipta þeim í two hópa: Annars vegar áköf notkun (35% þátttakenda) og hins vegar skaðleg notkun (7% þátttakenda). Þessi tvískipting er mikilvæg vegna þess að skaðleg notkun líkist annarri fíknihegðun og hefur neikvæða fylgni við ýmsar breytur sem mæla vellíðan, á meðan áköf notkun hefur jákvæða fylgni við sömu breytur. Í langflestum löndum (42/45) voru jákvæð tengsl milli ákafrar notkunar samfélagsmiðla við upplifun unglings af stuðningi vina sinna. Hins vegar hafði skaðleg notkun neikvæð áhrif á lífsánægju unglings í flestum löndum (40/44). Niðurstöðurnar benda til þess að notkun samfélagsmiðla getur verið jákvæð fyrir unglings og hjálpað þeim að mynda og viðhalda tengslum við félaga. Í einhverjum tilfellum geta unglings hins vegar misst stjórn á þessari notkun og þá veldur hún skaða.

Ofbeldi og samskiptavandi: Leiðir og lausnir

Vanda Sigurgeirs dóttir, lektor, MVS HÍ

Ýmis vandamál koma upp í samskiptum meðal barna á grunnskólaaldri. Má þar nefna einelti, fordóma, höfnun, ofbeldi, stríðni, samskiptavanda og ljótt orðbragð. Slík hegðun hefur yfirleitt neikvæð áhrif og bitnar m.a. á líðan, bekkjaranda og námi. Hegðunin sem hér er lýst beinist í sumum tilfellum einnig gegn kennurum og öðru starfsfólki skóla. Erfitt og flókið er að vinna með mörg þessi mál og yfirleitt þarf að beita fjölpættum og langvarandi lausnum. Erindið fjallar einmitt um slíkar lausnir, þar sem unnið er með klassískar aðferðir tómstundafraeðinnar, eins og reynslunám, hópefli og félagsfærniþjálfun. Um er að ræða starfendarannsókn, þar sem höfundur ígrundar og rýnir í eigið starf með kennurum og öðru starfsfólki í tveimur grunnskólum á Íslandi.

Gagnasöfnun hófst vorið 2021 og er ekki lokið. Gagna var aflað með rannsóknardagbók og viðtölum við kennara. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hvernig tekist hefði að leysa flókin og erfið mál og hvernig handleiðsla og stuðningur höfundar nýttist kennurum í starfi.

Forniðurstöður benda til að nauðsynlegt sé að bregðast við á landsvísu, því ofbeldi er ekki boðlegt. Kennararnir voru sammála um að utanaðkomandi stuðningur virkar vel og að mikilvægt sé að fá fleiri fagstéttir og fagfólk inn í grunnskólana. Í erindinu verður fjallað nánar um lausnir í flóknum málum og hvaða aðferðir gagnast best.

Hegðun og líðan grunnskólabarna: Þekking starfsfólks – Leiðir til árangurs

Rannsóknarstofa um þroska, læsi og líðan

Magrét Sigmarsdóttir

Vinnulag grunnskólakennara og faglegur stuðningur vegna hegðunar- og tilfinningavanda nemenda

Sesselja Magnúsdóttir, meistaranemi, HVS HÍ og Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, dósent, MVS HÍ

Skólastarf á Íslandi hefur tekið ýmsum breytingum undanfarin ár og nemendahópar íslenskra grunnskóla eru sífellt fjölbreyttari. Starfsumhverfi kennara er krefjandi, til dæmis vegna aukins vinnuálags og krefjandi hegðunar nemenda, sem er mikið áhyggjuefni kennara. Þau úrræði sem kennrarar hafa yfir að ráða í þessu samhengi virðast ekki duga, þrátt fyrir viðleitni skólayfirvalda til ýmiss konar úrbóta. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kanna mat kennara á umfangi hegðunarvanda nemenda í grunnskólum í Reykjavík og hvort eða hvaðan kennrarar fengju stuðning til þess að mæta þörfum nemenda. Þátttakendur voru 77 grunnskólakennrarar og var meirihluti þeirra konur. Niðurstöður sýndu að flestir þátttakendur tókust á við erfiða hegðun nemenda nánast daglega eða oft á dag. Meirihluti hópsins sagðist oft fá stuðning frá samkennurum og/eða stuðningsfulltrúum. Marktæk tengsl mældust milli aga-/hegðunarstefnu skóla og mats þátttakenda á gagnsemi stuðnings við að mæta þörfum nemenda, (15, N=60) =

36,15, $p = 0,002$. Þær aðferðir sem þáttakendur sögðust beita oftast í tengslum við hegðun nemenda voru að styrkja viðeigandi hegðun og að styrkja ekki óviðeigandi hegðun. Nær allir þáttakendur voru sammála því að nemandi sem sýnir erfiða hegðun lærir minna vegna hennar og meirihluti var sammála um að erfið hegðun fengi þá til að íhuga að hætta að kenna. Þessar niðurstöður benda til þess að hegðunarvandi nemenda í grunnskólum í Reykjavík sé enn tölverður og að þessi hópur kennara hafi hvorki fengið næga þjálfun né stuðning til þess að takast á við þennan umfangsmikla vanda. Helsta takmörkun rannsóknarinnar var smæð og einsleitni úrtaksins.

Áhrif virknimats og stuðningsáætlunar á hegðun og námsástundun þriggja grunnskólanemenda

Katrín María Elínborgardóttir, meistaranemi, MVS HÍ og Anna-Lind Pétursdóttir, professor, MVS HÍ

Erfið hegðun er hluti af félagslegu samhengi og áhrifaþætti hennar er hægt að flokka í bakgrunnsáhrifavalda, aðdraganda og afleiðingar. Sagt verður frá rannsókn þar sem virknimat var notað til að greina áhrifaþætti á truflandi hegðun og vanvirkni hjá þremur grunnskólanemendum og stuðningsáætlanir framkvæmdar til að bæta hegðun og námsástundun í kennslustundum. Þáttakendur voru þrír strákar í 3. til 5. bekk í tveimur skólum á höfuðborgarsvæðinu með sögu um langvarandi hegðunarvanda. Einn þeirra var auk þess með greiningu um röskun á einhverfurófi. Þrjú teymi háskólanema í námskeiðinu Hegðunar- og bekkjarstjórnun gerðu virknimat og stuðningsáætlanir í samstarfi við grunnskólakennara og foreldra þáttakenda, undir handleiðslu umsjónarkennara námskeiðsins og vettvangskennara í starfsþjálfun nemanna í hagnýtri atferlisgreiningu. Virknimat fól í sér óbeinar aðferðir (t.d. mat á bakgrunnsupplýsingum og viðtöl við kennara, foreldra og nemendur) og beinar athuganir (t.d. á aðdraganda, hegðun og afleiðingum markhegðunar). Einstaklingsmiðaðar stuðningsáætlanir voru útbúnar og framkvæmdar í samræmi við niðurstöður virknimats. Áhrif af stuðningsáætlunum voru metin með margföldu grunskeiðssniði milli þáttakenda. Helstu niðurstöður voru að þáttakendur drógu úr truflandi hegðun og juku námsástundun sína eftir innleiðingu inngríps. Kári (dulnefni) lagði að meðaltali 34% meiri rækt við námið, Ólafur (dulnefni) 43% og Hannes

(dulnefni) 49%. Tilvikum truflandi hegðunar hjá Kára fækkaði að meðaltali úr 48 í 5 á 20 mínútna athugunartímabilum, hjá Ólafi úr 15 í 0 og hjá Hannesi úr 59 í 10 eftir framkvæmd stuðningsáætlana. Niðurstöður benda til þess að einstaklingsmiðaðar stuðningsáætlanir byggðar á virknimati geti dregið úr langvarandi hegðunarvanda grunnskólanemenda.

Dregið úr hegðunarerfiðleikum nemanda með ADHD

Guðrún Jóhannsdóttir, meistaranemi, MVS HÍ; Anna Guðrún Steindórsdóttir, meistaranemi, MVS HÍ; Guðbjörg Guðmundsdóttir, meistaranemi, MVS HÍ; Magnea Dröfn Hlynsdóttir, meistaranemi, MVS HÍ; Unnur Jónsdóttir, meistaranemi, MVS HÍ og Margrét Sigmarsdóttir, dósent, MVS HÍ

Kynnt verður verkefni þar sem notað var virknimat til að útbúa einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun. Tilgangur verkefnisins var fyrst og fremst að draga úr truflandi hegðun hjá 10 ára tvítyngdum nemanda með sögu um erfiða hegðun í kennslustundum. Samhliða voru væntingar um aukna námsástundun. Nemandinn er með nýlega greiningu um ADHD. Samantekt var gerð úr þeim gögnum sem safnað var með beinum athugunum og óbeinum aðferðum, svo sem viðtölum við kennara, foreldri og nemanda. Niðurstöður virknimats voru svo notaðar til að hanna einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun þar sem inngríp var ákveðið út frá tíðni hegðunarinnar og stóð yfir í tvær vikur. Til að auka líkur á viðeigandi hegðun voru gerðar breytingar á umhverfi barnsins, með því að hafa áhrif á bakgrunnsáhrifavalda, aðdraganda og afleiðingar. Áhersla var á að kenna viðeigandi hegðun og styrkja hana kerfisbundið með táknstyrkjakerfi í formi hvatningarbókar þar sem dregið var markvisst úr notkun táknstyrkingar. Námsástundun og truflandi hegðun var metin með endurteknum beinum áhorfsmælingum í bóklegum kennslustundum sem reynst höfðu nemandanum erfiðar. Niðurstöður sýndu að námsástundun jókst að meðaltali úr 9,8 í 15,25 mínútur á 20 mínútna tímabili meðan á íhlutun stóð og tíðni truflandi hegðunar fór úr 22,5 tilvikum niður í 12 tilvik að meðaltali við lok íhlutunar. Niðurstöður benda til þess að hægt sé að auka samvinnu og námsástundun nemenda með ADHD með því að nota einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun sem byggist á virknimati og gagnreyndum aðferðum til íhlutunar.

„þú þarf að hafa breitt bak til að vinna í svona“: Upplifun og reynsla stuðningsfulltrúa af krefjandi hegðun nemenda í grunnskólum

Árdís Flóra Leifsdóttir, kennari, Sunnulækjarskóla; Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, dósent, MVS HÍ og Annadís Greta Rúdólfssdóttir, dósent, MVS HÍ

Stuðningsfulltrúar í íslenskum grunnskólum vinna gjarnan með nemendum sem sýna krefjandi hegðun og/eða vanlíðan, en kanna þarf betur þekkingu þeirra og reynslu á þessu sviði. Markmið þessarar eigindlegu viðtalsrannsóknar var að kanna ábyrgð og hlutverk stuðningsfulltrúa við að styðja við þennan hóp nemenda, fræðslu- og þjálfunartækifæri, vinnubrögð og líðan þeirra í starfi. Fræðilegt sjónarhorn var fyrirbærafræði og mótnunarhyggja. Þáttakendur voru sex og höfðu allir starfað sem stuðningsfulltrúar í grunnskólum með nemendum sem sýndu krefjandi hegðun. Þemagreining leiddi í ljós eftirfarandi þemu: 1) Vanlíðan nemenda ástæða krefjandi hegðunar, 2) yfirveguð og góð samskipti best til að koma til móts við nemendur, 3) stuðningsfulltrúi látiðinn axla ábyrgð á krefjandi hegðun og vinnufriði í skólastofunni, 4) skortur á stuðningi við krefjandi hegðun, 5) samvinna og samtal milli starfsmanna mikilvæg fyrir líðan og 6) undirbúningur og fræðsla fyrir starfið mikilvæg. Þáttakendur höfðu allir upplifað krefjandi hegðun nemenda, sem þeir töldu að skýrðist af umhverfi/áreiti sem ylli nemendum vanlíðan. Þeir töldu mikilvægt að bregðast við með ró og lögðu sig fram við að eiga gott samband við nemendur. Þáttakendum fannst vanta fræðslu fyrir allt starfsfólk skóla um notkun gagnlegra aðferða í starfi með nemendum. Starfsaðstæður, stuðningur og samskipti við starfsfólk höfðu áhrif á líðan þeirra. Mikilvægt er að tryggja fræðslu og þjálfun fyrir starfsfólk skóla til að takast á við krefjandi hegðun nemenda. Stuðla þarf að góðum starfsanda til að auka vellíðan og úthald starfsfólks, einkum stuðningsfulltrúa. Tryggja þarf að stuðningsfulltrúar fái stuðning til að takast á við krefjandi hegðun nemenda.

Fötlun á tínum faraldurs

Ásta Jóhannsdóttir

Fatlað fólk í hamförum

Ásta Jóhannsdóttir, lektor, MVS HÍ

Í þessu erindi verður farið yfir áhrif hamfara á líf og aðstæður fatlaðs fólks, ásamt að greina viðbragðsáætlanir almannavarna og leiðbeiningar í hamförum með tilliti til aðstæðna fatlaðs fólks. Fatlað fólk er í sérstaklega viðkvæmri stöðu þegar kemur að hamförum þar sem það er líklegra en annað fólk til að búa við fátækt og vera jaðarsett í samfélaginu. Þrátt fyrir þetta hefur fatlað fólk orðið útundan í allri umræðu um almannavarnir og hamfarir, bæði í rannsóknum og opinberri umræðu. Ekki hefur verið fjallað um fatlað fólk og hamfarir áður í íslensku fræðasamfélagi og er þetta erindi hugsað til að vekja athygli á sérstökum aðstæðum fatlaðs fólks þegar ógn steðjar að samfélaginu og hvetja til frekari umfjöllunar á þessu sviði. Notast var við fyrliggjandi gögn úr skýrslusöfnum ýmissa alþjóðastofnana (t.d. UNDRR, UNESCO, UNICEF, WHO, ICFR) og skýrslur frá samtökum fatlaðs fólks um viðbrögð og stöðu í kjölfar hamfara. Einnig var leitað eftir fræðilegu efni um fötlun og hamfarir (e. disability and disasters) í eftirfarandi gagnagrunnum: EBSCO, ProQuest, Google Scholar og Leitir. Að lokum var notast við gögn almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra sem vörðuðu leiðbeiningar um viðbrögð við almannavá og áhættu annars vegar og viðbragðsáætlanir hins vegar. Við greiningu gagna og framsetningu niðurstaðna var beitt kenningum um samtvinnun og ableisma. Niðurstöður sýna að skortur á samráði við fatlað fólk og ableískar viðbragðsáætlanir eru sterk tilhneiting á alheimsvísu. Einnig að samspil umhverfis og félagslegra þátta getur aukið alvarleika hamfara fyrir fatlað fólk og á rætur að rekja til abelískra viðmiða samfélagsins.

Áhrif COVID-19 á heimilum fólks sem þarf mikinn stuðning í daglegu lífi

Ágústa Björnsdóttir, verkefnastjóri, MVS HÍ og Guðrún Valgerður Stefánsdóttir, prófessor, MVS HÍ

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur haft mikil áhrif á allt samfélagið en ekki síst á heimilum fólks sem þarf mikinn stuðning í daglegu lífi. Í erindinu verður byggt á fyrstu niðurstöðum rannsóknar sem er hluti af rannsókninni Fötlun á tímum faraldurs. Sjónum verður sérstaklega beint að áhrifum heimsfaraldursins á heimilum fólks sem þarf mikinn stuðning í daglegu lífi og tjáir sig

með óhefðbundnum tjáskiptaleiðum. Í þessum hluta rannsóknarinnar er byggt á einstaklingsviðtölum við 12 foreldra og rýnihópaviðtölum við 30 starfsmenn. Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar benda til að áhrif COVID-19 hafi verið víðtæk og kallað á flókna endurskipulagningu á heimilum fólksins og ýmsa neikvæða þætti eins og einangrun. Á tímabili var engin dagþjónusta í boði og bæði foreldrar og starfsfólk lýstu miklu tilfinningalegu á lagi. Þá mátti greina mikla smithræðslu sem tengist ekki síst því að um viðkvæman hóp er að ræða og bæði starfsfólk og foreldrar höfðu af því áhyggjur að sumir af íbúum myndu hreinlega ekki lífa af ef þeir smituðust. Þó að heimsfaraldurinn hafi kallað á flókna endurskipulagningu á heimilum fólksins mátti líka greina jákvæðar hliðar. Sem dæmi má nefna að bæði foreldrar og starfsfólk töldu að fjöldatakrakanir í kjölfar faraldursins hefðu orðið til að skipulagið og þjónustan á heimilinu batnaði, færra starfsfólk kom að sérhverjum einstaklingi og þjónustan varð einstaklingsmiðaðri. Af niðurstöðum má því draga bæði jákvæða og neikvæða lærðóma sem nýta má í þjónustu við þennan hóp fólks.

Fólk með þroskahömlun í heimsfaraldri af völdum COVID-19

Hrafnhildur Snæfríðardóttir Gunnarsdóttir, doktorsnemi, MVS HÍ, Tinna Ólafsdóttir, doktorsnemi, MVS HÍ og Kristín Björnsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Í mars 2020 lýsti Alþjóðaheilbrigðismálstofnunin (WHO) því yfir að COVID-19 væri heimsfaraldur og varaði um leið við því að fatlað fólk væri í áhættuhópi hvað varðar alvarlegar afleiðingar af völdum sjúkdómsins. Landlæknir og almannavarnadeild ríkislöggreglustjóra brugðust við þessari nýju ógn sem steðjaði að þjóðinni með ýmsum aðgerðum en mikil áhersla var lögð á að við værum öll almannavarnir. Þannig voru borgarar kallaðir til ábyrgðar í baráttunni gegn faraldrinum með persónulegum sóttvörnum. Í erindinu verður sjónum beint að fólk með þroskahömlun og skoðað hvaða þáttum huga þarf að þegar meta á hvort það sem hópur sé í áhættu fyrir alvarlegri COVID-19 sýkingu. Rýnt verður í leiðbeiningar um persónulegar sóttvarnar, ábendingar WHO og skoðað í samhengi við þann veruleika sem fólk með þroskahömlun býr við. Beggja vegna Atlantshafsins hefur dánartíðni fólks með þroskahömlun verið hlutfallslega há, auk þess að vera líklegt til þess að fá alvarlega fylgikvilla. Fatlað fólk var ekki meðal þeirra sem Landlæknisembættið skilgreindi í aukinni hættu eða mögulega í aukinni

hættu á alvarlegri veikindum af völdum COVID-19. Umfjöllunin um heimsfaraldurinn verður sett í samhengi við niðurstöður rannsóknarinnar Fötlun og heilsa sem framkvæmd var af Félagsvísendastofnun 2017 og endurtekin 2021. Niðurstöður okkar eru að fólk með þroskahömlun sé meðal þeirra sem skilgreina ætti sem áhættuhóp í heimsfaraldrinum og því mikilvægt að það hafi aðgang að viðeigandi stuðningi og heilbrigðisþjónustu til jafns við aðra.

Staða fatlaðs fólks í COVID-19: Sjónarhorn feminískrar lífsiðfræði

Ástríður Stefánsdóttir, dósent, MVS HÍ

Í þessum fyrirlestri verður byrjað á að kynna sjónarhorn feminískrar siðfræði, í hverju það felst og hvers vegna sú siðfræði sem hér um ræðir hentar einkar vel til að skoða siðferðilega stöðu fatlaðs fólks í COVID-19-faraldrinum. Það er vel þekkt að fatlað fólk hefur almennt verri aðgang að heilbrigðisþjónustu en aðrir. Á tímum heimsfaraldurs er hætta á að þær hindranir sem það mætir styrkist og auki þar með hið félagslega óréttlæti sem í þessu felst. Hér verður sjónum beint að því hvernig þessi grein siðfræðinnar nýtist til að opna augu okkar fyrir valdaójafnvægi, fordóum og kerfisbundinni gleymsku sem kemur í veg fyrir aðgang fatlaðs fólks að sjálfsagðri þjónustu. Hér er því áhersla á að greina umhverfi einstaklingsins og það kerfi sem hann býr í. Jafnframt verður fjallað um hvers vegna þetta er siðferðilegur vandi. Nýmæli þessarar nálgunar í siðfræði er að hér er gengið út frá því að hinn kerfislægi vandi sé ekki einungis ámælisverður, heldur sé hann siðferðilega ámælisverður. Það sé því merki um félagslegt óréttlæti sem okkur beri að leiðréttu þegar tilteknir hópar búi við kúgun vegna kerfislægra hindrana í umhverfi sínu. Til að varpa frekara ljósi á hvernig þetta siðfræðilega sjónarhorn nýtist verða skoðuð einstök dæmi og sögur frá fötluðu fólk sem komið hafa fram í rannsókninni Fötlun á tímum faraldurs. Við greiningu dæmanna verða dregnar fram þær áherslur sem þessi tegund siðfræði vinnur með og fjallað um mikilvægi þeirra.

Háskólar: Nemendur og tengsl

Rannsóknarstofa um háskóla

Magnús Þór Torfason

Tengslamyndun fyrsta árs nema í COVID-19 faraldrinum

Magnús Þór Torfason, dósent, FVS HÍ; Anna Helga Jónsdóttir, dósent, VoN HÍ og Margrét Sigrún Sigurðardóttir, dósent, FVS HÍ

Góð tengsl við samnemendur eru mikilvægur þáttur í háskólanámi. Rannsóknir sýna að nemendur með veikara tengslanet eru líklegri til að hverfa úr námi en þeir sem hafa sterkara tengslanet. Tengsl sem nemendur stofna til í háskóla skipta máli fyrir upplifun og vellíðan nemenda og starfsframa eftir námslok. Haustið 2017 var gerð könnun á tengslanetum fyrsta árs nema á Félagsvínsindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Könnunin var endurtekin og þróun tengslaneta nemendanna greind. Haustið 2020 hóf annar hópur fyrsta árs nema nám en vegna samkomutakmarkana í COVID-19 faraldrinum þurfti sá hópur að stunda hluta námsins á rafraenán hátt. Ákveðið var að leggja kannanasýrpuna sem lögð hafði verið fyrir fyrsta árs nema veturinn 2017-2018 á ný fyrir fyrsta árs nema veturinn 2020-2021 til að bera saman tengslanet og þróun þeirra hjá þessum tveimur hópum. Niðurstöður sýna að nemendur sem hófu nám í COVID-19 faraldrinum tilgreindu marktækt færri tengsl í upphafi náms en fyrri árgangur.

Munurinn á milli árganganna jókst eftir því sem leið á veturinn. Sérstaklega áberandi var hversu lítið var um ný tengsl hjá COVID-19 árganginum. Í fyrri árganginum voru aðeins 9% nemenda sem gáfu ekki upp nein ný tengsl í upphafi annars misseris en fyrir COVID-19 árganginn var þetta hlutfall 47%. Að einhverju leyti vega nemendur upp skert tækifæri til að kynnast nýju fólkki með áframhaldandi umgengni við eldri kunningja, en ljóst er að tækifæri þessa hóps til að styrkja tengslanet í háskólanámi sínu voru margfalt lakari en nemendur eiga almennt að venjast. Niðurstöðurnar skipta máli bæði fyrir viðbrögð gagnvart þessum hópi og til að skilja betur langtímaáhrif samkomutakmarkana.

Upplifun nemenda af tengslum við kennara og umhyggju hans fyrir þeim í námskeiði sem kennt var í fjarnámi við Háskóla Íslands

Sigurbjörg Jóhannesdóttir, verkefnastjóri, MVS HÍ og Ásta Bryndís Schram, dósent og kennsluþróunarstjóri, HVS HÍ

Nemendur telja oft tengsl við kennara takmörkuð þegar námskeið er kennt í fjarnámi. Tengsl við kennara hafa áhrif á hvernig nemendur upplifa kennslu í námskeiði, sérstaklega hvort þeir upplifa að það sé kennaranum mikilvægt að þeim gangi vel. Sýnt hefur verið fram á að upplifun af slíkri umhyggju hafi áhrif á áhugahvöt nemenda. Því er mikilvægt að skilja hvaða þættir í fjarkennslu hafa áhrif á tengslamyndun en það var markmið þessarar rannsóknar. Sendur var rafrænn spurningalisti til nemenda námskeiðsins (182) með spurningum um tengsl við kennarann. Gildur kvarði var notaður til að mæla upplifun nemenda m.a. af afstöðu kennarans til námsgengis þeirra (umhyggja). Notaður var sex þreppa Likert-kvarði frá mjög ósammála (1) ... til mjög sammála (6). Þrír rýnihópar, samtals tíu manns, voru boðaðir til að dýpka og auka skilning á niðurstöðum spurningalistans. Þátttakendur í netkönnumuninni voru 82, svarhlutfall 45%. Tæplega 80% töldu að þeir hefðu náð nægilega góðum tengslum við kennarann (frekar sammála, sammála, mjög sammála) þrátt fyrir að hitta hann aldrei. Þátttakendur rýnihópa útskýrðu að þeim hefði fundist þeir kynnst kennaranum. (1) Í myndböndum var hún opin og frjálsleg, persónuleg; (2) Í PPT-kennslumyndböndum var hún í mynd; (3) Hún svaraði spurningum nemenda vikulega í myndbandi; (4) Nemendur kynntu sig allir stuttlega. Niðurstöður kvarðans sýndu að nemendur upplifðu umhyggju kennara. Nemendur upplifðu einnig að frábært skipulag bæri vott um að kennaranum væri ekki sama hvernig þeim gengi. Vanda ber uppbyggingu á fjarnámskeiðum til að nemendur upplifi tengsl við kennara og umhyggju (e. caring) hans.

Námshópar: „Bara æði, við náðum vel saman, vil halda mig með þessum hóp“

Ólöf Júlíusdóttir, kennslustjóri, HVS og Ásta Bryndís Schram, dósent og kennslubróunarstjóri, HVS HÍ

Haustið 2020 fengu framhalds- og háskólar landsins ákall frá stjórnvöldum um að nauðsynlegt væri að taka sérstaklega vel á móti nýnemum sem væru að hefja nám í nýju umhverfi á erfiðum tínum. Viðbrögð Heilbrigðisvíndasviðs (HVS) við ákallinu voru að stofna sérstaka námshópa við hverja deild og námsbraut sviðsins þar sem sjö til tíu nemendur voru settir saman í hóp. Gætt var að því að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu og að nemendur væru á svipuðum aldri. Markmið námshópanna var að skapa vettvang fyrir nemendur til að læra saman, kynnst, minnka einangrun og efla námsandann í þessu óvenjulega árferði. Til að kanna mikilvægi námshópanna

og hvort halda ætti áfram með svipað fyrirkomulag að ári var lögð fyrir netkönnun, með opnum og lokuðum spurningum, fyrir fyrsta árs nemendur í lok nóvember 2020. Þátttakendur voru 454 af 952 nemendum, tæplega helmingur þeirra sem settir höfðu verið í námshóp svöruðu könnuninni. Unnið var úr opnum svörum nemenda með þemagreiningu. Helstu niðurstöður gefa til kynna að flestir nemendur vilja gjarnan vinna í hópum þrátt fyrir að mismikil samskipti hafi verið innan hópa. COVID-19 var sagður helsti orsakavaldur dræmrar hópavinnu þar sem erfitt reyndist að mynda góð tengsl og viðhalda þeim í netheimum. Á meðal sumra nemenda var námshópurinn þeirra helsti félagsskapur og stuðningur á misserinu. Stefnt er að því að halda áfram með námshópa á HVS á haustmisseri 2021, þá með meiri aðkomu sviðsráðs nemenda HVS og með því að styðja hópa við að koma sér af stað og „brjóta ísinn“, sérstaklega ef hist er í netheimum.

Manngildi og upplýsingabörf

Eva Heiða Önnudóttir, prófessor, FVS Háskóli Íslands

Í þessu verkefni er greint frá því með hvaða hætti nemendur verða sér úti um upplýsingar sem líuta að þeirra námi og hvaða væntingar þeir hafa til kennara um upplýsingamiðlun. Jafnframt er greint hvort nemendur beiti ólíkum leiðum eða hafi ólíkar væntingar til upplýsingamiðlunar eftir því hvers konar mannleg gildi þeir leggja áherslu á og er þar notaður kvarði Schwartz sem skiptist í fjóra yfirþætti; börf fyrir öryggi og hefðir (e. conservation), áhersla á að vera opin fyrir breytingum (e. openness to change), áhersla á góðvild gagnvart öðrum og umburðarlyndi (e. self-transcendance), áhersla á skemmtun og eigin árangur (e. self-enhancement). Fyrstu niðurstöður benda m.a. til þess að þeir nemendur sem hafa meiri börf fyrir öryggi og hefðir eru jafnframt þeir nemendur sem þora ekki að spyrja kennara beint út þar sem þeir eru hræddir um að líta illa út. Jafnframt sjáum við að þessir nemendur eru líklegri til að telja að upplýsingamiðlun byggð á samtali af hálfu kennara nýtist þeim í námi á meðan valdboð kennara í formi fyrirmæla virðist ekki skipta þá máli.

Háskólakennsla: Kennrarar og COVID-19

Rannsóknarstofa um háskóla

Guðrún Geirsdóttir

Drögum lærdóm af reynslunni: Að skapa vettvang til að draga fram og deila reynslu háskólakennara af kennslu í COVID-19

Edda R. H. Waage, lektor, VoN Háskóli Íslands og Guðrún Geirsdóttir, dósent, MVS Háskóli Íslands

Frá því að samkomutakmarkanir vegna COVID-19 voru settar í mars 2020 hafa háskólakennrarar við Háskóla Íslands, eins og aðrir, þurft að takast á við ýmsar áskoranir í kennslu. Á örskömmum tíma hafa kennrarar leitað og fundið leiðir til að setja hefðbundna háskólakennslu í rafrænt form, nýta áður ókunn forrit og verkfæri og endurskipuleggja kennslu út frá nýjum forsendum. Á þessu rúma ári hafa háskólakennrarar öðlast dýrmæta reynslu sem mikilvægt er að deila, ræða og læra af til að styðja við og efla þróun kennsluháttar til framtíðar. Til að vinna úr þessari mikilvægu reynslu ákvað Kennslusvið Háskóla Íslands í samstarfi við kennsluþróunarstjóra fræðasviða að skapa vettvang fyrir umræðu meðal kennara. Verkefnið var skipulagt undir heitinu Drögum lærdóm af reynslunni: Samtal um gæði náms og kennslu, og samanstóð af röð viðburða sem fóru fram bæði miðlægt svo og út á hverju fræðasviði. Fjölbreyttar umræðuleiðir voru nýttar til að draga fram sjónarmið kennara. Markmið verkefnisins var að gefa háskólakennurum og öðru starfsfólk tækifæri til að deila reynslu sinni af kennslu á tímum COVID-19 og ræða hugmyndir sínar og framtíðarsýn. Mikill fjöldi háskólakennara tók þátt í verkefninu og voru niðurstöður umræðna skráðar. Í erindinu verður gerð grein fyrir skipulagi umræðuvettvangsins, leiðum sem nýttar voru til umræðu og greiningu á þeim þráðum sem fram komu.

“Blend and Flip: Emergency Remote Teaching in the School of Humanities”

Bethany Louise Rogers, PhD student, School of Humanities, UI

Examinations of the emergency remote teaching worldwide required by the global COVID-19 pandemic, begun in 2019, have focused on vital topics such as mental health of both teachers and students, coping with the technological demands of remote teaching, and the general

pedagogical concerns these new constraints placed on education at every level. This research seeks to look forward, and ascertain teacher learning from the emergency remote teaching situation and their plans for future, post-pandemic classrooms. Drawing on a range of evidence, including educational research on the flipped classroom model and its variants, consistently positive results were found when teachers attempted to innovate at least one element of course structure during the pandemic and use the online format in original ways, whether this was reflected in the entire course structure or in the format of smaller activities or assignments. The gathered evidence was then analyzed according to its technological, pedagogical, and content knowledge (TPACK) dimensions to determine how teachers were adapting their teaching in the spring semester of 2021, the third semester in which remote emergency teaching was in effect at Háskóli Íslands. It is concluded that the staff at the University of Iceland felt more prepared than in previous semesters to teach remotely and are likely to incorporate at least some of the teaching methods they have adopted during the pandemic into future classes, using new technological skills and pedagogical understandings gained during this stressful, difficult period.

Á fleygiferð upp bratta lærdómskúrfu: Reynsla háskólakennara af því að vera gagnrýninn vinur þegar breyta þarf kennsluháttum vegna COVID-19

Thamar Hejstra, prófessor, FVS HÍ; Ragna Kemp Haraldsdóttir, lektor, FVS HÍ; Marco Solimene, nýdoktor, FVS HÍ og Guðrún Geirdóttir, dósent, MVS HÍ

Í ársbyrjun 2020 var neyðarstig almannavarna virkjað á Íslandi og háskólum lokað. Háskólakennurum var gert að færa kennslu úr hefðbundnu staðnámi yfir í fjarnám og hófu margir þar með hraða vegferð upp bratta lærdómskúrfu. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á úrræði þriggja háskólakennara sem höfðu þá sérstöðu að vera samtímis kennrarar og nemendur á þessum fordæmalausu tínum. Þau báru því ábyrgð á að mæta farsællega áskorunum heimsfaraldurs sem vörðuðu kennslu, endurgjöf og prófafyrirkomulag samhliða námi í háskólakennslufræði þar sem þau upplifðu sömu áskoranir á eigin skinni. Rannsóknargögn samanstanda af ígrundunum þremenninganna á eigin úrræðum, kennslumati námskeiða, samskiptum við nemendur sem og fyrirmælum háskólarektors á tínum COVID-19. Aðferðirnar fólust ekki síst í að vera gagnrýninn vinur (e. critical friend) í samstarfshópi (e. significant

network) en það felur í sér að rýna kennsluhætti til gagns, skapa aðstæður fyrir traust og veita stuðning í kennslufræðilegum áskorunum. Niðurstöður benda til þess að breytingar á kennsluháttum, aukin og persónulegri samskipti við nemendur og tæknilegar áskoranir hafi einkennt þessa vegferð og aukið vinnuálag kennara. Kennrarar urðu að tileinka sér ólík hlutverk og sýna nemendum bæði félagslegan og tæknilegan stuðning. Breyttir kennsluhættir geta þannig reynst erfiðir, ekki síst ef ekki hefur gefist tækifæri til þjálfunar. Jákvæðar breytingar kennsluháttar reyndust vera nemendamiðaðri kennslusýn, aukið jafnræði milli staðnema og fjarnema og bætt notkun upplýsingatækni. Þá benda niðurstöður til þess að þátttaka kennara í háskólkennslufræði sem og gagnkvæmur stuðningur þremenninganna og leiðbeinanda þeirra hafi orðið til þess að átökini við bratta lærdómskúrfu urðu viðráðanlegri en ella.

Áhrif COVID-19 faraldursins á störf og vinnuaðstæður hjá starfsfólki Háskóla Íslands

Ellen Dröfn Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri á Menntavísindastofnun, HÍ og Kolbrún Pálsdóttir, forseti MVS, HÍ

COVID-19 faraldurinn hafði mikil áhrif á allt skólastarf árið 2020-2021 í kjölfar samkomutakmarkana sem voru fyrst settar 16. mars 2020. Í framhalds- og háskólum fór kennsla að miklu leyti fram á netinu, nánast án nokkurs undirbúnings. Afleiðingarnar voru margvíslegar; starfsfólk skólanna þurfti að miklu leyti að færa vinnustaðinn heim og margir þurftu að læra nýjar aðferðir við kennslu og rafræn samskipti. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir niðurstöðum tveggja kannana sem sendar voru til alls starfsfólks Háskóla Íslands á vormisseri 2020 annars vegar og haustmisseri 2020 hins vegar. Tilgangur kannananna var að kanna áhrif COVID-19 á störf og vinnuaðstæður starfsfólks HÍ og er hluti af stærri rannsókn sem Menntavísindasvið og Menntavísindastofnun stóðu fyrir þar sem verið var að kanna áhrif COVID-19 á öll skólastig. Könnunin var send á rúmlega 1500 starfsmenn í bæði skiptin og var svarhlutfall í kringum 45%. Niðurstöður kannananna sýndu meðal annars að á vormisseri unnu flestir alfarið heima og stórt hlutfall vann enn heima á haustmisseri, starfsfólk með börn á heimilinu var undir meira álagi en barnlaust fólk á vormisseri en það breyttist á haustmisseri, kennrarar voru undir miklu álagi á báðum misserum en jafnframt kom fram að heimavinnan hefði almennt gengið vel og að margir teldu sig hafa öðlast mikilvæga reynslu á þessu tímabili sem myndi gagnast í starfi í framtíðinni.

Háskólar: Námsmat

Rannsóknarstofa um háskóla

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Hvernig tryggjum við akademísk heilindi í fjarnámi? Notkun Turnitin í kennslu og námi

Harpa Dögg Kristinsdóttir, meistaranemi, FVS HÍ; Guðný Sigurðardóttir, meistaranemi, FVS HÍ;
Tinna Karen Sveinbjarnardóttir, meistaranemi, FVS HÍ og Sigurbjörg Jóhannesdóttir,
verkefnisstjóri, MVS HÍ

Háskólar og framhaldsskólar hafa brugðist við COVID-19 með því að færa kennslu yfir í fjarkennslu. Þegar nám og námsmat fer fram í gegnum stafræna miðla vakna spurningar um hvernig við getum tryggt heilindi nemenda í námi. Kennrarar í íslenskum skólum hafa aðgang að ritskimunar-, endurgjafar- og jafningjamatsforritinu Turnitin Feedback Studio. Það býður upp á gagnvirka leið til náms og nýja nálgun í stafrænni endurgjöf. Regluleg notkun forritsins eykur tengsl á milli kennara og nemenda, og dregur úr líkum á óheiðarleika. Það er því mikilvægt að skilja hvernig við getum notað forritið til að styðja við akademísk heilindi og sérstaklega í fjarnámi. Send var netkönnun til allra kennara í háskólum og framhaldsskólum sumarið 2021 með spurningum um notkun Turnitin og kennsluhætti í fjarnámi. Tekin voru viðtöl við tvo rýnihópa kennara sem nota forritið mikið í sinni kennslu. Kennrarar, sem nota Turnitin Feedback Studio með nemendum sínum, segja að forritið styðji við akademísk skrif nemenda, bæti gæði endurgjafar verulega og stytти tímann sem fer í yfirferð verkefna. Endurgjöfin verði betri, vinnutími sparist og sjálfstraust nemenda í námi aukist. Það leiðir til þess að nemendur verða öruggari með sig í náminu, gæði verkefna aukast ásamt að vinnubrögð þeirra verða vandaðri og sjálfstæðari. Innleiða þarf aukna gagnvirka notkun á forritinu Turnitin Feedback Studio í fjarnámi svo að nemendur verði sjálfsöruggari í námi, verkefnavinnu og skrifum. Gæði endurgjafar verða meiri sem leiðir til betri tengslamyndunar milli kennara og nemenda og styður við akademísk heilindi í námi.

Reynsla af innleiðingu staðið/fallið námsmatskerfis í Listaháskóla Íslands

Ingimar Ólafsson Waage, lektor, LHÍ og Sigríður Geirsdóttir, LHÍ

Frá 2015 hefur LHÍ unnið að þróun nýs námsmatskerfis þar sem horfið var frá tölulegum einkunnum og tekið upp námsmat sem byggir á leiðsagnarmati og staðið/fallið lokamati. Breytingar á námsmatinu eiga rætur sínar að rekja til ígrundunar kennara um eðli listkennslu, markmið menntunar, nemendamiðun og valdeflingu nemenda. Tekin voru rýnihópaviðtöl við sjö kennara og fjóra nemendur. Markmið með viðtölunum er að nálgast reynslu og viðhorf kennara og nemenda af staðið/fallið námsmati, finna hvar styrkleikarnir liggja að þeirra mati og hvar er þörf á umbótum. Spurt var um afstöðu til breytinganna, framkvæmd námsmatsins, áhrif á dagleg störf kennara og nemenda. Gögnin voru greind með aðferðum þemagreiningar. Einnig var byggt á eldri rýnhópaviðtölum, námslokakönnunum og hollnemakönnunum. Það er ljóst að S/F nýtur almenns stuðnings, bæði meðal kennara og nemenda. Breytingin er jákvæð að þeirra mati og hefur dýpkað umræðu um nám við skólann. Þrátt fyrir afgerandi stuðning meðal kennara og nemenda við námsmatskerfið og vísbendingar um að gæði náms hafi aukist komu fram áskoranir sem stofnunin, kennrarar og nemendur þurfa að takast á við í tengslum við innleiðinguna. Með rannsókninni var gefið svigrúm til samtals milli kennara og nemenda um kosti og galla námsmatskerfisins S/F. Slíkt samtal dýpkar skilning á tilgangi námsmats sem þarf að vera í stöðugri og lifandi endurskoðun.

Self and peer assessment in a groupwork context: what factors impact success?

John Baird, educational developer, UR and Rannveig S. Sigurvinssdóttir, assistant professor, UR

Group work has become an ever more important component of many higher education teaching and learning environments over the last number of decades. Research has identified several benefits of students working in groups, including greater engagement with course content, peer-to-peer knowledge construction (both drivers of meaningful learning and the development of important transferable skills such as teamwork and communication skills). Effective group work cannot be taken as a given, however, with “free-riding”- equal reward to group members for unequal effort - a commonly cited challenge which can adversely impact student motivation and

engagement. Self and peer assessment are strategies put forward as a means of addressing the “free-riding” challenge while at the same time promoting critical reflection skills and learner autonomy. In this presentation, we describe the design and implementation of an assessed group work component in three 12-week courses: two undergraduate (law and psychology) and one postgraduate (human resource management) where self- and/or peer-assessment were used as part of the assessment strategy of the groupwork component. Data was gathered on how the use of self- and peer assessment impacted the student groupwork experience. We report and discuss a factor analysis of the student data which identified five factors associated with the success of self- and peer-assessment in a group work context: perceived learning value of self and/or peer-assessment, previous experience of self and/or peer-assessment, motivation, satisfaction with the practical aspects of the self and/or peer-assessment process, and perceptions of fairness.

CUTE, skiptir máli að gera stafræn hæfniviðmið sýnileg?

Helena Sigurðardóttir, kennsluráðgjafi, HA, Valgerður Ósk Einarsdóttir, kennsluráðgjafi, HA og Bryndís Ásta Böðvarsdóttir, prófstjóri, HA

Erindið fjallar um hvernig Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri (KHA) hefur unnið að því að setja inn hæfniviðmið úr DigCompEdu (evrópska viðmiðunarrammanum) í allar vinnustofur og námskeið á sínum vegum. KHA tekur þátt í samevrópska verkefninu CUTE sem meðal annars leggur áherslu á að auka stafræna hæfni innan háskólastofnana (<https://cute.ku.dk/>). Einn af þáttum verkefnisins er að gera stafræn viðmið sýnileg starfsfólk og nemendum og hefur Kennslumiðstöð HA breytt vinnuferlum í þeim tilgangi að uppfylla þennan hluta verkefnisins. DigCompEdu samanstendur af sex þáttum sem allir leggja áherslu á að styðja við þróun stafrænnar hæfni kennara/starfsfólks á öllum skólastigum. Í erindinu verður farið yfir hvernig viðmiðunarramminn er notaður markvisst hjá KHA, notkunarmöguleikum hans og framtíðarsýn. Hlekkur á DigCompEdu: <https://ec.europa.eu/jrc/en/digcompedu>

Háskólar: Kennrar og þróun kennsluháttar

Rannsóknarstofa um háskóla

Magrét Sigrún Sigurðardóttir

Samtal um kennslu á Félagsvísindasviði

Magrét Sigrún Sigurðardóttir, dósent, FVS HÍ og Magnús Þór Torfason, dósent, FVS HÍ

Samtal um kennslu er mikilvægt tæki í kennsluþróun. Á Félagsvísindasviði hafa svokallaðir vendifundir verið haldnir til þess að efla samtal um kennslu. Vendifundir fara þannig fram að stuttar upptökur eru gerðar um fundarefni og það síðan rætt yfir kaffi. Markmið með vendifundum er það sama og með vendikennslu, að tryggja virkni fundargesta. Í desember 2020 var gerð könnun á meðal kennara á Félagsvísindasviði til að kortleggja tengslanet kennara þegar kemur að samtali um kennslu og greina þátttöku í vendifundum, hvoru tveggja áhorfi á myndbönd og mætingu á fundi. Niðurstöður sýna að rúmlega fjórðungur kennara sem svöruðu könnuninni nefndu engan þegar spurt var um kennara sem þeir ættu samtal um kennslu við, og rúmlega þriðjungur taldi engan upp við spurningunni „Til hvaða aðila getur þú leitað varðandi ráð um kennslu?“ Þar sem ætla má að þátttaka í könnun um kennslu og kennsluþróun sé bjöguð að því leyti að kennrar sem hafa áhuga á kennslumálum séu líklegri til þess að svara má leiða að því líkum að stór hluti kennara á sviðinu eigi ekki samtöl um kennslu. Hugmyndin á bak við vendifundi var að skapa svigrúm til þess að ræða kennslu og niðurstöður könnunarinnar benda til þess að þeir hafi að einhverju marki náð til þeirra einstaklinga sem að öllu jöfnu ræða ekki um kennslu. Athyglisvert er að meðal þeirra sem ræða við flesta um kennslu er áhorf á myndbönd lægra en þeirra sem telja færri upp. Leiða má líkum að því að þörf þeirra fyrir samtal um kennslu sé uppfyllt innan tengslanetsins.

A review of what supports teacher identity formation in higher education

Abigail Grover Snook, adjunct, School of Humanities, UI

Teacher identity among healthcare science faculty is challenged by other identities such as clinician and/or researcher. Yet, having an identity as a teacher is important as it has been shown to be a critical organizing element in a person's professional life, driving their thoughts, choices, and energies. This review examines what research suggests is important to teacher

identity formation. A review of the teacher identity literature was performed with a special emphasis on teacher identity formation among healthcare science faculty, which include second-career academics and clinical teachers. Sections within the literature review included a brief definition of teacher identity, its importance, its challenges, and what supports teacher identity. Subgroups of supports for teacher identity were grouped according to what supports the following psychological processes: (1) a sense of appreciation of good teaching – supported by acknowledgement; (2) a sense of connectedness – supported by communities of practice, mentoring, communication; (3) a sense of competence – supported by skills training based on perceived needs of teachers; (4) a sense of commitment – supported by reflection, goal-setting; (5) a future trajectory – supported by possibility of promotion; (6) a sense of autonomy – supported by letting teachers decide content/methods; and (7) a “care-full” environment – where teachers know they are cared for. Similar supports were identified for all types of teachers, although context was always important. A merged or integrated identity between teacher and clinician/researcher was suggested as most desirable.

„Fólk þarf að sjá að það sé hægt að hafa áhrif“ – Sýn nemenda á Menntavísindasviði Háskóla Íslands á aðkomu þeirra að mati á gæðum náms og kennslu

Eygló Rúnarsdóttir, aðjúnkt, MVS HÍ og Lóa Guðrún Gísladóttir, aðjúnkt, MVS HÍ

Rannsóknin er hluti af rannsóknarverkefninu Samstarf kennara og nemenda um aukin gæði náms og kennslu sem fékk styrk úr Kennslumálasjóði árið 2020. Markmið rannsóknarverkefnisins er að skoða mat á gæðum náms og kennslu á MVS og leita eftir hugmyndum nemenda, kennara og stjórnenda um fjölbreyttari leiðir í því efni. Markmið þessa hluta rannsóknarinnar var að kalla eftir sýn nemenda á eigin aðkomu að mati á námi og kennslu og kennslukannanir. Gagna var aflað með fjórum rýnihópaviðtölum með alls 15 nemendum MVS sem svöruðu opnu kalli um þátttöku. Niðurstöður gefa vísbindingar um að nemendur þekki ekki boðleiðir og formlega ferla varðandi samtal og ábendingar um nám og kennslu og hafi óskýra mynd af notkun kennslukannana. Nemendur vilja aukið samtal um nám og kennslu með fjölbreyttari leiðum en eru jafnframt ó öruggir um afleiðingar þess að setja fram gagnrýni eða ábendingar. Nemendur telja að áhugasamir kennrarar, fjölbreytt námsmat og kennsluhættir, gagnkvæm virðing nemenda og

kennara og inntak námskeiða í takt við þarfir vettvangs og nýjustu þekkingu auki gæði náms. Gildi rannsóknarinnar felst í að gera sjónarmið og rödd nemenda varðandi gæði náms og kennslu á Menntavísindasviði sýnilega í þróun náms og kennslu við sviðið sem og við Háskóla Íslands almennt. Rannsóknin er jafnframt lóð á vogarskálar samtals um þróun náms og kennslu í samstarfi við nemendur og framlag til rannsókna á sviði kennsluþróunar í háskólakennslu á Íslandi.

Þróun 12 reynsluspora rafrænnar kennslu

Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar, HA og Gísli Kort Kristófersson, dósent, HA

Fjallað verður um 12 reynsluspor sem höfundar hafa hannað sem viðmið til rafrænnar kennslu í grunn- og framhaldsnámi í háskóla. Rafræn kennsla, sérlega í klínískum og verklegum fögum, vex mörgum í augum og því hafa höfundar þróað viðmið til að hjálpa sér og öðrum í sömu sporum. Að þekkja rannsóknir á kennslu og sérlega í rafrænni kennslu er hjálplegt, en er gagnlítið ef ekki eru ákveðin grundvallaratriði til staðar. Hin 12 reynsluspor rafrænnar kennslu eru til þess miðuð að samþætta praktíska og fræðilega nálgun á rafræna kennslu á háskólastigi. Höfundar hafa þróað, byggt á kennslureynslu frá fjórum háskólum í tveimur löndum og nýjustu rannsóknum á sviðinu, 12 spor sem eru í stöðugri þróun. Í erindinu verða viðmiðin kynnt og kostir þeirra og gallar ræddir.

Háskólar: Námskrárgerð

Rannsóknarstofa um háskóla

Ragna Kemp Haraldsdóttir

Námsbraut á gatnamótum: Akademískt frelsi, fagmennska og jafnrétti sem áhrifavaldaðar framþróunar

Ragna Kemp Haraldsdóttir, lektor, FVS HÍ

Lítill og fjárvælt námsbraut stendur frammi fyrir áskorunum varðandi breytingar á uppbyggingu og innihaldi náms til að mæta innri og ytri kröfum. Verkefnið leiðir huga rannsakanda að akademísku frelsi, fagmennsku og jafnrétti sem marka gildi háskólasamfélagsins. Markmið rannsóknarinnar var að skoða þessar áskoranir frá ýmsum hliðum og í takt við tímaramma raunverulegra breytinga. Horft var til þarfa og væntinga nemenda og atvinnumöguleika þeirra, og aukinnar samvinnu við ólíka hagsmunaaðila til að þarfir nemenda og atvinnulífs héldust enn betur í hendur. Fjallað er um akademískt frelsi samhliða breytingum á námsbraut og hvernig slíkt frelsi fléttast og/eða skarast á við fagmennsku og jafnrétti. Þá er jafnrétti til náms skoðað með tilliti til staðnáms og fjarnáms. Notast var við blandaða aðferðafræði. Fyrst var rýnt í utanaðkomandi athugasemdir, eins konar kröfulýsingu faggreinarinnar til námsins og viðbrögð við þeim. Þá voru könnuð vinnubrögð og niðurstöður faglegs rýnihóps sem kom að þróunarvinnu með námsbrautinni. Leiðsögn deildarforseta með akademísku starfsfólk var tekin til skoðunar og spurningakönnun var lögð fyrir ákveðinn hluta nemenda. Loks var rýnt í umræðuþráð nemenda í námsumsjónarkerfinu Canvas. Frumniðurstöður benda til þess að tímabært hafi verið að gera breytingar á námsbraut og að tekist hafi í stórum dráttum að mæta kröfum faggreinarinnar. Reynslan sýnir að lausnamiðað viðhorf akademískra starfsmanna og aðkoma rýnihóps reyndist styðja verkefnið. Þá skipti leiðsögn deildarforseta sköpum fyrir framgang þess og til að viðhalda fagmennsku og jafnrétti til ákvarðanatöku. Fjárhagsleg afkoma námsbrautarinnar er þó enn í járnum og er það umhugsunarvert fyrir háskólasamfélagið í heild.

Vísindagreinaverkefni til að vekja nemendaáhuga

Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson, lektor, Raunvísindadeild, VoN HÍ

Fjölbreyttur nemendahópur þarf að taka námskeið í lífrænni efnafraði sem hluti af skyldunáminu á sinni námsleið. Nemendur sjá stundum mismikla tengingu milli fagsins og sinnar faggreinar og sjá því stundum takmarkaðan tilgang í að taka námskeiðið. Markmið verkefnisins var að leyfa nemendum að uppgötva sjálf tenginguna við faggrein sína og vekja þannig aukinn áhuga þeirra á námsefninu. Nemendur völdu sér vísindagrein, tengda lífrænni efnafraði, til að lesa og vinna verkefni upp úr. Greinin þurfti að tengjast bæði lífrænni efnafraði og áhugasviði þeirra og

þurftu nemendur m.a. að fjalla um þá tengingu, helstu niðurstöður greinarinnar og hvað þeim þótti áhugaverðast í vísindagreininni. Sem aukahvatning hefur verkefnið gilt 10% til upphækkunar. Verkefnið hefur þróast úr ritgerðarverkefni yfir í að nemendur svara afmörkuðum spurningum. Verkefnið hefur í heild tekist nokkuð vel til. Nemendum finnst oft vera áskorun að finna hentuga grein en í heildina er upplifun þeirra flestra almennt góð. Þrátt fyrir að þeim finnst oft erfitt að skilja alveg allt í greinunum þá finnst þeim hvetjandi að sjá tengingu milli lífrænnar efnafræði og þeirra áhugasviðs og oft gaman að sjá að þau skilja samt meira í greinunum en þau bjuggust við að gera. Lestur vísindagreina er mikilvægur í háskólanámi.

Vísindagreinaverkefni geta líka nýst til að leyfa nemendum að uppgötva sjálf tengingu námskeiðs við áhugasvið þeirra og hversu mikið þau hafa lært í námskeiðinu, en bæði getur reynst hvetjandi fyrir nemendurna.

Kennsla í geislavörnum og hlutverk geislafræðinga á Íslandi

Jónína Guðjónsdóttir, lektor, HVS HÍ

Geislafræðingar hafa án efa stóru hlutverki að gegna þegar kemur að öruggri notkun jónandi geislunar og við læknisfræðilega notkun geislunar eru geislafræðingar oft í fremstu víglínu. Við íslenskar menntastofnanir er aðeins eitt námskeið um geislavarnir í boði, en það er skyldunámskeið á fyrsta ári við námsbraut í geislafræði við HÍ. Við endurskoðun námskeiðs í geislavörnum árið 2020 voru hæfniviðmið námsbrautarinnar borin saman við viðmið fyrir þekkingu, færni og hæfni geislafræðinga sem Evrópsk samtök félaga geislafræðinga (European Federation of Radiographer Societies, EFRS) hafa gefið út. Í kennsluskrá var aðeins að finna hæfniviðmið sem svöruðu til tveggja af fjórum kjarnhæfniviðmiðum EFRS og vakti það spurningar um hvort geislafræðingar byggju almennt ekki yfir þessari hæfni að námi loknu eða hvort kennsluskráin endurspeglar innihald námsins ekki nógu vel. Gerð var nafnlaus könnun á meðal geislafræðinga þar sem lagðar voru fyrir tvær spurningar tengdar hverri kjarnahæfni þar sem geislafræðingar merktu við hve sammála þeir væru því að i) búa yfir hæfni og ii) að þetta væri hlutverk geislafræðinga. Fjórðungur aðspurðra svaraði könnuninni (n=51). Varðandi þau tvö kjarnahæfniviðmið sem eiga sér samsvörun í námskrá í geislafræði voru geislafræðingar

almennt sammála um að búa yfir hæfni og að hlutverkið tilheyrði þeim, en varðandi hin tvö kjarnahæfniviðmiðin voru svör sundurleitari og aðeins um helmingur var sammála því að verkefnin væru hlutverk geislafræðinga. Niðurstöðurnar sýna að tilefni er til umræðu milli námsbrautar, starfandi geislafræðinga, fagfélags og annarra stofnana um innihald náms og kennslu í geislavörnum.

Að takast á við siðferðilegar áskoranir – Kennsla á sviði viðskiptasiðfræði á krossgötum

Þróstur Olaf Sigurjónsson, prófessor, FVS HÍ

Vaxandi fjöldi fræðimanna lýsir efasemdum um að vel hafi tekist til við kennslu á sviði viðskiptasiðfræði í viðskiptaháskólum. Stöðugur vöxtur hneykslismála á sviði rekstrar fyrirtækja og stofnana ýtir undir áhyggjur af að kennsla og þjálfun nemenda, þegar kemur að því að leysa siðferðileg álitaefni í viðskiptum, hafi mistekist. Þar af leiðandi hafa sífellt fleiri rannsóknir beint sjónum að skorti á þeim áhrifum sem kennsla á sviði viðskiptasiðfræði þarf að hafa á nemendur. Í þessum rannsóknum hefur rödd stjórnenda vart heyrst, jafnvel þó að stjórnendur séu líklega þeir sem best eru til þess fallnir að meta getu útskriftarnema til að leysa siðferðileg álitamál. Í rannsókninni sem hér er kynnt koma fram viðhorf íslenskra stjórnenda til hlutverks viðskiptaháskóla og fyrirtækja við að efla getu nemenda til að takast á við siðferðileg álitaefni. Með því að skoða sjónarhorn stjórnenda er horft til „eftirspurnarhliðar“ á menntun á sviði viðskiptasiðfræði sem mótvægi við „framboðshliðina“, þar sem viðhorf rannsakenda sjálfra hefur mikið verið kannað (háskólakennara). Rannsóknin var framkvæmd með þeim hætti að stjórnendur 300 stærstu íslensku fyrirtækjanna fengu viðhorfskönnun senda rafrænt ásamt að tekin voru djúpviðtöl við nokkra þeirra. Niðurstöður sýna að stjórnendur telja að viðskiptaháskólar geti gert mun betur þegar kemur að því að efla nemendur til að takast á við siðferðileg álitamál eftir útskrift, en að fyrirtækin sjálf hafi hér enn fremur hlutverki að gegna. Kallað er eftir auknu samstarfi milli háskóla og atvinnulífs.

Háskólar: Stafræn kennsla og COVID-19

Rannsóknarstofa um háskóla

John Baird

A Flipped Approach to Statistics Teaching and Learning

Rannveig S. Sigurvinssdóttir, assistant professor, RU and John Baird, educational developer, RU

Rannsóknaraðferðir og tölfraði I/Research Methods and Statistics I is an undergraduate Year 1/Semester 1 course in introductory research methods and statistics for psychology. For the 2020 iteration of this course, a flipped approach was taken to the key course topics of Miðsækni (Centrality), Dreifð (Variability), Fylgni (Correlation), Öryggisbil (Confidence interval) and T-próf (T-test), with the aim of encouraging better student engagement and deeper learning. The approach taken involved creating a series of online Námspakki (Learning Packages) around each of these topics, comprising instructional videos and simple, quiz-based, problem-solving exercises with immediate feedback. Students were able to work through this introductory content in their own time and at their own pace. In the group teaching space, class time was used to clarify and deepen understanding of these concepts and their inter-relatedness through their application to more complex problem-solving exercises. In this presentation, we will describe and discuss the following themes: — the learning package design, — student feedback on the flipped approach and — instructor reflections on the impact of the approach and future plans.

Shaking Off the Dust: Creating Engaging Methods for Online Ancient Language Teaching

Katrín Lísa L. Mikaelssdóttir, PhD student, School of Humanities, UI

The Covid-19 pandemic forced many universities to transition to online teaching in a short time. The experience gained from emergency remote teaching shows that virtual language classes present unanticipated challenges which need to be addressed to make language teaching viable for an increasingly digital world. This presentation seeks to fill the gap by combining two relevant current issues and explore interactive methods in the teaching of ancient languages and

engaging teaching methods in online teaching. The aim is to improve online lessons of text-based courses in the Humanities by transferring to the virtual classroom effective methods of language teaching which reduce fatigue and increase engagement and effectiveness of teachers and students. Recent international research on experiences with online teaching during the Covid-19 pandemic and the impact thereof on student and teacher well-being is briefly discussed. The observations imply that the problem with online teaching seems not to lie with methods or learning design but with the missing digital literacy of instructors and the lack of engaging delivery. Several solutions to these issues and suggestions for features that good online teaching should entail will be introduced. To assess how these findings can be transferred to the teaching of ancient languages the three most common language teaching methods, the Grammar Translation Method, Communicative Language Teaching, and Task-Based Language Teaching will be presented, and their advantages and disadvantages will be compared.

Engineering education problem solving sessions in the time of COVID: How one course benefitted from the move online

Heiðar Snær Jónasson, assistant teacher, RU and John Baird, educational developer, RU

Students solving problems on a whiteboard during problem solving sessions (i. dæmatímar) is a classic feature of engineering education. So, what happens when this has to move online? In this presentation, we will discuss how the design of the problem solving session component in an Operations Research (i. Aðgerðagreining) course promotes a deep understanding of the subject matter by encouraging students to continuously engage with the course content via a scaffolded, peer-led approach. We will describe how the shift to online problem solving sessions resulted in a more meaningful problem solving session experience, resulting in higher-quality student work and more time in class for discussion of the conceptual and procedural knowledge that is at the heart of this course. Additionally, we will present data on the student experience of this online problem solving session course and its impact on their learning as well as sharing instructor reflections on the future design and direction of this course.

„Fordæmalausir tímar“? Um hlutverk kennslu í miðaldafræðum á krísutíma

Jan Alexander van Nahl, dósent, HUG, HÍ

Markmið þessa verkefnis var að kanna hvort fagleg hugleiðing um sögulegar krísur hefði áhrif á viðhorf til COVID-19. Átta viðtöl voru tekin við starfsmenn og nemendur á BA-, MA- og doktorsstigi við íslenskudeild Háskóla Íslands, nánar tiltekið í miðaldabókmenntum. Svörin voru afrituð og lögð til grundvallar fyrir þemagreiningu. Krísuþugtakið hefur verið áberandi rannsóknarefni á sviði miðaldabókmennta í áratugi og er þá fyrst og fremst um tengsl milli félagslegar og pólitískar krísu á Sturlungaöld og þróunar bókmennta á þeim tíma að ræða. Rannsóknarverkefnið sem hér er lagt fram snýr að því að kanna hvort krísuþugtakið sé fyrst og fremst fræðileg afstæð hugmynd sem tali lítið til raunveruleikans eða eða hvort hugleiðing um sögulegt samhengi af krísum skipti máli þegar veröldin og samfélagið lenda í krísu. Við greiningu á viðtalssvörum varð ljóst að skoðanir viðmælenda eru oft ólíkar eða jafnvel öndverðar. Áhugavert er að allir þáttakendur voru bæði gagnrýnir og sjálfstæðir í svörum sínum, þannig að augljóst er að krísa og krísuþugtakið eru þeim ekki fjarlægt, en krísa er samt ekki heldur neitt sem þeir töldu að ekki væri hægt að hafa stjórn á. Þáttakendur í rannsókninni voru hins vegar fáir svo að gildi niðurstaðna er takmarkað. Kennsluhættir virðast samt skipta töluverðu máli og hugsanlegt að kennrarar á sviði miðaldabókmennta þurfi að huga betur að því hvort og þá hvernig hægt er að laga kennsluefnið betur að þeim kröfum sem eru til staðar í samfélaginu nú á dögum.

Námsmat

NNN Rannsóknarstofa

Meyvant Þórólfsson

Námsmat á Íslandi, tvö samtvinnuð sjónarmið: Sjónarmið mannbóta og skilvindusjónarmið

Meyvant Þórólfsson, prófessor, MVS HÍ

Námsmat gegnir lykilhlutverki í öllum skólakerfum við að greina námsstöðu, að fylgjast með námsengi í daglegu skólastarfi og að votta um árangur þegar námsferli lýkur. Námsmat getur með öðrum orðum haft mismunandi tilgang. Athymlin hefur þó fyrst og fremst beinst að tvenns konar tilgangi, leiðsagnarmati annars vegar og lokamati hins vegar, tengslum þar á milli og hvernig þetta tvennt styður hvort annað. Strangt til tekið hefur hið stóra markmið skólakerfisins með námsmati alltaf verið að meta mismunandi hæfni og verðleika til að spá fyrir um áframhaldandi nám og um leið að hlúa að mismunandi hæfileikum, fremur en að leita að því hvað nemendur skortir eða hvað þeir kunna ekki. Námsmat hefur með öðrum orðum haft þann megintilgang að upplýsa og styðja við nám (sbr. e. assessment to assist learning) og leita þannig svara við því hvaða skref væri heppilegast að taka næst, burt séð frá því hvort það hafi farið fram við lok námsfanga eða í miðju ferli á meðan tiltekinn námsfangi stóð yfir. Hins vegar hefur umræðan um námsmatið og framkvæmdin þar af leiðandi stundum tekið óheppilega stefnu. Í erindinu er reynt að varpa ljósi á einkenni þessa samtvinnaða kerfis þau 140 ár sem það hefur verið við lýði á Íslandi, þar sem mæst hafa sjónarmið mannbóta annars vegar og skilvindusjónarmið hins vegar.

Hæfniviðmið á yngsta stigi grunnskóla – Hvert erum við komin í dag?

Sigrún Birna Sigurðardóttir, grunnskólakennari, Hólabrekkuskóla og Margrét S. Björnsdóttir, aðjunkt, MVS HÍ

Í þessari rannsókn voru grunnskólakennrar og verkefnisskjórar á yngsta stigi spurðir hvernig þeir mátu nám, námsframvindu og námsrárangur með hliðsjón af hæfniviðmiðum núgildandi aðalnámskrár. Túlka má ákvæði aðalnámskrár svo að skólar hafi nokkuð frjálsar hendur í þessum eftum. Árið 2019 bættust við aðalnámskrána leiðbeinandi matsviðmið til að styðjast við þegar nemendur luku 4. og 7. bekk. Áhugavert þótti því að skoða hvernig kennrarar skildu og túlkuðu þessi ákvæði, hvort farið væri eftir matsviðmiðum aðalnámskrár eða hvort kennrarar yngsta stigs útfærðu eigið mat við lok 4. bekkjar. Tekin voru hálfopin viðtöl við átta starfandi kennara á yngsta stigi og tvo stjórnendur í einum grunnskóla. Notast var bæði við snjóbolta- og markmiðsúrtak, þ.e. að viðmælendur voru beðnir um að benda á kennara sem gætu svarað spurningum rannsakanda og jafnframt var lögð áhersla á að viðmælendur kenndu á yngsta stigi

grunnskóla eða kæmu að skipulagi námsmats á stiginu. Niðurstöður leiddu í ljós að mikið álag virðist hvíla á kennurum þegar kemur að námsmati með hliðsjón af hæfniviðmiðum. Skólnir hafa lagt mikla vinnu í að móta matskerfið í samræmi við ákvæði námskrárinna og niðurstöður gefa til kynna að áherslur skólanna hafi verið ólíkar með tilliti til framsetningar hæfniviðmiða, úthlutunar þeirra milli árganga og matsaðferða. Út frá niðurstöðum má sjá að frekari áherslu þarf að leggja á innleiðingu matsviðmiða ef þau eiga að virka sem skyldi. Nokkrir viðmælenda virtust ekki hafa kynnt sér þau að ráði og vissu jafnvel ekki af þeim.

Leiðbeinandi matskerfi á yngsta stigi grunnskóla byggt á hæfni- og matsviðmiðum

Hrefna Rún Guðbjörnsdóttir, grunnskólakennari, Árbæjarskóla og Meyvant Þórólfsson, prófessor, MVS HÍ

Núgildandi aðalnámskrá tók gildi í endanlegri gerð árið 2013. Kynnt voru til sögunnar hæfniviðmið í stað markmiða í fyrri námskrá, sem eiga að endurspeglar inntak náms og aðferðir, og tengjast svo matsviðmiðum sem gefa eiga til kynna að hvaða marki hæfniviðmið hafi náðst. Fyrst komu einungis út matsviðmið fyrir lok 10. bekkjar en haustið 2019 bættust við leiðbeinandi matsviðmið fyrir önnur stig, sem kennurum var frjálst hvernig skyldi túlka og útfæra. Í þessari rannsókn var reynt að varpa ljósi á námsmat á yngsta stigi grunnskóla, þ.e. hvernig unnið væri með hæfniviðmið og matsviðmið, jafnt undir merkjum leiðsagnarmats og lokamats. Einnig var reynt að fá innsýn í skoðanir viðmælenda á núgildandi matskerfi og innleiðingu þess. Rætt var við stjórnendur og kennara í sjö grunnskólum á Íslandi þar sem notast var við snjóbolta- og markmiðsúrtak við val á viðmælendum. Niðurstöður benda til þess að sátt ríki um hugmyndafræðina sem liggur að baki (áhersla á víðtæka hæfni og mat á henni), en innleiðingin og útfærslan virðast hafa vafist fyrir flestum sem áttu í hlut. Niðurstöður gefa til kynna að skólar hafi ráðist í mikla undirbúningsvinnu við að mæta þessum breyttu hugmyndum, hver í sínu horni, en við það virðist hefur myndast ósamræmi milli skóla sem hlýtur að vekja spurningar um réttmæti og áreiðanleika. Skilningur viðmælenda á leiðbeinandi matsviðmiðum var misjafn og enginn þeirra virtist hafa nýtt sér þau á yngsta stigi með þeim hætti sem aðalnámskrá grunnskóla kveður á um.

Að meta viðtæka hæfni huglægt og hlutlægt með fjölbreyttum aðferðum: Mikilvægar hugmyndir en betur má ef duga skal

Linda Heiðarsdóttir, aðstoðarskólastjóri, Réttarholtskóla

Drjúgur tími hefur gefist til að innleiða ákvæði nágildandi aðalnámskrár fyrir grunnskóla. Þó bendir margt til þess að óvissa ríki enn um innleiðingu tiltekinna þátta hennar, einkum það kerfi námsmats sem þar var kynnt til sögunnar með tilheyrandi hæfniviðmiðum og matsviðmiðum og samspili þar á milli. Haustið 2020 birtist skýrsla Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Mat á innleiðingu aðalnámskrár grunnskóla: Niðurstöður kannana og aðgerðir til úrbóta. Safnað var viðtækum gögnum er byggðu bæði á rýnihópaviðtölum og spurningakönnun og gáfu niðurstöður mikilvægar upplýsingar um stöðuna sjö árum eftir endanlega gildistöku námskrárinna. Enn virðist ríkja óöryggi og óvissa um framkvæmdina meðal allra hagsmunaaðila og kallað er eftir markvissari faglegum stuðningi við innleiðinguna en raun hefur verið. Margir reynast ráðþrota þegar kemur að samspili hæfniviðmiða og matsviðmiða og nefna að viðmiðin séu of „flókin, loðin, óraunsæ og illmælanleg“. Djúpstæður misskilningur virðist ríkja um framkvæmd námsmats í þessu tilliti og þar af leiðandi hefur orðið ósamræmi í mati milli skóla, milli námsgreina og jafnvel innan sama skóla, sem hlýtur að vekja spurningar um áreiðanleika og réttmæti. Höfundur þessa erindis tók þátt í gagnaöflun og gerð framangreindrar skýrslu ráðuneytisins og hefur jafnframt átt drjúgan þátt í umræðu um þróun námsmats, jafnt meðal fagfólks og einnig á opinberum vettvangi. Í erindinu fjallar höfundur um núverandi stöðu og framtíðarsýn.

Háskólar: Viðhorf nemenda til kennslu í COVID-19

Rannsóknarstofa um háskóla

Ásta Bryndís Schram

„Gekk betur á Zoom en ég átti von á“ – Upplifun nemenda af námskeiði í netheimum

Ásta Bryndís Schram, dósent og kennsluþróunarstjóri, HVS HÍ og Ólöf Júlíusdóttir, kennslustjóri, HVS HÍ

Vegna aðstæðna í samfélaginiu (COVID-19) var skyldunámskeiðið Inngangur í þverfræðileg heilbrigðisvíindi, heilsdagsnámskeið með fyrirlestrum og umræðutínum, fært í netheima. Uppteknir fyrirlestrar voru gerðir aðgengilegir á Canvas, verkefni aðlöguð fyrir Zoom- og Teams- umræðutíma, og leiðbeinendur undirbúnir undir umræðustjórnun og tæknilega útfærslu. Þátttakendur í námskeiðinu eru nýnemar í deildum Heilbrigðisvíndasviðs. Umfjöllunarefnið er teymisvinna heilbrigðisstéttu, mannréttindi og jafnrétti með áherslu á réttinn til heilsu. Í lok námskeiðs svöruðu nemendur ($N=621$) spurningum sem lýstu upplifun þeirra. Notaðar voru spurningar með Likert-kvarða ásamt opnum reitum fyrir persónulegar athugasemdir. Svörin voru að nokkru leyti borin saman við svör og athugasemdir þátttakenda úr staðnámskeiðinu í janúar 2020. Þemagreiningu var beitt fyrir opnu athugasemdirnar. Niðurstöður leiddu í ljós að nemendur sem höfðu tekið námskeiðið í netheimum voru ekki síður ánægðir með námskeiðið (98% af 621 ánægðir/mjög ánægðir) en nemendur úr staðnámskeiðinu (97% af 328). Þemagreining sýndi m.a. eftirfarandi niðurstöður úr liðnum Best heppnað: Gott skipulag, gagnleg umræða við nemendur úr öðrum heilbrigðisstéttum og skipulagðir leiðbeinendur, en við bættist 2021: Gagnlegir myndbandsfyrirlestrar, og árangursríkt í netheimum. Ný þemu úr Miður heppnað voru m.a.: Skammur tími fyrir undirbúnингsefni, vantaði glærur, skemmtilegra í staðkennslu, og smávægilegir tækniörðugleikar. Farið verður nánar í niðurstöður og hvernig þær leiðbeina með framhaldið. Það hefur verið áskorun að útvega nægilegan fjölda stofa fyrir tíu manna umræðuhópa í þessu fjölmenna námskeiði. Miðað við jákvæð viðbrögð nemenda er freistandi er að halda því í stafrænu umhverfi.

Students' Perspectives on Teaching-Learning Experience during COVID-19: A Case Study from First Year Students in Anthropology

Marco Solimene, post-doctoral researcher, School of Social Sciences, UI

I here present the preliminary results of a small investigation into how first-year students at the University of Iceland (UI) lived their teaching/learning experience during the COVID-19 pandemic. The study builds on a thematic analysis of 25 assignments that students wrote in a course in autumn 2020, and where they described their situation as university students in times of the pandemic. The students gave their permission to make the assignments available for this

study. The analysis of the students' perspectives was complemented by my direct observations as teacher in the course, and by retrospective reflections on that experience. I will first present the main challenges and obstacles identified by students, and then the strategies they adopted to endure the practical and emotional challenges posed by the pandemic. What emerges is how the uncertainties concerning the transition to university studies combined with those related to the exceptional circumstances of the COVID-19 outbreak. Students articulate the complexity of the learning experience and its intertwining with aspects referring to identity, relations and sociability, and sometimes socio-economic vulnerability. They also talk of agency and creative responses to an adverse situation and highlight successes (and gaps) of the responses of the teachers and the UI to the pandemic. I thus reflect on the lessons that can be learned from the students' perspectives and might become useful, not only in case of a new lockdown, but also to improve the teaching/learning experience at the UI in post-pandemic times

Reynsla stúdenta í Háskóla Íslands á tímum COVID-19 vorin 2020 og 2021

Amalía Björnsdóttir, prófessor, MVS HÍ og Þuríður Jóna Jóhannsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Rannsóknin kannaði áhrif COVID-19 faraldursins og var gögnum safnað í tvígang vorin 2020 og 2021 með rafrænni spurningakönnun sem send var til allra stúdenta Háskóla Íslands. Svarhlutfall var um 12%. Spurt var um upplifun stúdenta af þeim breytingum sem gerðar voru í kjölfar samkomutakmarkana en einnig um áhrif faraldursins á fjárhag, námsframvindu og líðan. Örlítið hefur dregið úr vinnu með námi, 68% unnu með námi 2020 en 60% árið 2021. Fjórðungur er á námslánum 2021 en um fimmtungur 2020. Árið 2020 sögðust nærrí 90% vera frekar eða mjög sátt við hvernig brugðist var við COVID-19 faraldrinum en talsvert færri eða 68% vorið 2021. Um 75% stúdenta voru sáttir við þær rafrænu lausnir sem notaðar voru bæði vorið 2020 og 2021 en vísbendingar eru um mun meiri notkun seinna árið. 20% töldu frekar eða mjög líklegt að þeim seinkaði í námi vegna COVID-19 vorið 2020 en 28% ári seinna. Árið 2020 höfðu 30% frekar eða mjög miklar áhyggjur af fjárhagslegri getu sinni til að stunda nám en hlutfallið var 42% 2021. Vorið 2021 var síðan spurt sérstaklega um kosti og ókosti fjarnáms. Einmanaleiki, minni samvinna stúdenta og að hitta ekki kennara voru þeir ókostir sem helst voru nefndir en kostirnir voru að hafa aðgang að upptökum af fyrirlestrum, að hægt væri að stunda námið heima,

heimapróf og tímasparnaður. Samkvæmt svörum við opnum spurningum má búast má við að stúdentar þrýsti á að áfram verði meiri sveigjanleiki í námsfyrirkomulagi og ýmsar rafrænar lausnir verði notaðar áfram.

Ólík reynsla fjarnema og staðnema við Menntavísindasvið HÍ af breytingum á kennsluháttum vegna COVID-19

Þuríður Jóna Jóhannsdóttir, prófessor, MVS HÍ og Amalía Björnsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Í lok haustmisseris 2020 var lögð spurningakönnun fyrir alla nema á Menntavísindasviði til að kanna áhrif COVID-19 farsóttarinnar á nám stúdenta og reynslu þeirra og viðhorf til breyttra kennsluháttta sem teknir voru upp þegar byggingum skólans var lokað. Rannsóknin er byggð á gögnum úr þeirri könnun og spurt: Hvernig höfðu breyttir kennsluhættir vegna COVID-19 ólík áhrif á fjarnema og staðnema á Menntavísindasviði? Vorið 2020 var öll kennsla færð á netið og allir stúdentar settir í fjarnám. Það fyrirkomulag hélt áfram að mestu skólaárið 2020-2021. Fyrir meirihluta stúdenta sem stunda námið í staðnámi var þetta róttæk breyting. Menntavísindasvið hefur þó haft þá sérstöðu að margar námsleiðir er hægt að taka í fjarnámi og um helmingur nema hefur valið það námsform. Ætla mætti að fyrir fjarnema hafi breytingar á kennsluháttum verið litlar sem engar þegar kennslan var flutt á netið. Nýjungar í tækni sem voru teknar upp við þær neyðaraðstæður sem sköpuðust sem breyttu þó skipulagi fjarnámsins nokkuð frá því sem verið hafði. Niðurstöður sýna að fjarnemar og staðnemar eru ólíkir hópar; fjarnemar oftast eldri, fjölskyldufólk, í nánast fullri vinnu með námi en staðnemar eru líklegrir til að vera ungt fólk. Ólíkar aðstæður skipta máli um hvernig farsóttin hafði áhrif á nám stúdenta t.d. hafði 40% staðnema meiri tíma til að sinna náminu en 18% fjarnema. 13% staðnema fannst námið hafa verið betra þegar það var flutt í fjarnám en 70% verra á meðan, en 36% fjarnema fannst það betra og 30% fannst það verra.

Bragðlaukaþjálfun, heimilisfræði og kennsla

Þróun kennsluháttar eftir heimakennslu í heimilisfræði á tímum COVID-19 veturinn

2020-2021. Hvað næst?

Ragnheiður Júníusdóttir, aðjúknt, MVS HÍ

Tilgangur og markmið er að lýsa reynslu af kennslu í heimilisfræði þegar ekki var unnt að halda úti verklegri kennslu í kennslueldhúsi Menntavísindasviðs eftir lokun samfélagsins haustið 2020 vegna COVID-19. Til að bæta nemendum þetta og koma kennslunni í gagnlegan farveg var kennit úr heimiliseldhúsi í gegnum Teams veturinn 2020-2021. Viðfangsefnið var skoðað út frá aðferðum starfendarannsókna, hver kennslustund metin og aðferðum breytt eftir því hvernig kennslan gekk, til dæmis undirbúningur, val uppskrifta, tækjaþörf og áskoranir sem komu upp við kennsluna. Allar kennslustundir voru tekna upp í gegnum Teams og birtar óklipptar á Canvas-vef námskeiðanna. Reynslan af heimakennslunni var almennt góð. Töluvert þurfti að aðlaga aðstæður í heimiliseldhúsini að fjarkennslunni. Útvega þurfti vefmyndavél, bæta lýsingu, netöryggi og hljóð og ýmislegt annað. Einnig þurfti að koma í veg fyrir truflanir af völdum fjölskyldumeðlima og gæludýra. Erfiðast var að virkja nemendur í vinnu. Sumir þeirra elduðu eða bökuðu með kennara í hverjum tíma, aðrir horfðu á en sumir mættu aldrei. Áhugavert var hve mikil tengsl mynduðust á milli kennara og nemenda. Ánægja var meðal farnema með þetta fyrirkomulag en staðnemar söknuðu staðkennslunnar. Heimakennsla í heimilisfræði er raunhæfur kostur og út frá þessari reynslu er ætlunin að taka upp hluta verklegrar kennslu og nýta sem kennsluefni. Einnig nýtist þessa reynsla til að þróa áfram kennsluhætti í rauntíma fyrir farnema í verklegum greinum og þá jafnvel á tíma utan hefðbundinnar stundatöflu.

Bragðlaukaþjálfun: Fyrstu niðurstöður úr rannsókn á matvendni barna með og án taugaþroskaraskana og fjölskyldur þeirra

Sigrún Þorsteinsdóttir, doktorsnemi, MVS HÍ; Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS HÍ; Urður Njarðvík, prófessor, HVS HÍ og Ragnar Bjarnason, prófessor, HVS HÍ og yfirlæknir á LSH Barnaspítalanum

Börn með taugaþroskaraskanir á borð við einhverfurófsröskun og ADHD eru gjarnan matvandari en börn án þessara raskana. Samt sem áður er lítið um fæðumiðaðar íhlutanir og rannsóknir í skólaumhverfinu fyrir börn með þessar raskanir. Til að rannsaka áhrif Bragðlaukaþjálfunar tók 81 fjölskylda með börn með taugaþroskaröskun ($n = 33$), og án ($n = 48$), á aldrinum 8-12 ára, þátt í 7 vikna íhlutun. Börnin voru pöruð út frá taugaþroskaröskun, kyni og aldri og síðan slembiraðað í íhlutunarhóp og seinkaðan íhlutunarhóp sem gegndi hlutverki viðmiðunarhóps. Niðurstöður sýndu að í íhlutunarhóp dró úr matvendni (e. food fussiness) miðað við seinkaða íhlutunarhópinn. Einnig dró stöðugt úr matvendni í 6 mánuði eftir þátttöku. Aftur á móti jókst ánægja af því að borða ekki marktækt (e. enjoyment of food). Ekki var marktækur munur á matvendni hjá börnum með og án taugaþroskaraskana. Niðurstöður sýndu einnig auknar líkur á að börn samþykktu eftir íhlutun fleiri tegundir af grænmeti, hnetum og fræjum, en ekki ávoxtum. Niðurstöður voru svipaðar óháð greiningum barnanna. Bragðlaukaþjálfun gefur góð fyrirheit sem einföld og mild langtímaleið til að draga úr matvendni og auka fæðufjölbreytni barna með og án taugaþroskaraskana.

Krakkar kokka – nærsamfélagsneysla og sjálfbærni sem viðfangsefni gegnum skemmtimennt

Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS Há; Kolbrún Sveinsdóttir, verkefnastjóri á Matís og Berglind Lilja Guðlaugsdóttir, aðjúknt, MVS Há

Krakkar kokka er skemmtimennt um matarhefðir, nærumhverfisneyslu og sjálfbærni fyrir grunnskólabörn. Í verkefninu er lögð áhersla á umræðu um ábyrga neyslu þar sem virðing er borin fyrir náttúrunni, þeim sem brauðfæða þjóðina, sjálfbærum framleiðsluaðferðum, aðbúnaði dýra og manna og umhverfissjónarmiðum. Verkefnið var hluti af stærra Evrópuverkefni, WeValueFood, sem hefur það m.a. að markmiði að efla matarvitund, áhuga og þekkingu næstu kynslóðar á fæðutengdum málefnum. Verkefnið fór fram í sex grunnskólum haustið 2020 og var námsefni miðlað til 11-12 ára nemenda gegnum kennara hvers skóla sem fékk að aðlaga verkefnið að sínum þörfum og eigin hugmyndum um útfærslu. Viðtöl voru tekin við kennara úr fjórum af sex skólum um upplifun þeirra og reynslu af námsefninu. Nemendur svoruðu

stöðluðum spurningalistum í upphafi og lok námsefnisins (minnst 6 vikur á milli) til að meta hvort námsefnið hefði áhrif á viðhorf og þekkingu tengd viðfangsefninu. Kennrar voru ánægðir með námsefnið og fannst það virka hvetjandi fyrir nemendur. Sérstaklega þóttu myndbandagerð og vettvangsferðir sem tilheyrðu verkefninu skemmtileg nálgun. Orðaforði tengdur viðfangsefninu reyndist hins vegar takmarkaður sem gerði innlögn námsefnisins og fyrirlögn spurningalistanna flókna. Niðurstöður úr spurningalistum gáfu til kynna að börn sem tóku þátt væru spenntari fyrir að prófa nýjan mat, horfðu frekar á fæðutengt efni á samfélagsmiðlum og væru líklegri til að velta fyrir sér hvernig matur væri framleiddur við lok verkefnis samanborið við upphafsmælingu. Námsefnið og aðferðirnar sem lagt var upp með í kennslu höfðuðu bæði til nemenda og kennara. Áframhaldandi vinna með innleiðingu og mat á gildi verkefnisins í skólastarfi er framundan.

Faggreinakennsla

Notkun matskvarða með leiðsegjandi tilgangi í ensku kennslu á unglingsastigi

Rebekka Árnadóttir, grunnskólakennari, Sjálandsskóli

Leiðsagnarmat hefur fengið sífellt meiri athygli síðustu áratugi en mikil áhersla er lögð á það í aðalnámskrá grunnskóla frá 2013. Erindið fjallar um starfendarannsókn sem var unnin á árunum 2019 og 2020. Tilganguinn var að skoða notkun matskvarða með tilliti til leiðsagnarmats; hvaða áhrif notkun þeirra gæti haft á ábyrgð og sjálfstæði nemenda og markmiðasetningu þeirra auk þess að skoða viðhorf nemenda minna til slíkrar vinnu. Þátttakendur í rannsókninni voru nemendur í 9. bekk vorið 2019 sem síðan voru komnir í 10. bekk haustið 2019 og vorið 2020. Lögð voru fyrir fimm verkefni í ensku á tímabilinu með svokölluðu frammistöðu- og leiðsagnarmati og stuðst var við matskvarða. Niðurstöðurnar voru byggð á rannsóknardagbók, viðhorfskönnunum, virkniskráningu, rýnihópsviðtali og sjálfsmatskvarða auk óformlegra samtala við nemendurna. Fram komu ýmsir kostir notkunar matskvarða og bentu niðurstöðurnar til þess að matskvarðar með leiðsegjandi tilgangi geti haft góð áhrif á nám og kennslu. Nemendurnir

voru sammála um að matskvarðar væru góð viðbót við kennsluna, þeir hjálpa nemendum að setja sér markmið, halda utan um nám sitt og minnka námstengdan kvíða.

Tilgangur og gildi náttúrvísindamenntunar barna og unglings

Haukur Arason, dósent, MVS HÍ og Meyvant Þórólfsson, dósent, MVS HÍ

Rakin verða og metin rök og álitaefni sem varða tilgang og gildi náttúrvísindamenntunar barna og unglings en helstu slíkum rökum má skipta í eftirfarandi flokka: a) Hagnýtt gildi. Tækni- og vísindaþekking tengist daglegum störfum í nútímasamfélagi, er forsenda ýmissa persónulegra ákvarðana og ræður möguleikum á ýmsum eftirsóknarverðum störfum. b) Hagrænt gildi.

Samfélagið hefur þörf fyrir menntað fólk á öllum sviðum vísinda og tækni. Því er mikilvægt að efla áhuga og þekkingu æskunnar á náttúrvísindum frá upphafi skólagöngu. c) Menningarlegt gildi. Vísindaleg þekking, uppfindingar og uppgötvanir, eru mikilvægir þættir í sögu menningar okkar og þróun vísindalegrar hugsunar og vísindalegra aðferða eru meðal merkstu afreka mannkynsins. d) Lýðræðislegt gildi. Vísinda- og tækniþekking er forsenda fyrir upplýstri þátttöku allra þjóðfélagsþegna í mikilvægum málaflokkum og forsenda almennrar þátttöku í gagnrýnninni umræðu um umhverfismál, sjálfbæra þróun og mögulegar falsfréttir sem tengjast náttúrvísindalegum viðfangsefnum. e) Gildi fyrir nýsköpun og tækniþróun. Skilningur stjórnmálamanna, almennings og sérfræðinga skipta máli fyrir þróun vísinda, tækni og nýsköpunar og varðar okkur öll, ekki einungis sérfræðingana. Náttúrvísindamenntun snýst einnig um félagslegt réttlæti þar sem hún hefur gildi bæði fyrir sérhvern einstakling og fyrir samfélagsleg álitamál. Allir samfélagshópar þurfa aðgang að þeirri þekkingu. Mikilvægi náttúrvísinda og tækni hefur sjaldan verið meira og mun velferð samfélaga markast af þekkingu á þessum sviðum í framtíðinni. Má nefna að viðbrögð við heimsfaröldrum svo sem COVID-19, viðbrögð við loftslagsbreytingum, nýjar lausnir varðandi orkuvinnslu og nýtingu, og hæfni til að takast á við fjórðu iðnbyltinguna, byggja á slíkri þekkingu.

Hversdagshugmyndir íslenskra unglings um bylgjur á streng og yfirborði vatns

Baldvin Ingimar Baldvinsson, meistararanemi, MVS HÍ og Haukur Arason, dósent, MVS HÍ

Bylgjur og bylgjueiginleikar eru mikilvæg fyrirbæri sem hafa mikið gildi í vísindum og tækni og snerta daglegt líf fólks. Í þessu erindi verður fjallað um rannsókn á hversdagshugmyndum íslenskra unglings um bylgjur á streng og yfirborði vatns og niðurstöðurnar settar í samhengi við erlendar rannsóknir, en skilningur á slíkum bylgjum skiptir máli varðandi skilning á almennum bylgjufyrirbærum. Hversdagshugmyndir (eða forhugmyndir) barna og unglings um hin ýmsu fyrirbæri náttúruvísinda hafa mikið verið kannaðar á alþjóðavettvangi en hugmyndir þeirra um bylgjur á streng og yfirborði vatns hafa mun minna verið skoðaðar en mörg önnur fyrirbæri. Hér á landi hefur lítið verið gert af rannsóknum af þessu tagi. Til að fá innsýn í hversdagshugmyndir íslenskra unglings um bylgjur á streng og yfirborði vatns var gerð könnun meðal unglings í litlu bæjarfélagi hér á landi, bæði með viðtölum og spurningalistu sem útbúinn var í þeim tilgangi og innihélt níu spurningar. Alls svöruðu 43 nemendur spurningalistanum og voru tekin fimm viðtol við alls átta viðmælendur til að rýna enn frekar í þeirra hugmyndir um viðfangsefnið. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að sumir nemendur eiga í erfiðleikum með að aðskilja hreyfingu efnisins og hreyfingu bylgju. Einnig virðist lítill skilningur meðal sumra unglinganna á sérstökum bylgjufyrirbærum eins og samliðun. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda því sterklega til þess að í kennslu beri að leggja áherslu á að aðgreina hreyfingu efnisins og hreyfingu bylgjunnar og eru þessar niðurstöður gagnlegar fyrir náttúrufræðikennara, námsefnishöfunda og þá sem semja námskrár.

Fjölmenning

Vietnamese Refugees and their Descendants' Social and Educational Integration in Iceland, 1979-2019

Anh-Dao Tran, new doctoral graduate, School of Education, UI

Refugees are perceived to have migrated involuntarily and unable to return to the adverse situation from which they fled. In 1979, 34 Vietnamese refugees were re-settled in Reykjavik. This paper presents preliminary findings from the research project *Home and away in 40 years* which focused on the integration of three Vietnamese generations in Iceland with the overarching aim of gaining knowledge about the social, cultural, and educational acculturation process of the Vietnamese and their descendants in Iceland. Although, many refugee experiences are defined by tragedies of war, disasters, and poverty, refugees share many experiences with immigrants, as both groups work to integrate into the host country where the culture and language are foreign to them. The immigrants' outcomes are the combined products of the structures and practices which they encounter in a new country and their own behaviour of how they manipulate their social, cultural, and educational background resource, for their own advantage. The methods include 12 semi-structured interviews with the refugees and their descendants. The study is grounded in the framework of critical multiculturalism and intersectional theories. The data was analysed using thematic analysis. Reflecting on how they were received upon their arrival, the refugees reported with fondness, despite the fact they were required immediately to adopt an Icelandic name. They all put effort into learning Icelandic, accepted all jobs and worked hard to prove that they were worthy of Iceland's hospitality. The majority of their offspring do not speak, and have little knowledge about, their parents' language and culture.

Orðaforði tvítyngdra barna: Markviss orðaforðakennsla í útinámi

Harpa Sif Þorsteinsdóttir, leikskólakennari á Leikskólanum Örk og Rannveig Oddsdóttir, lektor, HA

Börnum af erlendum uppruna hefur fjöldað mikið í íslenskum leikskólum á undanförnum árum. Rannsóknir sýna að staða þessara barna í íslensku er fremur slök og meiri þekkingu og úrræði innan leikskólanna vantar til að geta sem best stutt við máltöku íslenskunnar hjá þeim. Markmið þessarar rannsóknar var að leita leiða til að vinna á markvissan hátt með íslenskan orðaforða leikskólabarna sem læra íslensku sem annað mál. Fimm tvítyngd börn fengu markvissa orðaforðakennslu með námsefninu Orðaleik í sjö vikur. Kennslan fór fram í útikennslu og var

lögð áhersla á að kenna orð sem tengjast útiveru og umhverfi. Virkur orðaforði og viðtökuorðaforði barnanna var metinn fyrir íhlutun, strax að lokinni íhlutun og tveimur mánuðum eftir að henni lauk með því að leggja fyrir próf þar sem athugað var hvort þau þekktu þau orð sem unnið var með. Niðurstöðurnar voru þær að eftir íhlutun hafði þeim orðum sem börnin þekktu og notuðu fjölgað umtalsvert. Börnin héldu þeim orðaforða tveimur mánuðum síðar og höfðu sum hver bætt frekar við virka orðaforðann og öll við viðtökuorðaforðann. Árangur einstakra barna var þó misgóður og draga má þá ályktun af gögnum rannsóknarinnar að virkni barnanna í málörvunarstundunum og samskiptum innan leikskólans hafi áhrif á hve góðum framförum þau ná. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að orðaforðakennsla sem er fléttuð inn í daglegt leikskólastarf getur skilað góðum árangri en huga þurfi að virkni einstakra barna í slíkum stundum og samskiptum innan leikskólans almennt.

Samræðufélagar: Samræður sem kennsluaðferð fyrir nemendur af erlendum uppruna

Rannveig Sigurðardóttir, verkefnastjóri námsaðlögunar í Giljaskóla á Akureyri; Rannveig Oddsdóttir, lektor, HA og Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor, HA

Samræður sem kennsluaðferð er lítt rannsökuð hér á landi en hefur orðið nokkuð áberandi í skólamálaumræðu víða á undanförnum árum. Í þessu erindi verður fjallað um kennsluaðferð sem á uppruna sinn í Bretlandi og kallast þar Talking Partners eða Samræðufélagar. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að prófa kennsluaðferðina Samræðufélagar með nemendum sem hafa íslensku sem annað mál með það að markmiði að bæta orðaforða með markvissum hætti og auka þannig árangur barnanna. Gögnum var safnað með eigindlegum og megindlegum aðferðum vorið 2019. Tvö mælitæki voru notuð til að meta áhrif aðferðarinnar á árangur þriggja barna af erlendum uppruna sem eru að læra íslensku sem annað mál (yngsta stig grunnskóla) og voru próf lögð fyrir nemendur fyrir og eftir tíu vikna íhlutunartímabil. Niðurstöðurnar sýna margvíslegar vísbendingar um framfarir nemendanna. Öll börnin bættu stöðu sína á þeim prófum sem lögð voru fyrir til að meta málþroska þeirra. Gögnin sýndu einnig að þau voru virkari eftir því sem leið á tímabilið, nýttu sér sýnikennslu kennara, notuðu þann orðaforða sem var lagður til grundvallar og voru almennt áhugasöm í kennslustundum. Þau nýttu sér þau hjálpargögn sem voru til staðar og voru fljót að átta sig á til hvers var ætlast af þeim.

Hegðunarvandi hafði áhrif á köflum og er það vísbending um að bregðast þurfi við slíku. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbendingar um að kennsluefnið Samræðufélagar geti nýst vel í íslenskum skólum og að kennrarar geti auðveldlega tileinkað sér þær aðferðir sem þar er lýst ef nægilegur stuðningur fæst við innleiðingu.

"Let us tell you our stories": Counter-narratives of minority women of Asian background as an aggregate mass

Lan-Anh Nguyen-Luu, professor, Eötvös Loránd University, Hungary; Anh-Dao Katrín Tran, postdoctoral researcher, School of Education UI and Julia Ha, associate professor and Head of Gender and Diversity Division, the Institute of Education and Society

This talk presents preliminary findings of the professional biographies of three university teachers and researchers of Vietnamese background. The narratives have the purpose of countering the mainstream discourse about women of Asian background as an aggregate mass and recount their experience as minority teachers and researchers in mainstream educational settings. Recent literature asserts that teachers of minority and migrant background are an asset and educational opportunity, be it seen either from a “unique resources” or “representation and equity” approach. However, they need to have a sense of belonging in their professional environment. The authors use counter storytelling informed by critical race as a methodology to tell their own stories of experiences that are not often told. A methodology is identified as a tool for exposing, analysing, and challenging the majoritarian stories of racial privilege. Data was collected with online semi-structured interviews. The three participants conducted and analysed each other’s interviews. The stories told revealed three distinct biographies of the female academics, where the only similarity they share is their country of origin, and yet they are often perceived by the majority as one Asian female “homogeneous group”. Socially and professionally they recognise having some sense of belonging but not without the experiences of micro aggression, prejudice and discrimination. Descriptions of how they were perceived by their scientific environment and by themselves in different European countries, helped to counteract and deconstruct the homogeneous perception of the mainstream discourse.

Foreldrar og skólinn

Sýn umsjónarkennara á miðstigi grunnskóla á þörf fyrir uppeldisfræðslu, ráðgjöf og stuðning til foreldra barna á aldrinum 10-13 ára

Sigrún Helgadóttir, skólastjórnandi Flóaskóla og Hrund Þórarins Ingudóttir, lektor, MVS Háskóli Íslands

Foreldrahlutverkið getur í senn verið bæði ánægjulegt og krefjandi. Jafnframt eru viðfangsefni foreldra í hlutverkinu síbreytileg eftir aldri og þroska barns. Þegar barn er á aldrinum 10-13 ára eru foreldrar að takast á við önnur verkefni en áður. Eitt stærsta verkefnið á þessu aldursskeiði er grunnskólaganga barna og því er mikilvægt að foreldrar og kennarar vinni náið saman að námi og velferð barna. Markmið rannsóknarinnar var að kanna þörf á uppeldisfræðslu, ráðgjöf og stuðningi fyrir foreldra barna á aldrinum 10-13 ára út frá sjónarhorni umsjónarkennara á miðstigi grunnskólans. Eigindlegri rannsóknaraðferð var beitt við söfnun og greiningu gagna. Tekin voru átta hálf opin viðtöl við starfandi umsjónarkennara á miðstigi grunnskólans. Helstu niðurstöður eru að umsjónarkennararnir telja að auka þurfi framboð á faglegri uppeldisfræðsla, ráðgjöf og stuðningi við foreldra hérlandis. Þeir sjá jafnframt fyrir sér að uppeldisfræðsla og stuðningur við foreldra geti verið samofin skólagöngu barna. Umsjónarkennararnir nefna ýmsa þætti sem þeir telja að megi fræða foreldra um svo sem net- og skjánotkun barna og foreldra, samveru og samskipti foreldra og barna, mörk, uppeldisaðferðir, jafningjasambönd, svefn, næringu, hreyfingu, útvistarreglur og þroska. Þá tala allir umsjónarkennararnir um að í íslensku samfélagi sé mikill hraði og streita hjá foreldrum. Enn fremur telja flestir umsjónarkennaranna sig hafi fengið litla menntun í foreldrasamstarfi og litla sem enga menntun í hvernig þeir geti stutt foreldra í uppeldishlutverkinu. Niðurstöður rannsóknarinnar ættu að nýtast við stefnumótun á foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf og nýtast þannig foreldrum og börnum þeirra.

Að nesta fyrir framtíðina eða berja börn til bókar? Reynsla foreldra af heimalestri

Anna Söderström, doktorsnemi, FVS Háskóli Íslands

Mikil áhersla er lögð á læsi í gildandi menntastefnum og læsi skilgreint sem grunnfærni og hæfni fyrir framtíðina. Á sama tíma leggur menntakerfið mikla ábyrgð á foreldra vegna lestrarþjálfunar barna án þess að taka tilliti til ólíkra aðstæðna foreldra til að takast á við þetta hlutverk í daglegu lífi. Í þessu erindi verður sjónarhorninu beint að foreldrum í þeim tilgangi að greina upplifun þeirra og reynslu af heimalestri barna. Um er að ræða eigindelega rannsókn sem byggir á tíu opnum hálfstöðluðum djúpviðtölum við foreldra barna í 1.-6. bekk grunnskóla. Foreldrarnir eru með ólíkan bakgrunn og lesa mismikið með börnum sínum. Þær niðurstöður sem hér eru kynntar eru hluti af yfirstandandi doktorsrannsókn í þjóðfræði þar sem áherslur á lestur og lestrarmenningu í íslensku samfélagi eru teknar til skoðunar með aðferðum gagnrýnnar orðræðugreiningar. Helstu niðurstöður sýna að mikill munur er á hvort foreldrum finnist erfitt eða auðvelt að sinna heimalestri barna sinna sem m.a. vekur spurningar um jafnrétti til náms. Flestir viðmælendur fundu fyrir stressi og kvíða í sambandi við heimalesturinn. Einnig kom fram að foreldrum þótti lesefni sem skólinn útvegaði vera ábótavant og neyddust því sjálfir að útvega bækur handa börnum sínum. Þá voru flestir foreldrar þeirrar skoðunar að lestur væri mjög mikilvægur, en upplifðu á sama tíma að fyrirkomulag heimalesturs hefði neikvæð áhrif á lestrarhuga barna sinna þar sem hann væri of þvingaður og formfastur. Niðurstöðurnar vekja upp spurningar hvort endurskoða megi fyrirkomulag heimalesturs og bæta framkvæmd hans með það að markmiði að aðlaga betur að þörfum nemenda og foreldra.

Þörf á uppeldisfræðslu fyrir foreldra 0-2 ára barna: Sjónarhorn starfsfólks í ung- og smábarnavernd

Þórey Huld Jónsdóttir, skólastjórnandi, Urriðaholtsskóla og Hrund Þórarins Ingudóttir, lektor, MVS HÍ

Fyrstu tvö æviár barns eru afar mikilvæg og hafa áhrif á þroska og velferð út ævina. Áríðandi er að foreldrar séu vel í stakk búin fyrir hlutverk sitt og geti með besta móti stutt við og mætt þörfum barna sinna. Þörf á uppeldisfræðslu og stuðningi við foreldra ungbarna hefur lítið verið skoðuð hérlendis. Markmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf starfsfólks ung- og smábarnaverndar, sem hittir nánast öll ungbörn og foreldra þeirra í reglulegum skoðunum fyrstu

æviár barnsins, á þörf fyrir uppeldisfræðslu til foreldra 0-2 ára barna. Einnig var markmiðið að kanna hvaða viðfangsefni tengd uppeldi starfsfólkis teldi brýnast að foreldra fengju fræðslu um sem og skoða reynslu starfsfólksins af að veita foreldrum fræðslu um uppeldi. Spurningalisti var sendur á 62 af 63 starfstöðvum ung- og smábarnaverndar landsins, alls 200 starfsmenn. Svör bárust frá 101 þeirra. Unnið var úr tölulegum gögnum og svör við opnum spurningum voru þemagreind. Helstu niðurstöður sýna að mikil þörf er á aukinni faglegri uppeldisfræðslu og stuðningi við foreldra. Þátttakendur töldu foreldra þurfa almenna fræðslu um uppeldi, þroska barna – þá sérstaklega tilfinningaþroska, tengslamyndun, umönnun, foreldrahlutverkið og skjátíma. Um helmingur taldi foreldra gera óraunhæfar kröfur til barna sinna miðað við aldur og þroska þeirra. Þá taldi um helmingur þátttakenda foreldra eiga erfitt með að setja börnum sínum mörk og fylgja þeim eftir. Niðurstöður rannsóknarinnar ættu að nýtast við stefnumótun foreldrafræðslu og uppeldisráðgjafar, vera gagnlegar þeim sem starfa við fræðslu til foreldra og með því nýtast foreldrum og börnum þeirra.

Framhaldsskólinn

Félagsleg og efnahagsleg staða nemenda og brotthvarf úr námi

Ingibjörg Jónsdóttir Kolka, doktorsnemi, MVS HÍ og Kolbeinn Stefánsson, dósent, FVS HÍ

Markmið rannsóknarinnar er að skoða tengsl félagslegrar og efnahagslegrar stöðu ungs fólks og brotthvarfs úr námi. Annars vegar verða megindleg gögn greind til að lýsa þessum tengslum og hins vegar verða eigindleg gögn notuð til að sýna hvað býr að baki þessum tölu. Þar er um að ræða lífssöguleg viðtöl við fólk sem fékk tækifæri til að fara aftur í nám í kjölfar atvinnuleysis.

Þetta átok var samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðarins og ríkisins til að bregðast við atvinnuleysi í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Megindlegu gögnin eru skráargögn frá Hagstofu Íslands sem spanna two árganga, fædda 1995 og 1996, og innihalda ýmsar upplýsingar um félagslegar og efnahagslega stöðu þeirra og fjölskyldna þeirra sem varpa ljósi á samband félagslegar og efnahagslegrar stöðu við brotthvarf úr námi. Í viðtolunum var áhersla lögð á upplifun þátttakenda

af framhaldsskólanámi sínu og skólasögur þeirra. Notuð er þemagreining til að greina viðtölin. Kenningum Bourdieu er beitt til þess að skoða hvernig menntun (sem menningarlegt auðmagn og lífssöguleg reynsla) getur mótað sjálfsmynd fólks og lífssögu þess í samspili við félagslega og efnahagslega stöðu þess. Frumniðurstöður úr greiningu viðtalanna gefa til kynna að þessi stuðningur til að fara aftur í nám hafi haft afdrifarík áhrif á þátttakendurna, sérstaklega lífsgæði þeirra og væntingar um framtíðina. Hann breytti einnig samskiptum þeirra við aðra og síðast en ekki síst væntingum annarra fjölskyldumeðlima til framtíðarinnar. Viðtölin sýna hvernig lífssaga fullorðins fólks getur tekið jákvæðum breytingum þegar því er gefinn kostur á að sækja sér menntun.

Stjórnendur í hringiðu breytinga, innleiðing nýrrar menntastefnu í þremur rótgrónum framhaldsskólum

Alma Oddgeirs dóttir, brautarstjóri, Menntaskólanum á Akureyri og Inga Jónsdóttir, dósent, FVS HÍ

Á árunum 2008 til 2011 voru gerðar miklar breytingar á lögum og námskrám íslenskra framhaldsskóla. Í því samhengi voru markmið þessarar rannsóknar að fá innsýn í aðgerðir á stjórnsýslustigi við undirbúning og framkvæmd meiriháttar breytinga á stefnu stjórnvalda, að kynnast því hvernig gekk að útfæra og undirbúa breytingarnar í völdum framhaldsskólum og skoða reynslu og lærdóm stjórnenda viðkomandi skóla þann tíma sem breytingaferlið átti sérað. Rannsóknin er eigindleg tilviksrannsókn. Gagna var aflað með átta hálfopnum einstaklingsviðtölum. Þrjú viðtol voru tekin við aðila á stjórnsýslustiginu og fimm við stjórnendur sem tóku þátt í breytingaferlinu í framhaldsskólunum. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbandingar um að innleiðing stjórnvalda á nýrri menntastefnu hafi ekki gengið sem skyldi. Margar ástæður geta legið þar að baki og fyrstar má telja efnahagshrun og úrelta kjarasamninga. Þrátt fyrir kynningar á lögunum í framhaldsskólum landsins virðist sem hugmyndafræði þeirra og andi hafi ekki náð til allra kennara. Niðurstöðurnar benda einnig til þess að forsvarsfólki breytinganna í framhaldsskólunum hafi ekki tekist að sannfæra alla kennarana um að vinna að útfærslu laganna og undirbúningi að innleiðingu þeirra í skólunum. Ýmis atriði gætu hafa haft þar áhrif svo sem skortur á fjármagni, dreifstýringaráhersla laganna, sem og sterkar hefðir og

tilhneiting til að viðhalda óbreyttu ástandi. Þær upplýsingar sem fram koma í rannsókninni eru óbeint framlag til þeirra breytinga sem eiga eftir að eiga sér stað í menntakerfinu og framhaldsskólum landsins í nálægri framtíð. Viðamiklar breytingar eiga sér sífellt stað og mikilvægt er að líta til baka og læra af reynslunni.

Sögukennsla í framhaldsskólum: Notkun greiningartækis í kennaramenntun

Súsanna Margrét Gestsdóttir, lektor, MVS HÍ

Í þessu erindi er fjallað um greiningartækið Teach-HTR sem greinir kennslu sögulegrar hugsunar og rökleiðslu (e. historical thinking and reasoning, hér eftir HTR). Sjö hollenskir meistaranemar í sögukennslu notuðu tækið til að glöggva sig á hvað felst í henni, en það kann að vera allt frá því að spyrja sögulegra spurninga til þess að leiðbeina nemendum ítarlega um leiðir við HTR. Þeir notuðu tækið við undirbúning og kennslu einnar kennslustundar sem félagi þeirra horfði á en einnig til að greina kennslustundir hver hjá öðrum. Nemarnir svoruðu spurningalistum á undan og eftir, bæði til að veita yfirsýn um hugmyndir þeirra um kennslu HTR og hvernig þeir mátu getu sína til að kenna hana (e. Task value and self-efficacy). Prógrammið stóð yfir í þrjá mánuði og fengu kennaranemarnir jafnframt þjálfun í kennslu HTR hjá kennara sínum. Stuðst var við The Interconnected Model of Professional Growth til að greina möguleg áhrif prógrammsins á nemana. Í ljós kom að greina mátti nokkra breytingu á hinu svokallaða persónulega sviði hjá nemunum en hugmyndir þeirra um gildi þess að kenna HTR, sem þeir töldu mikilvægt frá upphafi, breyttust ekki. Nemarnir töldu greiningartækið afar gagnlegt, bæði til að auka skilning á kennslu HTR og til að aðstoða við framkvæmd hennar. Greiningartækið Teach-HTR var meðal annars þróað með því að rannsaka sögukennslu á framhaldsskólastigi á Íslandi. Niðurstöður eru mikilvægt framlag til rannsókna á fræðasviði sem ekki hefur verið gefinn mikill gaumur hérlendis til þessa.

Heilsuhegðun nemenda á tínum COVID-19

Heilsuhegðun ungra Íslendinga: Niðurstöður úr rannsókn á svefn og svefnmynstri unglings frá grunnskóla í framhaldsskóla

Rúna Sif Stefánsdóttir, aðjúnkt, MVS Háskóli; Erlingur Jóhannsson, prófessor, MVS Háskóli; Vaka

Rögnvaldsdóttir, lektor, MVS Háskóli; Sunna Gestsdóttir, lektor, MVS Háskóli og Sigríður Lára

Guðmundsdóttir, prófessor, MVS Háskóli

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða svefnvenjur og mögulegar breytingar á svefnmynstri íslenskra unglings frá 15 til 17 ára, þegar nemendur fara úr grunnskóla og í framhaldsskóla. Einnig voru áhrif svefns á námsárangur og hugræna þætti skoðuð. Rannsóknarúrtakið kom frá sex grunnskólum í Reykjavík. Gögnum var safnað vorið 2015 meðal 315 nemenda í 10. bekk. Tveimur árum seinna samþykktu 236 nemendur þátttöku í eftirfylgdinni og hægt var að tengja gögn hjá 145 nemendum. Ein vika af svefni var mældur með actigraph-hreyfimæli, staðsettum á úlnliði. Einkunnir á samræmdum prófum í 10. bekk voru notaðar sem mælikvarði á námsárangur og minni og athygli voru skoðuð með stöðluðu tölvuprófi. Við mat á gögnunum var stuðst við ýmsar tölfræðilegar greiningar, keyrðar í R tölfræðiforritinu. Svefnlengd unglings styttilst að meðaltali um 24 mínútur á nóttu milli 15 og 17 ára. Á skóladögum fóru unglings einna að sofa 17 ára miðað við 15 ára en ekki var marktækur munur á hvenær unglings fóru á fætur. Mikill breytileiki sást á svefni íslenskra unglings 15 ára en á tveimur árum jókst breytileikinn enn frekar. Nemendur í fjölbautakerfi sváfu lengur á skóladögum en nemendur í bekjkakerfi. Stöðugleiki í svefni og háttatími höfðu jákvæð áhrif á námsárangur 15 ára unglings og þeir nemendur sem sváfu lengur nóttina fyrir hugræna prófið 17 ára, skoruðu hærra. Svefn unglings styttilst og breytileiki jókst frá elsta bekk í grunnskóla og yfir í framhaldsskóla. Lengd svefns, háttatími og breytileiki hefur áhrif á bæði námsárangur og hugræna þætti hjá íslenskum unglungum.

Hefur fæðuval háskólanema breyst í COVID-19?

Gréta Jakobsdóttir, lektor, MVS Háskóli; Erlingur Jóhannsson, prófessor, MVS Háskóli; Rúna Stefánsdóttir, aðjúnkt, MVS Háskóli; Sunna Gestsdóttir, lektor, MVS Háskóli; Þórdís Gísladóttir, dósent, MVS Háskóli og Vaka Rögnvaldsdóttir, lektor, MVS Háskóli

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur haft mikil áhrif á líf margra. Viðamiklar breytingar á daglegu lífi einstaklinga, eins og breytt vinnu- og námsfyrirkomulag, geta haft víðtæk áhrif á lífsstíl og venjur, svo sem fæðuval og drykkjarvenjur. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort háskólanemar teldu að fæðuval sitt, neysla á koffínrikum drykkjum og áfengi hefði breyst, samanborið við fyrir COVID-19. Spurningalisti var sendur með tölvupósti á 366 nemendur (32 ára og yngri) á fyrsta ári við Menntavísindasvið Háskóla Íslands í janúar 2021. Kynjahlutfall úrtakshópsins var jafnt. Alls svöruðu 118 nemendur (54% karlar) spurningalistanum. Gild svör voru 115. Voru þátttakendur spurðir um gæði fæðuvals, neyslu grænmetis og ávaxta, koffíndrykkja sem og áfengis og beðnir um að bera saman við eigin neyslu fyrir tíma COVID-19. Hátt í helmingur nemenda mat fæðuval sitt verra samanborið við fyrir faraldurinn og einungis 14% upplifði fæðuval sitt betra. Stór hluti nemenda, 44%, taldi neyslu sína á koffíndrykkjum svipaða og fyrir upphaf faraldursins. Aftur á móti fannst fimmtungi þátttakenda neyslan minni en um fjórðungi fannst neyslan meiri. Um 40% nemenda drukku minna áfengi, en um 14% höfðu aukið áfengisneyslu sína. Af þeim sem töldu mataræði sitt verra borðuðu rúmlega 30% two eða fleiri skamma af ávoxtum og grænmeti daglega. Heimsfaraldurinn hefur haft mikil áhrif á venjur fólks og daglegt líf, sem í kjölfarið getur breytt og haft áhrif á fæðuval og drykkjarvenjur. Nærri helmingur nemenda taldi fæðuval sitt hafa versnað, þrátt fyrir að niðurstöður sýni riflega neyslu grænmetis og ávaxta, og svipaða eða minni neyslu koffíníkra drykkja hjá meirihluta þátttakenda. Ástæður geta verið fjölbreyttar, eins og flutningur til baka í foreldrahús, einangrun, minni fjárráð, kvíði og vanlíðan.

Koffínneysla, svefn og skjátími á tímum COVID-19

Vaka Rögnvaldsdóttir, lektor, MVS HÍ; Gréta Jakobsdóttir, lektor, MVS HÍ; Þórdís Lilja Gísladóttir, dósent, MVS HÍ; Sunna Gestsdóttir, lektor, MVS HÍ; Rúna Sif Stefánsdóttir, aðjúknt, MVS HÍ og Erlingur Jóhannsson, prófessor, MVS HÍ

Koffínneysla hefur aukist meðal ungs fólks undanfarin misseri. Fjölbreytt úrval koffíndrykkja er nú á markaði og auðvelt að nálgast þá. Rannsóknir á koffínneyslu benda til þess að koffín hafi áhrif á svefn. Markmið rannsóknarinnar var að bera koffínneyslu, svefnvenjur og skjátíma á tímum COVID-19 saman við fyrir tíma heimsfaraldursins. Í janúar og febrúar 2021 var nemendum á

fyrsta ári Menntavísindasviðs Háskóla Íslands boðið að svara rafrænum spurningalistu. Listinn var sendur á 366 nemendur 32 ára og yngri. Nemendur fengu sendan tölvupóst með upplýsingum um rannsóknina og þáttöku í rannsókninni var svo fylgt eftir með símtali. Alls svöruðu 118 nemendur (54% karlar) spurningalistanum, af þeim voru 115 gild. Meðalaldur þátttakenda var $24,1 \pm 3,4$ ár. Þátttakendur voru beðnir um að meta koffínneyslu, svefnlengd, svefngæði, háttatíma, hversu oft þeir legðu sig á daginn og skjátíma sinn á tímum COVID-19 samanborið við sömu hegðun fyrir heimsfaraldurinn. Um 26% háskólanemanna mátu koffínneyslu sína meiri, fjórði hver nemandi svaf skemur og 23% nemenda lengur á tímum COVID-19 en fyrir tíma COVID-19. Um 45% mátu svefngæði sín lakari, um 51% mat háttatíma sinn seinna að kvöldi og um 77% þátttakenda mátu skjátíma sinn lengri en fyrir tíma COVID-19. Þátttakendur sem neytru meira koffíns á tímum COVID-19 en fyrir tíma heimsfaraldursins, sváfu einnig skemur (30%), upplifðu lakari svefngæði (47%), seinni háttatíma (32%) og aukinn skjátíma (93%). Almennt hafa svefnvenjur fólks breyst á tímum heimsfaraldursins með tilfærslu vinnu almennings og náms skólaþófks inn á heimilin. Ætla má að margir háskólanemar vakni stuttu áður en skóli hefst þar sem ekki þarf að gera ráð fyrir tíma í samgöngur á milli staða. Mikilvægt er að fylgjast með með venjum ungs fólks og þróun þeirra á tímum heimsfaraldurs.

Svefn háskólanema á tímum COVID-19

Alda Ólína Arnarsdóttir, meistaranemi, MVS HÍ; Vaka Rögnvaldsdóttir, lektor, MVS HÍ; Erlingur Jóhannsson, prófessor, MVS HÍ; Rúna Stefánsdóttir, aðjúknt, MVS HÍ; Sunna Gestsdóttir, lektor, MVS HÍ; Þórdís Gísladóttir, dósent, MVS HÍ og Gréta Jakobsdóttir, lektor, MVS HÍ

Svefn er ein af grunnstoðum lífsins. Þrátt fyrir það eru margir sem ekki að ná að uppfylla viðmið um svefnlengd. Á tímum COVID-19 hefur líf fólks tekið töluverðum breytingum þar sem fólk dvelur meira heima við. Markmið rannsóknarinnar var að bera svefnvenjur háskólanema á tímum COVID-19 saman við fyrir tíma COVID-19. Í upphafi árs 2021 var haft samband við 366 fyrsta árs nema, 32 ára og yngri, við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Upplýsingar um rannsóknina voru sendar í tölvupósti og var þeim síðan fylgt eftir með símtali og nemendum boðið að mæta í Laugardalshöll til að svara spurningalistu. Alls svöruðu 118 nemendur (54% karlar) spurningalistu í janúar-febrúar 2021. Af þeim báru 92 hreyfimæli í viku sem mældi svefn og hreyfingu og þar

af áttu 72 þátttakendur gild gögn (57% karlar). Meðalaldur þátttakenda var $24,3 \pm 3,5$ ár. Meðal líkamþyngdarstuðull var $23,7 \pm 4,3$. Meðal svefnlengd var $6,5 \pm 0,9$ klst. og háttatími var að meðaltali kl. $01:43 \pm 1,58$ klst. yfir alla vikuna. Karlar sváfu marktækt styttra ($6,3 \pm 1,0$ klst.) en konur ($6,7 \pm 0,8$ klst.). Niðurstöður úr spurningalista sýndu að 27,6% nemenda töldu sig sofa færri klukkustundir, um helmingur svaf svipað margar klukkustundir og um 22,4% taldi sig sofa fleiri klukkustundir á tínum COVID-19 samanborið við fyrir tíma COVID-19. Um 3,9% þátttakenda sögðust fara fyrr að sofa, 40,8% sögðust fara sofa á svipuðum tíma og 55,3% sögðust fara seinna að sofa. Niðurstöður sýna að svefnvenjur ungs fólks hafi tekið breytingum á tínum Covid-19 sem er í samræmi við niðurstöður rannsókna víða um heim. Því er mikilvægt að fylgjast með hvernig heimsfaraldur sem þessi hefur haft áhrif á svefn og svefnvenjur ungs fólks á Íslandi á tínum COVID-19 og eftir að heimsfaraldrinum lúkur.

Andleg og líkamleg heilsa nemenda á fyrsta ári við Menntavísindasvið Háskóla Íslands í COVID-19

Sunna Gestsdóttir, lektor, MVS HÍ; Þórdís Gísladóttir, dósent, MVS HÍ; Vaka Rögnvaldsdóttir, lektor, MVS HÍ; Gréta Jakobsdóttir, lektor, MVS HÍ; Rúna Stefánsdóttir, aðjúnkt, MVS HÍ og Erlingur Jóhannsson, prófessor, MVS HÍ

Mikil umræða hefur verið um áhrif heimsfaraldursins COVID-19 á heilsu almennings.

Háskólanemar eru þar engin undantekning, andleg og líkamleg heilsa þeirra hefur vakið töluverðan ugg. Markmið rannsóknarinnar var að skoða andlega og líkamlega heilsu háskólanema í COVID-19 og fyrir heimsfaraldurinn og kanna hvort munur væri á heilsu kynjanna. Í janúar 2021 svöruðu 115 nemendur (63 karlar og 52 konur) á fyrsta ári við Menntavísindasvið Háskóla Íslands spurningalista. Meðalaldur bæði karla og kvenna var 24,1 ár. Andleg líðan var metin með spurningum um einkenni kvíða, þunglyndis, sjálfsálits og líkamsmyndar. Líkamleg heilsa var metin út frá líkamsþyngdarstuðli. Þátttakendur voru jafnframt beðnir um að meta andlega líðan sína, líkamlega heilsu, einmanaleika, streitu, hreyfingu, kyrrsetu og svefngæði samanborið við fyrir heimsfaraldurinn. Karlar höfðu færri einkenni kvíða og þunglyndis en konur og þeir voru með meira sjálfstraust ($p<0,05$), enginn munur var á líkamsímynd kynjanna. Ríflega 50% þátttakenda áleit andlega líðan sína verri en fyrir COVID-19. Um 69% karla og 38% kvenna

töldu líkamlega heilsu sína verri en fyrir heimsfaraldurinn. Hærra hlutfall kvenna en karla upplifði meiri einmanaleika (38% á móti 14%) og streitu (68% á móti 48%) en fyrir COVID-19. Um 71% karla og kvenna töldu kyrrsetu hafi aukist og 56% kvenna en 76% karla töldu hreyfingu sína minni en fyrir heimsfaraldurinn. Tæplega 50% karla og kvenna töldu svefngæði sín verri en fyrir heimsfaraldurinn. Heimsfaraldurinn hefur haft áhrif á fjölmarga áhættuþætti heilsu meðal háskólanema. Almennt upplifðu háskólanemar hnignun í andlegri og líkamlegri heilsu sinni sem mikilvægt verður að snúa við á komandi árum.

Hreyfing skólabarna

Afkastageta 14 ára drengja í knattspyrnu á Íslandi

Sigurður Skúli Benediktsson, meistaraneimi, MVS Há og Erlingur Jóhannsson, prófessor, MVS Há

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna holdafar, beinþroska, afkastagetu og þjálfun hjá 14 ára knattspyrnudrengjum á Íslandi og bera saman við norska jafnaldra. Þátttakendur ($n=53$) voru 14 ára knattspyrnumenn (13,2-14,2 ára) sem æfa og keppa með tveimur knattspyrnufélögum á höfuðborgarsvæðinu. Beinþroski var mældur með röntgenmynd af vinstri hendi og vaxtarhraði mældur (e. PHV). Holdafar var ákveðið út frá líkamsþyngdarstuðli (hæð og þyngd) og fjölmargar ólíkar afkastagetumælingar voru framkvæmdar eins og hámarkssúrefnisupptaka, 40 metra spretthlaup, stökkkraftur, langstökk án atrennu og knattspyrnu miðað YO-YO IR1 þolpróf.

Almennur spurningalisti var einnig lagður fyrir drengina. Niðurstöður úr einhliða dreifigreiningu sýndu ekki marktækan mun á beinþroskastigi, líkamsþyngd eða vexti. Þá náðu norskir leikmenn betri árangri en þeir íslensku í hámarkssúrefnisupptökuprófi ($60,4 \pm 5,9 \text{ mL kg}^{-1} \text{ min}^{-1}$ á móti $54,7 \pm 5,1 \text{ mL kg}^{-1} \text{ min}^{-1}$ VO_{2max}) og einnig hlaupahraða (hraðasti 10 metra millitími: 1,27 sekúndur $\pm 0,06$ á móti 1,41 sekúndur $\pm 0,10$) og 40 metra spretthlaupi. Norskir 14 ára knattspyrnudrengir æfa fleiri klukkustundir í viku, miðað við þá íslensku ($p < ,05$). Fylgni fannst milli beinþroska og spretthlaups ($r = -,471$, $p < ,001$) og stökkkrafts ($r = ,359$, $p < ,01$) hjá báðum hópum. Þessar niðurstöður gefa til kynna að afkastageta 14 ára drengja í knattspyrnu

tengist fyrst fremst þjálfunarskipulagi, æfingamagni og umfangi þeirrar þjálfunar sem þeir stunda.

Hreyfing íslenskra grunnskólanema

Þórdís Lilja Gísladóttir, dósent, MVS HÍ; Rúnar Vilhjálmsson, prófessor, HVS HÍ og Vaka Rögnvaldsdóttir, lektor, MVS HÍ

Tilgangur rannsóknar var að kanna umfang líkamlegrar hreyfingar íslenskra grunnskólanema í 6., 8., og 10. bekk og tengsl hennar við kyn, aldur, uppruna, fjölskyldugerð, efnahag og búsetu. Sérstaklega var athugað hve hátt hlutfall nemendanna næði ráðlagðri 60 mínútna hreyfingu daglega. Unnið var úr gögnum úr landskönnuninni Heilsa og lífskjör skólanema (HBSC). Þátttakendur í rannsókninni voru 6.102 nemendur í 6., 8. og 10. bekk í grunnskólum landsins. Spurningalistar voru lagðir fyrir nemendur og meðal annars var spurt um fjölda daga á viku sem þátttakendur stunduðu „líkamlega hreyfingu samanlagt í 60 mínútur eða meira á dag“. Þá var einnig spurt um kyn og bekkjardeild, efnahagslega stöðu fjölskyldu, uppruna foreldra, fjölskyldugerð og búsetu. Að meðaltali stundaði nemendahópurinn líkamlega hreyfingu í 4,5 daga í viku. Einungis 21% nemenda náði viðmiði um ráðlagða daglega hreyfingu. Drengir náðu frekar viðmiðum um hreyfingu en stúlkur og fleiri nemendur í 6. bekk samanborið við eldri nemendur. Nemendur sem áttu foreldra af innlendum uppruna stunduðu oftar ráðlagða hreyfingu en þeir sem áttu foreldra af erlendum uppruna. Nemendur sem bjuggu með báðum kynforeldrum náðu oftar viðmiðum um ráðlagða hreyfingu en nemendur í öðrum fjölskyldugerðum. Þá var algengara að nemendur úr vel stæðum fjölskyldum næðu viðmiðum um ráðlagða hreyfingu. Ekki var munur á hreyfingu grunnskólanema eftir búsetu þeirra. Vinna þarf að hreyfieflingu grunnskólanema með fræðslu um gildi hennar, daglegum hreyfistundum á skólatíma og markvissum íþróttatímum. Jafna þarf þátttöku barna í íþróttum utan skólans með aðkomu sveitarfélöganna. Fjölga þarf möguleikum til hreyfingar fyrir alla utanhúss og innan í sveitarfélögum landsins.

Tengsl hreyfifærni, líkamssamsetningar og íþróttáættöku hjá unglingu í 7.-10. bekk í grunnskóla

Ísak Óli Traustason, meistaraneimi, MVS HÍ

Leiðbeinandi: Þórdís Lilja Gísladóttir, dósent, MVS HÍ

Markmið rannsóknarinnar var að kanna tengsl hreyfifærni við líkamssamsetningu og íþróttáættöku hjá unglingu í 7.-10. bekk í grunnskóla ásamt að skoða mun milli kynja. Unnið var úr gögnum úr rannsókninni „Líkamshreysti, hreyfifærni, áhugahvöt, svefn og næring 13-16 ára unglings“. Þátttakendur í rannsókninni voru úr 7.-10. bekk úr tveimur grunnskólum í Reykjavík. Alls töku 387 nemendur þátt, 210 drengir og 177 stúlkur. Hreyfifærni var mæld með MABC-2 hreyfifærniprófinu en það inniheldur átta þrautir sem mæla boltafærni, jafnvægi og fínhreyfingar. Líkamssamsetning var metin með því að mæla hæð, þyngd, mittismál, líkamsfituprósentu og reikna út líkamsþyngdarstuðul (BMI). Þátttakendur svöruðu ítarlegum spurningalista um svefn, næringu, áhugahvöt, hreyfingu og íþróttáættöku og var notast við spurninguna um íþróttáættökuna í þessari rannsókn. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að stúlkur við 12 ára, 13 ára og 14 ára aldur voru með marktækt betri hreyfifærni en drengir á sama aldi. Ekki mældist þó marktækur munur á hreyfifærni hjá 15 ára drengjum og stúlkum. Marktæk neikvæð tengsl voru á milli BMI og hreyfifærni hjá 13 ára drengjum og á milli BMI, mittisummáls, líkamsfituprósentu og hreyfifærni hjá 14 ára drengjum. Íþróttáættaka sýndi jákvæð tengsl við hreyfifærni hjá þátttakendum af báðum kynjum. Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi vegur hvað þyngst þegar spáð er fyrir um hreyfifærni hjá 12-15 ára unglingu.

Kennsla í framhaldsskólum

Skíða- og snjóbrettasérhæfing við Menntaskólann á Tröllaskaga. Námskrá nýrrar sérhæfingar á kjörnámsbraut í framhaldsskólum

Inga Rakel Ísaksdóttir, meistaraneimi, MVS HÍ; Þórdís Lilja Gísladóttir, dósent, MVS HÍ og Örn Ólafsson, lektor, MVS HÍ

Markmið verkefnisins var að búa til námskrá í nýrri sérhæfingu á kjörnámsbraut í framhaldsskóla á sviði skíða- og snjóbrettasérhæfingar. Verkefnið var unnið í samstarfi við Menntaskólann á Tröllaskaga (MTr) og Skíðasamband Íslands (SKÍ) og fólst í að setja saman og koma á fót skíða- og snjóbrettasérhæfingu við fyr nefndan skóla. Með tilkomu sérhæfingarinnar í framhaldsskóla hér lendis er vonast eftir að hægt verði að draga að einhverju leyti úr því brottfalli sem verður úr íþróttagreinunum í kringum framhaldsskólaaldrinnum. Þekkt er að auknar skuldbindingar í íþróttunum á þessum árum samfara auknum kröfum í námi í hefur áhrif á brottfallið. Við gerð verkefnisins var rýnt í nágildandi aðalnámskrá framhaldsskóla og fjölmargt efni sem tengist samþættingu íþrótt og náms, til að mynda framboð á afreksíþróttasviðum í framhaldsskólum hér á landi og erlendis. Þá var einnig gerð þarfagreining á skíða- og snjóbrettaíþróttunum, út frá því voru búnaðar til áfangalýsingar fyrir nýja áfanga og loks útbúið kynningarefni fyrir brautina. Áfangalýsingarnar eru nú aðgengilegar í námskrárgrunni Menntamálstofnunnar og kynningarefnið hefur verið birt m.a. á vefmiðlum MTr og SKÍ.

Student motivation, gender differences and academic achievement in chemistry

Benjamin Aidoo, PhD student, School of Education, UI

Engaging students to develop interest in learning chemistry has become a challenge for some teachers at k-12 educational level. Teachers have resorted to different approaches to help students develop interest which leads to a high degree of self efficacy for learning chemistry. The purpose of the research was to engage students through a flipped classroom to boost their interest in learning chemistry. The aim was to investigate the relationship between students' background knowledge in chemistry, interest, self-efficacy, and gender differences in academic achievement. The study investigated the effects of motivation and interest on students' academic achievement in chemistry. Fifty students from two secondary schools in Southern Iceland were invited to complete the questionnaire. Means, standard deviations and independent tests were used to determine the differences in achievement levels among the students. Results indicated that males and females exhibit different levels of motivation in chemistry learning, with significant variations in academic achievement. Additionally, a multiple regression analysis showed that interest, prior knowledge

and self-efficacy in chemistry positively predicted academic achievement. Recommendations from the study indicate that chemistry teachers can use different instructional approaches that enhance students' self-efficacy and arouse their interest, to achieve success, regardless of whether they have prior knowledge in chemistry.

Vekjum undrun! Hvernig styður gerjun við skapandi lausnaleit? Tilraun með framhaldsskólanemendum

Þóra Óskarsdóttir, forstöðukona Fab Lab Reykjavík

Vinsældir skapandi verkefna hafa aukist í skólastarfi undanfarna áratugi. Skapandi verkefni hafa ekkert eitt rétt svar og eru lausnir mjög fjölbreyttar. Gerjun (e. incubation) á við um það þegar hlé á verkefni leiðir til betri úrlausna en samfelld meðvituð vinna. Hugljómun á sér oft stað þegar skapandi verkefni hefur fengið að gerjast yfir tíma. Þá leysist vandamál sjálfkrafa í huganum og lausnin birtist fólk skýndilega. Hlé á verkefni tryggir þó ekki að gerjun eigi sér stað, og þá síður hugljómun. Ef hugurinn reikar stöðugt að ókláruðum verkefnum getur það jafnvel valdið truflandi hugarangri sem ýtir undir vanlíðan. Tilraunir í hugrænni sálfræði hafa ítrekað sýnt fram á að gerjun stuðli að úrlausn skapandi verkefna. Ólíkt skapandi verkefnum í skólastarfi eru skapandi verkefni í tilraunum mjög afmörkuð. Tilgangur þessarar rannsóknar var að skilja hvernig hlé á verkefnum styður við gerjun án þess að valda fólkí hugarangri. Markmiðið var að athuga mikilvægi þess að afmarka verkefni fyrir hlé svo að gerjun ætti sér stað. Rannsóknaraðferð var tilraun með millihópasniði og tveimur frumbreytum. Fyrri frumbreytan var afmörkun verkefnis (mikil eða miðlungs). Seinni frumbreytan var hvort hlé væri gert á verkefni til að stuðla að gerjun. Niðurstöðurnar sýna fram á að skýrt og afmarkað verkefni er mikilvægur undanfari gerjunar. Ef hlé er gert á óskýrum verkefnum er ólíklegt að gerjun muni eiga sér stað og hugarangur verður líklegra. Þetta hefur þýðingu við skipulagningu skapandi verkefna í skólastarfi. Skapandi verkefni ættu að vera afmörkuð fljótlega eftir fyrirlögn, en úrlausn verkefnisins mætti vinna með hléum yfir tíma.

Velferð, samstarf og réttlæti

VET@work Vinnustaðanám - samstarf skóla og vinnustaða

Hrafnhildur S. Sigurgeirs Þórssdóttir, framhaldsskólakennari, Verkmenntaskólanum á Akureyri; Harpa Birgisdóttir; framhaldsskólakennari, Verkmenntaskólanum á Akureyri og Hulda Hafsteinsdóttir, meistaranimi Verkmenntaskólanum á Akureyri

Kynning á Erasmus verkefninu VET@work þar sem þáttakendur komu bæði frá menntakerfinu og atvinnulífinu. Helsti tilgangur verkefnisins var að búa til rafræna handbók sem inniheldur leiðbeiningar um með hvaða hætti sé hægt að standa að samstarfi milli skóla og vinnustaða þegar kemur að þjálfun verknámsnema. Þróuð voru líkön til að innleiða nýjar og nýstárlegar aðferðir til að efla vinnustaðanám í samvinnu við vinnumarkaðinn. Tilvikskannanir voru notaðar í þessu verkefni en farið var í heimsóknir í fyrirtæki og skóla, tekin viðtöl við nemendur, atvinnurekendur, starfsmentora og skólaufólk. Allir deildu reynslu sinni og bestu starfsháttum um það hvernig þeir töldu að koma ætti á samstarfi milli skóla og vinnumarkaðsins. Hönnuð var heimasíða með niðurstöðum þessarar vinnu sem hægt er að nota sem hugmyndabanka. Sem dæmi um það sem þar kemur fram eru nokkrar gerðir af „Job dating“ eða „job fair“, skólastofan flutt á vinnustað, starfsmaður vinnustaðar verður gestakennari í skólanum, hlutverk starfsmentora gert eftirsóknarvert, verkefni sem unnin eru í samstarfi skóla og vinnustaða og mat á því hvernig samstarfið gengur og jafnframt nám nemenda. Þessi heimasíða nýtist skólum, vinnustöðum og öðrum fræðsluaðilum sem standa að því að innleiða og efla vinnustaðanám og starfþjálfun. Helstu ályktanir eru þær að mikilvægt er gefa sér tíma til að byggja upp traust og heiðarlegt samstarf þar sem sameiginlegt markmið allra er að útskrifa verknámsnemendur sem standast kröfur markaðarins til framtíðar.

Kynjuð fjármál til að stuðla að kynja+ jafnrétti í grunnskólum

Finnborg S. Steinþórssdóttir, nýdoktor, FVS HÍ og Freyja Barkardóttir, MA í kynjafræði

Á vettvangi grunnskóla eru fjölmörg tækifæri til að stuðla að kynja+ jafnrétti. Kynjuð fjármál (e. gender budgeting) eru aðferð til að breyta stefnum, áætlunum og fjárhagslegum ákvörðunum til að standast skuldbindingar í jafnréttismálum. Kynjuð fjármál hafa verið innleidd á ólíkum stjórnsýslustigum hér á landi og víða erlendis, en aðferðafræðin hefur hingað til ekki verið þróuð á sviði grunnskóla. Framkvæmd var rannsókn í samstarfi við Reykjavíkurborg og þrjá grunnskóla Reykjavíkurborgar á árunum 2019 og 2020 með það að markmiði að þráð aðferðafræði kynjaðra fjármála í grunnskólum. Rannsóknin byggir á fyrirliggjandi fræðilegri þekkingu á jafnréttismálum grunnskóla á Íslandi, fyrirliggjandi gögnum Reykjavíkurborgar og samstarfsskólanna sem snúa að stefnumótun, fjárhagslegum ákvörðunum, skipulagi og starfsemi. Jafnframt voru tekin átta hálfstöðluð viðtöl við fulltrúa skóla- og fristundasviðs og stjórnendur og starfsfólk samstarfsskólanna. Gögn rannsóknarinnar voru greind með innihaldsgreiningu, en sérstök áhersla var á kynja- og jafnréttissjónarmið og tækifæri til að stuðla að kynjajafnrétti. Rannsóknin leiddi í ljós fjölmörg tækifæri til að stuðla að jafnrétti í skólasamféluginu og er lagt til að skólayfirvöld innleiði stefnumiðuð kynjuð fjármál (e. policy-based gender budgeting). Með þeim hætti er fjármunum og öðrum gæðum forgangsraðað í aðgerðir sem stuðla að jafnrétti, félagslegu réttlæti og jöfnuði.

Hin útvöldu ungmenni í þéttbýla Norðrinu – Framhaldsskólaval í Reykjavík og Helsinki

Berglind Rós Magnúsdóttir, prófessor, MVS HÍ og Sonja Kosunen, dósent, Háskólinn í Helsinki

Stúdentsprófið hefur tekið breytingum á undanförnum áratugum að því marki að mun fleirum er ætlað ljúka því á tilskildum tíma og sækja háskólanám á hinum ýmsu sviðum. Þótt framhaldsskólastofnunum hafi fjölgæð mikið er bitist um sætin í vinsælustu skólunum. Hér er sjónarhornið á þá framhaldsskólanemendur í Reykjavík og Helsinki sem hreppa sæti í þeim skólum sem voru vinsælastir þegar nemendur sóttu um framhaldsskólavist. Annars vegar skoðum við vettvanginn, þ.e. leikreglur hans í hvorri borg fyrir sig og hvað það er sem einkennir þá skóla sem þykja eftirsóknarverðastir meðal þeirra nemenda sem hafa mest menntunaraðmagn, hvernig nemendur upplifa valferlið og námskrána í skólunum, og hvernig nemendur líta á sjálfa sig og framtíð sína. Rannsóknin er byggð á hugtökum Bourdieu um gagnvirk tengsl milli veruháttar og vettvangs og hvernig hugmyndir um gæði skóla mótaðar af stéttengdum

menningarvenjum. Rannsóknin er innan samanburðarmenntunarfræða og byggir á eigindlegri tilviksathugun í hvoru landi fyrir sig. Greiningin byggir aðallega á einstaklings-djúpviðtölum ($n=20$) við nemendur sem eru við það að ljúka stúdentsprófi (17-20 ára) árið 2017 frá þeim skólum (2+2) sem taka til sín nemendur með að meðaltali hæstu einkunnirnar úr árganginum. Niðurstöðurnar varpa ljósi á að skólarnir í borgunum tveimur eru líkir varðandi sögu og gildi en svokallað bekkjakerfi er ekki til í finnsku skólunum. Nemendur höfðu jafnframt nokkuð svipaðan uppruna, veruhátt og framtíðarhugmyndir. Veruleg spurning er engu að síður hvort rétt sé að skilgreina þessa skóla sem elítuskóla og verður það rætt í fyrilestrinum.

Kennsluhættir

Staða ritunar hjá nemendum á fyrsta ári í háskóla

Kristín M. Jóhannsdóttir, lektor, HA og Finnur Friðriksson, dósent, HA

Miðað við hæfniviðmið í ritun getur nemandi við lok 10. bekkjar m.a. „mótað málsgreinar og efnisgreinar“, „beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál texta og lesanda“ – en hafa nemendur almennt uppfyllt þessi skilyrði við lok grunnskóla, eða jafnvel framhaldsskóla? Markmiðið með þessari rannsókn er að kanna hvar nemendur á fyrsta ári í háskóla standa hvað ritun varðar. Til þess að fá svör við þessum spurningum skoðuðum við stuttar ritsmíðar nemenda á fyrsta ári í háskóla. Nemendur voru hvattir til þess að lesa textann sinn ekki yfir heldur láta hann fara eins og hann var fyrst skrifaður. Það gefur okkur betra tækifæri til að sjá hvar nemendur raunverulega standa í ritun. Fyrstu niðurstöður benda til þess að hefðbundnar stafsetningarvillur séu enn nokkuð margar auk þess sem margir eiga í vandræðum með eitt orð eða tvö. Þá er mikið um villur í samræmi, sérstaklega í tölu og kyni. Í sumum tilfellum stafar það af skorti á yfirsýn því margir hafa tilhneigingu til að skrifa mjög langar málsgreinar. Þá áttu margir í vandræðum með að skipta í efnisgreinar og enn fleiri áttu í vandræðum með að merkja greinaskil almennilega. Með því að

gera sér grein fyrir hvar nemendur á fyrsta ári háskóla standa í ritun er hægt að vinna markvissar að ritunarkennslu í grunnskóla og framhaldsskóla og einbeita sér að því sem mestu máli skiptir.

Um barnafræðslu í Strandasýslu og Húnavatnssýslu 1887-1905

Bragi Guðmundsson, prófessor, HA

Rannsóknin sem hér er kynnt byggir aðallega á óútgefnum skýrslum sveitakennara í Strandasýslu og Húnavatnssýslu frá árunum 1887-1905. Í þeim eru dýrmætar upplýsingar um ungmenni sem nutu formlegrar fræðslu á þessum tíma. Meðal niðurstaðna er að hlutfall barna sem fengu formlega fræðslu fór smám saman hækkandi en sýslurnar tvær voru samt vel undir landsmeðaltali þegar kom að hlutfallslegri skólasókn. Barnafræðslunni var misskipt. Minnst var hún norðan Steingrímsfjarðar, austan Hrútafjarðar og í ytri hluta Vindhælishrepps á Skaga. Allmikill munur var á milli sókna og/eða hreppa. Börn og systkini húsbænda voru 71% heildarinnar fræðsluárið 1894-1895 en fjölgaði í 78% áratug síðar. Hlutfall pilta og stúlkna var tiltölulega jafnt og aldursbil nemenda breitt. Heimiliskennsla var ríkjandi fræðsluform og fá börn gengu til kennslu milli bæja. Kennslustaðir voru 70 veturninn 1894-1895 og 78 áratug síðar. Litlar upplýsingar eru um húsakynni og aðrar ytri aðstæður. Ekkert fast skólahús var við Húnaflóa uns heimavistarskólinn á Heydalsá tók til starfa 1897 og ekkert slíkt reis næsta áratuginn. Lítið er vitað um kennsluaðferðir. Sumir kennaranna lýsa utanbókarlærdómi og yfirheyrlum en einnig voru nemendur æfðir í að skrifa eftir upplestri. Námstími var yfirleitt skammur og áhersla á að kenna ófermdum börnum skyldunámsgreinarnar fjórar; lestur, kristinfræði, skrift og reikning, að viðbættir réttritun. Eldri nemendur lásu fleira, helst náttúrufræði, landafræði og dönsku. Byggðirnar við Húnaflóa stóðu höllum fæti í þróun uppfræðslu og skólamála miðað við það sem best gerðist annars staðar. Þar réð líklega mestu dreifð búseta en einnig mögulega efnalegar aðstæður og íhaldssöm viðhorf til skólagöngu.

Learning language in imaginary worlds: Developing a creative EFL curriculum to promote Icelandic fantasy fiction

Charlotte Eliza Wolff, assistant professor, School of Education UI and Agnes Haidacher-Horn, assistant professor, Department of Language and Intercultural Education at University College

Icelandic fantasy literature in English is attractive for readers of all ages and nationalities.

Moreover, if developed as teaching material for EFL (English as a foreign language) students through a cooperative effort, it can open up new perspectives on language learning and cultural exploration of unfamiliar texts in the fantasy genre. There is no straight path to identifying and developing such texts; it is a lengthy, complex process. This presentation describes the genesis and development of a joint research project between the University of Iceland School of Education and University College of Teacher Education Styria that led to the creation of teaching and reading materials for use in Icelandic and international contexts. An overview of factors and ideas contributing to this cooperative effort designing teaching materials based on Icelandic fantasy literature for EFL students provides emerging perspectives on both language learning and cultural learning when encountering unfamiliar texts in the fantasy genre. The 12 steps of Vogler's "Hero's Journey" are applied as a visual, structural, and metaphorical aid to convey the challenging journey of an international research project during a global pandemic, making it comparable to the archetypical hero's quest for improving the 'ordinary world' by overcoming unforeseen challenges. In addition to describing the research project journey, an overview of the teaching materials (teaching objectives, text, and illustrations) will be provided alongside upcoming plans to pilot the teaching materials in Iceland.

Að kenna ritlist

Rúnar Helgi Vignisson, prófessor, HUG HÍ

Áður fyrr töldu menn að inni í skáldi byggi guð sem veitti því innblástur. Ef maður fæddist ekki með þennan guð inni í sér væri öll von úti um að verða nokkurn tíma skáld eða rithöfundur. Meðfædd gáfa væri forsenda setu á skáldabekk. Margir hafa undrast að þetta skuli eingöngu

hafa átt við um skáld en ekki myndlistarmenn, tónlistarfólk og leikara. Hvers vegna geta þau lært til verka en ekki skáldin? Þó að bráðum verði liðin heil öld frá því að farið var að kenna ritlist erlendis og formleg ritlistarkennsla við Háskóla Íslands spanni nú á fjórða áratug er þetta sjónarmið býsna lífseigt hér heima. Kannski er ekki hægt að kenna þetta – og allra síst ef nemandinn vill ekki læra. Ef nemandinn vill þó á annað borð læra er hægt að skapa honum umhverfi þar sem hann getur æft sig í samfélagi við aðra sem eru í sams konar vegferð. Þá er bókað mál að nemandanum fer fram. Það byrja ekki allir á sama stað og það enda ekki allir á sama stað, hvernig sem við skýrum það, en við viljum heldur ekki að allir endi á sama stað. Við viljum alls konar höfunda. Í þessu innleggi verður fjallað um hugmyndafræði að baki ritlistarkennslu og aðferðafræðina sem beitt er í starfinu við HÍ. Gerð verður sérstök grein fyrir smiðjuvinnunni sem er þungamiðjan í náminu. Hvað þarf að hafa í huga í slíkri vinnu? Einnig verður fjallað um vægi endurgjafar og hvernig megi virkja nemendur og gera þá jafnvel að aðstoðarkennurum.

Lærdómssamfélag

Lærdómssamfélag í Tónlistarskóla Reykjavík

Kristín Valsdóttir, dósent, LHÍ og Dagný Jónsdóttir, tónlistarkennari við Tónlistarskóla Reykjavík

Í erindinu verður fjallað um þróunarverkefni sem unnið var í Tónlistarskólanum í Reykjavík á tímabilinu október 2018 til nóvemberloka 2020. Þróunarverkefnið var hluti af tveggja ára tilraunaverkefni á vegum Menntamálaráðuneytis og fjögurra skólagerða um stoðkerfi við starfsþróun kennara. Í verkefninu var lagt upp með þrjár eftirfarandi grunnstoðir við starfsþróun:

1. Ígrundun í starfi, starfendarannsóknir og lærdómssamfélag í skólastarfi,
2. Samstarf um starfsþróun og skólabróun innan og milli skóla og
3. Samstarf háskóla og skóla um starfsþróun og skólaþróun. Samhliða því að byggja upp lærdómsamfélag innan skólans, kynna starfendarannsóknir og meta árangur af slíkri vinnu valdi Tónlistarskóli Reykjavík að skoða

nýjar leiðir í námsmati með áherslu á að þróa aðferðir eins og símat og sjálfsmat. Segja má að aðeins ein matsleið hafi verið allsráðandi í tónlistarskólum landsins, en það eru próf eins og þau eru skilgreind í aðalnámskrá tónlistarskóla. Þátttakendur í verkefninu voru kennarar í mismunandi deildum Tónlistarskóla Suðurnesja. Margar hugmyndir voru viðraðar og deildu kennarar kennsluaðferðum sín á milli. Þetta fyrirkomulag er kjörið til þess að hvetja kennara til að ígrunda starf sitt, skoða möguleika á frekari uppbyggingu á eigin kennsluaðferðum og leiða þá áfram í leit á nýjum farveg í kennslu. Starfendarannsóknir þátttakenda voru mjög nemendamiðaðar. Spurningar sem lagt var upp með í upphafi rannsókna voru allar til þess fallnar að auka líkur á að nemendur hefðu meiri gagn og gaman af náminu. Það var mat þátttakenda að þetta verkefni og það fyrirkomulag sem það bauð upp á myndaði faglegt lærðómssamfélag.

Þáttaskil leik- og grunnskóla frá sjónarhóli foreldra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Björn Rúnar Egilsson, aðjúnt, MVS HÍ og Jóhanna Einarsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Lítið hefur verið vitað um viðhorf foreldra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn til þeirra þáttaskila þegar börn fara úr leikskóla í grunnskóla á Íslandi. Í þessu erindi verður reynsla foreldra barna sem hafa slíkan tungumála- og menningarbakgrunn af flutningi barna þeirra úr leikskóla í grunnskóla könnuð. Þrettán foreldrar voru fengnir til að taka þátt í rannsókninni í samstarfi við two leikskóla í Reykjavík. Þátttakendum var boðið í fjögur hálftöölum viðtöl á 12 mánaða tímabili, frá því að börn þeirra voru að ljúka leikskólagöngu sinni og allt til loka fyrsta árs grunnskólagöngunnar. Gögnin voru greind með hliðsjón af af hugmyndum Étienne Wenger um lærðómssamfélög (e. communities of practice).

Niðurstöðurnar benda til þess að skólabyrjun barnanna haldist í hendur við kynni fjölskyldunnar af samhliða lærðómssamfélögum; grunnskólanum, frístundaheimilum, skipulögðu íþróttu- og tómstundastarfi og móðurmálsrækt. Félagslegar hliðar skólagöngunnar voru þátttakendum ofarlega í huga og höfðu mikið að segja um hvort skólabyrjun barna þeirra hefði hafist vel eða ekki að þeirra mati. Í gögnunum er að finna vísbindingar um að ákveðin atriði sem varða

starfshætti grunnskólanna og frístundaheimilanna sem um ræðir haldi þessum foreldrum frekar á jaðri lærdómssamfélaganna.

Leikurinn á lóðinni

Harpa Kolbeinsdóttir, leikskólakennari, Stekkjarási; Alda Agnes Sveinsdóttir, skólastjórnandi, Marbakka; Steinunn Jónsdóttir, leikskólakennari, Marbakka; Michelle Sonia Horne, leikskólakennari, Stekkjarási og Unnur Henrysdóttir, leikskólakennari, Marbakka

Skólaárið 2019-2020 fór fram starfendarannsókn í leikskólanum Stekkjarási. Markmið starfendarannsóknarinnar var að byggja ofan á, viðhalda og deila þekkingu á útinámi innan starfsmannahópsins. Einnig var markmiðið að nota skráningar til þess að efla starfsmannahópinn í að bregðast við þörfum barnanna og stuðla að hvetjandi námsuhverfi á leikskólalóðinni. Gagnaöflun hófst á að starfsmenn skráðu leik barnanna á útisvæði. Þrisvar á rannsóknarferlinu hittust starfsmenn á sérstökum rannsóknarfundum til þess að ræða skráningarnar og næstu skref í rannsóknarferlinu. Þegar tæplega hundrað skráningar voru komnar hjálpuðust starfsmenn að við að lesa þær yfir, flokka og gagnagreina. Einnig svöruðu starfsmenn viðhorfskönnun í lok rannsóknartímans. Í niðurstöðum kemur fram að samhliða mikilli áskorun fyrir starfsfólk ið að taka þátt í rannsóknarvinnunni þá fylgdi henni mikil starfsánægja. Í rannsóknarferlinu lærði starfsfólk að opna augun og hlusta betur á það sem á sér stað í útiverunni. Skráningarnar gerðu starfsmönnum kleift að kafa dýpra ofan í leikinn á lóðinni. Í niðurstöðunum kom fram að samskipti barnanna eru margslungnari en virðist við fyrstu sýn, leikirnir flóknari og námstækifærin fleiri. Starfsfólk lærði um hlutverk sitt á útisvæðinu og hvað samspil barna, fullorðinna og umhverfis skiptir miklu máli. Af þessari starfendarannsókn má sjá að það skilar miklu að gefa tíma í faglegar umræður um starfið í leikskólanum. Samtal og ígrundun starfsmannahópsins um starfshætti og nám barna stuðlar að sameiginlegri sýn á leikskólastarfið. Í þessari rannsókn kemur skýrt fram að leikurinn er aðalnámsleið leikskólabarna og rík ástæða til þess að standa vörð um hann.

Læsi

Orð af orði í leikskóla

Guðmundur Engilbertsson, lektor, HA

Orð af orði er kennslufræði sem hefur að markmiði að efla læsi og námsárangur grunnskólabarna. Lögð er áhersla á að efla málumhverfi, kenna markvissar aðferðir við að sundurgreina námsefni, orð og hugtök, greina merkingu og inntak, tengsl við annað efni, kortleggja aðalatriði og endurbirta á fjölbreyttan og heildrænan hátt. Orð af orði kennslufræðin hefur verið útfærð sem þróunarverkefni í grunnskólum allt frá 1. til 10. bekkjar. Hver skóli hefur lagað hugmyndir og aðferðir verkefnis að starfi skólans, mismunandi námsgreinum, aldri og aðstæðum í bekk. Þróunarverkefnið felur í sér fræðslu, kennsluefni, ráðgjöf og eftirfylgni og hafa margir grunnskólar á landinu tekið þátt í slíku þróunarstarfi. Rannsóknir er varða áhrif Orðs af orði á orðaforða og lesskilning nemenda og orðaforða nemenda af erlendum uppruna gefa til kynna góðan árangur (mælingar, stöðluð próf). Þróunarstarf með Orði af orði virðist einnig hafa jákvæð áhrif á starfskenningu og starfsþróun kennara og m.a. auðvelda þeim að hrinda hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar í framkvæmd. Ljóst er að kennslufræðin getur nýst vel á fleiri skólastigum og næsta skref er að útfæra hana til eflingar orðaforða leikskólabarna og starfsþróunar leikskólakennara þar sem lögð verður áhersla á samræðu sem helsta tæki og viðfangsefni þróunarstarfsins í stað ritmáls/ritunar. Markmiðið er að efla orðaforða barna og veita þeim ríkuleg tækifæri að rækta tungumálið sitt – verkfæri hugans – á skapandi og greinandi hátt. Í erindinu verður gerð grein fyrir þróun Orðs af orði kennslufræðinnar til innleiðingar í leiksskólastarfi. Jafnframt verður gerð grein fyrir rannsókn á fyrirhugaðri innleiðingu.

Stafurinn minn og stafurinn þinn: Þróun stafaþekkingar íslenskra barna á aldrinum 4-6 ára

Rannveig Oddsdóttir, lektor, HA og Hrafnhildur Ragnarsdóttir, professor emeritus, MVS HÍ

Einn mikilvægur þáttur í þróun læsis er að læra að þekkja stafina. Börn byrja ung að viða að sér þekkingu á stöfum og hafa erlendar rannsóknir sýnt að þróun stafaþekkingar er mjög háð uppeldisaðstæðum. Markmið þessarar rannsóknar var að skoða hvernig stafaþekking íslenskra barna þróast frá 4-6 ára aldurs, hvort stafaþekking tengist menntun foreldra, læsisumhverfi á heimili eða málþroska barnanna, og hvort börn læra fyrr að þekkja ákveðna stafi en aðra. Fylgst var með þróun stafaþekkingar hóps barna yfir þriggja ára tímabil og aflað upplýsinga um málþroska þeirra, menntun foreldra og lestrarumhverfi á heimilum. Niðurstöður sýna að þótt ekki sé lögð áhersla á það í íslenskum leikskólum að kenna börnum stafina með skipulögðum hætti er staða íslenskra barna góð hvað þennan þátt lestrarnáms varðar og við fjögurra til fimm ára aldur var stafaþekking barnanna komin vel á veg. Fylgni var á milli stafaþekkingar, menntunar foreldra, tekna og málþroska barnanna en lítil tengsl fundust við lestrarumhverfi á heimilum. Yngstu börnin þekktu helst stafi sem hafa persónulega merkingu fyrir þeim svo sem sinn eigin staf og stafi annarra fjölskyldumeðlima. Niðurstöðunum ber saman við fyrri rannsóknir á þessu sviði sem sýna að stafaþekking barna er samofin af mörgum þáttum og þau viða að sér þekkingu um stafina í gegnum persónulega reynslu af ritmáli. Í leikskólastarfi ætti því að gæta þess að áherslur í læsiskennslu afmarkist ekki við mjög þrónga þætti hvað varðar þekkingu og leikni barna heldur vinna á fjölbreyttan hátt með lestur og ritmál í margvíslegu samhengi út frá áhuga barnanna.

Myndbandasamkeppnin Siljan: Lærðómur af skapandi lestrarverkefni

Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent, HA

Myndbandasamkeppnin Siljan er skapandi lestrarverkefni fyrir nemendur í 5.-10. bekk, en Barnabókasetur stendur fyrir keppninni. Nemendur velja nýlega barna- eða ungmennabók og hafa frjálsar hendur við að skapa myndband um hana. Markmiðið er að efla lestraráhuga grunnskólanemenda, stuðla að jafningjahvatningu og beina sjónum skólasamfélagsins að barna- og ungmennabókum. Barnabókasetur nýtir keppnina jafnframt til að safna gögnum sem nýst geta til að bæta lestrarmenningu barna og unglings. Siljan hefur verið haldin sex sinnum og í gagnasafninu eru 230 myndbönd eftir nærrí 800 nemendur. Hér verður gagnasafn Siljunnar krufið, hópurinn að baki myndböndunum verður greindur og litið sérstaklega á framlag stúlkna og drengja sem og miðstigsnemenda og unglings. Þekking á lestrarvenjum grunnskólanemenda

gefur tilefni til að ætla að stúlkur taki frekar þátt í lestrartengdu verkefni en drengir og yngri nemendur frekar en eldri. Hvort tveggja fékkst staðfest en þó hallar enn meira á unglingsana en búast hefði mátt við. Þótt almennt halli á drengi mæta þeir sterkir til leiks þar sem kennarar tóku keppnina inn í kennsluna sem sýnir hversu mikilvægur þáttur kennarans er í að skapa stemningu fyrir lestri. Fjallað verður um bækurnar sem nemendur völdu í samanburði við metsölulista og útlánatölur skólasafnanna, hvað einkennir vinsælustu bækurnar, og hvað einkennir myndböndin, en slíkar upplýsingar um hvernig börn velja og túlka bókmenntir koma að gagni við eflingu læsis og bókmenntakennslu. Myndbandasafnið ber vott um sköpunarkraft, hugvitssumi og tæknifærni barna og minnir á mikilvægi þess að vinna með áhugahvöt í tengslum við læsi.

Ása sá sól – og hvað svo? Áhrif einfaldrar sýnar á lestur og lestrarnám skoðuð út frá DRIVE-líkaninu.

Auður Björgvinsdóttir, grunnskólakennari, Álftanesskóla og Guðmundur Engilbertsson, lektor,
HA

Mikilvægi góðrar grunnfærni í lestri er óumdeilanlegt en slík færni er ekki nægjanleg. Við upphaf skólagöngu er kappkostað að börnin nái umskráningarfærni. Verkefnið sem bíður barnanna er að nýta lestrarfærni sína með hliðsjón af mismunandi textum, í ólíkum aðstæðum og með fjölbreyttum tilgangi ævina á enda. Fá nemendur kennslu og tækifæri til að þjálfa færni sína með það í huga eða er lestur settur í þróngt samhengi með áherslu nánast eingöngu á hljóðaaðferð og tæknilegan lestur í svipuðum textum? Duke og Cartwright, virtir fræðimenn á sviði lestrarrannsókna, hafa gert líkan sem skýrir vel hvað gerist í huga okkar þegar við lesum með því að líkja lestri við akstur. Auður Björgvinsdóttir og Guðbjörg R. Þórisdóttir lestrarfræðingar í læsisteymi Menntamálastofnunar fengu leyfi höfunda og Alþjóðlegu læsissamtakanna til að þýða DRIVE-líkanið og láta teikna nýja skýringarmynd. DRIVE-líkanið lýsir lestrarferlinu. Það útskýrir samhengi lestrarar á skýran og aðgengilegan hátt og hjálpar við að afmarka mismunandi þætti hans. Meðal þess sem líkanið varpar ljósi á eru þættir í lestrarferlinu sem gleymast oft, svo sem áhugahvöt, þrautseigja og stýrifærni (e. executive function) sem gerir okkur kleift að stjórna hugsunum og tilfinningum okkar við framkvæmd flókinna verkefna. Líkanið má nýta til að varpa ljósi á kennsluaðferðir, starfsþróun kennara og stefnumótun ólíkra aðila og

stofnana sem koma að öllu er varðar lestrarnám og -kennslu. Í málstofuerindinu verður gerð grein fyrir DRIVE-líkaninu og það sett í samhengi við lestrarkennslu og starfsþróun.

Leikskólinn

„Stundum er maður lengi í leikskólanum, en ekki alltaf“: Viðhorf barna til dvalartíma þeirra í leikskóla

Anna Magnea Hreinsdóttir, aðjúnkt, MVS HÍ og Kristín Dýrfjörð, dósent, HA

Upplifun barna á tíma er líklega ekki sú sama og hjá fullorðnum. Áhrif tímans á leikskólastarf og skipulag þess eru töluverð og mótar klukkan bæði starfshætti og tíma barna í daglegu starfi. Klukkan hefur áhrif á barnahópinn og tengist fagmennsku kennara sem felst í skýrðu dagskipulagi og vel skipulögðu starfi. Samtímis getur skipulagið takmarkað flæði í leik barna og dýpt hans. Í erindinu er fjallað um rannsókn í sex leikskólum á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að gefa börnum tækifæri til að láta í ljós skoðanir á eigin dvalartíma og að varpa ljósi á hvaða þættir hafa áhrif á líðan þeirra og upplifun á tíma. Tilgangurinn var að koma til móts við sjónarmið og virkja áhrifamátt barnanna í daglegu starfi. Rannsakendur vörðu tíma með 60-120 stúlkum og drengjum á aldrinum 4-5 ára, til að leita svara við hvernig börnin upplifðu dvalartíma sinn. Niðurstöður sýna að börnin þekkja fæst annað en að dvelja í leikskóla megnið af vökutíma sínum. Almennt töldu börnin sig vera lengi í leikskólanum og fæstum fannst þau vera þar stuttan tíma. Fram kom að börn upplifa bæði það sem þeim finnst skemmtilegt og leiðinlegt sem lengi að líða. Jafnframt er náið þeim ofarlega í huga. Fram kom að vinátta barna er þeim mikilvæg og tækifæri til að fást við fjölbreytt og menntandi viðfangsefni sem þau fá að stýra sjálf. Rannsóknin varpar ljósi á að gefa þurfi tímaskyni barna gaum og þarf skipulag leikskólastarfs að taka mið af upplifun og skynjun barna á tíma.

Undirbúningstímar í leikskóla: Með hag barna að leiðarljósi

Kristín Karlsdóttir, dósent, MVS HÍ; Anna Magnea Hreinsdóttir, aðjúknt, MVS HÍ; Margrét S. Björnsdóttir, aðjúknt, MVS HÍ og Sara Margrét Ólafsdóttir, dósent, MVS HÍ

Sagt er frá rannsókn sem gerð var í átta leikskólum á Íslandi með það að markmiði að skoða fyrirkomulag og áhrif undirbúningstíma leikskólakennara á nám og vellíðan barna í leikskóla.

Tilgangurinn var að auka skilning á hvernig leikskólakennrarar forgangsraða verkefnum í undirbúningstínum og hverju þau skila í daglegt starf barna í leikskólum. Tekin voru viðtöl við átta leikskólastjóra víðs vegar af landinu, í bæði fámennum og fjölmennum leikskólum, átta deildarstjóra og átta leikskólakennara um skipulag og framkvæmd undirbúningstíma. Fyrstu niðurstöður sýna að þáttakendur völdu að undirbúa leikskólastarfið á fjölbreyttum tímum yfir daginn og var undirbúningi yfirleitt sinnt við tölvu í sérstökum herbergjum ætluðum til undirbúnings. Í leikskólunum voru undirbúningstímarnir notaðir til þess að sinna fjölbreyttum verkefnum svo sem skipulagningu leikskólastarfsins, foreldrasamstarfi, endurmenntun og formlegu mati á námi og vellíðan barnanna. Þáttakendur töldu að aukinn undirbúningstími leikskólakennaranna hefði jákvæð áhrif á fagmennsku þeirra og þar með gæði í leikskólastarfi, sérstaklega þar sem hlutfall fagfólks var hátt. Kennararnir sögðust koma betur undirbúnir til starfa á deildum og verkefnum sem áður þurfti að sinna á hlaupum gátu þeir sinnt í undirbúningstímanum sem skilaði sér í nánari tengslum við börnin í leik og daglegu starfi. Fram kemur ákveðinn ójöfnuður sem tengist réttindum barna til gæða leikskólastarfs þar sem undirbúningstímar eru kjarasamningsbundnir leikskólakennurum og eru þeir flestir þar sem leikskólakennrar eru margir. Rannsóknin varpar ljósi á tengsl nýtingar undirbúningstíma og fagmennsku leikskólakennara, gæði leikskólastarfs og hvaða áhrif aukinn undirbúningstími hefur á hag barna.

Ærlaleikur ungra barna: Óþarfa hamagangur eða fyrstu skref í samleik?

Hugrún Helgadóttir, leikskólakennari, leikskólanum Jötunheimum

Rannsóknin var gerð til M.Ed.-prófs í júní 2020. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvernig mætti gefa yngstu börnum í leikskóla meira svigrúm til ærlaleiks inni á deild í þeim tilgangi að

ærslaleikurinn styddi við samskipti þeirra. Ærslaleikur ungra barna er skilgreindur í þessu verkefni sem leikstíll sem einkennist af hreyfingu, líkamstjáningu og hljóðum. Í rannsókninni var sjónum beint að því hvernig ærslaleikur stýður við samskipti ungra barna inni á deild og hvernig breytt fyrirkomulag á námsúmhverfi deildar og starfshættir kennara geta stutt við samskipti ungra barna. Rannsóknarsniðið var starfendarannsókn þar sem rýnt var í þróun nýrra starfsháttar og áhrif þeirra á samskipti yngstu barnanna. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að ærslaleikur ungra barna studdi við samskipti barnanna á deildinni. Í forgrunni ærslaleiksins var líkamstjánning sem veitti ungu börnunum jafnan grundvöll til samskipta og til að þróa samleik sinn. Breytt námsúmhverfi deildarinnar gaf börnunum aukin tækifæri til samskipta. Ærslahornið sem sett var upp á deildinni veitti börnunum svæði til að ærslast á sem leiddi til þess að félagsstengsl og samskipti þeirra efldust. Niðurstöður sýndu einnig mikilvægi þess að kennrarar séu andlega og líkamlega til staðar til að stýðja við samskipti ungra barna, ekki aðeins til þess að leiðbeina þeim í leik, heldur jafnframt til að veita þeim öryggi. Út frá niðurstöðunum má álykta að ung börn fái aukin tækifæri til að efla samskipti og samleik sín á milli með meira svigrúmi til ærslaleiks inn á deild, auk þess að ærslaleikurinn veiti kennurum kjörinn vettvang til að stýðja við leik yngstu barnanna á leikskóla.

Líkamleg heilsa, íþróttir, hreyfifærni og lýðheilsa

YAP (Young athletes program) Alþjóðleg hreyfiáætlun

Karitas S. Ingimarsdóttir, íþróttatímabili, leikskólanum Glaðheimum, Bolungarvík og Ragnheiður I. Ragnarsdóttir, leikskólastjóri leikskólans Glaðheima, Bolungarvík

Alþjóðlega hreyfiáætlunin (YAP) er alþjóðaverkefni sem unnið er af Special Olympics í samstarfi við háskólann í Boston. Alþjóðlega hreyfiáætlunin er snemmtæk íhlutun í hreyfifærni með það að markmiði að stuðla að aukinni hreyfibjálfun barna tveggja til sjö ára. Ísland hóf innleiðingu áætlunarinnar árið 2015 og er áhersla lögð á samstarf við leikskóla. Tilgangur rannsóknar var að mæla hreyfifærni allra útskriftarnema í árgangi 2015 fyrir og eftir æfingatímabil eftir kennsluefni

YAP. Markmið var að sem flestir útskriftarnemendur, 5-6 ára, vorið 2021 hefðu náð 90% færni í sérstöku matsprófi. Til að meta árangur voru nemendur prófaðir með stöðluðu matsprófi YAP. Matsprófið gefur annars vegar hrátt skor sem byggist á samanlagðri tölu úr atriðum sem nemandi getur framkvæmt samkvæmt stöðlum prófs og heildarprósentu reiknaða út frá hráu skori, 35 stig (=100%). Hæsta hráa skor í fyrra matsprófi rannsóknarinnar var 34 stig og náðist það fyrir 8 vikna æfingatímabil eftir kennsluefni YAP. Meðaltal hrás skors í fyrra prófi var 28,4 stig og 30,5 stig í seinna prófi. Mesta framför milli fyrra og seinna prófs var úr 25 stig í hráu skori í 35 stig eða úr 71% heildarprósent í 100%. Sökum tímaskorts voru þeir nemendur sem náðu yfir 90% færni í fyrra prófi ekki endurprófaðir heldur þeir sjö nemendur sem ekki náðu a.m.k. 90% færni í matsprófi. Niðurstöðurnar sýndu að aukin hreyfibjálfun skilar sér í bættri hreyfifærni þar sem allir nemendurnir nema einn, sem endurprófaðir voru, bættu sig á milli prófa. Einnig inniheldur matsprófið sértækari prófanir en aldursmiðaðir matslistar sem fylltir eru út árlega og gefa því ítarlegri niðurstöður um stöðu nemenda gagnvart hreyfifærni. Þó æfingarnar séu í grunninn miðaðar að börnum með sérþarfir sýna niðurstöðurnar að æfingarnar henta öllum börnum þar sem einungis einn nemandi í þessari rannsókn var með sérþarfir.

Lýðheilsa og orðnotkun í heimsfaraldri

Ágústa Þorbergsdóttir, verkefnisstjóri, HUG HÍ og Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, Lýðheilsufræðingur og verkefnisstjóri vöruhönnunar, Sidekick Health

Heimsfaraldurinn COVID-19 hefur haft mikil áhrif á lýðheilsu þjóða en þar að auki hefur hann haft áhrif á orðnotkun. Ýmis sérfræðihugtök hafa komið fram og í sumum tilvikum hefur íslensk orðnotkun verið á reiki. Einnig eru dæmi um að skilgreiningar hugtakanna hafi breyst vegna nýrra áskorana. Erindið greinir frá rannsókn á orðnotkun sem tengist heimsfaraldrinum.

Orðanefnd í lýðheilsu hefur unnið að því markmiði að festa í sessi skýra orðnotkun. COVID-orðum hefur verið safnað saman í lista og var listinn lagður fyrir til samþykkis hjá íðorðanefnd lýðheilsufræða og að því loknu settur í rýniferli hjá bæði fagaðilum og fræðifólki víða í samfélagit. Í rannsókninni var orðalisti lýðheilsufræðinga borinn saman við tíðnilista úr Risamálheild Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum frá síðasta ári og athugað hvaða COVID-orð höfðu aldrei komið fram áður og hvaða orð voru mun algengari en fjögur ár á

undan. Þá var einnig athugað hvaða COVID-orð hafa verið send á Nýyrðavefinn nyyrdi.arnastofnun.is. Í þessu samhengi er einnig fjallað um málsnið eftir aðstæðum, íðorð, almennt mál og slanguryrði. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að mjög mikilvægt sé að fræðileg orðnotkun sé skýr og að jafnframt sé fylgst með því hvaða orð hafa í raun verið notuð. Orðalisti í lýðheilsu er birtur í heild á vefnum <https://idord.arnastofnun.is/leit//ordabok/LYDHEILSA>

Hlutfallslegur orkuskortur (RED-s) meðal íslensks íþróttafólks

Birna Varðardóttir, doktorsnemi, MVS HÍ; Sigríður Lára Guðmundsdóttir, prófessor, MVS HÍ og Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Miklu máli skiptir að orku- og næringarefnainntaka íþróttafólks sé í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir, og styðji sem best við heilsu og árangurstengda þætti. Sé það ekki raunin er hætt við að jákvæð áhrif íþróttaiðkunar snúist í andhverfu sína með tímanum. Viðvarandi skortur tiltækrar orku (e. low energy availability) leiðir til hlutfallslegs orkuskorts (e. relative energy deficiency in sport, RED-s) og veldur því að orkan sem líkaminn hefur fyrir sína grunnstarfsemi er ekki næg. Víðtækar truflanir geta því orðið á líkamsstarfsemi vegna RED-s og haft neikvæð áhrif á heilsu og árangur til lengri og skemmti tíma. Niðurstöður erlendra rannsókna benda til þess að algengi RED-s sé breytilegt eftir íþróttagreinum en geti þó komið fram hjá öllu íþróttafólki, óháð aldri, kyni og getustigi. Markmið RED-Í rannsóknarverkefnisins er að meta algengi og áhættuþætti RED-s meðal íslensks afreksíþróttafólks og afreksefna yfir 15 ára aldri úr fjölbreyttum íþróttagreinum. Kynntar verða frumniðurstöður úr fyrri hluta rannsóknarinnar þar sem alþjóðlegir spurningalistar (Low Energy in Females (LEAF-Q) og Low Energy in Males Questionnaire (LEAM-Q)) voru þýddir og staðfærðir áður en þeir voru lagðir fyrir með rafrænum hætti. Vægi og próffræðilegir eiginleikar spurningalistanna verða ræddir og fjallað um hvernig byggt verður á niðurstöðunum í þeim mælingum sem verða framkvæmdar í seinni hluta rannsóknarinnar. RED-Í er fyrsta íslenska rannsóknin sem tekur til tiltækrar orku og RED-s og gætu niðurstöður nýst við þróun íslenskra skimunartækja og ráðlegginga, auk þess að efla forvarnir og meðferð.

Listir

Söfn og menntun

Hanna Ólafsdóttir, lektor, MVS HÍ

Í þessu erindi á að veita innsýn í verkefni sem tengist „listasögu, söfnum og menntun,” en verkefnið hlaut styrk úr Kennslumálasjóði 2021. Meginmarkmið verkefnisins er tvíþætt; annars vegar að styrkja tengsl MVS og lista- og menningarsafna (að styrkja samband kennara og skólakerfisins við söfnin) og hins vegar að þróa námsefni tengt viðfangsefninu. Forsendur samstarfsins eru kjarnahlutverk þessara stofnana, rannsóknir, menntun, kennsla, sýningarstarfsemi, miðlun, söfnun og varðveisla. Í samstarfi við söfnin er ætlunin að útfæra sameiginleg verkefni með sérstakri áherslu á söfnin sem fræðslu- og menntastofnanir og miðlun til almennings, kennara og nemenda. Fyrsti vísir að þessu samstarfi var á haustmánuðum 2020 þegar komið var á samstarfi við Hafnarborg. Það varð til þess að nemendur MVS á námskeiðinu „Íslensk listasaga, söfn og menntun” unnu smiðjur ætlaðar börnum í tengslum við sýningu í safninu. Á vorönn 2021 tók við framhaldsáfangi á meistarastigi þar sem nemendur unnu kennsluefni í tengslum við listasögu og safnafræðslu. Rýnt verður í afrakstur þessarar vinnu þar sem skapaður var vettvangur þar sem áherslan er á samstarf og samtal skóla og safna á milli. Rannsóknin sem er enn á frumstigi byggir á eiginlegri rannsóknarhefð og opnum spurningum. Niðurstöður benda til þess að vinna við verkefni/smiðjur þar sem unnið er með eithvert tiltekið viðfansefni með útgangspunkt í skapandi úrvinnslu gagnist bæði kennaranemum og kennurum í endurmenntun í kennslu. Verðandi kennrar kynnast skapandi leiðum til að tengja kennsluefni safnafræðslunni og þjálfa um leið stafrænt læsi og gagnrýna hugsun.

Að brúa bilið, aðferðir leiklistar notaðar til að bæta árangur í tungumálakennslu

Rannveig Björk Þorkelsdóttir, dósent, MVS HÍ og Jóna Guðrún Jónssóttir, aðjúknt, MVS HÍ

Í þessu erindi veitum við innsýn í þróunarverkefni sem heitir: Að brúa bilið, aðferðir leiklistar notaðar til að bæta árangur í tungumálakennslu. Vettvangur verkefnisins er námskeið í leiklist sem beinist að tungumálanámi. Námskeiðið er ætlað nemendum og kennurum Háskóla Íslands.

Erindið fjallar um hönnunarmiðaða rannsókn (e. design-based research) á aðferðum frásagnarleikhúss þar sem aðferðir leiklistar eru notaðar með áherslu á raunveruleg/raunhæf (e. embodied) dæmi um námsferli og tjáningu nemenda og viðhorf sem getur umbreytt störfum listafólks og kennslufræðinga í rannsóknarefnni og rannsókninni sjálfrí á vettvangi. Sem rannsakendur á starfsvettvangi byggjum við rannsóknir okkar og störf á hugmyndafræði sem gerir okkur kleift að viðhalda víxlverkun og gagnkvæmum stuðningi rannsókna og starfa. Með því að líta á starf sem rannsókn, og rannsókn sem starf, buðum við nemendum okkar að taka þátt í verkefni sem heitir Að brúa bilið á haustönn 2020. Verkefnið hafði tvö markmið; annars vegar að skoða hvort, og þá hvernig, hægt er að nota aðferðir frásagnarleikhúss til að bæta árangur í tungumálakennslu og hins vegar að skoða okkar eigin kennsluhætti til að byggja brýr milli kennslufræðilegra og fræðilegra þátta í kennslu og námi, til að kanna rýmið þar á milli sem er það sem við búumst við af kennaranemunum okkar. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að þátttaka í rannsókninni var valdeflandi fyrir nemendur. Með því að brúa bilið milli rannsakenda og kennara, svo og bilið milli kennara og nemenda, reyndist vera námsferli fyrir alla þátttakendur.

Hreyfanleiki líkamans: Um göngur í listum, námi og rannsóknum

Gunndís Ýr Finnbogadóttir, lektor, LHÍ

Í erindinu verður fjallað um göngur í samhengi við nám, myndlist og rannsóknir og áhrif þeirra á skynjun og tengsl við umhverfi okkar. Á síðustu áratugum hafa vinsældir þess að nota göngur í rannsóknum til þess að safna gögnum aukist mikið en það hefur sýnt sig að göngur, hvort sem það eru gönguviðtöl, athuganir eða skynjunargöngur, auka möguleika á að fá góða og heildræna innsýn inn í upplifun fólks af umhverfinu, sem getur haft mikinn ávinning. Rannsóknir sýna að það að ganga sem hluti af námi getur haft mikil áhrif á líðan, á tengsl á milli nemenda og einnig nemenda og umhverfis. Í listkennslu getur verið áhrifarík leið að vinna með nemendum utandyra og að veita þeim tækifæri til þess að skoða nærumhverfi sitt og að stunda listsköpun í gegnum göngur. Í erindinu verður greint frá reynslu úr námskeiðum og vinnusmiðjum með háskólanemum þar sem lögð var áhersla á göngur og listsköpun. Göngur sem listaverk eiga rætur sínar að rekja til annars og þriðja áratugar síðustu aldar og hafa tekið á

sig ólíkar birtingarmyndir en mörg þeirra eiga það sameiginlegt að listamaðurinn og stundum jafnvel áhorfendur fara í gegnum skynræna upplifun á umhverfinu á göngu.

Menningarheimar og skólastarfið

Schooling (hetero)normative practices in the Islamic Republic of Iran

Jón Ingvar Kjaran, professor, School of Education, UI and Mohammad Naeimi, adjunct, School of Education, UI

Drawing on a critical discourse analysis of policy documents and textbooks, we will discuss the role of schools and schooling with regard to the construction of gender and sexuality by focusing on school practices and educational spaces. We argue that the nation-state in the Islamic Republic of Iran is a religious biopolitical state and its official discourse in the realm of gender and sexuality relies on heteronormative as well as gender normative belief systems. School spaces are therefore constituted as strongly heteronormative, and non-heterosexuality is not recognised as a legitimate subject position. Through its everyday practices, the education system upholds the state's ideology, by which the ideal/normal student is read as being heterosexual and cisgender, adhering to Islamic/state values, and constituted on the axis of strict gender binaries. Education about sexuality-gender diversity is, therefore, excluded and/or silenced. In this presentation we aim to demonstrate how school discourses and practices in terms of gender and sexuality sustain and (re)produce particular norms in terms of gender and sexuality and how schools construct and regulate sexual and gender identities in the Islamic Republic of Iran.

Religious studies on an empty stomach: child beggars in times of COVID-19 in Guinea-Bissau

Bissau

Hamadou Boiro, PhD student, School of Social Sciences UI, Geir Gunnlaugsson, professor, School of Social Sciences UI and Jónína Einarsdóttir, professor, School of Social Sciences UI

COVID is mainly a disease of adults; however, social containment measures can indirectly affect children, not least children in a vulnerable situation. The study aimed to explore the impact of the pandemic on child beggars who attend Quran schools and beg on behalf of their teacher, marabout, in Guinea-Bissau. The study was conducted in July 2020. Data rests on semi-structured and open-ended interviews with 14 Quran schoolboys aged 12-16 years in the suburban areas of the capital, Bissau, and Gabú. COVID had brought many difficulties to the boys. They begged for their subsistence and for the marabout, who provided education, a sleeping place, and other necessities. With the containment measures, their income from begging became meager, resulting in hunger and continuous police threats. Almost all had contacted their parents, who encouraged them to continue with their studies. The boys listed the most important preventive measures for COVID, a knowledge gained from their marabouts and radio. Otherwise, the Quran studies had continued as usual for most of them; however, a few had temporarily returned to their home village to help with the agricultural work. For the boys, begging was an integral part of religious studies and a way to become a respected marabout. The Quran schoolboys feel the burden of the pandemic, mainly through a sharp decrease of income from begging, resulting in hunger. The government and child rights organisations need to address these issues in collaboration with them, their parents, and the marabouts who are respected religious leaders.

„Ég hef ekki fengið neinn stuðning síðan útgöngubannið var sett á“: Lýsing á áhrifum

skólalokana í heimsfaraldri meðal unglings í Bissá, Gíneu-Bissá

Fatou N'dure Baboudóttir, doktorsnemi, FVS HÍ; Geir Gunnlaugsson, professor, FVS HÍ; Zeca Jandi; Bucar Indjai og Jónína Einarsdóttir, professor, FVS HÍ

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur haft áhrif um allan heim með aðgerðum sem fólu í sér útgöngubann og skólalokanir. Í anda Barnasáttmálans er mikilvægt að gefa börnum tækifæri til

að tjá reynslu sína á heimsfaraldrinum. Í Gíneu-Bissá var lokun skóla ein fyrsta aðgerðin sem hrundið var í framkvæmd og var öllum skólum, bæði einkareknum og opinberum, lokað frá mars 2020 til október 2020. Rannsóknin miðaði að því að lýsa og greina áhrif skólalokana á unglings í Gíneu-Bissau í Vestur-Afríku. Snjóboltaúrtaki var beitt í júní 2020 til að finna þátttakendur sem bjuggu á fimm mismunandi þéttbýlissvæðum í höfuðborginni Bissá. Viðtöl með opnum spurningum voru tekin við 24 unglings á aldrinum 15-17 ára, bæði þá sem fóru í einkaskóla og opinbera skóla. Öll viðtöl voru á kreol, tekin upp og umrituð en síðan þýdd á ensku og greind í Atlas.ti. Enginn þátttakenda hafði fengið neina aðstoð frá skólum sínum við lokun þeirra og komu þeir með tillögur um hvernig þeir gætu aðstoðað nemendur við að halda áfram námi þrátt fyrir lokun. Margir tölzuðu um að þeim leiddist að hafa ekkert að gera nema að sitja heima. Þeir söknuðu skólasystkina sinna og höfðu áhyggjur af líðan sinni. Þeir höfðu líka áhyggjur af framtíðinni og að þeir yrðu að endurtaka skólaárið. Ungt fólk í Bissá hefur skýrar hugmyndir um tilvist sína og núverandi aðstæður og áhrif heimsfaraldursins á framtíðarhorfur þeirra. Rödd þeirra þarf að heyrast og bregðast þarf við til að draga úr neikvæðum áhrifum skólalokana á unglings í Gíneu-Bissá og víðar.

Menntun fyrir alla

„Við eiginlega þorum ekki að segja öllum að við séum á sérnámsbraut af því að sumir eru hræddir um að það verði gert grín að þeim“: Valdatengsl og viðnám nemenda á sérnámsbrautum í framhaldsskólum

Anna Björk Sverrisdóttir, aðjúnkt, MVS HÍ

Stefnan um skóla án aðgreiningar (e. inclusive education) var lögfest hér á landi árið 2008. Hún er því ekki beinlínis ný af nálinni en þrátt fyrir það ríkir enn óvissa um hvað stefnan feli í raun og veru í sér og hvernig eigi að útfæra hana. Þessi óvissa birtist ekki hvað síst í þeirri mótsögn að fækka aðgreindum úrræðum fyrir fatlaða nemendur á grunnskólastigi en vísa þeim svo á sérnámsbrautir (aðgreind úrræði) á framhaldsskólastigi. Fyrir marga getur þetta talist einföld og

rökrétt uppbygging innan kerfisins þar sem markmiðið er að koma betur til móts við þá nemendur sem þurfa mikinn stuðning. Fyrir þá nemendur sem eru sigtaðir frá með þessum hætti er þetta hins vegar hvorki einfalt né rökrétt og nemendur lenda í hringiðu ólíkra valdatengsla sem þrífast innan skólakerfisins, tengsla sem geta haft mikil áhrif á sýn annarra á nemandann sem og á mótu sjálfsmyndar nemendanna sjálfra. Í fyrilestrinum verður fjallað um stöðu nemenda á sérnámsbrautum í framhaldsskóla, valdatengsl, áhrif sérkennslu og viðnámi gagnvart henni. Viðtöl við nemendur voru lesin með hliðsjón af kenningum Foucault um vald og valdatengsl og kenningum Deleuze og Guattari um viðnám. Niðurstöður sýna að valdatengsl hafa mismunandi áhrif á nemendur og að viðnám gagnvart áhrifum sérkennslu er oft á tíðum frekar falið. Þá má draga þá ályktun að núverandi uppbygging kerfisins standi að einhverju leyti í vegi fyrir því að fatlaðir nemendur fái tækifæri til að þroska hæfileika sína til fulls.

„Glíman við kerfið“: Reynsla fagfólks og foreldra af þjónustu við börn með röskun á einhverfurófi og aðrar skyldar þarfir

Jónína Sæmundsdóttir, lektor, MVS HÍ

Á síðustu árum hefur börnum sem greind eru með röskun á einhverfurófi farið fjölgandi. Lögum samkvæmt ber sveitarfélögum ásamt sérhæfðari stofnunum að veita skólum og foreldrum barnanna stuðning og ráðgjöf til viðbótar við greiningar. Samvinna milli þessara aðila er því mikilvæg. Hér verða kynntar niðurstöður tveggja nátengdra eigindlegra rannsókna sem annars vegar kanna reynslu foreldra barnanna og hins vegar reynslu sérfræðimenntaðs fagfólks. Tekin voru sex viðtöl við foreldra barna og sjö við sérfræðimenntað fagfolk. Viðtölin voru greind með þemagreiningu og stuðst var við kenningu Bronfenbrenner við greininguna. Meðal helstu niðurstaðna var að aðgangur að sérfræðiþjónustu er torveldaður vegna langra biðlista auk talsverðrar starfsmannaveltu hjá sumum stofnananna. Þetta hefur meðal annars leitt til þess að foreldrar hafa í vaxandi mæli leitað til einkageirans varðandi greiningar og ráðgjöf vegna barna sinna.

Virkt samráð við stefnumótun á grundvelli breiðs hóps fatlaðs fólks

Laufey Elísabet Löve, lektor, MVS HÍ

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007) staðfestir og áréttar mannréttindi óháð tegund skerðingar. Ein af grundvallaráherslum samningsins er réttur fatlaðs fólks til fullrar og virkar þáttöku til ákvarðana sem varða eigin hagsmuni. Skylda stjórnvalda til þessa er ítrekuð og skýrð í leiðbeiningum nefndar samningsins þar sem fram kemur að til að sú þátttaka sem kallað er eftir geti talist virk og árangursrík þurfi samráð að endurspeglar breiðan flokk skerðinga. Mikilvægi þessarar áherslu verður sérstaklega ljóst þegar haft er í huga að oft gætir innbyrðis ójafnræðis innan réttindahreyfingar fatlaðs fólks sem verður til þess að ákveðnir hópar fatlaðs fólks, ekki síst fólk með þroskahömlun og einhverfu, eiga erfiðara uppdráttar og réttindi og þarfir þess falla frekar í skuggann. Sú rannsókn sem gerð verður grein fyrir skoðar þær leiðir sem hagsmunasamtök fatlaðs fólks á Íslandi hafa notað til að móta athugasemdir og tillögur sem endurspeglar sjónarmið breiðs hóps félagsmanna sem innlegg í gerð laga og stefnumótunar í málefnum sem varða fatlað fólk. Rannsóknin er framlag til gagnrýnnar umræðu um aðferðir til að stuðla að virkri þáttöku breiðs hóps fatlaðs fólks við stefnumótun á öllum stjórnsýslustigum. Hún er jafnframt innlegg í umræðu um hvort sambærileg nálgun geti nýst til að stuðla að virku samráði við aðra jaðarhópa og til alþjóðlegrar umræðu um leiðir og nýjar nálganir til að auka virkt lýðræði þar sem hvatt er til virkar þáttöku fjölbreyttra hópa fólks. Rannsóknin byggir á eigindlegum gögnum í formi viðtala, rýnihópa og rýni í rituð gögn.

Menntun og aðgengi fyrir alla

Úthlutun og ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla

Edda Óskarsdóttir, lektor, MVS Háskóli og Anna Magnea Hreinsdóttir, aðjúnkt, MVS Háskóli

Menntun fyrir alla og skóli margbreytileikans eru forgangsatriði hjá mörgum alþjóðlegum stefnumótendum og evrópskum stofnunum. Vísbendingar eru um að fjármögnun grunnskóla hér á landi styðji við aðgreinandi starfshætti sem komi í veg fyrir skólaþróun er stuðlar að menntun fyrir alla. Einnig er talið að of mikil áhersla hafi verið lögð á greiningar sem forsendu stuðnings við börn með sérþarfir. Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga

settu af stað samstarfsverkefni með þátttöku 13 sveitarfélaga til að móta leiðbeinandi viðmið um ráðstöfun fjármuna með áherslu á menntun fyrir alla. Tilgangur verkefnisins var að koma auga á, greina og stuðla að skilvirkri ráðstöfun fjármuna í grunnskólum sem styður við menntun fyrir alla og byggir á kenningum um opinbera stjórnsýslu. Lykilspurningin sem leiddi verkefnið var: Hvaða breytinga er þörf við úthlutun og ráðstöfun fjármagns til skóla til að styðja við starfshætti sem stuðla að menntun fyrir alla? Í erindinu verður sagt frá kortlagningu núverandi fjármögnumunar. Niðurstöður benda til þess að ráðstöfun fjármagns til skóla sé sambærileg milli sveitarfélaga og að vilji sé til að auka sjálfræði skólastjórnenda í ráðstöfun fjármuna með það fyrir augum að styðja betur við skólana sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi. Afrakstur verkefnisins eru tólf leiðbeinandi viðmið sem skólaskrifstofur sveitarfélaga og stjórnendur grunnskóla geta nýtt til að skoða, ræða og ígrunda hvort ráðstöfun fjármuna taki mið af margbreytilegum nemendahópi. Niðurstöður verkefnisins geta einnig nýst stefnumótendum og rannsakendum til að stuðla enn frekar að menntun fyrir alla og skóla margbreytileikans.

Staða lesblindra grunnskólabarna í nútíma skólasamfélagi

Fjóla Björk Karlsdóttir, aðjúknt, HA

Erindið fjallar um stöðu lesblindra barna í grunnskólum á Íslandi. Rannsóknin er byggð á tillögum um úrbætur í skýrslu nefndar um lestrarörðugleika og leshömlun sem gerð var á vegum Menntamálaráðuneytisins árið 2007. Tillögur skýrslunnar voru flokkaðar í fjóra efnisflokk: Skimun og greining, fræðsla og samstarf við foreldra, stuðningur við lesblind börn í námi og stuðningur við kennara er varðar kennslu lesblindra barna. Rannsókn var gerð til að meta hvaða breytingar hafa verið gerðar frá útgáfu skýrslunnar og hvernig fjölbreyttir aðilar innan skólasamfélags lesblindra barna upplifa stöðu þeirra í skólasamfélagini. Rannsóknarspurning var: Hafa tillögur nefndar í skýrslu Menntamálaráðuneytisins frá árinu 2007 skilað væntum ávinningi í þessum fjórum þáttum sem nefndin lagði áherslu á að yrðu efldir að mati aðila í skólaumhverfi lesblindra barna? Til að svara rannsóknarspurningunni voru djúpviðtöl tekin við fimm mismunandi aðila sem tengjast skólaumhverfi lesblindra barna í grunnskóla; kennara, skólastjóra og fræðslustjóra sveitarfélags, sem og við foreldri og lesblíndan nemanda. Úrtakið var

tilgangsúrtak og tekin voru djúpviðtöl við þátttakendur en sérstaklega var leitast við að greina upplifun þátttakenda af áðurnefndum fjórum áhersluþáttum. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbendingu um að skimun og greining á lesblindu sé háð mati kennara barns hverju sinni en á sama tíma skortir kennara almennt haldbæra fræðslu um lesblindu og stuðning til að koma til móts við þarfir lesblindra barna. Jafnframt kom fram að náið samstarf milli skóla og foreldra lesblindra nemenda skili nemandanum bestum árangri en þar skortir jafnframt aðgang foreldra að fræðslu og þekkingu á lesblindu til að geta aðstoðað barnið við námið.

Gildi faglegs stuðnings skólabjónustu sveitarfélaga fyrir umsjónarkennara

Hrafnhildur Þorsteinsdóttir, grunnskólakennari á Hólmavík og Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor, HA

Í þessu erindi er markmiðið að varpa ljósi á aðkomu skólabjónustu sveitarfélaga að faglegum stuðningi við umsjónarkennara grunnskóla og gildi hans fyrir starf í skóla án aðgreiningar og líðan í starfi. Rannsóknin var tilviksrannsókn og tilvakin skólabjónusta fjögurra ólíkra sveitarfélaga á Norður- og Vesturlandi. Megin gagnaöflunin fór fram með viðtölum en einnig var stuðst við heimasíður sveitarfélaganna og skólanna. Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við tólf umsjónarkennara í sex grunnskólum. Helstu niðurstöður gefa til kynna að flestir viðmælendur höfðu litlar væntingar til skólabjónustu sveitarfélagsins og þótt ákveðin sameiginleg einkenni væru á henni, svo sem áhersla á greiningar barna, var hún í mörgu mismunandi milli sveitarfélaga. Þessi mismunur stafaði að einhverju leyti af aðstæðum og áherslum hvers sveitarfélags. Kennararnir telja stuðning skólabjónustunnar við starf skólanna mikilvægan og eru þakklátir þeim stuðningi sem þeir fá en vilja að hann sé aukinn. Þeir upplifðu visst úrræðaleysi af hálfu skólabjónustunnar sökum skorts á fjármagni og starfsfólki miðað við vandann í nýjum þjóðfélagsaðstæðum. Áhrif á líðan þeirra kom helst fram í auknu álagi og óánægju með hversu takmarkaður og oft á tíðum seinfenginn stuðningurinn var. Umsjónarkennararnir kalla eftir fleiri sérfræðingum inn í skólana og að þeir setji sig betur inn í þann veruleika sem kennrarar og skólar starfa við. Flest bendir til þess að skólabjónusta sveitarfélaga uppfylli ekki þarfir umsjónarkennara fyrir stuðning í starfi í skóla án aðgreiningar, óháð stærð sveitarfélagsins eða skóla, og að úrbóta sé þörf.

Menntun og menntastefnur

Investigating change in education: reforming models

Allyson Macdonald, professor, School of Education, UI and Svanborg R Jónsdóttir, professor, School of Education, UI

Education is about change and educational change theories about improvement. Theories and models are developed to analyse and evaluate innovation in education and how the implementation of change progresses. In this paper we investigate and interrogate versions of a model developed during a research project on “innovation and entrepreneurial education” which itself was an innovation in the 1999 National Curriculum in Iceland. Our point of departure is a model built on Rogan and Grayson’s premise that changes happen in steps and on Bronfenbrenner’s socio-ecological model which suggests that change comes about through the interaction across systems and not just within them. The data used to form the model were collected from three compulsory schools in Iceland. Profiles of the work of six IEE teachers emerged through the data analysis and were mapped as a rubric of four levels of activities. Implementation was fragile when IEE was introduced without support from neighbouring systems. In all three schools the weakest connections between systems involved the exosystem (general views on innovation and innovation education in our society). To understand this we found it useful, however, to not only turn to the Rogan and Grayson 2003 model on curriculum implementation, but also to go back further, to the model which influenced their thinking, namely the four stage model of education and training developed by Beeby and presented in 1966. We found that returning to what might be considered old ideas can be a useful aid and assistance in understanding the way change occurs in education.

Innlend og erlend menntastefna í ljósi hugmynda frá UNESCO um menntun

Jón Torfi Jónasson, prófessor emeritus, MVS HÍ; Anna María Gunnarsdóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands og Valgerður S. Bjarnadóttir, nýdoktor, MVS HÍ

Skoðuð er tiltæk stefnumótunaránumræða UNESCO í menntamálum „UNESCO’s Futures of Education“ í tengslum við erlendar og innlendar stefnuhugmyndir. Þær eru annars vegar frá OECD 2030 (sem ráðuneytið hefur tengst ásamt Menntamálastofnun), Artic Rim verkefnið (undir forræði mennta- og menningarmálaráðuneytis, með þátttöku Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands og Menntamálastofnunar), The Cities Fusion programme and network (sem Reykjavíkurborg hefur tengst) og hugsanlega fleiri ámóta verkefni og hins vegar stefnuhugmyndir sem mótaðar hafa verið af stjórnvöldum hér, bæði hjá ríki og í sveit. Sjónum verður í fyrstu einkum beint að UNESCO en síðan verður stefna hinna skoðuð í því ljósi. Við munum einkum skoða hve sýnilegir eftirfarandi þættir eru í þessum gögnum: A) Aðkoma og símenntun kennara í stefnumótuninni. B) Fyrirhugað faglegt sjálfstæði kennara og annars fagfólks í skólastarfinu. C) Aðkoma nemenda í þeim hugmyndum sem lagðar eru fram. D) Umfjöllun um ingildingu og að hvaða marki hún verður trúverðug. E) Endurskoðun á hlutverki skóla og þar með inntaki menntunar. Jafnframt hvað áherslur um hlutverk skóla eru áberandi. F) Áhersla á skipulag skólastarfs og kennsluháttu. G) Hvaða áhersla er lögð á söfnun gagna í skólastarfi, bæði vegna eftirlits, samanburðar og kennslu. H) Hver er hlutur tæknivæðingar skólastarfs eða notkun tækni í starfinu. I) Hvort sjónarmið um rekstrarform skólastarfsins vegi inn í þær hugmyndir sem fram koma og hver þau kynnu að vera. Ekki verður aðeins rýnt í þessa þætti heldur reynt að meta ólíkt vægi þeirra eða sýnileika í umræðu hvers verkefnis fyrir sig

Tilgangur og framtíð menntunar í ljósi alþjóðlegrar stefnumörkunar

Valgerður S. Bjarnadóttir, nýdoktor, MVS Háskóli Íslands

Í umræðu um skóla og menntun, þar sem gjarnan er tekist á um tæknileg atriði sem snúa að kerfi og skipulagi, skortir gjarnan umræðu um raunverulegan tilgang menntunar í samhengi við heiminn og framtíðina. Þetta er ekki síst vandamál nú á dögum, þegar heimurinn stendur frammi fyrir alvarlegum ógnum gagnvart samfélagi og náttúru. Ítrekað hefur verið bent á ábyrgð og skyldu menntakerfisins þegar kemur að því að takast á við samfélagslegar breytingar á 21. öldinni, ekki síst í tengslum við hina svokölluðu fjórðu iðnþyltingu, enda sé engin tækni sem leysir dómgreind mannsins af hólmi. Ítrekað hefur þó verið bent á togstreitu milli ólíkra hagsmunaafla þegar kemur að ríkjandi orðræðu og stefnumótun í menntakerfinu. Í erindinu

verður sjónum beint að orðræðu um tilgang menntunar í samhengi við framtíðina, eins og hún birtist í alþjóðlegum stefnumótunarskjölum í menntamálum. Um er að ræða til dæmis skjöl frá OECD, UNESCO og Evrópuráðinu, sem öll hafa haft áhrif á stefnumótun í menntamálum á Íslandi undanfarna áratugi. Skjölin verða greind með það að markmiði að varpa ljósi á ríkjandi orðræðu um tilgang menntunar meðal umsvifamikilla hagsmunafla á alþjóðavettvangi, í samhengi við sameiginlega framtíð okkar í heiminum. Greiningin verður sett í samhengi við alþjóðlega menntapólítiska umræðu, sem varpar ljósi á ferðalag hugmynda og þau öfl sem hafa verið og eru þar að verki.

Ofbeldi, mismunun og kærleikur

On monsters, myths and violence: How dominant discourses on violence constitute the experience of perpetrators of violence in intimate relationships

Katrín Ólafsdóttir, PhD student, School of Education, UI and Annadís Gréta Rúdólfssdóttir, associate professor, School of Education, UI

The aim of the research presented is to examine the myth of the monster and how it informs the experiences of perpetrators of violence in intimate relationships. The monster-myth is a production of discourse on violence and rape culture. It can be seen in assumptions about violence in intimate relationships that are far removed from reality. Our intention is to answer the following: How is the experience of perpetrators of violence in intimate relationships constituted by the dominant discourses on violence and how does that influence the formation of the individual self? In this presentation we examine the experience of seven men who admit to having committed sexual or physical violence in a relationship. We're interested in the discursive context they draw on when making sense of their experiences as perpetrators of violence and how they constitute their individual selves in relation to dominant discourses of violence, specifically the monster-myth. Research shows that survivors of rape and IPV often don't recognize the acts carried out against them as violence when they don't fit the common

discourse of such violence. Furthermore, there's a hierarchy within the discourse where some acts are considered more serious than others, according to how well they fit the monster-myth. Our findings suggest the same applies for perpetrators who often don't recognize their actions as violent as well as processing their experiences differently depending on how well their actions fit the monster-myth. We argue the myth is harmful as it prevents men from recognizing their acts as violent

Tilfinningahliðar á þáttöku mæðra af verkalýðsstétt í foreldrasamfélögum grunnskóla

Auður Magnýða Auðardóttir, nýdoktor, MVS HÍ

Markmið rannsóknarinnar er að greina sögur mæðra af verkalýðsstétt af samskiptum innan foreldrahópa í grunnskólum. Sérstaklega er skoðað hvernig þær lýsa þeim tilfinningum sem vakna við slíkar aðstæður og hvernig þær tilfinningar eiga þátt sinn í að endurskapa stéttaskiptingu. Kenningar Bourdieus um táknbundið ofbeldi eru notaðar til að greina niðurstöðurnar ásamt rannsóknum á tilfinningum tengdum jaðarsetningu (meðal annars D. Reay og B. Skeggs). Frásagnargreiningu var beitt á sögur sex hvítra, íslenskra mæðra af verkalýðsstétt sem allar eiga barn/börn á miðstigi í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður sýna að innan foreldrasamfélaganna verða mæðurnar fyrir táknbundnu ofbeldi sem birtist meðal annars í jaðarsetningu og útilokun. Þessi reynsla tengist einnig fyrri reynslu mæðranna af skólakerfinu í þeirra eigin barnæsku. Í sumum sögunum má finna merki um móttöðu gegn jaðarsetningunni og réttláta reiði en í öllum sögunum eru tilfinningar á borð við skömm alltumlykjandi. Niðurstöðurnar varpa ljósi á tilfinningalegar og kerfisbundnar hindranir á þáttöku í foreldrasamstarfi sem verða á vegi þeirra foreldra sem hafa orðið fyrir táknbundnu ofbeldi í skólakerfinu sem börn og hvernig það ofbeldi er endurtekið á vettvangi foreldrasamvinnu. Þá gefa niðurstöðurnar tilefni til að endurskoða þá menningu sem ríkir í kringum foreldrasamvinnu þar sem foreldrar sem ekki taka þátt eru álitnir óverðugir og áhugalausir.

„Ég var bara eins og fangi“: Upplifun andlegs ofbeldis í vinasamböndum

Guðrún Halla Jóhannsdóttir, félagsráðgjafi hjá Félagsþjónustu Mosfellsbæjar og Freydís Jóna Freysteinsdóttir, dósent, FVS HÍ

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kanna reynslu einstaklinga sem upplifað hafa vinasambönd sem einkennast af andlegu ofbeldi. Ennfremur var leitast við að skoða viðhorf þátttakenda til þess hvað gæti hafa valdið slíkum samskiptum, reynslu þeirra af vinslitum og upplifun þeirra af stuðningi. Framkvæmd var eigindleg viðtalrannsókn en tekin voru viðtöl við tíu konur. Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess að andlegt ofbeldi og neikvæð samskipti gætu orðið meðal annars til af persónugerð og aðstæðum gerenda, sem og viðhorfi og skilningi þolendanna á aðstæðunum. Andlegt ofbeldi innan vinasambanda virtist samkvæmt frásögn viðmælendanna felast einna helst í stjórnsemi, niðurlægingu og ógnandi hegðun gerendanna. Afleiðingar fyrir viðmælendurna fólust í tilfinningalegri vanlíðan, andlegu álagi og kvíða. Einnig greindu viðmælendur frá hvernig aðstæður sem þessar gátu mótað atferli og samskiptafærni þeirra. Viðmælendum gat reynst flókið og erfitt að binda enda á samskiptin. Stuðningur af hálfu aðstandenda skipti þátttakendur jafnframt miklu máli, en flestir viðmælendur töldu sig hafa að einhverju leyti skort slíkan stuðning. Niðurstöður rannsóknarinnar veita innsýn í hvernig andlegt ofbeldi getur orðið til innan náins vinasambands. Rannsókn þessi getur því eft skilning og þekkingu á þessu málefni, sem hefur lítið sem ekkert verið rannsakað hérlandis. Út frá niðurstöðunum má álykta að fagaðilar á við félagsráðgjafa hafi hlutverki að gegna í aðstæðum sem þessum, en mikilvægt er að þeir sinni því af fagmennsku og nærgætni. Ljóst er að vitundarvakning á málefnum er mikilvæg í samfélagi okkar svo unnt sé að bregðast við andlegu ofbeldi sem birst getur innan náinna vinasambanda.

Allt hitt sem við gerum – um ást og kærleika í kennslu

Eiríksína Eyja Ásgrímsdóttir, barnakennari og bókmenntafræðingur, Rannsóknarsetrinu Hvols

Jákvæðar tilfinningar sem fylgja kennslustarfina hafa lítt verið rannsakaðar hérlandis. Sjónum hefur frekar verið beint að afköstum og árangri nemenda sem og stefnumótun í skólastarfi. Hér verður varpað ljósi á hvernig kennrarar lýsa umhyggju, væntumþykju og kærleika sem þeir gefa

nemendum sínum. Bent verður á nokkra umhyggju- og kærleiksgjörninga sem fylgja kennslustarfinu. Skoðað er hvort og hvernig þessar tilfinningar og gjörningar tengjast framvindu náms og hugmyndum kennara um tengsl líðanar og árangurs. Tekin voru eigindleg viðtöl við 16 starfandi kennslukonur og þær beðnar um að lýsa tilfinningum, viðhorfum, væntingum og líðan í starfi. Til að víkka sjónarhornið og tengja við upplifun nemenda er einnig greind orðræða í ævisögum og endurminningum Íslendinga sem lýsa skólagöngu sinni frá miðri 20. öld og fram til okkar daga þar sem sjónum er beint að samskiptum í skólastofunni. Sýnt verður hvernig frásagnir úr bókmenntum kallast á við frásagnir starfandi kennara. Rannsóknin og felur þannig í sér tvö tímaplön, þar sem nær 80 ár skilja að elstu og yngstu frásagnir. Tilgangur rannsóknarinnar er að sýna fram á að sterkar jákvæðar tilfinningar sem spretta af ást og kærleika og þeir gjörningar sem þeim fylgja eru fyrirferðarmeiri og algengari í skólastarfi en ætla má af almennri umræðu um skólastarf. Skoðað verður hvort og hvernig hægt er að gefa öllum hagsmunaaðilum skólastarfs tækifæri og rými til að gangast við tilfinningum ástar og umhyggju í stað þess að þagga þær eða fela. Einnig verður skoðað hvort kærleikskrafa á kennara hafi aukist með breytti samfélagsgerð.

Má ég vera með? Inngilding og útilokun í skólum án aðgreiningar

Kristín Björnsdóttir, prófessor, MVS Háí og Eiríksína Eyja Ásgrímsdóttir, rannsakandi

Útilokun í samhengi við nám og menntun snýst ekki eingöngu um þá nemendur sem ekki ganga í skóla. Útilokun getur átt sér stað innan veggja skóla og á því einnig við um þau sem ganga í skóla en fá ekki þann stuðning sem þau þurfa í námi. Að vera útilokaður frá námi getur haft áhrif á lífshorfur barna og tækifæri til framtíðar og því mikilvægt að skilja orsakir og réttlætingu útilokunar. Í erindinu verður fjallað um þá hópa sem í sögulegu samhengi hafa verið útilokaðir frá námi og verður gagnrýnum kenningum um ableisma, sexisma, classisma, rasisma og heterónormatívu beitt í því samhengi. Skoðaðar verða kerfis- og samfélagslegar réttlætingar fyrir útilokun og jaðarsetningu hópa. Einnig verður sjónum beint að hugmyndum um inngildandi skólastarf og hvað felst í að allir nemendur geti orðið fullgildir meðlimir skólasamfélagsins. Inngildandi menntun byggir á

mannréttindasýn á fötlun þar sem það er óyggjandi réttur allra nemenda að hafa aðgang að sínum hverfisskóla. Aðgengi að skólahúsnæðinu einu og sér nægir hins vegar ekki til þess að skólastarfið geti talist inngildandi. Huga þarf að þeim þáttum sem hindra eða stuðla að inngildingu allra nemenda. Niðurstöður okkar benda til þess að ástæður jaðarsetningar og útilokunar ákveðinna nemenda í skólastarfi eigi djúpar rætur í menningarlegum og samfélagslegum hugmyndum um hverjur eru við, hinir og allir og hverjur eigi tilkall til menntunar.

Samskipti og sjálfsmynd barna og ungmenna

Áhrif þáttöku í Skrekk á skólabrag

Jóna Guðrún Jónsdóttir, aðjunkt, MVS Háskóli og Rannveig Björk Þorkelsdóttir, dósent, MVS Háskóli

Á hverju ári frá árinu 1990 hefur Reykjavíkurborg boðið nemendum í grunnskólum Reykjavíkur að taka þátt í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkur, þar sem lögð er áhersla á virka þáttöku, lýðræði, reynslunám og mannréttindi. Í þessu erindi gefum við innsýn í yfirstandandi rannsóknarverkefni þar sem markmiðið er að skoða hvaða áhrif þátttaka í verkefni eins og Skrekk hefur á skólabrag þáttökuskóla. Einnig er markmiðið að stuðla að aukinni þekkingu á listgreinakennslu þar sem skoðað er hvaða listgreinar eru kenndar í viðkomandi skólam.

Aðferðafræðin sem notuð er í þessari rannsókn er eigindleg (e. qualitative research) og felur í sér viðtöl við stjórnendur ásamt spurningalista sem sendur var út. Frumniðurstöður sýna að þátttaka í Skrekk hefur mikil áhrif á skólabrag þáttökuskóla. Hún bætir liðsheild meðal nemenda og starfsmanna skólans, stuðlar að vinskap milli nemenda, hjálpar börnum í minnihlutahópum að kynnast fleirum innan skólans ásamt að kennrar skólans kynnast nýjum hliðum á nemendum sínum. Einnig kom fram að í öllum skólum nema einum var kennari við skólann sem sá um og aðstoðaði nemendur í Skrekk. Einnig kom fram að listgreinarnar eru kenndar í öllum skólunum sem tóku þátt en fá mismunandi vægi.

Dalandi sjálfsálit barna og unglings á Íslandi 2010-2021

Kristján Ketill Stefánsson, sjálfstætt starfandi fræðimaður

Í þessari rannsókn er markmiðið að gera grein fyrir neikvæðri þróun sjálfsálits barna og unglings á Íslandi á árunum 2010-2021. Rannsóknin er eftirvinnsla (e. post-analysis) á gögnum úr Skólapúlsinum sem nýtt hafa verið til innra mats í á annað hundrað grunnskólum á síðustu árum. Mikill meirihluti nemenda í 6.-10. bekk (um 15 þús. nemendur árlega) hafa svarað könnuninni. Meginniðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að sjálfsálit, mælt með stuttri útgáfu af Rosenberg-kvarðanum, hafi að jafnaði dalað töluvert ($d = -0,5$) á þeim 11 skólaárum sem gögnin ná til. Meginþorra lækkunarinnar ($d = -0,4$) má rekja til síðustu þriggja skólaára tímabilsins; 2018-19, 2019-20 og 2020-21. Greina má brot í þróun sjálfsálits þegar kynslóðirnar sem fæddust á árunum 2005-2009 hófu nám í 6. bekk. Sjálfsálit þeirra mældist lægra og fell hraðar á mið- og unglingsstigi heldur en barna sem fædd voru á árabilinu 1999-2004. Fjallað verður um niðurstöðurnar í tengslum við erlendar rannsóknir sem tengja dalandi andlega líðan unglings við aukna nýmiðlanotkun (e. new media use) sem og nýlegar rannsóknir sem tengja lækkun á sjálfsáliti við aukningu á þunglyndi og sjálfsvígum.

Hvaða máli skiptir líðan ungmenna og gæði tengsla við foreldra fyrir þróun áfengis- og kannabisneyslu á unglingsárum?

Ragný Þóra Guðjohnsen, lektor, MVS HÍ

Á unglingsárum takast einstaklingar á við ýmiss konar breytingar og áskoranir. Andleg vanlíðan er ein þessara áskorana og áhyggjur vekur að líðan ungmenna fer hrakandi, bæði hér á landi og víða erlendis. Að sama skapi beinast áhyggjur að vímuefnaneyslu ungmenna en sífellt koma fram nýjar áskoranir í því efni. Því er kallað eftir stefnumótun og úrræðum sem snúa að þessum þáttum en jafnframt því að skoða áhættuþætti og verndandi þætti sem tengjast andlegri velferð og vímuefnaneyslu. Tilgangur rannsóknarinnar er að kortleggja líðan og vímuefnaneyslu ungmenna í 10. bekk grunnskóla og skoða þessa þætti í tengslum við gæði tengsla við foreldra ungmennanna. Einnig að kanna hvort líðan ungmenna og gæði tengsla við foreldra spái fyrir um

áfengis- og kannabisneyslu ungmenna. Notuð voru gögn úr spurningalistakönnuninni Heilsa og lífskjör skólabarna (HBSC, 2017-2018); mælingarnar styrkur tengsla við foreldra, líðan ungmenna og vímuefnanotkun ungmenna. Helstu niðurstöður voru að ungmenni sem upplifa slakari tengsl við foreldra eru líklegri en hin sem höfðu góð eða mjög góð tengsl við foreldra, til að líða illa og upplifa fleiri sállíkamleg einkenni og jafnframt til að nota vímuefni og það í meiri mæli. Líðan ungmennanna og tengsl við foreldra spá fyrir um áfengis- og kannabisneyslu þeirra en líðan er einnig sjálfstæður áhættuþáttur. Af niðurstöðum má ráða að aðkallandi er að styðja við betri líðan ungmenna. Góð tengsl við foreldra eru mikilvæg og stuðningsþjónusta þarf að vera til staðar. Snemmbær inngríp geta skipt sköpum fyrir líðan og minnkað líkur á að ungmenni þrói með sér frekari geð- og vímuefnavanda.

Lærdómur sumardvalar í sveit

Jónína Einarsdóttir, prófessor, FVS HÍ

Allt frá lokum 19. aldar var það algengur íslenskur siður að senda börn í sveit yfir sumartímann. Þar dvöldu þau ýmist hjá fjölskyldu, vinum eða vandalausum. Undir lok 20. aldar varð það þó allt sjaldgæfara að börn færu í sveit og var gjarnan fjallað um illa meðferð á börnum sem dvöldu sumarlangt fjarri foreldrum. Markmiðið er að kanna mat fullorðinna Íslendinga á reynslu af sveitardvöl í æsku með áherslu á lærdóm sumardvalanna. Eigindlegum gögnum var safnað með á sjötta tug viðtala við einstaklinga sem höfðu farið í sveit. Spurningakönnun með lagskiptu slembiúrtaki úr þjóðskrá, 18 ára og eldri (n=2000) var framkvæmd í nóvember 2015 til janúar 2016 (svarhlutfall 66%). Nánast níu af hverju tíu svarenda í spurningakönnuninni áttu „margar góðar minningar úr sveitinni“ og svöruðu játandi fullyrðingunni „sveitardvölin breytti mér og mínu lífi á jákvæðan hátt“. Flestir viðmælenda lögðu áherslu á jákvæðar hliðar sveitardvalar þó að hún hefði ekki alltaf verið létt. Töldu margir að þeir hefðu þroskast mikið og lært margt, sérstaklega til verka en einnig að meta náttúruna og dýrin. Um tíundi hver svarandi reyndist ósáttur við dvöl sína, m.a. vegna heimþrár, ofbeldis, verkefna sem þeir réðu ekki við, vinnuþrælkunar og skorti á samráði um sveitardvölin. Mikill meirihluti þeirra sem fór í sveit í æsku leið vel og dvölin reyndist þeim lærdómsrík. Hún var þó ekki alltaf auðveld og of stór

hópur varð fyrir illri meðferð. Siðurinn að senda börn í sveit er á undanhaldi. Gangi hann í endurnýjun lífdaga þarf að huga að vellíðan og öryggi barnanna.

Skólastarf á tínum COVID-19

Getur góð endurgjöf styrkt tengsl kennara og nemenda í fjarnámi? Notkun Turnitin við kennslu

Guðný Sigurðardóttir, meistaranemi, FVS HÍ; Harpa Dröfn Kristinsdóttir, meistaranemi, FVS HÍ; Sigurbjörg Jóhannesdóttir, verkefnastjóri og leiðbeinandi, HÍ; Hilma Gunnarsdóttir, sérfraeðingur, Landsbókasafni Íslands, Háskólabókasafni og Tinna Karen Sveinbjarnardóttir, meistaranemi, FVS HÍ

Háskólar og framhaldsskólar brugðust við COVID-19 með því að færa kennslu í fjarkennslu. Það skapaði nýjar áskoranir við kennsluna og í kennslu á stafrænan máta vakna spurningar um hvernig megi mynda, styrkja og viðhalda tengslum nemenda og kennara. Íslenskum framhaldsskólum býðst aðgangur að forritinu Turnitin Feedback Studio. Forritið býður upp á gagnvirk nám og nýja nálgun með stafrænni endurgjöf, ritskimun og jafningjamati. Rannsóknir hafa sýnt að regluleg notkun forritsins getur styrkt tengsl kennara og nemenda í fjarnámi og flýtt verulega fyrir vinnu kennara. Skoðar voru nýjar fræðigreinar og rannsóknir um efnið. Send var netkönnun (spurningakönnun) um notkun Turnitin og kennsluhætti í fjarnámi til allra kennara í framhaldsskólum sumarið 2021. Notaður var sex þrepa Likert-kvarði frá mjög ósammála (1) til mjög sammála (6). Einnig voru tekin viðtöl við rýnihóp framhaldsskólakennara sem nota forritið mikið í kennslu. Kennrarar sem nota Turnitin Feedback Studio segja að endurgjöf með forritinu stytti vinnutíma við yfirferð verkefna, hvetji til sjálfstæðra vinnubragða nemenda, auki gæði verkefna þeirra og styðji við akademísk heilindi nemendanna. Vellíðan kennara og nemenda eykst og tengsl þeirra styrkjast. Efla þarf gagnvirkja notkun Turnitin Feedback Studio í fjarnámi til að auka sjálfstraust nemenda í námi og akademísk heilindi en fyrst og fremst til að styðja við tengslamyndun kennara og nemenda.

Fordæmalausir tímar: Reynsla leikskólastjóra á tímum COVID-19

Kristín Gísladóttir, skólastjórnandi, leikskólanum Ugluklett Borgarbyggð og Sigrún Gunnarsdóttir, professor, FVS HÍ

Heimsfaraldur COVID-19 kom eins og þruma úr heiðskíru lofti yfir allt samfélagið og þar með inn í starf leikskóla. Leikskólar eru ein af grunnstoðum samfélags og mikilvægt að varpa ljósi á reynslu leikskólastjóra af stjórnun við þessar einstöku aðstæður. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna reynslu leikskólastjóra í starfi í fyrstu bylgju COVID-19 og að kanna hvaða áherslur og aðferðir þeir nýttu til þess að komast í gegnum tímabilið. Tekin voru eigindleg viðtöl við tíu leikskólastjóra víða að af landinu. Við greiningu gagna komu fram þrjú þemu og nokkur undirþemu sem lýsa reynslu leikskólastjóranna. Fyrsta þemað fjallar um það álag sem varð á tímabilinu, annað þemað fjallar um samvinnu sem myndaðist og þriðja þemað lýsir hvernig starfsfólk og skólasamfélagið valdefldist í tengslum við þessa reynslu. Niðurstöður gefa til kynna mikilvægi þess að hafa skýr markmið, skýra sýn og að gefa starfsfólki leikskóla hlutdeild í þeim verkefnum sem það á að takast á við. Jafnframt nauðsyn þess að hlusta á og virða líðan og tilfinningar fólks, að styðja starfsfólk við að takast á við erfið og flókin verkefni og að hlúa vel að öllum, ekki síst stjórnendum. Fram komu vísbindingar um að áherslur og aðferðir þjónandi forystu og áherslur lærdómssamfélagsins séu árangursríkar til þess að leiða leikskólastarf á tímum álags og áfalla. Niðurstöðurnar eru framlag til þekkingar um árangursríkar áherslur í stjórnun á tímum heimsfaraldurs og geta nýst innan skóla sem og fyrir aðra sem takast á við óvæntar áskoranir og krísur.

Framhaldsskólanemendur og COVID-19

Kristjana Stella Blöndal, dósent, FVS HÍ og Elva Björk Ágústsdóttir, framhaldsskólakennari, Menntaskólinn við Hamrahlíð

Skuldbinding til náms og skóla skiptir miklu um farsæla skólagöngu. Aftur á móti virðist hún almennt minnka á unglingsárum sem eykur líkur á brotthvarfi frá námi. Talið er að þessa neikvæðu þróun megi rekja til þess að framhaldsskólinn komi ekki nægilega til móts við þarfir

nemenda á þessu þroskaskeiði en rannsóknir skortir. Þær óvenjulegu aðstæður sem sköpuðust í skólastarfi vegna COVID-19 gefa einstakt tækifæri til að auka skilning á hvernig skuldbinding mólast í samspili ungmenna og skóla. Markmið er að varpa ljósi á upplifun framhaldsskólanemenda á mikilvægi þess að mæta í skólann og er hér beint sjónum að hlutverki kennarans. Byggt er á viðamikilli eigindlegri rannsókn með langtímasniði sem náði til 40 nemenda í mismunandi skólum á tínum samkomutakmarkana. Niðurstöður leiddu í ljós að tengsl við kennara skiptu miklu fyrir upplifun nemenda á mikilvægi þess að mæta. Greina mátti fjögur meginþemu í umfjöllun þeirra um gott samband við kennara: 1. Hvetjandi nærvera. 2. Stuðningur og sveigjanleiki. 3. Umhyggja og hlýja. 4. Góð samskipti kennara og nemenda. Skýrt kom fram hversu miklu máli tengsl við kennara skiptu fyrir skuldbindingu nemenda. Nemendur sem lýstu sterku tengslum höfðu jákvæðari afstöðu og metnað í námi og fannst þeir tilheyra skólanum. Nemendur virtust öll sakna „hefðbundinna“ samskipta við kennarana í fjarkennslunni. Þrátt fyrir að samband kennara og nemenda breytist eftir því sem nemendur þroskast og framhaldsskólinn sé talinn ópersónulegri en fyrri skólastig varpa þessar óvenjulegu aðstæður ljósi á einstakt hlutverk kennara og hve mikilvægt gott samband kennara og nemenda er fyrir skólagönguna.

Skólastarf frá ýmsum sjónarhornum

Tengsl mismunandi skólastarfs í fræðsluumdæmum og frammistöðu nemenda á PISA 2018

Þorlákur Axel Jónsson, aðjúknt, HA

Mismunandi frammistaða nemenda eftir búsetu á PISA-prófum rannsóknarverkefnis Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), sem Menntamálstofnun hefur lagt fyrir á þriggja ára fresti, hafa þótt sýna að námsárangur sé meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Niðurstöður samræmdra prófa hafa þótt benda til þess sama. Sé tekið tillit til efnislegrar, félagslegrar og menningarlegrar stöðu nemenda virðist sem muninn megi frekar rekja til ólíkrar félagslegrar

samsetningar búsetusvæða en mismunandi skólastarfs á þessum svæðum. Er það svo? Er munur á skólastarfi milli fræðsluumdæma í ólíkum landshlutum og hver eru tengsl þess við frammistöðu nemenda á PISA, að teknu tilliti til þjóðfélagsstöðu og kyns nemenda? Unnið er með gögn úr PISA 2018 á Íslandi. Gerð var fjölstigagreining á mun milli fræðsluumdæma. Greinarmunur er gerður á þáttum sem lúta að einstaka nemendum og þeim sem snúa að skólastarfi. Fræðsluumdæmi eru borin saman. Niðurstöður verða kynntar í erindinu og rætt hvaða ályktanir megi draga af þeim.

Raddir af vettvangi: Hvað segja kennrarar í grunn- og framhaldsskólum og skólastjórnendur um margvísleg gögn tengd skólastarfi

Anna María Gunnarsdóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands; Valgerður S. Bjarnadóttir, nýdoktor, MVS Háskóli og Jón Torfi Jónasson, professor emeritus, MVS Háskóli

Rannsóknin varpar ljósi á hlutverk gagna í skólastarfi. Leitað verður svara við spurningunni hvernig margvísleg gögn hafa leiðsagnargildi í skólastarfi og tengjast hugmyndum kennara og stjórnenda um gæði skólastarfs. Gögnum var safnað í þremur hópviðtölum vorið 2021. Viðtöl voru tekin við kennara úr grunnskólum, framhaldsskólum og skólastjóra úr grunnskólum.

Þátttakendur voru fjórir til sex í hverju viðtali. Í viðtölunum var notaður hálfopinn spurningarrammi sem var aðlagður að hverjum hóp. Mikill tími fer í margs konar mat á skólastarfi, stundum án sýnilegs tilgangs. Á báðum skólastigum fer leiðsagnar- og símat vaxandi og gagnasöfnun um árangur og hæfni nemenda er fyrirferðarmikil. Sammerkt er að þátttakendum finnst samræmd próf tilgangslítil. Þeir telja þau ekki góðan mælikvarða á getu nemenda og skorta tengingu við námskrá. Viðmælendum fannst að leiðsagnargildi bæði innra og ytra mats væri takmarkað á báðum skólastigum. Kennrarar nýta námsmat til rökstuðnings og til að tryggja sig, m.a. gagnvart nemendum og foreldrum, en voru einhuga um að komast mætti að svipaðri niðurstöðu með minni gagnaöflun. Gegnumgangandi var umhyggja fyrir velferð nemenda og gengi þeirra. Nokkuð skortir á samtal og skilning milli skólastiga og hugmyndir eru á reiki um hlutverk og vinnubrögð á „hinu“ skólastiginu. Gagnasöfnun og mat í skólastarfi er sumpart í þágu kerfisins frekar en nemenda og menntun nemenda líður fyrir kröfur um gagnasöfnun. Umræða um próf og samræmt námsmat ræðst af því er virðist af gildi mats og

prófa fyrir kerfið fremur en gildi prófa fyrir nám nemenda. Mikilvægustu gögnin grundvallast á reynslu og verða til í samtali við nemendur.

Að skapa sameiginlega merkingu, Leiðsagnarkennari gerir starfendarannsókn á leiðsögn sinni

Dóra Marteinsdóttir, grunnskólakennari, Háteigsskóla

Leiðsögn getur verið áhrifavaldur þegar kemur að því að styðja við bakið á kennaranemum og nýliðum. Mikilvægt er að kennaranemar/nýliðar fái góða upplifun og reynslu sem nýtist þeim í framtíðinni þar sem þeir eru að taka sín fyrstu skref í átt að ævistarfi sínu. Tilgangur rannsóknar minnar var að efla mig sem leiðsagnarkennari með aðferðum samvinnuleiðsagnar sem og að efla færni mína og fagmennsku sem leiðsagnarkennari með því að tengja saman fræði, framkvæmd, formlegt og óformlegt nám. Ritgerðin var byggð á starfendarannsókn en hún tók rúmlega eina önn í framkvæmd. Gögnin samanstanda af rannsóknardagbók og óstöðluðum einstaklingsviðölum. Niðurstöður byggja á þemagreiningu á gögnunum. Helstu niðurstöður mínar eru þær að með því að vinna markvisst að því að byggja upp gott samstarf innan teymis hafi orðið til lítið námssamfélag sem byggði á grunni samvinnuleiðsagnar. Þemagreining leiddi í ljós hvað tímaskortur kennara hefur mikil áhrif og hversu erfitt er að forgangsraða leiðsögninni meðfram öðrum verkum. Einnig kemur fram hvernig aðstæður innan skólans geta haft mikil áhrif á tíma leiðsagnarkennara til að sinna störfum sínum. Breytingar eru einnig stór þáttur í niðurstöðum rannsóknarinnar. Má þar meðal annars nefna hvaða áhrif samkomutakmarkanir höfðu og að kennaranemi hafi fengið starf við skólann. Í niðurstöðum kom engu að síður fram að COVID-19 heimsfaraldurinn 2020-2021 hafi ekki haft eins mikil áhrif og ætla mætti. Í rannsóknarferlinu myndast samstarf á milli leiðsagnarkennara, samstarfskennara og kennaranema sem verður að námssamfélagi. Þar ná leiðsagnarkennari, samstarfskennari og kennaranemi að ræða saman um og ígrunda skólastarf.

Sköpun og kennsla

Þróunarverkefni á fullri ferð – Austur-Vestur, sköpunarsmiðjur í þremur grunnskólum

Svala Jónsdóttir, aðjúnt, MVS HÍ; Svava Pétursdóttir, lektor, MVS HÍ; Svanborg R. Jónsdóttir, professor, MVS HÍ; Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, aðjúnt, MVS HÍ og Torfi Hjartarson, lektor, MVS HÍ

Sköpunarsmiðjur (e. makerspaces) hafa litið ljós í skólastarfi sem eitt viðbragð við ákalli um aukna sköpun og atbeina í námi nemenda. Austur-Vestur er þróunarverkefni þriggja grunnskóla í Reykjavík; Ingunnarskóla, Selásskóla og Vesturbæjarskóla. Verkefnið snýst um að innleiða og þróa sköpunar- og tæknismiðjur í skólunum. Framtíðarsýnin með þróunarverkefninu er að bæta námsumhverfi skólanna, auka áherslu á samvinnu bæði nemenda og kennara, efla sjálfstæði nemenda og ýta undir skapandi vinnu við lausn verkefna, nýtingu tækninnar og samþættingu námsgreina. Í skólunum eru verkefnastjórar og haldnar eru sameiginlegar menntabúðir þar sem kynnt eru stafræn verkfæri og kennsluhugmyndir. Rannsóknarhópur á vegum RASK og RannUM á Menntavísindasviði hefur fylgst með verkefninu, rannsakað og veitt ráðgjöf frá því það hófst haustið 2019. Þegar verkefnið var hálfnað í febrúar 2021 var lögð fyrir alla kennara skólanna könnun til að skoða stöðu verkefnisins, 75 af 80 kennurum skólanna svöruðu. Flestir kennaranna segjast í henni hafa góðan skilning á verkefninu, hafa áhuga á því og telja það mikilvægt fyrir nám og hæfni nemenda. Flestir telja þátt sköpunar og tækni mikilvægastan og höfðu aukið þá þætti í kennslu sinni frá því að verkefnið hófst. Svörin benda líka til töluverðrar virkni kennara í verkefninu þar sem 80% svarenda höfðu prófað eitthvað af því sem kynnt hefur verið í menntabúðum verkefnisins. Svörin benda almennt til þess að verkefninu sé vel stýrt og því veitt skýr fagleg forysta. Ljóst er að skipulag verkefnisins og sýn birtist í skólastarfinu með aukinni áherslu á verkefni sem styðja við atbeini nemenda og sköpun.

Allt annað en upp á töflu: Námsreynsla í sýndarveruleika

Anna Kristín Valdimarsdóttir, meistaranemi, MVS HÍ; Flosi Jón Ófeigsson, meistaranemi, MVS HÍ; Ásta Olga Magnúsdóttir, verkefnastjóri, Gagarín; Rannveig Björk Þorkelsdóttir, dósent, MVS HÍ og Hanna Ólafsdóttir, lektor, MVS HÍ

Í þessu erindi veitum við innsýn í þróunar- og rannsóknarverkefni sem heitir Astrid Loftslagsmál, en það hlaut styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2021. Tilgangur verkefnisins er annars vegar að þróa námsefni og umgjörð um sýndarveruleikaupplifunina Astrid, sem er þróuð af Gagarín í samstarfi við Veðurstofu Íslands, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík með styrk frá Loftslagssjóði. Hins vegar á að rannsaka upplifun nemenda á samvinnu í sýndarveruleika sem kennslufræðilegu afli. Námsefnið er ætlað efstu stigum grunnskóla og nemendum í framhaldsskólam. Til grundvallar liggar núgildandi aðalnámskrá ásamt skuldbindingum íslenskra stjórvalda í loftslagsmálum og skapandi kennsluháttum sem stuðla að menntun til sjálfbærar þróunar. Áhersla er á nemendamiðað og umbreytandi nám þar sem hver og einn nemandi fær tækifæri til að þróa hugmyndir sínar og hæfileika í samvinnu við aðra í skapandi leitarnámi þvert á námsgreinar. Rannsóknin byggir á eigindlegri rannsóknarhefð og fyrirbærafræðilegu sniði og er enn á frumstigi. Gagnaöflun byggist á notendaprófum og rýnihópaviðtölum með þátttakendum ásamt fræðilegi rýni. Frumniðurstöður benda til þess að sýndarveruleikaupplifunin kveiki áhuga hjá nemendum og vilja til að öðlast dýpri þekkingu á viðfangsefninu ásamt að veita fjölbreytt sjónarhorn á margþættan vanda á þverfaglegan hátt.

Hvað er að vera skapandi – í listum?

Magrét Elísabet Ólafsdóttir, dósent, HA

Sköpun er einn af grunnþáttum menntunar samkvæmt gildandi aðalnámskrá. Litið er svo á að hún sé ekki einungis mikilvægur þáttur í listmenntun, heldur í öllu námi og starfi – en er sjálfgefið að öll listmenntun sé skapandi? Hvernig er farið að því að efla þennan þátt? Þessar spurningar vöknudu á námskeiði í myndmennt fyrir kennaranema, sem hafa lítinn eða engan bakgrunn í listum. Fram undir lok 20. aldar hefði verið hægt að benda á að besta leiðin væri að byrja á að kenna nemendum tæknileg undirstöðuatriði, en við upphaf 21. aldar hljótum við að

spyrja um gagnsemi slíkrar undirstöðu. Hvaða máli skiptir hún þegar þau eru hætt að skipta meginmáli í menntun myndlistarmanna? Þetta hefur nefnt affærni (e. deskilling) sem vekur upp þá spurningu hvort ný færni hafi komið í stað þeirrar sem áður þótti mikilvæg. Svörin við þessum spurningum eru studd eigin starfskenningu, kenningum í fagurfræði og sálfræði um sköpun, og dæmum um myndmenntarkennslu barna í sögulegu samhengi. Í niðurstöðum verður sett fram sú kenning að við stöndum á tímamótum í myndmenntarkennslu þar sem sköpunarátturinn hefur fengið það vægi sem tæknileg færni hafði áður.

Streita

„Hlúa vel hvert að öðru, halda góðu sambandi við samstarfsfólk ykkar og sýna hvert öðru stuðning“: Greining á tilkynningum Háskóla Íslands tengdum kórónuveirufaraldrinum

Gyða Margrét Pétursdóttir, prófessor, FVS HÍ og Thamar Melanie Heijstra, prófessor, FVS HÍ Kórónuveirufaraldurinn hafði mikil áhrif á starf Háskóla Íslands. Umþylta þurfti starfinu á skömmum tíma og stjórn Háskóla Íslands hélt nemendum og starfsfólki skólans upplýstu um stöðu faraldursins, áhrif hans á skólastarf og sérstakar ráðstafanir sem gera þurfti á hverjum tíma samkvæmt tilmælum sóttvarnalæknis. Tilkynningar voru sendar að jafnaði vikulega og þeim fylgdi ýmiss konar hvatning til starfsfólks og nemenda auk ljóðmæla. Markmið þessarar rannsóknar er að greina þessar tilkynningar, sem sendar voru í nafni rektors Háskóla Íslands, með hliðsjón af jafnréttisáherslum háskólans og rannsóknum sem fjalla um háskólastarf, hugmyndafræði nýfrjálshyggju og kyngervi. Í rannsókninni er spurt: Hvort og þá með hvaða hætti endurspeglast áherslur Háskóla Íslands á kynjajafnrétti í tilkynningunum? Hvert er kyngervi þeirra sem vísað er í og fjallað er um? Hvaða skilaboðum er miðlað til starfsfólks varðandi æskilegt framferði? Gögn rannsóknar samanstanda af tilkynningum sem sendar voru á tímabilinu febrúar 2020 til maí 2021. Gögnin, um 34.000 orð, voru þema- og orðræðugreind. Helstu niðurstöður eru þær að karlar eru oftar en konur nafngreindir í tilkynningunum og oftar er vísað í þá. Í tilkynningunum er

fjallað um æskilega eiginleika starfsfólks, hvernig talið er að starfsfólk líði, með hvaða hætti æskilegt er talið að beita huganum og starfsfólk er hvatt til að verja tíma sínum utan vinnu með ákveðnum hætti. Tilgangur okkar með rannsókninni er að vekja athygli á mikilvægi þess að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við alla stefnumótun, sama í hvaða formi hún birtist. Rannsóknir sýna að ein af afleiðingum kórónuveirufaraldursins er aukin misskipting og hætta á bakslagi varðandi kynjajafnrétti.

Algengi vinnutengdrar streitu meðal leikskólakennara og grunnskólakennara síðustu misserin

Hjörðís Sigursteinsdóttir, dósent, HA og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor, FVS HÍ

Hugtakið streita er flókið en talað um að vinnutengd streita sé neikvæð viðbrögð, líkamleg jafnt sem andleg, sem koma fram þegar misræmi er milli þeirra krafna sem starfið gerir til okkar og þeirrar getu, þarfa og eiginleika sem við búum yfir. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða algengi vinnutengdrar streitu meðal grunn- og leikskólakennara síðustu misserin.

Spurningalistakönnun var lögð fyrir leikskólakennara og grunnskólakennara sem starfa hjá íslenskum sveitarfélögum á vordögum 2019 og 2021. Til þess að leggja mat á streitu leikskólakennara og grunnskólakennara var notaður PSS-streitukvarðinn (Perceived Stress Scale) sem inniheldur tíu spurningar sem mældar eru á kvarðanum 0-4. Niðurstöðurnar sýna að í fyrirlögninni 2019 var meðalskor streitu 13,9 stig og samkvæmt kvarðanum mældust um 51% leik- og grunnskólakennara yfir streituvíðmiðunum. Einnig kom í ljós að meðalskor fyrir vinnutengda streitu mældist mjög svipað hjá leikskólakennurum (13,7 stig) og grunnskólakennurum (14,2 stig) ($t(2550) = 1,86$, $p > 0,05$). Um 53% leikskólakennara mældust yfir streituvíðum og um 50% grunnskólakennara. Í fyrirlögninni 2021 mældist meðalskor fyrir vinnutengda streitu 14,32 stig og mældust 52% leik- og grunnskólakennara yfir streituvíðmiðunum. Meðalskor fyrir vinnutengda streitu leikskólakennara árið 2021 var 15,18 stig en 13,95 stig meðal grunnskólakennara ($t(2432) = 4,05$, $p < 0,05$). Um 55% leikskólakennara voru yfir streituvíðum en 51% grunnskólakennara. Niðurstöðurnar sýna töluverða streitu meðal leik- og grunnskólakennara í báðum fyrirlögnum spurningalistans, þó meiri í síðari fyrirlögninni og meiri meðal leikskólakennara en grunnskólakennara. Mikilvægt er að skoða vel til

hvaða aðgerða er hægt að grípa til að tryggja leik- og grunnskólakennurum heilsusamlegra starfsumhverfi.

Kulnun meðal grunnskólakennara á tínum COVID-19

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor, FVS HÍ og Hjörðís Sigursteinsdóttir, dósent, HA

Kulnun (e. burnout) í starfi er þegar starfsmaður upplifir tilfinningalega örmögnun sem er tilkomin vegna ójafnvægis milli starfstengdra krafna og getu starfsmannsins til að sinna starfi sínu. Um er að ræða ástand sem rakið er til meðal annars langvarandi streitu á vinnustað og skorts á úrræðum starfsmannsins. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða algengi kulnunar í starfi meðal grunnskólakennara á tínum COVID-19. Sendur var spurningalisti í tölvupósti til kennara á vordögum 2019 og 2021. Kulnun í starfi var mæld með CBI-mælikvarðanum (Copenhagen Burnout Inventory) sem mælir að hve miklu leyti einstaklingar upplifa andlega og líkamlega þreytu og örmögnun gagnvart starfi sínu. Í heildina voru 1729 grunnskólakennrarar sem svoruðu öllum spurningunum um kulnun í starfi, 14,1% karlar og 85,6% konur. Niðurstöðurnar sýna að í fyrirlögninni 2019 mældust 33% grunnskólakennaranna með engin merki um kulnun í starfi, 43,8% með nokkur atriði sem einstaklingur ætti að vera meðvitaður um, 20,5% grunnskólakennaranna mældust með kulnunareinkenni sem þeir ættu að gera eitthvað í og 2,7% kennaranna mældust svo útbrunnir að þeir ættu að leita sér tafarlaust hjálpar til að breyta stöðu sinni. Fyrirlögnin 2021 sýnir hærra hlutfall grunnskólakennara sem mældist með kulnunareinkenni sem þeir ættu að gera eitthvað í, eða 23,6% og einnig hærra hlutfall grunnskólakennara sem mældust svo útbrunnir að þeir ættu að leita sér tafarlaust hjálpar til að breyta stöðu sinni, eða 3,6%. Mikilvægt er að skoða vel starfsumhverfi grunnskólakennara í því augnamiði að lagfæra þá þætti starfsumhverfinu sem hafa áhrif á kulnun grunnskólakennara í starfi og stuðla þannig að heilsusamlegra starfsumhverfi.

Hringborðsumræður I

Áhrif eða áhrifaleysi flutnings á rekstri grunnskóla til sveitarfélaga

Stjórnandi: Gerður G. Óskarsdóttir, sérfræðingur

Þátttakendur: Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor, MVS Háskóli; Börkur Hansen, prófessor, MVS Háskóli; Ingvar Sigurgeirsson, prófessor emeritus, MVS Háskóli; Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor, Háskóli og Þorsteinn Sæberg, formaður Skólastjórafélags Íslands

Um þessar mundir er liðinn aldarfjórðungur frá flutningi á rekstri grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga. Í málstofunni eru dregnar fram niðurstöður rannsókna frá þessu tímabili um þróun einstakra þáttta grunnskólastigsins. Tilgangurinn er að varpa ljósi á þróunina og meta hvort eða hvernig flutningurinn hafði áhrif á hana. Annars vegar verða skoðaðir þættir sem tilheyra ytri umgjörð, s.s. stjórnun skóla og skipulag starfsins. Hins vegar verður sjónum beint að innra starfi, s.s. samstarfi kennara og kennsluháttum. Fyrirlesarar mynda panel þar sem hver er með stutt innlegg, góður tími er gefinn fyrir umræður. Byggt er á fyrilliggjandi rannsóknum á grunnskólastiginu og reynslu fyrirlesara, annars vegar um umgjörð skólastarfsins og hins vegar námi og kennslu. Þessar rannsóknir eru ekki tengdar en með því að lesa í niðurstöður þeirra hverrar fyrir sig í samhengi má lesa ákveðna heildarþróun. Nýnæmi felst í að horfa heildstætt á niðurstöður margra höfunda. Fram kemur mynd af og mat á þróuninni. Um ytri ramma verður m.a. litið til fjölgunar stöðugilda stjórnenda innan skóla, starfa ráðgjafa, breytinga á skólabyggingum og breytingar á skilum milli árganga og bekkja. Í innra starfi verður sjónum m.a. beint að samstarfi kennara, kennsluháttum, þjónustu við skóla (frá fræðsluskrifstofum landshluta til þjónustu á vegum hvers sveitarfélags), símenntun kennara og stuðningi við starfsþróun. Leitast verður til að meta hvort flutningurinn hafði áhrif á þessa þróun eða hvort hér sé fremur um að ræða alþjóðlega strauma og þróunin hefði orðið án tillits til yfirstjórnar á rekstri skólanna. Niðurstöður geta skapað grunn að framtíðarsýn.

Hringborðsumræður II

The complex nature of doctoral studies at the University of Iceland

Moderator: Sue Gollifer, adjunct SOE

Main speakers: Allyson Macdonald, professor SOE; Flora Tietgen, PhD candidate; Dr. Auður Magndís Auðardóttir, postdoctoral researcher; Katrín Ólafsdóttir, PhD candidate

In this session, we address two concerns related to the doctoral studies at the University of Iceland: first, the complexities of the doctoral candidate-supervisor relationship, and second, the difference between the Ed.D. and the Ph.D. in light of changes in doctoral studies, and educational systems and society at large. We start with a presentation of what doctoral candidates at the University of Iceland value most in communications with their supervisor and where they feel improvements can be made. The 148 voices of doctoral candidates are drawn from qualitative survey data. Findings show that doctoral candidates value most, an available, encouraging and supportive supervisor who provides a sense of autonomy while giving quality feedback. Candidates experiencing inactive, disorganised, and dismissive and/or overly controlling supervisors express dissatisfaction, anxiety and stress. These patterns are similar across the University's five schools. Based on these findings we suggest that doctoral candidates be allocated an ombudsman and that supervisors get increased support and training.

We then focus on the doctoral programme at the School of Education. We provide a background of the programme and explain the three different options offered: the PhD by thesis, the PhD by publication and the EdD, a professional doctorate (which can be done either as a single monograph or by publication). We provide an overview of past and current courses and discuss how the structure of the doctoral programme is a manifestation of established schools of thought, shifting education policy and practice and affiliations to academics and/or institutions in different country contexts. We suggest that ad hoc changes to the doctoral programme risk diluting important differences between the three modes of doctoral degrees. A focused review of the SoE doctoral programme would ensure doctoral students make right choices as regards

the mode of study and supervisors are aware of the type of professional guidance needed to produce quality contributions to scientific knowledge and society.

The complexities of the doctoral candidate-supervisor relationship: Voices of candidates at the University of Iceland

Flora Tietgen, PhD student, School of Education, UI, Auður Magndís Auðardóttir, postdoctoral researcher, School of Education, UI and Katrín Ólafsdóttir, PhD student, School of Education, UI

The aim of this study is to examine the complexities of the doctoral candidate–supervisor relationship within the doctoral programme at the University of Iceland through the voices of the doctoral candidates. Numerous studies suggest that doctoral candidates experience a stressful working environment and that one of the most important factors influencing this is their relationship with the supervisor. In this study, we have chosen to focus on what doctoral candidates at the University of Iceland value most in communication with their supervisor and where they feel improvements can be made. This aim is achieved by analysing qualitative survey data from 148 PhD students at the University of Iceland. Findings show that what doctoral candidates value the most is an available, encouraging and supportive supervisor who gives their candidate a sense of autonomy while still providing quality feedback on their work. Candidates that experience inactive, disorganised, dismissive and/or overly controlling supervisors state that these factors contribute to their dissatisfaction, anxiety and stress. These patterns are similar across all the University's five schools. Based on these findings we suggest that doctoral candidates should be allocated an ombudsman and that supervisors be provided with increased support and training.